

SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

3. HEFTI

RITSTJÓRAR

KRISTJÁN EIRÍKSSON

ÞÓRÐUR HELGASON

REYKJAVÍK

2005

Són

er helguð óðfræði og ljóðlist

ÚTGEFENDUR OG RITSTJÓRAR

Kristján Eiríksson

Drafnarstíg 2 – 101 Reykjavík

Sími: 551 0545. Netfang: kriseir@hi.is

Þórður Helgason

Hamraborg 26 – 200 Kópavogi

Sími: 891 6133. Netfang: thhelga@khi.is

RITNEFND

Einar Sigmarsson, Kristján Árnason og Ragnar Ingi Aðalsteinsson

YFIRLESTUR ALLRA GREINA

Einar Sigmarsson, Kristján Eiríksson og Þórður Helgason

FRÆÐILEGUR YFIRLESTUR EINSTAKRA GREINA

Kristján Árnason, Ragnar Ingi Aðalsteinsson, Sigurborg Hilmarsdóttir

PRÓFARKALESTUR

Einar Sigmarsson

PRENTLÖGN

Pétur Ýngvi Gumlaugsson

PRENTUN OG BÓKBAND

Litlaprent

© *Höfundar*

MYND Á KÁPU

Atli Rafn Kristinsson

ISSN 1670-3723

Efni

Sónarljóð	4
Til lesenda	5
Höfundar efnis	7
Yelena Sesselja Helgadóttir (Yershova): <i>Íslenskar lausavísur og bragfræðilegar breytingar á 14.–16. öld</i>	9
Olav H. Hauge: <i>Tvö ljóð: Föklasóley, Ævintýri</i>	29
Guðrún Ása Grímsdóttir: <i>Jóðmæli</i>	31
Inger Hagerup: <i>Skógarvillur</i>	58
Ragnar Ingi Aðalsteinsson: <i>Ljóðstafurinn s í íslenskum kveðskap</i>	59
Kristín Svava Tómasdóttir: <i>litla stúlkan með eldspýturnar</i> . . .	86
Þorsteinn Þorsteinsson: <i>Þankabrot um ljóðbyltingar</i>	87
Kristín Svava Tómasdóttir: <i>Tvö ljóð: hughreysting, án titils tvö</i>	139
Hjalti Snær Ægisson: <i>Um ljóðabækur ungskálda frá árinu 2004</i>	141
Kristín Svava Tómasdóttir: <i>Vorkvöld í Vesturbænum</i>	160
Vésteinn Ólason: <i>Um Birting</i>	161

Sónarljóð

Heimvon

eftir Rose-Marie Huuwa

Einar Bragi Þýddi

Eins og þegar eldur deyr í hlóðum
yfirgefins tjaldstaðar um haust
vindur slökkvir hinsta gneista í glóðum
sópar af hellu silfurgráa ösku
sáldrar henni yfir vatn og fjörð

svo vil ég duft mitt berist burt með þeynum
um beitolönd og þýfðan heiðamó
falli sem skuggi á fjallavatnsins spegil
finni sér skjól í hlýrri mosató
heimkomið barn við barm þér, móðir jörð

Til lesenda

Lesendum gefst nú kostur á að bergja í þriðja sinn á miði Sónar. Eins og í fyrri heftum er efnið nokkuð fjölbreytt og frá ýmsum tímum þótt meiri áhersla liggja að þessu sinni á síðari tíma skáldskap. Í fyrsta skipti er nú reynt að standa við það fyrirheit, sem gefið var í fyrsta hefti, að fjalla um nýútkomnar ljóðabækur. Það gerir Hjalti Snær Ægisson í grein sinni „Um ljóðabækur ungskálda frá árinu 2004“.

Són er að þessu sinni tileinkuð skáldinu Einari Braga sem lést fyrr á árinu og er Sónarljóð þessa rits eftir samísku skáldkonuna Rose-Marie Huuva í þýðingu hans. Þetta er ljóðið um dauðann og duftið og öskuna og hringrás lífsins.

Einar Bragi Sigurðsson fæddist á Eskifirði 7. apríl 1921. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1944. Vorið 1945 kvæntist hann Kristínu Jónsdóttur frá Ærlækjarseli í Öxarfirði. Hann nam lista-sögu og leikhússögu við Háskólann í Lundi (1945–1946) og Stokk-hólmi (1950–1953). Hann stofnaði tímaritið *Birting* eldra 1953 og gaf það út í tvö ár. Þá var hann ábyrgðarmaður *Birtings* yngra 1955–1968 og ritstjóri ásamt Jóni Óskari, Thor Vilhjálmsyni og Herði Ágústssyni. *Birtingur* var barátturit fyrir nýjum stefnum í bókmenntum og listum og hafði meðal annars viðtæk áhrif á viðhorf manna til ljóðlistar. Í grein sinni um *Birting* í þessu hefti *Sónar* lýsir Vésteinn Ólason þeim nýju og fersku hugmyndum sem fram komu í ritinu.

Bókmenntastörf Einars Braga eru mikil að vöxtum og margvísleg. Hann skrifaði *Eskju*, sögu heimbyggðar sinnar, í fimm bindum. Einnig samdi hann fjölda frásagnarpáttar og gaf út bernskuminningar sínar, *Af mönnum ertu kominn*. Þá þýddi hann nokkrar skáldsögur og fjölda leikrita. Ber þar hæst *Hús Bernhördu Alba* eftir Federico Garcia Lorca og *Leikrit Augusts Strindbergs* og *Leikrit Henriks Ibsens*, hvors um sig í tveim bindum. Einna snarastur þáttur í ritmennsku Einars Braga er þó ljóðagerð. Hann var skeleggur baráttumaður fyrir endurnýjun formsins á 20. öld og má segja að hann hafi farið fyrir atómskáldunum svonefndu. Fyrsta ljóðabók hans, *Eitt kvöld í júní*, kom út 1950, *Svanur á báru* 1952, *Gestaboð um nótt* 1953, *Regn í maí* 1957, *Hreintjarnir* 1960 (2.

útgáfa 1962), *Í ljósmálinu* 1970, *Ljóð* 1983 (úrval) og *Ljós í augum dagsins* árið 2000 (úrval). Einar Bragi var stöðugt að fága ljóð sín og eru síðari ljóðabækur hans strangt endurskoðað úrval þeirra fyrri. Í eftirmála við *Í ljósmálinu* segist hann ánægður „ef takast mætti að ljúka einu boðlegu ljóði fyrir hvert ár ævinnar. Segja má, ég hafi alltaf verið að yrkja sömu bókina ...“ Og bætir síðan við í lokin: „Ég hlýt því að biðja grandvara lesendur að taka aldrei mark á öðrum ljóðabókum mínum en þeirri seinustu og reyna að týna hinum, séu þeir ekki búnir að því.“ Í ljósi þessa er eftirtektarvert að sjá að í seinustu bók hans með frumsömdum ljóðum, *Ljós í augum dagsins*, eru aðeins fjöru tíu ljóð. Hún kom út þegar fimmtíu ár voru liðin frá útkomu þeirrar fyrstu.

Einar Bragi fékkst mikið við ljóðabýðingar, einkum á síðari árum. Er ekki síst fengur að þýðingum hans á ljóðum eftir grænensk samtímaskáld í bókinni *Sumar í fjörðum* (1978) og þýðingum hans á ljóðum Sama. Hefur hann gefið út sjö bækur með þýðingum samískra bókmennta og kynnt skáldin og samískra menningu fyrir Íslendingum. Fyrsta bókin, *Hvísla að klettinum*, kom út 1981 og voru í henni bæði ljóð og laust mál. Síðan hefur hver bókin af annarri komið út með ljóðabýðingum hans úr samísku: *Bjartir frostdagar* eftir Rauni Magga Lukkari (2001), *Móðir hafsins* eftir Synnøve Persen (2001), *Kaldrifjadur félagi* eftir Rose-Marie Huuva (2002), *Handan snæfjalla* eftir Paulus Utsi (2002) og *Viðernin í brjósti mér* eftir Nils-Aslak Valkeapää (2003). Seinasta bókin, *Undir norðurljósum – samísk ljóð* kom einnig út 2003. Í henni eru þýðingar á ljóðum fjórtán samískra samtíðarskálda og í eftirmála hennar kemur fram að hann hafi nú þýtt ljóð þrjátíu samískra skálda auk sýnishorna „af jojktextum, þjóðsögum og ævintýrum frá fyrri öldum.“

Af framansögðu má fullyrða að enginn einn maður hafi kynnt mennigu Sama jafnrækilega á sína tungu eins og Einar Bragi hefur gert á íslensku. Það er því við hæfi að Sónarljóð þessa heftis sé sótt í þann mikla þýðingasjóð. Ljóðið „Heimvon“ í búningi Einars Braga birtist fyrst í *Hvísla að klettinum* 1981 og síðan árið eftir í *Ljóðum*, úrvali ljóða og ljóðabýðinga skáldsins. Seinast birtist það nafnlaust í bókinni *Kaldrifjadur félagi*, þýðingu Einars Braga á ljóðabók Rose-Marie Huuva *Galbma Rádna*. Hér er ljóðið prentað eftir þeirri útgáfu en heiti þess úr fyrri bókum látið halda sér.

Fyrir hönd Sónarsinna,

Kristján Eiríksson

Höfundar efnis

Sónarljóð

Heimvön er eftir samísku skáldkonuna *Rose-Marie Huuva* (f. 1951). Hún hefur starfað sem listiðnaðar- og textílhönnuður. Ljóðabók hennar *Galbma Rádna* (Kaldrifjaður félagi) kom út í íslenski þýðingu Einaris Braga árið 2002.

Einar Bragi (1921–2005) ljóðskáld og rithöfundur.

Höfundar greina

Yelena Sesselja Helgadóttir (*Yershova*) (f. 1976) er með M.A.-próf í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands og stundar doktorsnám við sama skóla.

Guðrún Ása Grímsdóttir (f. 1948) cand. mag. í sögu frá Háskóla Íslands 1979. Fastráðin við fræðistörf á Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson (f. 1945) er M.Ed. í kennslufræðum frá Kennaraháskóla Íslands og M.A. í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands. Hann er aðjunkt við Kennaraháskóla Íslands.

Þorsteinn Þorsteinsson er bókmenntafræðingur og þýðandi. Hann vinnur við rannsókn á ljóðum Sigfúsar Daðasonar.

Hjalti Snær Ægisson (f. 1981) er B.A. í almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands og stundar framhaldsnám við sama skóla.

Vésteinn Ólason (f. 1939) er forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi.

Höfundar og þýðendur ljóða

Inger Hagerup (1905–1985) var norsk skáldkona. Hún samdi fyrst og fremst ljóð, en einnig leikrit, barnabækur auk 3ja binda sjálfsævisögu.

Olav H. Hauge (1908–1994) er eitt kunnasta ljóðskáld Norðmanna á 20. öld og liggja eftir hann fjölmargar ljóðabækur.

Valdimar Tómasson (f. 1971) frá Litlu-Heiði í Mýrdal, verkamaður í Reykjavík.

Kristín Svava Tómasdóttir (1985) er nýstúdent frá Kvennaskólanum í Reykjavík. Hún starfar við ræstingar og fæst við ljóðagerð.

Yelena Sesselja Helgadóttir (Yershova)

Íslenskar lausavísur og bragfræðilegar breytingar á 14.–16. öld*

Bragfræðilegar breytingar á tímabilinu frá 1400 og fram að siðskiptum, ásamt spurningu um uppruna rímnahátta, sem fylgir þessu tímabili líkt og skugginn, hafa verið efni í óþrjótandi umræðu alla 20. öld. Umræðan teygir sig einnig yfir á þriðja árþúsund en fyrir skömmu komu út tvö ólík rit sem bæði snerta breytingar í kveðskap 14.–16. aldar. Annað er aldamótaritíð *Поэзия скальдов* (*Skaldic Poetry*) eftir Eleni Gurevich og Innu Matyushinu, yfirgripsmikil bók sem rekur sögu dróttkvæðs kveðskapar: bragfræði og setningaskipan, myndmál, hugmyndir fornanna um kveðskap og skáldskapargáfu, breytingar á stökum kveðskapargreinum (lofkvæðum, mansöng, níði og kristilegum kveðskap). Síðasti kafli fjallar um rímur í ljósi kveðskapar miðaldaskálda.¹ Höfundur hans, Inna Matyushina, tekur meðal annars dæmi um bragfræðileg líkindi í þessum kveðskapartegundum.² Hitt er nýleg grein eftir Kristján Árnason, „Ferhend hrynjandi í fornyrðislagi og ljóðahætti“. Eins og titillinn ber með sér er nálgun höfundarins fyrst og fremst bragfræðileg. Viðfangsefni hans er ekki beinlínis uppruni rímnahátta en greinin hefur að geyma ítarlegan samanburð á hrynjandi edduháttar (fornyrðislags og ljóðaháttar) og ferhendu seinni tíma.³

* Þessi grein er vaxin upp úr þeirri rannsókn á lausavísu sem liggur til grundvallar meistaraprófsritgerð minni frá febrúar 2003, *Rýnt í myrkríð í leit að lítlum stjörnum: Íslenskar lausavísur frá 1400 til 1550*. Ég þakka RANNÍS – Rannsóknarnámssjóði fjárhagslegan stuðning við samningu ritgerðarinnar, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi veitta aðstöðu en starfsfólki þess og gestum margvíslega aðstoð. Sérstakar þakkir vil ég færa Guðrúnu Nordal og Kristjáni Árnasyni, leiðbeinendum í rannsókn minni, og Kristjáni Eiríkssyni sem las báðar ritgerðir og svaraði spurningum mínum af stakri þolinmæði.

¹ Íslenskar miðaldir eru skilgreindar sem 9.–14. öld í þessari grein.

² Gurevich, Matyushina (2000:692–694). Hér er þó ekki um að ræða ítarlegan samanburð á bragfræði dróttkvæða og rímna.

³ Kristján Árnason (2003:38–56).

Í þessari grein verður aðallega fjallað um *lausavísur* en tilgangurinn með henni er einkum að rekja breytingar 14.–16. aldar á bragarháttum miðalda og athuga hvaða þátt þeir eiga í mótun nýrra háttá, fyrst og fremst rímnahátta. Ástæða þess að *lausavísur* urðu fyrir valinu er ekki síst sú að á afmörkuðu sviði þeirra sjást breytingar mjög glögg. Lausavísnakveðskapur er einnig mjög viðkvæmur fyrir breytingum vegna togstreitu sem honum fylgir: lausavísan er tilvalin til ýmissa tilrauna sökum þess hve stutt hún er en jafnframt er lausavísan ein íhaldssamasta og hefðbundnasta bókmenntagrein allra tíma á Íslandi þar sem rík hefð býr alltaf að baki henni. *Rímur* eru í mörgu frábrugðnar lausavísum, meðal annars vegna þess að þær eru vönduð verk skálda eða kunnáttusamra hagrýðinga, ósjaldan menntaðra, fremur en augnabliks- og tækifæriskveðskapur. Því ber að gæta varúðar þegar niðurstöður sem gilda um *lausavísur* eru yfirfærðar á *rímur*.

Efni rannsóknarinnar sem liggur að baki þessari grein eru um 70 *lausavísur* sem telja má ortar á bilinu 1400–1550.⁴ Flestar eru vísurnar á spássíum handrita og á fyrstu og öftustu síðum, einkum framan af umræddu tímabili, en í meginmál handrita áttu *lausavísur* ekki afturkvæmt fyrr en verulega tók að líða á 16. öld. Ástæða þess er bæði sú að mjög fáir meginmálstextar sem gætu hýst nýjar *lausavísur* voru samdir milli 1400 og 1550 (sögur og skáldskaparfræðirit tilheyra liðinni tíð en annálar og ævisögur voru ekki rituð að marki fyrr en undir lok 16. aldar) og sú að við miklar breytingar eftir 1400 féllu *lausavísur* í verði um hríð. Eftir því sem best verður séð voru þær ekki almennilega viðurkenndar né taldar þess virði að þær væru settar á blað fyrr en form þeirra var aftur fast í sessi.⁵

Formbreyting 14.–16. aldar er í stórum dráttum fólgin í því að „gömlu hættirnir“, þar á meðal dróttkvætt og hrynhent, einfaldast

⁴ Nánar um aldur umræddra *lausavíсна* og skiptingu í tímabil: Yelena Yershova (2003:36–88, 144–212). Nánar um efni rannsóknarinnar, m.a. skilgreiningu og afmörkun efnis, efnissöfnun og fleira: Yelena Yershova (2003:15–44).

⁵ Nánar: Yelena Yershova 2003:81–82, 117–129. Þær vísur sem eru taldar vera frá því snemma á 15. öld eru allar í seinni heimildum, og í helmingi tilfella undir óreglulegum háttum sem hafa sennilega ekki verið mikils metnir, sbr.: „Vögum vér og vögum vér“ (á að vera frá 1400–1401) og „Ólafur hinn illi“ (á að vera um 1433), sjá: Jón Þorkelsson (1888:193). Varðveisla spássíuvíсна var frekar slæm, handritaspássíur og ystu síður eru oft rifnar og snjáðar, stundum skornar; ófár vísur eru því torlesnar eða ólæsilegar. Ástandið batnaði til muna um leið og *lausavísur* færðust í meginmál handrita; *lausavísur* frá 17. öld skipta t.a.m. hundruðum.

stórlega og falla um leið í skugga af nýjum háttum, aðallega dansháttum og nýtilkomnum rímnaháttum sem verða fljótlegra ráðandi í lausavísu og í íslenskum kveðskap í heild. Breytingar á „gömlu háttunum“ tengjast hljóðdvalarbreytingunni, ásamt almennri tilhneigingu til einföldunar sem hafði þá ríkt í kveðskap um hríð.⁶ Hljóðdvalarbreytingin hófst að líkindum ekki síðar en á 14. öld og var enn að ganga yfir á 16. öld. Helstu áhrif hennar voru þau að öll sérhljóð urðu löng í áhersluatkvæðum ef eitt stutt samhljóð (eða ekkert) fór á eftir en stutt annars. Auk þess urðu öll áhersluatkvæði löng, en í fornmáli hafði áhersla aðeins verið eitt skilyrði fyrir því að atkvæði væri langt.⁷ Af þessu leiddi að atkvæðalengd í sjálfu sér hætti að skipta máli fyrir bragarhætti heldur varð áherslan ráðandi þáttur í hrynjandi. Það leiddi til hruns bragkerfis dróttkvæða eins og það var fyrir hljóðdvalarbreytinguna. Áhrif hennar koma þó seint fram í kveðskap þar sem gömul hefð hélst tiltölulega lengi.

Á árunum 1400–1550 var enn talsvert ort bæði undir réttum dróttkvæðum hætti eins og hann var á miðöldum og undir einhvers konar hálfhneppum dróttkvæðum hætti. Í honum eru að jafnaði sex bragstöður í vísuorði en ólíkt reglulegum dróttkvæðum hætti er engin klásúla⁸ heldur ber síðasta atkvæði jafnan áherslu, óháð því hvort það er sterkt eða veikt eftir reglum forn málsins. Hátturinn verður því miklu reglulegri en á miðöldum en þá var fjöldi bragstaðna í vísuorði breytilegur, líkt og í dæmi Snorra Sturlusonar í *Háttatali*.⁹

⁶ Einkum er átt við einföldun í setningaskipan og myndmáli dróttkvæða. Sbr. t.d.: Guðrún Nordal (2001).

⁷ Atkvæði var talið langt að fornu ef það bar áherslu, hafði langt sérhljóð og a.m.k. eitt samhljóð (*styrri*) eða stutt sérhljóð og a.m.k. tvö samhljóð (eitt langt samhljóð kom einnig til greina: *manna*). Önnur atkvæði voru stutt. Að jafnaði komu aðeins löng atkvæði til greina í sterkar stöður (ris) í dróttkvæðum vísuorði en það breyttist á 14.–16. öld. Nánar um breytingar og undantekningar frá reglum um forna og nýja lengd sbr.: Stefán Karlsson (1989:8-9), Kristján Eiríksson (2002), Kristján Árnason (1980:7 og áfram, 121 og áfram).

⁸ Klásúla, eða kadensa (e. *cadence*), heita í umfjöllun um dróttkvæði síðustu tvö atkvæði í vísuorði þar sem fyrri atkvæðið er bragfræðilega þungt, þ.e. langt (áherslu)atkvæði, en seinna atkvæðið er létt (stutt).

⁹ Sbr. 77. vísu *Háttatalis* (1991:32), 5. vísuorð: „árla sér ungr jarl“. Þar eru bragstöður (*samstofur* í máli Snorra) aðeins fimm en Snorri tekur fram: „Í þessum hætti eru sex samstofur í vísuorði, en eigi er rangt þótt verði fimm eða sjau“. Slíkur varnagli er ekki sleginn við skilgreiningu á dróttkvæðum hætti (þótt þar séu líka vísuorð með fimm bragstöðum), aðeins segir: „Hverju vísuorði fylgja sex samstofur“ (*Háttatal* 1991:4).

(1) *Dróttkvætt rétt (eftir fornum reglum) og dróttkvætt hálfhneppt*

Hvað er í heimi verra
 en hyggju sótt á nóttum?
 Vex af vondri hugsan
 vesöl lund og sorg stundum.
 Mér hefur mikla stúru
 margt selt angur um hjarta,
 má oss af ánaud þessi
 erfitt nema frá hverfi.

Konu á sér Kross-Jón,
 kæn er hún og mjög væn,
 fríð er þessi faldreið
 og frómum rekkum mjög þekk.
 Svinn er sú seimgunn,
 við sveitir teit og hjartleit,
 hennar vöxtur er víst klénn,
 við virða er hún ei stirð.¹⁰

Þegar líður að síðskiptum er dróttkvætt minna notað, Jón Arason er nánast einn um það. Notkun hrynhendu er hins vegar ekki jafntakmörkuð og einstaklingsbundin og notkun dróttkvæða sem hafa sterkari tengsl við gamlan, jafnvel heiðinn tíma.

2) *Hrynhendur*

Bjarni hreppi blessan erna,
 Bjarna hjálpi drottinn gjarna,
 Bjarna missi belsinn forni,
 Bjarna eigi góðu varni,
 Bjarni hljóti brúði kjörna,
 Bjarna geymi sjóvar stjarna,
 Bjarni drekki bjór af hornum,
 Bjarna aldrei vinir sé farnir.

Endilega fái Arnór frændi
 allan heiður þann ég kann beiða,
 auð og seim og yfirvald lýða,
 angri sviptur og ógiftu,
 um lönd og geima, lögu og sanda
 ljósa frægð og sóma nægðir,
 líf og heilsu, lukku og gæfu
 ljái honum Kristur í himna vistu.¹¹

Um svipað leyti koma fram dæmi um dróttkvæði og hrynhendu „nýrra tíma“, ort eftir málsreglum eftir hljóðdvalarbreytinguna. Það eru dróttkvæð erindi með tvírætt áhersluatkvæði í 5. stöðu í vísuorði

¹⁰ Fyrri vísan: AM 122 a fol. (Króksfjarðarbók), bl. 94v, frá um 1500 (handrit um 1350–1370). Samræmt með tilliti til: *Sturlunga saga* (1958:13). Seinni vísan: Add. 11242 (Syrpa Gottskálks), bl. 52r. Bæði vísan og handritið eru frá öndverðri eða miðri 16. öld. Sjá: Jón Samsonarson (2002:163). Texti vísna frá 1400 og síðar er hér færður til nútímamáls.

¹¹ Fyrri vísan: AM 68 fol., bl. 1r, síðari hluti 14. eða upphaf 15. aldar (handrit u.þ.b. 1300–1350). Seinni vísan: AM 242 fol. (Codex Wormianus), bl. 85v, fyrri hluti 16. aldar (handrit u.þ.b. 1350).

(stutt samkvæmt fornum reglum, sem gerði klásúlu ótæka, en orðið langt eftir hljóðvalarbreytinguna og hætt að spilla hættinum) og stýfð hrynhenda (7 atkvæði í vísuorði), afar sjaldgæf á miðöldum en æ vinsælli þegar líður að lokum þeirra.¹² Báðar vísurnar sem hér eru teknar sem dæmi eru eignaðar Jóni Arasyni:

3) Dróttkvætt og hrynhent nýrra tíma

Til hef ég tafl með **spilum**,
tölur, sem leggi og **völur**,
skák með sköfnum hrókum
skjótt og kotru hornóttu,
hörpu heldur snarpa
hressta með girnismeistum,
fón með fögrum sóni
fengið til lykla með strengjum.¹³

Mín er lyst í ferðum fyrst
að fara í kringum Móaling,
finna þann hinn fróma mann,
er fær mér slyngan Móaling;
átt hef ég í aurum fátt
annað þing sem Móaling,
því er mín bón að bóndinn Jón
bringi mér sinn Móaling.¹⁴

Einnig eru í lausavísum svokallaðir smærri skáldahættir,¹⁵ með styttri línunum en dróttkvæði, oft aðeins með einum stuðli í frumlínunum. Margir þeirra minna á edduhrynjandi þótt atkvæðafjöldi þeirra sé fastari og þeir hafi innrím. Notkun þessara háttu endurspeglar nýja strauma: þeir eru styttri og að mörgu leyti auðveldari, til dæmis má setja stuðul á léttvægt orð. Vísur undir þessum sjaldgæfu háttum tengjast líka formmeistararum Jóni Arasyni.

¹² Sjá t.d.: *Háttatal* (1991:83). Umrædd atkvæði í dróttkvæðri vísu eru feitletruð hér – *YSH*.

¹³ Lbs. 40 fol., bls. 113. Vísan er frá fyrri hluta 16. aldar, eða um 1530. Handritið er frá 17. öld. Flestir kenna Jóni Arasyni vísuna þó svo að klásúlurnar séu rangar miðað við fornar bragreglur.

¹⁴ AM 433 fol. (orðabók Jóns Ólafssonar úr Grunnavík). Vísan á að vera frá því um 1500 ef hún er réttilega eignuð Jóni Arasyni sem er reyndar frekar vafasamt. Handritið er frá 17. öld.

¹⁵ Hugtakið kemur frá þriðja hluta Snorra-Eddu (sjá: *Háttatal* 1991:29), þar sem lýst er fjölmörgum afbrigðum „smærri háttu“; þeir voru þó frekar sjaldgæfir í miðaldarkveðskap og má gera ráð fyrir því að a.m.k. nokkrir þeirra séu til komnir fyrir íþrótt Snorra, sbr.: *Háttatal* (1991:84–85). Með „skáldaháttum“ í bók Elenu Gurevich og Innu Matyushinu (2000) og hér er átt við hætti sem voru einkennandi fyrir kveðskap íslenskra hirðskálda, fyrst og fremst dróttkvætt og afbrigði þess, hrynhendu og afbrigði hennar.

(4) *Smærri skáldahættir*

Margt snýst mjög fort,
 minnst tón, herra Jón,
 er lukkan ókyrr
 um frón, herra Jón,
 vultu kóngar varð hált,
 viss sjón, herra Jón;
 skiljst svo mitt skýrt tal,
 skal bón, herra Jón!

Latína er list mæt,
 lögsnar Böðvar,
 í henni ég kann
 ekki par, Böðvar;
 þætti mér þó rétt
 þitt svar, Böðvar,
 ef míns væri móðurlands
 málfar, Böðvar.¹⁶

Á meðan flestir miðaldahættir eru smám saman að hverfa (þótt þeir fari aldrei með öllu og eigi eftir að blómstra, til dæmis á tímabili rómantíkurinnar) koma rímnahættir inn í lausavísur – og fara bratt af stað. Strax á 14. öld verður vart við fyrstu lausavísu undir eins konar rímnahætti, það er vísan frá Gyrðir biskup kastaði fram fyrri parti en Eysteinn munkur botnaði. Hún hefur oft verið greind sem ferskeytla en virðist vera blendingsháttur: það vantar að minnsta kosti eitt atkvæði (ef ekki heilan braglið) í síðlínur til að hún gæti talist ferskeytla. Raunar minna síðlínur miklu meira á úrkast með forlið. Talsvert er um slíka blendingshætti, einkum framan af umræddu tímabili. Hér fylgir annað dæmi þar sem fyrri helmingurinn stendur nær stefjahruni en hinn síðari gagaraljóði.¹⁷

¹⁶ Fyrri vísan: JS 2 fol., bls. 165, fyrri hluti 16. aldar, líklega 1520–1522 eða 1544/1547, víða eignuð Böðvari presti eða Sigurði blinda sem ávarp til Jóns. Handritið er frá 1760, eftir frumriti frá því um 1700. Seinni vísan: Lbs. 42 fol., bls. 73; AM 254 og 255 fol. o.fl. Vísan er frá fyrri hluta 16. aldar (eignuð Jóni og látin vera svar hans) en handritin eru frá 17. öld. Nánar um þessar vísur sjá: Yelena Yershova (2003:189–190, 202–203).

¹⁷ Gagaraljóði er venjulega ekki talið með grunnháttum rímna en er þó einn af mikilvægustu rímnaháttunum, sbr. t.d.: Vésteinn Ólason (1976). Gagaraljóði óbreytt birtist tiltölulega snemma í rímum, eða um 1500–1525 (sjá: Kristján Eiríksson 2002), en í lausavísu ekki fyrr en í seinni heimildum (og þótt vísur séu þar taldar frá byrjun 15. aldar er erfitt að sanna slíkt, sbr.: Jón Þorkelsson (1888:16, 1. nmgr., og 193)). Stefjahrun (óbreytt) kemur stundum fyrir í elstu rímum innan um ferskeytt, til dæmis í Sörlarímum (trúlega 14. öld) og virðist þar ekki aðgreint frá ferskeyttum hætti, sjá: Kristján Eiríksson (2002).

(5) *Form í mótun: blendingshættir*

Gyrðr kembir nú gula reik
með gyltum kambí.
Kominn ertu úr krókasteik
þinn kúlurvambi.

Þetta höfuð er leitt og langt,
sem lýðir megu það sjá,
herðamjótt og heldur langt,
hálfu verra en ég greini í frá.¹⁸

Ferskeyttar lausavísur koma fram strax á 15. öld, þ.e. fyrst þegar við tökum eftir lausavísu á handritaspássíu að einhverju marki.¹⁹ Flóknari hættir bætast við jafnóðum. *Stafhenda*, einn af grunnháttum rímna, kemur til dæmis fram á seinni hluta 15 aldar, og eitt afbrigði er strax mjög flókið (sjá dæmi hér að neðan). *Samhenda* var aðeins lengur að þróast. Fyrstu lausavísur undir þeim hætti eru frá öndveðri eða miðri 16. öld. *Skáhenda* birtist einnig mjög snemma. *Úrkast*, fjórði hátturinn sem Vésteinn Ólason nefnir meðal þeirra elstu, hefur þegar komið við sögu í vísu Gyrðis biskups og Eysteins munks.

(6) *Grunnhættir rímna*(6a) *Ferskeytlan*

...þá (?) um (?) að vildir þú
vífið eiga að fanga,
Hallgerður (?) er sú hringa brú
að helst mun þig til langa.

Víst eru hér vondsleg hjú
sem vilja hvinnsku fremja.
Ætla ég þau sé öngum trú,
illt mun við þau að semja.²⁰

¹⁸ Fyrri vísan, eftir Gyrði og Eystein, er prentuð eftir *Skj.* B II (1915:416). Seinni vísan: GKS 2087 4to, 15v, síðari hluti 15. aldar, handrit um 1300–1328.

¹⁹ Fram að þeim tíma höfðu lausavísur (undir hvaða bragarhætti sem er) verið sjaldgæfar í handritum, að því er virðist bæði vegna slæmrar varðveislu handrita og vegna þess að fyrir svartadauða voru handrit eftirsótt útlutningsvara sem ekki átti að spilla með kroti sem væri handritinu óviðkomandi. Lausavísur sem voru skrifaðar á handritaspássíur á miðöldum voru aðallega þær sem áttu við meginmálstexta, sbr. vísur sem fylgja Njáls sögu í Reykjabók, sjá: *Njáls saga* (1962:fol. 37r og víðar).

²⁰ Fyrri vísan: AM 468 4to, 50v, 15. öld, handrit um 1300–1325. Víst þykir að hér sé ferskeytla á ferðinni þótt texti sé skertur. Seinni vísan: AM 624 4to, 110r, um 1500. Handritið er frá lokum 15. aldar.

(6b) *Stafhenda, samhenda, skáhenda*

Stafhenda óbreytt:

Ólafur kóngur Noregi réð,
líkann hans hef ég öngvan séð,
hafnar Þór er heiðrar Krist,
hafði hann aldrei langa vist.

Samhenda óbreytt:

Ljótur er penni og loðinn að sjá
og liggur mörg hér klessan grá,
mætara væri til messu að gá
en margan fella kúkinn upp á.²¹

Stafhent: stafhent – oddhent

*(frumstiklað) samsniðhent (skárímað –
frumstiklað):*

Leiðist hrók að líta á bók,
letrið er klesst fyrir orða snók,
seima brík segir það rík:
sæmra væri honum dýr hundstík.

Skáhenda:

Marka skal við mæðar tal,
mér eru eignuð fræði,
eitt hvert orð vill auðar skorð
eiga í hverju kvæði.²²

Á 16. öld náðu bragarhættirnir sér aftur á strik, ekki aðeins í nýju formi heldur einnig í nýjum margbreytileika: á íslensku kveðskaparsviði er þá fjöldi háttar, þar á meðal tökuháttar, þar sem mest áberandi eru danshættir og margvíslegir hættir helgikvæða. Skáldahættir hafa ekki heldur yfirgefið sviðið fyrir fullt og allt og auka fjölbreytni.

Þó er athyglisvert að einn flokk miðaldaráttar virðist vanta með öllu í lausavísur á árunum 1400–1550. Það eru *edduhættir*. Meðal lengri kvæða eru þó nokkur dæmi um notkun fornryðislags: *Æfisögu*-flokkur Einars Sigurðarsonar²³ og *Krossþulur*²⁴ og ekki má gleyma því að fornryðislag, eða ljúflingslag, blómstraði lengi í barnagælum og

²¹ Fyrri vísan: AM 68 fol., 1r, síðari hluti 15. aldar eða byrjun 16. aldar. Handrit: u.þ.b. 1300–1350. Seinni vísan: AM 604 f 4to (Staðarhólsbók) bls. 10. Vísan er frá öndverðri eða miðri 16. öld (handrit frá því um 1550).

²² Fyrri vísan: AM 168 b 4to, 15r (bls. 29), síðari hluta 15. aldar. Handrit: umræddur hluti er frá 1475–1500. Seinni vísan er prentuð eftir: Vésteinn Ólason (1976:74); sbr. einnig skárímaða vísu í dæmum um stafhendu. Þess ber að geta að skáhent, ólíkt öðrum háttum sem hér eru nefndir, hefur ekki sjálfstæða hrynjandi sem væri aðeins eiginleg fyrir það; dæmi sem er tekið hér er um hátunn „ferskeytt – skáhent“, en skáhent er einnig í háttum eins og dverghent, hrynjandi, langhent, stefjahrun og úrkast, sbr.: Kristján Eiríksson (2002). Skáhenda á líklega rætur sínar að rekja til sekvenskveðskapar, sbr.: Kristján Árnason (2002:42).

²³ Eitt erindi er í: Jón Espólín (III 1942:105), við árið 1532. Flokkurinn í heild er prentaður í *Blöndu* I (1918–1920:60–96) með formála og skýringargreinum eftir Hannes Þorsteinsson.

²⁴ *Íslensk miðaldarkvæði* (I, 1936:238–246).

sem sagnakvæðaháttur. Í lausavísum hverfa edduháttir hins vegar algjörlega. Eina vísan undir slíkum hætti er eignuð Ögmundi biskupi Pálssyni.²⁵ Annars finnast lausavísur undir edduháttum ekki fyrr en eftir siðskipti, einna fyrst er hálfgerð runhenda Staðarhóls-Páls.

(7) *Fornyrðislag fyrir og eftir siðskipti*

Grímsnes hið góða
og Gull-Hrepparnir,
Sultar-Tungur
og svarti Flói.

Lítið er lunga
í lóuþræls unga,
þó er enn minna
mannvitið kvenna.²⁶

Þessi óvænta fjarvera edduháttanna í lausavísum frá 1400–1550 er sérkennileg að því leyti að á miðöldum voru edduháttir ekki óvinsælir í lausavísum. Um 120 lausavísur undir edduháttum eru til frá 9.–14. öld og eru þá ótaldar vísur sem eru lengri en átta vísuorð, runhendur dregnar af edduháttum og vísur sem trúlega heyra til stærri kvæða.²⁷ Einkum er mikið um lausavísur undir edduháttum í *Sturlungu* og í fornaldarsögum, þ.e. frá þeim tíma sem liggur nær rannsóknartímabili mínu. Flestar þeirra vísna eru undir fornyrðislagi, eða um 66 heilar vísur (8 vísuorð) og um 30 sjálfstæðir helmingar (4 vísuorð). Vísur undir ljóðahætti eru mun færri, eða um 6, og birtist sú elsta ekki fyrr en í *Sturlungu*. Fornyrðislag er trúlega vinsælast vegna þess hve einfalt það er. Runhendur eru til dæmis aðeins dregnar af fornyrðislagi.²⁸ Vísur með svokölluðu draugastefi, sem verða seinna áberandi, meðal

²⁵ Vísan er þó mjög vafasöm. Ekki er víst að hún sé frá rannsóknartímabilinu. Hún er árssett 1542 í Fitjaannálum Odds Eiríkssonar en þeir annálar eru aðeins til í afriti frá seinni hluta 18. aldar: JS 2 fol., um það bil 1760, sbr.: *Annálar 1400–1800* II (1927–1932:46). Frumritið var ekki skrifað fyrr en um 1700 og brann trúlega árið 1728 (*Annálar 1400–1800* II 1927–1932:8). Óg ekki er víst að hér sé um að ræða lausavísu: Þessi örnefnaomsa undir fornyrðislagi gæti verið hluti af lengri þulu.

²⁶ Fyrri vísan: JS 2 fol., bls. 80. Seinni vísan: Lbs. 167 8vo, prentað eftir Jóni Þorkelssyni (1888:385); „kvenna“ (í stað „kvinna“) er tekið upp úr handritinu og þakka ég Sverri Tómassyni ábendinguna.

²⁷ Hér eru til dæmis ekki taldar með vísur Friðþjófs úr Friðþjófs sögu frækna, en miklar líkur eru á því að þær séu hlutar af kvæði (lof hetjunni) eða einhvers konar ævidrápu, líkri þeirri sem Örvar-Oddur kvað um afrek sín, enda falla þær vel saman og virðast segja samfellda sögu. Ekki eru heldur með vísnaðæmi í Þriðju og Fjórdu málfræðiritgerðinni enda óvísst að þau séu lausavísur og oft er ekki ljóst hvaðan dæmin eru tekin.

²⁸ Þær eru fáar: innan við fimm slíkar runhendur eru varðveittar frá miðöldum. Ólíkt vísum undir ljóðahætti eru þær gamlar, frá 10.–12. öld; síðan virðist þessi háttur fallinn í gleymsku í lausavísna greininni.

annars í þjóðsögum, eru líka einkum myndaðar út frá fornyrðislagi (heilli vísu eða helmingi).²⁹ Það má enn fremur færa rök fyrir því að edduhættir, einkum fornyrðislag, hafi að nokkru leyti verið bragarhættir almennings. Þeir eru einfaldari en dróttkvæði og því hentugri til dæmis til að tjá bæði snögg viðbrögð og yfirþyrmandi tilfinningar. Fornyrðislag er með öðrum orðum tilvalinn háttur fyrir tækifæriskveðskap. Enn má nefna að tiltölulega fá atvinnuskáld virðast hafa sótt í edduhætti en hins vegar margir „óbreyttir“ menn sem ekkert liggur eftir nema ein eða tvær vísur.³⁰ Óbein staðfesting á vinsældum edduháttanna meðal almennings er einnig að vísur undir þeim eru mest áberandi í fornaldarsögum og gegna þar sama hlutverki og dróttkvæði í konunga- og Íslendingasögum. Edduhættir miðalda héldu að þessu leyti lengur út en dróttkvæði sem hættir lausavísna.

Á árunum 1400–1550 hverfa þó lausavísur undir edduháttum jafnvel þaðan sem þær voru ráðandi að fornu: úr handanheimsvísu, spádómum, draumavísu og sennum.³¹ Lausavísur um þau efni eru nú ortar undir dróttkvæðum hætti eða nýjum háttum. Ástæður þess eru margvíslegar. Nýir tímar tóku við og gamalt efni tók oft á sig nýtt form. Alls konar sögur voru til dæmis sagðar í bundnu máli, undir rímnaháttum (eða dansháttum) sem voru nú í tísku, og þá fóru vísur undir öðrum háttum, þar á meðal edduháttum, að hverfa úr sögunum og þar með almennt af kveðskaparsviðinu. Auk þess höfðu edduhættir sterk tengsl við fornöldina. Ef til vill náðu lausavísnaskáld á þessu nýja tímabili ekki að yfirstíga þennan tíma- og menningarþröskuld og yfirfæra hættina á veruleika samtímans. Einnig er líklegt að edduhættir hafi á þessu tímabili notið minni virðingar og því hafi síður verið hirt um að færa þá í letur þótt ófáar vísur hafi gengið milli manna. Það

²⁹ Dæmi um slíka vísu er úr *Læxlaðu*, skrifað hér upp eftir *Skj.* B I (1915:399, 4. v.): „Kosti fyrðar, / ef framir þykkjast, / ok varisk við svá / vélum Snorra; / engi mun við varask, / vitr es Snorri“. Vísan hefur 6 vísuorð, þar sem tvö síðustu eru óbein endurtekning á 3.–4. línu. Svipaðar vísur eru einnig myndaðar með beinum endurtekningum, og líka út frá heilum fornyrðislagsvísu (8 vísuorð), sbr. *Skj.* B I (1915:401).

³⁰ Má nefna Vémund Hrólfsson, Vitgeir seiðmann, Hallstein Þengilsson, Steinar Sjonason, Styrbjörn, Stefni Þórgilsson, Halldór Rannveigarson, Öspak Glúmsson, Þórð Vatnsfróðing, Ingimar af Aski, Eirek, Magnús Þórðarson, Loft Pálsson, Snekkoll Gunnason sem eiga annaðhvort eina vísu undir edduhætti í *Skj.* eða tvær, en þá er að minnsta kosti ein undir edduhætti. Að vísu má ekki gleyma því að fleiri vísur eftir þessa höfundu gætu hafa týnst (flestir þessir menn eru aukapersónur í miðaldasögum). Ófá eru líka þau tilfelli þegar ein dróttkvæð vísu hefur varðveist eftir mann (ekki er heldur vitað hvort viðkomandi hafi ort meira).

³¹ Nánar um notkun edduháttanna í lausavísu miðalda: Yelena Yerhova (2003:97 og áfram).

er þó hæpið að fullyrða nokkuð í þessum málum enda er engin bein og traust vitneskja um edduhætti í lausavísu í munnlegri geymd milli svartadauda og síðskipta.

Það virðist þó frekar ólíklegt að edduhættir í lausavísu hafi horfið með öllu og með það í huga er rétt að snúa aftur að spurningunni um uppruna rímnahátta.



Vésteinn Ólason hefur sýnt fram á að ýmsir grunnhættir rímna komu úr evrópskum kveðskap³² og verður hér gengið áfram út frá því en einnig hugað að því hvaða *íslenskir* hættir hafi jafnframt getað stuðlað að þróun þeirra.

Fyrst ber að nefna hrynhendu sem var á sínum tíma einnig fengin að láni frá meginlandinu úr kirkjulegum kveðskap³³ og samsvarar breiðhendu í því er varðar hrynjandi. Mikilvægi hrynhendu í mótun ferskiptra rímnahátta er auðséð. Hins vegar virðist enn ekki ljóst hversu stóran þátt aðrir skáldahættir áttu í myndun rímnahátta, þótt margt hafi verið skrifað um það í tímans rás. Í bókinni *Skaldic Poetry*, sem var nefnd í upphafi þessarar greinar, tengir Inna Matyushina rímur við skáldahætti: dróttkvætt og hrynhent. Hún heldur því meðal annars fram að rímur hafi sennilega erft frá þeim alla sína bragfræði (eins og myndmálið): stuðlasetningu, innrím, greinarmun á löngum og stuttum atkvæðum, fjölda áhersluatkvæða og áherslulausra atkvæða.³⁴ Inna líkir enn fremur ferhendu, grundvallarformi rímna, við vísuþelming í skáldaháttum: frumlínur ferskeytlu við vísuorð í hrynhendu og síðlínur við vísuorð í dróttkvæðum hætti.

Helmingur hrynhendu samsvarar auðsjáanlega ákveðnum gerðum ferhendu. Líkindi á milli ferhendu í rímum og helmings dróttkvæðs háttar (aðalháttar skálda á 9.–14. öld) eru ekki jafnskýr. Grundvallarregla í *dróttkvæðum* er sú að vísuorð hefur að jafnaði 6 bragstöður, samtals 24 í helmingi; *ferhenda* með 6 bragstöður í hverju vísuorði er ekki til meðal rímnahátta þótt fyrir komi að síðlínur hafi 6 bragstöður (til dæmis í ferskeytlu) *eða* að samanlagður fjöldi bragstaðna í ferhendu sé 24 (sbr. úrkast, dverghent). Meira máli skiptir þó að grunnlína ferhendra rímnahátta hefur 4 ris (þ.e. 4 bragliði, 7–8 atkvæði) en dróttkvætt vísuorð hefur jafnan 3 ris (og þar með 6 eða 7 atkvæði). Drótt-

³² Vésteinn Ólason (1976).

³³ Vésteinn Ólason (1992:222 og áfram).

³⁴ Gurevich, Matyushina (2000:692).

kvætt vísuorð virðist niðurstaða mjög sérstæðrar þróunar – allt að því ónáttúrulegar, ef við tökum gilda þá útbreiddu kenningu að fjórskiptur taktur er bæði einfaldastur og eðlilegastur.³⁵

Þrískipt dróttkvætt vísuorð fellur ekki inn í bragskema ferhendu. Til þess að fá ferhendu úr dróttkvæðum helmingi verður að gera ráð fyrir því að eitt til tvö atkvæði hafi bæst við venjubundið dróttkvætt vísuorð. Slíkt virðist þó harla ólíklegt. Trúlegt er að dróttkvætt hafi orðið til við það að tvö klásúlu-atkvæði bættust við stutta – ferskipta – línu fornyrðislags en vafasamt er að fleiri atkvæði hafi seinna bæst við dróttkvætt vísuorð aftan við á klásúlu. Viðbætur á öðrum stöðum í vísuorði eru einnig ósennilegar: dróttkvætt vísuorð var sterk eining þar sem hver bragstaða hafði ákveðið hlutverk. Meðal þeirra 70 vísna sem liggja til grundvallar þessari grein eru og engin dæmi sem gætu bent til þess að mótun rímnahátta hafi verið á þessa leið. Allar eftirfarandi vísur greinast sem dróttkvæðir helmingar þrátt fyrir nokkurt bragfrelsi, til dæmis forlið sem var alls ekki jafnalgengt í dróttkvæðum miðalda (en nokkuð algengari eftir hljóðdvalarbreytinguna), og þrátt fyrir almenn líkindi við hrynjandi rímna.

(8) *Myndun rímnahátta: dróttkvætt og rímnahættir*

*Runhenda dregin af dróttkvæðum
helmingi (?)*

Rangt skrifar nú rekkur,
reiknast má slíkt hvekkur,
svangur er minn sekkur,
en sess er kallaður bekkur.

*Dróttkvætt hálfhneppt,
helmingur (?)*

Nauðir gjöra nú stríð,
náða fæ ég síst gáð,
þoli ég hart fyrir þorn-spöng,
þrunginn af gleði út.

Sami háttur:

Dökknar dreng fyrir augum,
en drósín er hlaðin baugum,
heima er hrafn á haugum,
hæverskt vífið á Laugum.

*Runhenda dregin af hálfhnepptum
hætti, helmingur (?)*

Lýr mig leti og slen,
svo er stírður sem trén,
skjótlega eyðast fén
ef ekki kemur igen.³⁶

³⁵ Sjá: Attridge (1982), Kristján Árnason (2003) og tilvísanir þar.

³⁶ Fyrstu þrjár vísurnar eru í AM 604 a 4to (Staðarhólsbók), runhendurnar á bls. 79, 30–31, hálfhneppt á bls. 60, öndverð eða mið 16. öld, handrit um 1550; sú fjórða í Add. 11242 (Syrpa Gottskálks), bl. 39r, öndverð eða mið 16. öld.

Auk lengdar vísuorða má nefna mismunandi hlutverk ríms í dróttkvæðum og rímum. *Innrím* er meðal grunneinkenna dróttkvæðs háttar (frávik leiða jafnvel til þess að innrímslaus vísa er braggreind öðruvísi, kölluð *háttlaus*) en endarím kemur seinna í dróttkvæði. Í rímum er *endarím* hins vegar orðið aðalatriði. Frumhættir rímna hafa til dæmis að jafnaði verið einfaldlega án innríms en endarím var skilyrði fyrir tilvist háttarins.

Þó að síðlínur ferskeytlunnar eigi sér einhvers konar fyrirmynd í dróttkvæðum hætti virðist varla hægt að rekja rætur ferskeytlu beint til hrynhendu annars vegar³⁷ og dróttkvæða hins vegar þrátt fyrir það að alls kyns blendingshættir hafi verið til á mótunartíma rímnahátta. Það má álykta að af skáldaháttum hafi aðallega hrynhenda legið í bakgrunni við myndun rímnahátta en dróttkvæði aðeins með margs konar fyrirvara.

Snúum okkur aftur til edduháttá. Voru þeir betri jarðvegur fyrir erlend bragáhrif?

Hrynjandi rímna byggir aðallega á bragliðum, þ.e. ákveðnum fjölda risa og veikra atkvæða sem þeim fylgja. Oftast er eitt veikt atkvæði við hvert ris en geta þó orðið fleiri. Þetta virðist standa nær hrynjandi edduháttá sem byggir frekar á ákveðnum fjölda risa en atkvæða, heldur en hrynjandi dróttkvæðs háttar sem gerði sterkar kröfur til atkvæðafjölda í vísuorði. Aðalatriði virðist þó það að bæði edduhættir og rímnahættir hafa 4 ris í vísuorði (í edduháttum er um að ræða langlínu), líkt hrynhendu en ólíkt dróttkvæðum sem hafa 3 ris. Hrynjandi rímnahátta samsvarar vel hrynjandi edduháttá eins og Kristján Árnason hefur nýlega sýnt fram á.³⁸ Hér eru tvö af dæmum hans sem sýna líkindi í hrynjandi í erindum eddukvæða og ferhendum.³⁹

³⁷ Hér ber meðal annars að hafa í huga að einmitt sú gerð vísuorðs sem við finnum í frumlínunum ferskeytlu, einhvers konar stýfð hrynhenda (með 7 atkvæði og karlrími), var ekki mjög útbreidd á miðöldum.

³⁸ Kristján Árnason (2003:40–43 og víðar).

³⁹ Kristján Árnason (2003:41, 43). Í staðinn fyrir «S»-merki yfir sterkri bragstöðu eru hér sérhljóð sterkra bragstaðna feitletruð; í seinni vísuna er bætt merkjum um línuskil, en „þ[á]“ er leiðrétt efir *Eddukvæðum* (1998:125). Erindin eru úr *Völuspá* (1) og *Lokasennu* (26).

(9) *Edduhættir og rímnahættir: fornyrðislag sem breiðhent, ljóðahátt sem ferskeytt*

Hljóðs bið ek allar / <helgar> kindir,
meiri ok minni, [l] mǫgo Heimdalar;
vildo at ek, Valföðr, / vel fyr telia
forn spiöll fira, / þau er fremst um man.

Þegi þú, Frigg, / þú ert Fiörgyns mæR
ok hefir æ vergiorn verit,
er þ[á] Véa ok Vilia / léztu þér, Viðris kvæn,
báða í baðm um tekit.

Að vísu er ekki um að ræða nákvæma samsvörun milli edduháttanna og rímnaháttanna, það sést meðal annars á því að stuðlasetning edduháttanna gildir ekki í rímum (stuðlasetning hrynhendu frá 14. öld passar betur í rímnahætti og er fullkomnuð þar). En líkindin í hrynjandi edduháttanna og rímnaháttanna eru áberandi meiri heldur en milli ferhendu og dróttkvæða. Einnig þarf að taka tillit til þess að á 14.–16. öld, umrótartíma í íslenskum kveðskap, gengu um ófáar lausavísur sem voru óreglulegar á allan máta, meðal annars í stuðlasetningu:

(10) *Lausavísur 14.–16. aldar: óregluleg stuðlasetning*

Jesús Kristus vor herra,	Ólafur hinn illi,
hann gjöri oss <ei(?)> verra	biskupa spillir,
en gott <öl> og góðan *mat	þó gerði Jón enn verra,
og góða kvinnu með stórt gat.	hann sá ráð fyrir herra. ⁴⁰

Í báðum þessum vísu liggur óreglan í fleiru heldur en stuðlasetningunni einni. Fyrri vísan virðist vera stafhenda en kvenrím í fyrstu tveimur vísuorðum er ekki venjulegt fyrir þennan hátt þótt það komi stundum fyrir. Seinni vísa er enn athyglisverðari að því leyti að fyrstu tvö vísuorðin má greina sem fornyrðislag (með einhvers konar endarími sem nægir þó varla til að mynda runhendu) en 3. og 4. vísuorð

⁴⁰ Fyrri vísan: Add. 11242 (Syrpa Gottskálks), 50r, bæði vísan og handritið eru frá öndverðri eða miðri 16. öld. Aðeins einn stuðull er í 1. vísuorði. Seinni vísa: AM 375 4to, AM 213 fol. og fleiri handrit; sbr.: „Biskupa-annálar Jóns Egilssonar“ (1856:35). Vísan á að vera frá því um 1433.

virðast teygja það yfir í rímnaháttinn stafhendu. Þetta dæmi er óbein staðfesting hugsanlegrar þróunar rímnahátta úr edduháttum.

Rím, einn af höfuðstólþum rímnahátta, getur að vísu ekki talist til einkenna edduháttanna. Athyglisvert er þó að allt frá upphafi íslensks kveðskapar virðist runhenda oft hafa verið dregin einmitt af fornryðislagi.⁴¹ Runhenda dregin af fornryðislagi getur meðal annars séð rímnaháttum fyrir innrími en „hin minni runhenda“⁴² líka fyrir endarími.

(11) Rím í runhendu sem er dregin af fornryðislagi og í rímnaháttum

Fluttak fræði / *of frama græði
 (tunga tæði) / með töluræði;
 stef skal stœra / stilli Mœra
 (hróðr dugir hrœra) / ok honum fœra.⁴³

Amors ljóð um auðar slóð
 einatt kvað og stála rjóð,
 falsi gróinn hér að hló
 heimskur dárinn margur þó.⁴⁴

Hátturinn í rímnávísunni er „stafhent – oddhent (frumstiklað), þríþættingur minni“ og „er eins og stafhent – óbreytt nema hvað í þessum hætti gera önnur kveða frumlína og fjórða kveða (endarímliður) aðalendingar langsetis“.⁴⁵ Höfundur þessarar tilteknu vísu var uppi á seinni hluta 19. og fyrri hluta 20. aldar en hátturinn er eldri, frá 16. öld.⁴⁶

Af þessum samanburði má draga þá ályktun að innrím í rímnaháttum sé ekki einvörðungu arfur skáldahátta heldur hafi einnig verið grundvöllur fyrir það í edduháttum.

Mikilvægur greinamunur á edduháttum og rímnaháttum er að vísu sá að þeir fyrrnefndu byggjast aðallega á setningaáherslu en

⁴¹ Sbr. t.d.: *Háttatal* (1991:33 og áfram), dæmi 80, 81, 85 o.fl.

⁴² „Hin minni runhenda“ heitir í *Háttatali* Snorra (1991:33–34) ef sitt rím er í hvor-um helmingnum.

⁴³ *Háttatal* (1991:33–34), dæmi 81. Framsetning mín, ásamt feitletrun rímsins – *YSH*.

⁴⁴ Benedikt lækni Einarsson, tilfært eftir: Kristján Eiríksson 2002 (framsetning og feitletrun mín – *YSH*).

⁴⁵ Kristján Eiríksson (2002).

⁴⁶ Sbr. Brönurímur (X, XIV), kveðnar trúlega skömmu fyrir miðja 16. öld, sjá: Kristján Eiríksson (2002).

þeir síðarnefndu á orðaáherslu.⁴⁷ Það kemur þó ekki í veg fyrir áberandi líkindi í hrynjandi, þrátt fyrir að setningaáhersla í brag hafi í för með sér að fjöldi áherslulausra atkvæða verður misjafn eftir braglínnum og sömuleiðis staða þeirra. Til að mynda er tiltölulega einfalt að brjóta vísuorð Eddu upp í einingar, sambærilegar við bragliði í nútímaferhendum, sbr.: „Hljóðs bið ek | allar | <helgar> | kindir“. Nokkuð erfiðari er langlínan: „er þ[á] Véa ok | Vilia | léztu þér, Viðris | kvæn“. Hins vegar er forliður, ásamt fleiri en einu áherslulausu atkvæði í braglið og áherslu á sérkennilegum stöðum, ekki sjaldgæft fyrirbæri í rímnaháttum. Meðal lausavísna frá 14.–16. öld eru allnokkur dæmi þess, sbr.:

(13) *Bragfrelsi í rímnaháttum*

Í | fjósínu | er svo | fámann|legt
 fyrir | fríða | auðar | lunda;
 fyrir hann | klunna | er það | kostu|legt,
 því hann | kann ei | betra að | stunda.

Það er mitt | skap að | skafa | þig,
 af því | skjálgur | ertu með | laufa | lag.
 Sætur | tala af | sínum | hag.
 Þær | sáu eigi | soddan | penna | nag.⁴⁸

Í þessum vísnum eru ósjaldan þrjú atkvæði í braglið (þessir bragliðir eru undirstrikaðir í texta hér að ofan) og einu sinni virðast þau fjögur.⁴⁹ Það sem vekur einnig athygli eru margir og langir forliðir, oft tvö atkvæði;⁵⁰ slíkt er ekki að finna í dróttkvæðum að fornu. Þessar

⁴⁷ Sbr.: Kristján Árnason (2002:43 og áfram).

⁴⁸ Fyrri vísan: AM 604 f 4to (Staðarhólsbók), bls. 9. Reyndar ríma *fámannligt* og *kostu-
ligt* í texta handritsins. Framsetning og leturbreyting er mín í þessari og næstu vísu –
YSH. Seinni vísan: AM 510 4to, 91v–92r. Báðar vísurnar og bæði handritin eru frá miðri 16. öld, trúlega með hendi vestfirðsku feðganna Jóns, Ara eða Tómasar. Rím í 1. vísuorði seinni vísunnar er óreglulegt en 4. vísuorð er ofstuðlað.

⁴⁹ Sbr. 4. vísuorð í seinni vísunni; framburðurinn *sáu ei* er þó ekki útilokaður.

⁵⁰ Gert er ráð fyrir því að *fyrir* sé borið fram *fyr(r)*, annars væri forliðurinn í 3. vísuorði þrjú atkvæði. Skipting vísunnar í bragliði skýrist af stuðlasetningu en höfuðstafur er ávallt í fyrsta braglið. Þess ber að geta að forliður er þekktur í rímum allt frá byrjun, sbr. meðal annars Ólafs rímu Haraldssonar í *Rímnasafni* I (1905:1 og áfram, erindi 3–7, 10, 12, 18–19, 21–22 og svo framvegis).

vísur sýna að bragfrelsi í rímnaháttum er sambærilegt við það sem við finnum í edduháttum en talsvert meira en í dróttkvæðum fyrir hljóðdvalarbreytingu.

Það má segja að *hrynhent*, sem varð til við samruna latnesks kirkjukveðskapar og dróttkvæða, nálgist bragliða-hrynjandi rímnahátta út frá atkvæðafjölda, sem breyttist smám saman í trókískt bragskema, en *edduhættir* nálgist bragliða-hrynjandi út frá áherslumunstri. Þeir síðarnefndu hafa frá upphafi ferskipta taktinn og eru beinni leið til rímnahátta heldur en dróttkvæði sem virðast hafa átt lítinn þátt í þróun bragarhátta á 14.–16. öld. Því er ekki að neita að skáldahefð, sem var svo sterk á Íslandi í fimm hundruð ár, hafi haft talsverð áhrif á rímnahætti sem eru í mótun á 13.–14. öld, þ.e. enn á „valdatíma“ dróttkvæða, en líklegt er að áhrif frá þeirri skáldskaparhefð hafi borist til rímnanna frá hrynhendu frekar en beint úr dróttkvæðum.⁵¹

Það er ekki einvörðungu hrynjandi sem er lík með edduháttum og rímnaháttum. Almennt séð eiga edduhættir meira sameiginlegt með rímnaháttum heldur en dróttkvæði og jafnvel hrynhenda. Bæði edduhættir og rímnahættir (að minnsta kosti þeir einföldu) henta til að mynda vel fyrir langa frásögn, ólíkt skáldaháttum sem hentuðu verr í það hlutverk, og átti það stóran þátt í hnignun dróttkvæða á 14. öld.⁵² Talsverð líkindi eru einnig með myndmáli rímnna og edduháttanna. Að vísu gegna skáldakenningar og einkum heiti miklu hlutverki bæði í rímum og lausavísum undir rímnaháttum; hvorugt er þó fjótt kveðskaparbragð þar enda er þá kenningalist miðaldardróttkvæða horfin að mestu. Sú tegund myndmáls sem tekin var upp í rímum og reyndist frjósöm nýjung er blómað mál. Það kemur frá Evrópu, líkt og helstu fyrirmyndir rímnahátta.⁵³ Blómað mál er greinilega frábrugðið

⁵¹ Hér má minna á smærri skáldahætti sem hafa einmitt hrynjandi edduháttanna en atkvæðafjölda, innrím og ýmis önnur einkenni dróttkvæðs háttar. Flestir þeirra eru þó ekki afleiðing eðlilegar þróunar heldur sjaldgæfrar íþróttar og þykir það benda til þess að einmitt þessir hættir hafi haft lítil áhrif á mótun rímnahátta. Dæmi sýna ekki heldur þróun í þessa átt enda er aðeins ein vísa þar sem erftit er að segja til um hvort hér sé á ferðinni einn af smærri háttum (sbr. innrím, nema í 3. vísuorði; ekkert endarím) eða einfaldlega óregluleg ferhenda: „Allt er það samstælt / eyjar og meyar. / Meyjar þurfa manns vit / þá þeim maginn klæjar“. Vísan er frá um eða eftir 1500, í handritinu AM 151 4to (139v) frá lokum 15. aldar, og er torskilin; „vít“ í handritinu getur verið nafnorðið „vit“ eða forsetningin „við“ en stafsetningin í handritinu bendir til þess að það fyrrnefnda sé líklegra.

⁵² Sbr. t.d.: Guðrún Nordal (2001).

⁵³ Um blómað mál, uppruna þess, flokkun og margt fleira sjá: Davíð Erlingsson (1974).

kenningum miðaldaskálda:⁵⁴ munurinn liggur bæði í formi (í blómuðu máli stendur aðalorð í eignarfalli en stýriorð í nefnifalli, gagnstætt skipaninni í dróttkvæðum kenningum) og í því að metafóra, sem er víða viðurkennd sem skilyrði fyrir tilveru kenninga, er að jafnaði ekki til staðar í blómuðu máli. Í eddukvæðum er hins vegar að finna þá tegund myndmáls sem minnir mest á blómað mál: nafnorðseinkunn (e. *substantival epithet*).⁵⁵ Nafnorðseinkunn, þekkt í fornum eddukveðskap, gæti hafa verið góð sáðjörð fyrir blómað mál, sem var flutt inn frá meginlandinu, líkt og edduhættirnir sjálfir gætu hafa verið góður jarðvegur fyrir erlend bragfræðileg áhrif.

Það má draga þá ályktun að edduhættir hafi verið heppileg íslensk fyrirmynd fyrir erlendar nýjungar sem komu fram í íslenskum kveðskap á 14.–16. öld, bæði í hrynjandi og í myndmáli. Rímnahættir fengu vitaskuld margt frá dróttkvæðum háttum og einkum hrynhendu sem hafði fjórskiptan takt, stuðlun á líkum stöðum og var í rímnaháttum allt frá upphafi og ekki síst einfaldara myndmál. Edduhættir og hrynhenda vírdast enn fremur hafa átt meiri þátt en dróttkvæðir hættir í því að undirbúa jarðveginn fyrir erlend áhrif, bæði í hrynjandi og myndmáli. Það má segja að edduhættir hafi ekki *vikið fyrir* rímnaháttum heldur *horfið inn* í rímnahætti auk þess að þeir lifðu áfram í lengri kvæðum.

⁵⁴ Kenningar miðaldaskálda og blómað mál útilokuðu þó ekki hvort annað á 14. öld. Dæmi um blómað mál eru allnokkur í kveðskap skálda á þeim tíma, einkum þó í hrynhendum kveðskap. Því þykir sennilegt að það sem rímur erfðu af myndmáli miðaldaskálda hafi einnig að mestu komið frá hrynhendu.

⁵⁵ Dæmi um nafnorðseinkunn eru fyrri hluti orðasamsetninga eins og *geir-Niflungur* og *vig-bönd*. Olga Smirnítskaja (1994 (I):400 og áfram) fjallar um samsetningar með nafnorðseinkunn í smáatriðum. Hér er ekki vettvangur til að gera skil athugun minni á nafnorðseinkunnum og blómuðu máli nema í stuttu máli. Í samsetningum með nafnorðseinkunn er engin metafóra (ólíkt kenningum en líkt blómuðu máli) en nafnorðseinkunn er ekki heldur venjuleg einkunn, hún gefur okkur ekki beina merkingu og nánari lýsingu (líkt og lýsingarorð) heldur alls kyns merkingarblæbrigði, þ.e. gefur merkinguna í skynorðseinkunnum og blómað mál fást, ólíkt kenningum, aðallega við lýsingu á óhlutbundnum hugtökum. Af þessu má álykta að það sé ekki ósennilegt að nafnorðseinkunnir, ásamt öðrum einingum myndmáls eddukvæða, hafi gert íslenskum skáldum auðveldara að tileinka sér og þróa með sér blómað mál í rímum.

HEIMILDASKRÁ

HANDRIT

Add. 11242 (Syrpa s. Gottskálks í Glaumbæ), AM 68 fol., AM 122 a fol. (Króksfjarðarbók), AM 213 fol., AM 242 fol. (Cod. Worm.), AM 254 fol., AM 255 fol., AM 433 fol., AM 151 4to, AM 168 b 4to., AM 375 4to, AM 468 4to, AM 604 a, f 4to (Staðarhólsbók), AM 624 4to, AM 433 d 12mo, GKS 2087 4to, JS 2 fol., Lbs. 167 8vo, Lbs. 40 fol., Lbs. 42 fol., Lbs. 167 8vo, Stockh. papp. 64 fol.

AÐRAR HEIMILDIR

Annálar 1400-1800: Annales Islandici Posteriorum Sæculorum I–VI. Bd. II. 1927–1932. Útg. Hannes Þorsteinsson, Jón Jóhannesson, Þórhallur Vilmundarson og Guðrún Ása Grímsdóttir. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

„Biskupa-annálar Jóns Egilssonar, með formála og fylgiskjöllum eftir Jón Sigurðsson“. 1856. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmenta að fornu og nýju*, I:15–136. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

Björn K. Þórólfsson. 1934. *Rímur fyrir 1600*. Safn fræðafélagsins um Ísland og Íslendinga, IX. S.L. Möller, Kaupmannahöfn.

Davíð Erlingsson. 1974. *Blómað mál í rímum*. *Studia Islandica*, 33. Menningar sjóður, Reykjavík.

Eddukvæði. 1998. Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna. Mál og menning, Reykjavík.

Guðrún Nordal. 2001. „Samhengið í íslenskum fornbókmenntum“. *Sagnaheimur: studies in honour of Hermann Pálsson on his 80th birthday, 26th May 2001*. I–II bindi. I:91–106. Ritstj. Ásdís Egilsdóttir og Rudolf Simek. Fassbaender, Wien.

Gurevich, E.A., I.G. Matyushina (Гуревич Е.А., И.Г. Матюшина). 2000. *Поэзия скальдов*. [*Skaldic Poetry*.] The Press for the Russian State University for the Humanities, Moscow.

Hannes Þorsteinsson. 1918–20. „Æfisöguflokkur síra Einars í Eydölum, ortur 1616.“ *Blanda* I:60–96.

Háttatal 1991 = Snorri Sturluson. *Edda – Háttatal*. 1991. Útg. Anthony Faulkes. Clarendon Press, Oxford.

Íslensk miðaldarkvæði: Islandske digte fra senmiddelalderen. 1936–1938. Udgivet af Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat ved Jón Helgason. Bd. I₂-II. Munksgaard, København.

Jón Espólin. 1942 (1821). *Íslands Árbækur í sögu-formi*. Bd. III. Reykjavík, [s.n.]. (Ljóspr. eftir frumútg.: Kaupmannahöfn, Hið Íslenska Bókmenntafélag.)

- Jón Samsonarson. 2002. „Alþýðukveðskapur“. *Ljóðmál: fornir ljóðlífsþættir. Safn ritgerða gefið út í tilefni sjötugsafmælis höfundar 24. janúar 2001*. Bls. 150–191. Rit SAM 55. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Jón Þorkelsson. 1888. *Om Digtingen på Island i det 15. og 16. århundrede*. Høst, København.
- Kristján Árnason. 1980. *Quantity in historical phonology: Icelandic and related cases*. Cambridge studies in linguistics, 30. Cambridge University Press, Cambridge – New York.
- Kristján Árnason. 2003. „Ferhend hrynjandi í fornyrðislagi og ljóðahætti“. *Gripla*, XIII:33–60.
- Kristján Eiríksson. 2002. *Bragi: Óðfræðiforrit (Háttatal, ljóðasafn og bragfræðihandbók)*. Ferskeytlan, Reykjavík.
- Njáls saga. The Arna-Magnæan manuscript AM 468, 4to (Reykjabók)*. 1962. Útg. Jón Helgason. Manuscripta Islandica, VI. Ejnar Munksgaard, Kaupmannahöfn.
- Rímnasafn: Samling af de ældste islandske rimer*. 1905-1912. Útg. Finnur Jónsson. Bd. I-II. STUAGNL 35. Kaupmannahöfn.
- Skj: Den norsk-islandske skjaldedigtning*. 1912-1915. Udgiven af Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat ved Finnur Jónsson. Tvö bindi. AI–AII (tekst efter håndskrifter) og BI–BII (rettet tekst). Gyldendalske boghandel – Nodisk forlag, København og Kristiania 1912-15. Endurprentað í København 1967(A) og 1973(B).
- Smirnićskaja, O.A. (Смирницкая О.А.) 1994. *Стих и язык древнегерманской поэзии*. [Bragur og tungumál í forngermönskum kveðskap.] Bd. I–II. Fílólógíja, Moskvu.
- Stefán Karlsson. 1989. „Tungan“. *Íslensk ljóðmenning* VI:3-54. Ritstj. Frosti F. Jóhannsson. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.
- Sturlunga Saga. Manuscript no. 122 A fol. in the Arnamagnæan Collection*. 1958. Útg. Jakob Benediktsson. Early Icelandic Manuscripts in Facsimile I. Rosenkilde and Bagger, Kaupmannahöfn.
- Vésteinn Ólason. 1976. „Nýmæli í íslenskum bókmenntum á miðöldum“. *Skírnir*, 150:68–87.
- Vésteinn Ólason. 1992. „Dróttkvæði.“ *Íslensk bókmenntasaga* I:191–262. Ritstj. Vésteinn Ólason. Mál og menning, Reykjavík.
- Yelena Yershova. 2003. *Rýnt í myrkríð í leið að litlum stjörnum: Íslenskar lausavísur frá 1400 til 1550*. Ritgerð til M.A.-prófs í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Reykjavík.

Olav H. Hauge

Tvö ljóð

Valdimar Tómasson þýddi

Jöklasóley

Við urðarflæmi, aur og stein
áðir þú svo skær og hrein.
Þú drottning býrð við byl og snjá
með bjarta krúnu og perlugljá.

Þín græna kápa féll að fót
og fagurt brosti öllum mót.
Með ljómafagra laufatönn
þú leiftraðir mót hvítri fönn.

En bak við þennan brotna mel
rís blástirnd tröllsleg jökulskel.
þar landið klauf hið kalda fljót
sem kólguhafi streymdi mót.

Ó, veröld snauð og beinaber.
Hvað bjargaði lífi þínu hér?
Er kaldan lagði kynjavind
frá kyrkjuburst að Vítistind.

Þú átt þér sóley annan heim
sem ætíð stendur fjarri þeim
sem aldrei lifðu í lífsins rás
en lágu á sínum þrönga bás.

Ævintýri

Köttur, hani, grís
og geitarkið
ræddu í móð
um sinn matarsið.

Ég lep mjólk, sagði kisa,
og lifi á músum.
En slíkt líður hani
ei í sínum húsum.

Ormar í matinn
eru munaðarfæða,
það veit ég
og vil þá snæða.

Geitin jórtraði
og gældi við skeggið,
jurtir og blöð
á borð mín leggið.

En svínið hrein
og hámaði slorið
enda var það
eðalborið.

Guðrún Ása Grímsdóttir

Jóðmæli

Inngangur

Sögur segja að völur eða nornir fóru um lönd og spáðu mönnum aldur, einkum ungum börnum, kallast slíkar spásagnir jóðmæli.¹ Ein elsta sögnin er í Norna-Gests þætti sem felldur er í Ólafs sögu Tryggvasonar í Flateyjarbók. Þar segir að þegar Gestur var barn í vöggu komu nornir og spáðu honum örlög; sögðu hann mundu mikinn auðnumann verða.² Börn hafa um aldir verið hugguð og svæfð, frædd og glödd með smáversum, barngælum, ljúflingskvæðum og þulum.³ Í þann kveðskap fléttast fyrirbætur og áköll til æðri máttarvalda að þau gæti barnsins, svo og heilræði um hvernig barnið megi ganga réttleiðis ævilangt og ástunda manndyggðir sem í kvæðum er líkt við gæfuspor. Barngælur liðinna alda eru bergmál af örlagaspám norna; auðnugjöf ljóðmælanda til barns sem hann ann. Á þessum meidi er kvæðið sem hér er prentað fyrsta sinn í tveimur varðveittum gerðum, hvor undir sínu heiti. Fyrst fer *Barngæludiktur* og þá *Barngælubálkur*. Kvæðið er ort til meybarns undir fornyrðislagi eða ljúflingslagi af föður eða í orðastað hans (sbr. 53. erindi í *Barngælubálki* hér á eftir). Það er leiðarvísir handa bóndadóttur að ganga á guðs vegum; í því enduróma fornar spásagnir norna, hnitmiðaðar í 87. erindi *Barngælubálks*: „Allt verði þér / að jóðmælum / meyjan unga / það eg mælt hefi / hríni það á þér / með heill mestri / barnið góða / sem best gegnir.“

Gerðirnar tvær eru náskyldar, skrifaðar á uppskafin skinnblöð

¹ Sjá til að mynda *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* III. Nýtt safn. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Rvk 1955, 201.

² *Flateyjarbók* I. Christiania 1860, 358–359.

³ *Íslenzkar gátur, skemtanir, víkivakar og þulur*. Safnað hafa Jón Árnason og Ólafur Davíðsson. IV. Þulur og þjóðkvæði. Kh. 1898–1903, 254–270; Jón Samsonarson. „Barnagæla.“ *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Jakob Benediktsson ritstýrði. Rvk. 1983, 26–27; Jón Samsonarson. *Ljóðmál*. Rvk. 2002, 75–149.

um 1600, nú varðveittar í brotum í handritasafni Árna Magnússonar á Íslandi; annarsvegar í bókarslitri undir markinu AM 720 a IX 4to og hinsvegar í heillegri kvæðabók undir markinu AM 720 b 4to. Hvor gerð hefir sitt heiti á kvæðinu og nokkur orðamunur er sumstaðar milli gerða, en kvæðið er samt að efni og hugsun í hvorri-veggja.

Í kvæðið í AM 720 a IX 4to vantar miðbik, en upphaf og endir eru varðveitt á tveimur blöðum, alls 28 erindi sem ná yfir tvær og hálf blaðsíðu. Kvæðið hefst fyrrsagnarlaust efst á fremsta blaði og er hugsanlegt að fyrsta erindi þessarar gerðar vanti, því að upphafs-erindi þess samsvarar 2. erindi í hinni gerðinni. Í 27. erindi segir að menn kalli kvæðið *Barngæludikt* og er því heiti haldið hér.

Í AM 720 b 4to er kvæðið á þremur blöðum (bl. 6v–8v), nær heilt, 93 erindi sem ná yfir fimm blaðsíður. Skinnlag er rífið á einu blaði ofanverðu og því eru örlítill skörð í texta sem gerð er grein fyrir hér aftar í skýringum (bls. 56–57). Fyrrsögn er „Barngiælvr.“ Í 92. erindi segir að menn kalli kvæðið *Barngælubálk* og er því heiti haldið hér.

Uppskrift kvæðisins, gerð á pappír á 18. öld eftir síðarnefnda handritinu með hliðsjón af því fyrrnefnda, er í kveri í safnhandriti úr fórum Jóns Sigurðssonar, nú merkt JS 531 4to. Fyrrsögn þar er „Barnagiælvr.“ Lítið eitt nánari greinargerð fyrir varðveislu kvæðisins er sett hér í eftirmála (bls. 51–55).

Að svo miklu leyti sem gerðirnar eru samhljóða er upphafs-erindum skipað á þann hátt að 1.–7. erindi í *Barngæludikti* samsvara 2.–6. og 8.–9. erindi í *Barngælubálki*. Þá riðlast röðin uns kemur að niðurlagi, þá samsvara 23.–28. erindi í *Barngæludikti* 88.–93. erindi í *Barngælubálki*. Í skýringum hér aftar (bls. 55–56) er nánar bent á hvaða erindi í *Barnagæludikti* eiga samsvaranir í *Barngælubálki*. Ólíkt orðalag í gerðunum mun stafa af ýmsu, líklega helst ákveðnum breytingum flytjenda eða skrifara, enda vísast að kvæðið hafi verið haft fyrir meybörnum kynslóð eftir kynslóð. Fleiri atriði koma til sem orðamun valda, svo sem misminni, mislestur, misheyrn ellegar uppskriftarvillur. Þvílíkur munur er á gerðunum tveimur að útilokað er að önnur uppskriftin sé gerð eftir hinni á hvorn veg sem lítið er, og fullvíst má telja að hvorug uppskriftin sé frumrit. Ekki verður úr því skorið hvort uppskriftirnar á skinnblöðunum hafi verið gerðar eftir handritum, minni skrifara ellegar hafðar eftir þeim sem kunnu, kannski söngmæðrum sem svo heita meðal Sedufólks í suðaustanverðu Eistlandi og gætu hafa verið til héraendis þótt um þær sé

ekki skrifað.⁴ Um sumt í skinnhandritunum orkar tvímælis hvernig lesa má.

Kvæðið *Barngæluþingur* / *Barngæluþingur* ber þess merki að vera upphaflega ort undir áhrifum kaþólskra siðaboða áður en tekið var við lútherskum sið héraðs að skipan danskra yfirvalda. Sumstaðar gætir þess í *Barngæluþingi* að hugsunin hafi verið hneigð að lútherskum boðskap þar sem aftur *Barngæluþingur* virðist staðfastari í kaþólskum sið. Dæmi má taka. Í 2. erindi í *Barngæluþingi* ákallar ljóðmælandi Jesú Maríuson að geyma barnið. Samsvarandi er 3. erindi í *Barngæluþingi*; í stað þess að fela Maríusyni barnið er skaparinn beðinn að lútherskum hætti að láta góðan engil sinn geyma þess. Annað dæmi er að í 10. erindi í *Barngæluþingi* er meynni ráðið að fara til messu og hlýða „tíðum öllum“ en í samsvarandi erindi í *Barngæluþingi* (nr. 39) er farið nær lútherskum boðum og henni sagt að fara til kirkju og hlýða „guðspjalls orðum“. Í 16. erindi í *Barngæluþingi* gætir þess kaþólska siðar að falla á knébeð í tilbeiðslu, en knébeðjarfall tíðkast ekki á sama hátt í lútherskum sið. Samsvarandi erindi er ekki í *Barngæluþingi*. Í 68. erindi í *Barngæluþingi* ræður ljóðmælandi meynni til þess að forðast „bragna þá alla / sem bann gjöra“ og næsta erindi lýsir eldum vítis sem bannsmenn kynda sjálfum sér. Víslega er hér varað við umgengni við þá sem sjálfir felldu á sig bann af verkum sínum og kölluðu yfir sig vítisloga eftir kaþólskum siðaboðum sem þó eldi eftir af í lútherskum sið ef svo bauð við að horfa. Í 71. erindi í *Barngæluþingi* segir: „Heiðra skaltu / helgar tíðir / og skipa svo / skötum þínum / fasta þú jafnan / ef fullstyrk er / svo sem klerkar / köppum bjóða.“ Eftir orðunum haldast hér áherslur kaþólsks siðar á helgar tíðir og föstur. Tvö síðastnefnd erindi (68. og 71.) eiga ekki hliðstæður í *Barngæluþingi* sem er óheill einsog fyrr segir. Af dæmunum má ráða að í báðum gerðum kvæðisins er kaþólskri trúarhugsun haldið, en þegar samanburði verður við komið virðist *Barngæluþingur* vera hollari kenningum sem mótmælendur aðhylltust. Því mun óhætt að giska á að *Barngæluþingur* standi nær eldri og upprunalegri gerð og er því prentaður hér á undan *Barngæluþingi*.

Skáldið felur nafn sitt og meyarinnar sem ort er til eftir aðferð

⁴ Minnilegasta frásögn íslensk úr héraðum Eistlands er í Brennu-Njáls sögu; þar segir að í bardaga við víkinga í Eysýslu fékk Gunnar Hámundarson atgeirinn sem fylgdi honum síðan. *Brennu-Njáls saga* (Íslensk fornrit XII). Einar Ól. Sveinsson gaf út. Rvk. 1954, 79–82.

rímnaskálda í rúnastafaheitum í 25. og 26. erindi í *Barngæludikti*, og 90. og 91. erindi í *Barngælubálki*. Útgefanda tókst ekki að ráða nöfnin þrátt fyrir holla leiðarvísan í Skírnisgrein Páls Eggerts Ólasonar.⁵ Víst er að skáldið var lærður maður sem bregður fyrir sig latínu þegar hann ræður stúlkunni að láta ekki ‚auricularis‘, þ.e. umboðsmann eða ráðsmann, safna fyrir sig vaðmálsskuldum (55. erindi *Barngælubálks*). Í kvæðinu er rakinn verkahringur íslenskrar húsfreyju sem á bónda og börn, ræður húbýlum og hefir yfir verkafólki að segja, á skuldum að lúka, getur vikið góðu að aumum og veitt gestum beina; á þess kost að vera í förum og sækja veislur, hljóta hylli höfðingja og þokka alþýðu. Ljóðmælandi hefir leitast við að kenna meynni að skilja og nema skáldamál. Hann ávarpar hana með orðum einsog ‚sprakki‘ ‚refskorð‘ ‚lindin mjófa‘ ‚sætan fróma‘ ‚þorngrund‘ ‚hoskust meyja‘ ‚hoskust vífa‘ ‚dregla nauma‘. Menn nefnir skáldið ‚gunna lið‘ ‚rekka lið‘ ‚bragna‘ ‚seggi‘ ‚skatna‘ ‚kappa‘ ‚drótt‘ ‚ýta‘. Drottinn er nefndur ‚himmanna buðlungur hæðstur‘ ‚tiggí himins‘; deilendur kallaðir ‚vargar‘ og fiskar ‚ægisbúar‘.

Ekki verður hér grufað úti fyrirmyndir eða hliðstæður þessa kvæðis nær eða fjær, en minna má á að barngælum liðinna alda bregður allvíða fyrir í íslenskum ritum. Einna skyldast því kvæði sem hér er prentað, en almennara að speki, er seinni hluti „Ljúflingsljóða“ sem svipar til „Hávamála“, eru ort til drengs, varðveitt nokkuð víða í handritum.⁶ Í Kvæðabók úr Vigur frá seinni hluta 17. aldar eru „Barngælur með ljúflingslag“, kveðnar við Tómas, dótturson Ólafs Jónssonar á Söndum, þær eru ennfremur í Kvæðabók Ólafs (ÍB 70 4to). Í Kvæðabók úr Vigur er annar *Barngælubálkur* sem hefst á líkan hátt og sá sem hér er prentaður: „Óð skal byrja / yfir ungu barni / með nýju ári / í nafni Jesú.“ Þetta kvæði er eftir ókunnan höfund, ort til hnátu sem eftir kvæðinu hefir borið nafn nú óþekkrar ömmu sinnar.⁷ Séra Jón Bjarnason í Presthólum kvað „Heilræðarímu“ til Illuga sonar síns sem var í bernsku um 1600.⁸ Bjarni Gissurarson, prestur í Þingmúla, kvað hlýleg kvæði til barna einsog „Vögguljóð“ Einars

⁵ Páll Eggert Ólason. „Fólgin nöfn í rímum.“ *Skírnið* 1915, 118–132; sbr. Jón Þorkelsson. *Om Digtningen på Island i det 15. og 16. Århundrede*. Kh. 1888, 105–106.

⁶ Fyrst prentuð í: *Íslensk ævintýri*. Rvk. 1852, 103–105.

⁷ Kvæðabók úr Vigur. AM 148 8vo. Ljósprentaður texti. (*Íslensk rit síðari alda*. 2. flokkur. Ljósprentanir 1. bindi A). Kh. 1955, bl. 43r–44v, 232r–233v; Jón Helgason. *Kvæðabók úr Vigur AM 148 8vo*. Inngangur. (*Íslensk rit síðari alda* 2. flokkur. Ljósprentanir. 1. bindi B). Kh. 1955, 39, 54–55.

⁸ *Blanda II* (Sögurit XVII). Rvk. 1921–1923, 75–89.

Marteinssonar og „Vögguvísur“ til Guðríðar Gísladóttur, hún varð síðar biskupsdama í Skálholti.⁹ Einn flokkur kvæða af þessu tagi eru vísur ortar út af barnalærdómskverinu; í skinnbrotinu sem *Barngælubálkur* er í, AM 720 b 4to, er eitt slíkt kvæði og segir þar undir lokin: „Barnalærdóm birt hef eg / bragnar mega það skilja / þeir eð vilja / Katekismus kallast má / kveð eg nokkuð þeim í þrá / þess nár ei dylja.“¹⁰ Úr söfnum Jóns Sigurðssonar, Jóns Árnasonar og Ólafs Davíðssonar mætti tína fjölda af kvæðum, þulum og vísum sem á fyrri öldum voru höfð fyrir börnum til þess að friða þau, hugga, mennta og ráða heilt. Þau söfn eru að nokkru prentuð í ritinu *Íslenzkar gátur skemtanir, vikivakar og þulur* I–IV. Kaupmannahöfn 1887–1903.

Barngæludiktur / *Barngælubálkur* er elsta þekkt kvæði á íslensku ritmáli af þeirri gerð sem kallast barnagælur. Þessi hugþekku jóðmæli bera í sér hlýja hugsun og góðvild sem eiga erindi til hvers manns og því ómaksins vert að draga þau fram í dagsljósið, stafsett uppá nútíðarvísu og þess vænst að *Són* beri þau sem víðast. Frumprentið sem hér birtist er gert handa unnendum barna og ljóða í þeirri von að kvæðið haldi vakandi auðnuósk úr inni fyrri alda, gefinni því barni til heilla sem hver kveður yfir hverju sinni. Útgáfuna leyfi ég mér að tileinka sonarbörnum mínum, Ingibjörgu Ebbu og Kára.

⁹ Bjarni Gissurarson. *Sólarsýn*. Jón M. Samsonarson sá um útgáfuna. Rvk. 1960, 31–38, 65–66.

¹⁰ AM 720 b 4to, bl. 15v; sbr. Jón Þorkelsson. *Om Digtingen på Island*, 102.

Barngæludiktur

- 1 Kvöðid er yfir börnum
kvæði þetta,
þeim sem við þurfa
þeirra muna.
Þegi þú og huggast,
þýðust barna,
geðug, þér ekki
gangi á móti.
- 2 Drottin vil eg þess
dýran biðja
að þú spök verðir,
sprakkinn ungi,
og Maríu son,
mildan Jesús,
geymi þig, barn mitt,
svo þú grátir ei.
- 3 Mun eg þig selja,
mey hin fríða,
guði á hendur
að hann geymi þín.
Hans bið eg umsjá
aldrei hverfi
af þér, hin unga,
um þinn allan aldur.
- 4 Höfuð með hári,
hold með liðum,
brjóski og blóði,
beinum og sinum,
- æðar og það innst er,
allt hvað þér fylgir
gef eg það á guðs vald,
góðu mínu barni.
- 5 Þér skipti lukku
skaparinn allra,
jóðid góða,
*jöfur á himnum
unni þér.
Þar með allar dróttir,
faðir og móðir,
fljóð allra best.
- 6 Þegar að hin unga
þýð kann að mæla
greiðist þér ávallt
gott á tungu
Jesús að nefna
og hans helga nafn,
blót og eiða
bið eg að þú forðist.
- 7 Gefi það, barn mitt,
guð drottinn þér
að þú fljótliga
fróðleik kunnir
og íþróttir
allar hreppir
þær sem kvenmanni
er kringt að nema.

- 8 Tiggja himins
trú þú fastliga,
það er grundvöllur
góðra verka.
Predikan hlýttu
prúðra klerka,
haf það jafnan
sem þú heyrir gott.
- 9 Varast skalt þú,
vænlig meyjja,
við guðs nafn leggja,
geðug, með öllu
hosk í lyndi
við hégóma,
sá syndgast ei
sem so gjörir.
- 10 Farðu til messu,
friðlundað jóð,
hlýð með trausti
tíðum öllum,
skrafa þú ekki,
skýr, neitt um það
þó að í kirkju
kappar ræði.
- 11 Aungvir skyldu
ýtar stunda
ævi sína
nema að elska guð
og ónýtir
aldri sitja
svo að iðjlaus
enginn hittist.
- 12 Vertu oft næm
að nýtu verki,
postula eru það
prýðlig dæmi
- nær sem Kristur
kallar fríða
gefi þinn anda
á góða iðju.
- 13 Kenndu jafnan gott,
kæran, öðrum
og nem einninn
það sem nytsemd er,
stöðug vert þú
stolt að líta,
sá er mannkostur
mestur allra.
- 14 Byrja vil eg
í barna huggan
stefið til handa
stoltu jóði
og biðja þess
blíðan drottin
að hann þig firði
meinum öllum.
- 15 Lof bið eg syngist
af lýð snjöllum
himna stýrir
yfir heim allan
ævinliga
so aldri minnkist
almáttur þinn,
hæsti drottinn.
- 16 Allir skyldu
ýtar falla
lágt á kné
með lofsöng frómum
fyrir ilmandi
ásján þinni,
engla gramur,
um allar aldir.

- 17 Föður og móður
fast skalt þú unna,
gjöra það jafnan
af góðum hug,
en ef þau þurfa
þinna muna
þeim skalt þú ætítt
þjóna af hjarta.
- 18 Styggðu þau aldrei
stolt að líta,
vertu vör um það,
vífið fróma,
brúðurin elska
þú bræður og systur
frændur auma
ef fljóð skal eflast.
- 19 Vel skaltu una
þó enir volugir
frændur þínir
á fé segist,
gleð þú jafnan,
geðug í orðum,
vist þeim og drykk
veit með blíðu.
- 20 Öfund skaltu
aldri fremja
þó þú sjáir
aðra í synd blífa,
reiði skaltu
ranga láta,
brúðurin unga,
í burt langt frá þér.
- 21 Vertu trygg vinum,
vífið fróma,
örlát af fé
með hófi góðu
- en fláraði
fremdu aldri
drepur það kostum
dróttum allra.
- 22 Gjald þú þrálátum
gildlig andsvör
þeim sem ýtrust
á yfir að bjóða,
mundu aldri
mjög le[ngi]
000000000
000000000
- 23 000000000
hafið dropum,
haninn fjöðrum,
en himinn stjörnum,
sandur kornum
en sáldið götum,
fjöllin steinum
en fiskar vötnum.
- 24 Akrar stöngum
en eyjar fuglum,
sólin geislum
en sjórinn fiskum,
góð bók línum
en gamminn hljóðum,
skipið nöglum
og skógur kvistum.
- 25 Reið með vatni
og rekka meið
sólir tvennar
so er hilmirs hljóð
en leiðir úlfs
lagður spjóti,
ort er fræðið
og alljóst er það.

- 26 Hagall með kauni
hætt nauð og björg
hné sól og ís
með hnífi stungin
hagall er mein
oft í fjöllum
en ræsirs holl
ráðið hljóti.
- 27 Barngælu dikt
bragnar kalla
þetta kvæði,
það er harla stutt,
- spök mun verða
sprundin arba
þegar það er
yfir þeim þrisvar kvöðið.
- 28 Mál skal so endast,
mey hin fríða,
gef eg þig á guðs vald
gamla og unga
en á enda
æðri æfi þinni
Kristur þín vitji,
kvæðið er nú úti.

Barngælubálkur

- 1 Óð vil eg yrkja
ungum börnum,
þeim sem upp vaxa
hjá föður og móður
að þau spök verði
vinum og frændum
guði unnandi
og góðum mönnum.
- 2 Kveð eg meybörnum
kvæðið þetta,
þeim sem þurfa
þeirra muna.
Þegi þú og huggast,
þýðust barn mitt,
göfug, þér ekki
gangi í móti.
- 3 Drottin vil eg
þess dýran biðja
að þú spök verðir,
sprakkinn ungi,
og skikki þér skaparinn
góðan engil sinn
að geyma þig, barn mitt,
svo þú grátir eigi.
- 4 Mun eg þig selja,
meyjan unga,
guði á hendi
að hann geymi þín,
- hans bið eg ásja
aldri hverfi
af þér, unga,
á aldri þ[ín]um.
- 5 Höfuð með hári,
holdi og hliðum,
brjóski, beinum,
blóði og sinum,
æður og innstur
og allt að þér fylgir
gef eg það á guðs vald
góðu mínu barni.
- 6 Skipti þér lukku
skaparinn allra,
jóðið góða,
á jörðu og himni
og unni þér
allrar dróttir,
faðir og móðir,
fögur, allra best.
- 7 Bið eg þú vaxir,
barnið góða,
og dafnir
með dáðum öllum,
málið þú lærir
og mannvit allt,
refskorð, eftir
réttum tíma.

- 8 Þegar en unga
þýð kann að mæla
greiðist þér ávallt
gott á tungu
Jesú að nefna
og jafnan ákalla,
blót og eiða
bið eg að þú forðist.
- 9 Gefi það barn mitt
guð drottinn þér
að þú fljótliga
fróðleik kunnir
og íþróttir
allar hreppir,
þær sem kvenmanni
kringt [er] að læra.
- 10 Lausung bið eg þig
ljóta forðist
en stöðugt ráð
stoltri fylgi.
Guð himnanna
gefi þú festist
manni góðum
meyjan þér unni.
- 11 Og þú hann elska
af öllum hug
ævi þína
og uni góðu.
Arfa hljóttu
og auð nógan
giftu drjúga,
göfugt barn mitt sælt.
- 12 Arfa skaltu
elska þína
og íþróttir
öllum kenna,
- gjör þú öngvan mun,
göfug mær, að því
svo ekki þurfi
annan að kæra.
- 13 Elska þú Drottin
af öllum hug
svo voluðum
veittu bjargir,
stunda þar með
stoltar bænir
á hvörjum tíma
með hug góðum.
- 14 Gjaltu þrálátum
gildligt andsvar
þeim sem ítrust
á yfir að bjóða,
mundu aldregi
mjög lengi það
þó sundurorða
sætan verði.
- 15 Vertu trygg vinum,
vífið fróma,
örlát af fé
með hófi góðu
en fláræði
frem þú aldregi,
drepur það kostum
dróttum allra.
- 16 Láttu gott fylgja,
lindin mjófa,
þótt reið verði
rík við dróttir
brigsla þú aldri,
brúðurin unga,
neinum manni,
það er einna verst.

- 17 Auð elska þú eigi svo
né arfa þína
að þú Guði þínum
gleymir í neinu.
Láttu jöfnuðinn
ljúfust fylgja
góðu verki,
það er gæfan mest.
- 18 Byrja skal eg
barna huggan,
stef til handa
stoltu fljóði,
og biðja þess
blíðan drottin
að hans mey firri
öllum meinum.
- 19 Lof bið eg syngist
af lýð öllum
þeim himnum stýrir
og heimi öllum
æfinliga
svo aldrei [minnkist
al]máttur þinn,
enn hæsti drottinn.
- 20 Vertu iðjudrjúg,
vífið fróma,
og *sjálf gakk
um sýslur allar,
fylgdu að vinnu
fólki þínu
þá mun verkdrjúgt
*verða svanna.
- 21 Ef þér dyggvir
drengir þjóna
haltu eigi
kaupi hjóna *þinna,
- bú þú að góðum,
brúður, harðla vel
trú eg það ekki
tjónsamt verði.
- 22 Vertu [ei b]akmál,
brúðurin unga,
né til annarra
títt að ræða,
illt hlýtur jafnan
af bakmælgí,
gjörir það öngvum
neitt til góða.
- 23 Geymdu vel, góðlund,
gripa þinna
því að misjafnan
margan hittir,
illt er að styggja
auman með gátum
ef þú fé þitt
finnur eigi.
- 24 Hús þín gjör þú
heit jafnliga
ef kaldur eða klæðlaus
kann þau að hitta,
það er þriðjungur,
þýðust kvenna,
góðra verka,
geymdu að því.
- 25 Gæt þú ráð mitt,
göfug, sem eg beiði,
láttu eigi auman
lágt mjög sitja,
veistu aldri
nær þín vitjar
guð af himnum
gott barn húsa.

- 26 Vel skaltu venja
arfa þína,
gjalt þeim sektir
með réttu hófi,
vertu eigi bráðlynd,
brúðurin unga,
fyrir en þú reynir
rétt eð sanna.
- 27 Föður og móður,
fögur, virða skalt,
gjör það jafnan
með góðum huga
ef þurfa þau
þinna muna,
þeim skaltu þjóna
af góðu hjarta.
- 28 Stygg þú aldri
stolt að líta
vertu var um það,
vífið fróma,
brúður, elska
þú bræður og systur
en frændur auma
fljóð efla skalt.
- 29 Guð himnanna
gefi þér, meyjja,
giftu alla,
göfug, til handa
svo að þú blífir,
brúðurin unga,
í auðmýkt við Jesúm
æfi langa.
- 30 Vel skaltu una
þó að volaðir
frændur þínir
á fé þitt segist,
gleð þá jafnan,
göfug, í orðum,
vist þína og drykk
veit með góðu.
- 31 Lof bið eg syngist
af lýð öllum
þeim hinnum stýrir
og heimi öllum
æfinliga
svo aldrei minnkist
almáttur þinn,
enn hæsti drottinn.
- 32 Get eg þú þjónir,
göfug meyjja,
sjálfum guði
af góðu hjarta
miskunnar verk,
mild stunda þú,
sætan fróma,
sex hinu mestu.
- 33 Fyrir lifendum,
ljúf, skal biðja
síð og árla,
snót, af hjarta
klæð þú nökta,
kæran unga,
gef þyrstum drykk,
þýðlát barn mitt.
- 34 Dauðum fylg þú,
víf, til graftar,
vertu vönd um það
vel lík búist,
ræk útlenda
auma jafnan
og leys þá úr höftum
sem bundnir eru.

- 35 Sjúkra og sárra,
sæl, skaltu vitja,
brúðurin unga,
að bæn minni.
Vel skyldi þér,
vífið, ganga,
ríklundað jóð,
ef eg ráða mætti.
- 36 Girnstu aldregi
góss annarra,
vertu gestrisin
við gunna lið,
vinn þú beina
virðum frómum
af góðum hug
og glöðu hjarta.
- 37 Varast ferðir
á vetur að heyja
og vorskuldir
virðum að gjalda,
best er að haustum
brögnum að lúka
það þú lofaðir
þorngrund mætri.
- 38 Rís upp árla,
ríklundað jóð,
gjör þú þá bænir
fyrir guði þínum
áreiðiliga,
gakk um *sýslur,
*hygg að verkum
hjóna þinna.
- 39 Far þú til kirkju,
fljóðið, jafnan
og hlýðu *með gát
guðspjalls orðum,
- skrafa þú eigi
neitt á meðan
þó að kvissamir
*kappar ræði.
- 40 Hugsu þú oftast,
hróðri sæl meyjja,
á dauða þinn
með dægri hvörju,
mundu, *en unga,
margt það eg greini,
vertu aldregi
vanbúin við því.
- 41 Leið þú *bjarta,
lofaður drottinn,
blíðar leiðir
boðorða þinna
æfinliga
svo aldri girmist
annað en þig að elska
af öllu hjarta.
- 42 Bið eg himnanna
buðlung hæstan,
yfirmeistara
allra lista,
efling veittu
óði þessum,
styrkur og mildur,
stef megi eg vanda.
- 43 Lof bið eg syngist
af lýð öllum
þeim himnum stýrir
og heimi öllum
æfinliga
svo aldrei minnkist
almáttur þinn,
enn hæsti drottinn.

- 44 Guð hefr setta
göfu<g>st meyjja
ýta kinda
engla tvenna,
þeir eiga skyggast
um skipan manna
gæsku og illsku
gumnar í reika.
- 45 Minning gjör þú,
mær en unga,
fögnum engli
fyrst á morgna
og að kveldi,
kæran blíða,
áður en ljúfust
leggst til náða.
- 46 Geym þú aldri
glæpi vonda
í brjósti þínu
svo þú birtir ei,
vanda þú þó
vel siðaðan mann
þitt að segja,
það vel gjörðist.
- 47 Leyndu aldri
ljótum syndum,
góðhugað jóð,
við lærðan mann
allt skaltu tína
þó að ljótt þyki
honum við eyra
hosk með tárur.
- 48 Skrift bið eg þig,
skýrust, haldir,
vífið góða,
vel með öllu
fresta þú aldri,
frómust meyjja,
ráð þitt að bæta
að þú reitt hefir.
- 49 Mörgum verður,
meyjan fríða,
á einni stundu
allt um seinna,
brögnum ríður
brátt að hendi
bani oftsinnis,
bú þig við því.
- 50 Enginn skyldi ýta
ofmjög fresta
þungt að bæta
það þú gjört hefir,
hætt er eitt auga
hvörtjum manni
er nær 000it
nætur að bíða.
- 51 Þolinmæði,
þýð, trygg vinni
kröftum auðgast,
kæran unga,
öllu skryddu
þig með þessu,
mun þá vífi
vel til ganga.
- 52 Mætur Jesús
yfir mey þessa
mildur sendi
miskunn sína
og styrki þig
stolt í öllu
ráði þínu
svo þú rétt girnist.

- 53 Sjö eru þær greinir,
sætan unga,
að þú forðast skalt
að föður ráðum,
dramba þú aldri,
dýrust meyjja,
af guðs láni
þó þér vel gangi.
- 54 Vogir réttar
víf skal hafa
að mæla með,
meyjan unga,
ágirnd ranga
auðs og klæða
ei vélum unna,
það vill drottinn.
- 55 Ef lýkst þér klæði,
ljúf, eða vaðmál
stiku rétta
stolt láttu ráða,
auricularis
illa safnar
rekkum fjár oft,
rík það forðast.
- 56 Varast skaltu,
veglig meyjja,
guðs nafn að leggja,
göfug, með öllu
hosk í lyndi
við hégóma,
sárt syndgast þeir
er svo gjöra.
- 57 Öfund skaltu
aldri fremja
þóttú sjáir aðra
í sæmd lifa,
- reiði skaltu
ranga láta,
brúðurin unga,
langt í burt frá þér.
- 58 Fæðu og drykkju
fljóð skal neyta
mjög eftir hófi
en meir ekki
né annarra
sem eg fyrr sagði,
girnstu ei rangliga
þó að gott þyki.
- 59 Leti skaltu
ljóta forðast,
gjör þú ætíð
að guðs vilja,
en saurlífi,
sætan unga,
frem þú aldri
iðuliga.
- 60 Hjúskap bið eg þig
hreinan binda
og vanda hann
vel með öllu,
frem þú aldri
þá fasta skal,
eigi, hosk, heldur
á hátíðum.
- 61 En þá einna mest
víf skal forðast
þá að klén hefir
kvenligt æði,
drottinn hefir það,
dýrust meyjja,
brúður, bannað
mest með ráði öllu.

- 62 Göfug, er þú
hætt að getast muni
líkþráir menn,
ljúfust kvenna,
og djöfulóðir,
dregla nauma,
sem eð beiska eitur,
brúður, þú forðist.
- 63 Vertu ráðholl
við rekka lið
rektu frá þér
rógsmenn alla,
en sundurþykki
sættu jafnlíga
og gakk þeirra
vel á millum.
- 64 Hlýð þú aldri
á hvískurmæli
þó þér bragnar
beri að eyrum,
satt skaltu jafnan
segja öðrum,
leik þér aldri
að lygimálum.
- 65 Deilur skaltu
drjúgum forðast
og við orð varga
öngu býta,
þrættu aldri
við þrálátan
af kappi mjög,
það er krankt harðla.
- 66 Faðir himnanna,
formaður allra,
firri mey þessa
meinum öllum
- og verði þinn
vörður og brynja
fyrir andskotans
illum skeytum.
- 67 Engi skyldi ýta
ofmjög stunda
æfi sína
nema elska guð,
og ónýtur
aldri sitja
svo að iðjulaus
enginn finnist.
- 68 Forðast skaltu,
friðlundað jóð,
bragna þá alla
sem bann gjöra
nema vísir þeim
á veg réttan,
það er, þorngrund,
þörf hin mesta.
- 69 Sæl vertu aldri,
vífið unga,
þeirra sekta
sem svo gjöra,
sjálfir þeir kynda
eld eilífan
sinni sálu
sem svo syndgast.
- 70 Boðorð drottins
bið eg þú haldir,
brúðurin unga,
best af öllum hug
elska þú hann
sem eg áður sagði
en seggi aðra
sem sjálfa þig.

- 71 Heiðra skaltu
helgar tíðir
og skipa svo
skötnum þínum,
fasta þú jafnan
ef fullstyrk er
svo sem klerkar
köppum bjóða.
- 72 Á tiggja himins
trú þú fastliga,
það er grundvöllur
góðra verka,
predikan hlýð þú
prúðra klerka,
haf það jafnan
sem þú heyrir gott.
- 73 Ef þú finnur
á farvegi
frómra rekka
fréttu allmargs,
segðu fátt öðrum
þó þeir spyrji þig,
nem þú, en góða,
gjör sem eg beiði.
- 74 Ef þú, víf, þiggur
veislur margar,
vertu þá góðmál
með góðu hófi,
dæm þú aldri
drótt um aðra,
það er mjög vanstillt
að vel fari.
- 75 Drekkstu lítið
af drykk góðum,
þá er margt talað
er mál hreyfist,
- þá skaltu aldri
mjög hljóð vera,
það mega vondir
virða illa.
- 76 Far þú með ýtum
ferðir margar,
vertu ráðholl
við rekka lið,
skemmtu jafnan
skötnum fríðum,
dvelur það stundir
drótt harmsfullar.
- 77 Kenn þú gott öðrum,
kæran unga,
og nem það sjálf
sem nytsemd er í,
stöðug vertu
stolt að líta,
sá er mannkostur
bestur allra.
- 78 Vertu oft, en nauma,
að nýtu verki,
postula er það
prúðlig dæmi,
nær sem Kristur
kallar á þig
í góða iðju
gef þig jafnan.
- 79 Kauptu með elli,
kæran unga,
bænir margar
og být aumum,
ver kirkjum hlýðin
og klerka sveit
svo að þig fróðir
fyrir megi biðja.

- 80 *Veð eru það
líf eða heilsa,
vöxtur á jörðu
þó að vori seint,
ægisbúar
þótt ekki gangi,
þorngrund, eftir
þínum vilja.
- 81 Lasta þú aldri
lát, góðast fljóð,
það sem gengur
að guðs vilja,
betra er að þegja,
brúðurin unga,
en drottins verk
dýr að minnka.
- 82 Á tungl og inna
trú þú aldri,
verði allt
að vilja drottins,
lát þér nægjast,
vitrust meýja,
þó að skaparinn
skýrast ráði.
- 83 Húsa þú aldri,
hoskust meýja,
góðlundað víf,
gjöf vinum þínum,
laun mega dveljast
fyrir lof manna,
gef þeim jafnan
sem best gegnir.
- 84 Haf þú ráð mín,
hoskust vífa,
þau eru af hjarta
hýru út gefin,
- gangi þér dagur
hver að sólu
en þann bestan
að þú deýja skalt.
- 85 Drottinn gefi það,
barn mitt dýrligt,
að þú hreppir
allt eð góða
og fylgi þér
sem fljóð stundum,
ljúfust, þér til
lífs og sálar.
- 86 Gefi þér guð minn
gæfu alla
og elski þig,
jóðið góð,
hljóttu af höfðingjum
hylli góða
og alþýðu
allri þokkist.
- 87 Allt verði þér
að jóðmælum,
meýjan unga,
það eg mælt hefi
hríni það á þér
með heill mestri,
barnið góða,
sem best gegnir.
- 88 Hlaðist þú dygðum
sem hafið dropum,
haninn fjöðrum
en himinninn stjörnum,
sandur kornum,
foldin götum,
fjöllin steinum,
fiskar í vötnum.

- 89 Akrar stöngum,
eyjar fuglum,
sólin geislum,
sjórinn fiskum,
góð bók línun,
gamminn hljóðum,
skipin nöglum,
skógar kvistum.
- 90 Reið með vatni
og rekka mein
sólir tvennar
sá er hilmis þjón
og leiðir úlfs
lagður spjótí
orti fræði,
allljóst er það.
- 91 Hagall með kauni
hætt á auð
og björg himin
sól og ís knífi stungin
- hagall og mein
hátt í fjöllum,
ræsis arfinn
ráða hljóti.
- 92 Barngælu bálk
bragnar kalla
þetta kvæði,
það er harla stutt,
spök munu verða
sprunda arfi
ef það er þrisvar
yfir kveðið.
- 93 Mál skal svo endast,
meyjan fríða,
gef eg þig guði
gamla og unga
en að endaðri
æfi þinni
Kristur vitji þín,
kvæðið er úti.

Eftirmáli – Varðveisla kvæðisins

1. *Barngæludiktur* í AM 720 a IX 4to

Á Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi eru varðveitt skinnblaðabrot undir markinu AM 720 a 4to I–XI. Þau eru úr mörgum handritum er geyma guðrækilegt efni frá 15., 16. og 17. öld. Brotið sem merkt er AM 720 a IX 4to er tvíblöðungur með 28 erindum úr kvæðinu *Barngæludikti*. Kvæðið hefst fyrirsagnarlaust efst á fremsta blaði. Sjötta vísuorð í 22. erindi er neðst á bl. 1v og vantar því næst blöð inn í, óvíst hve mörg. Á bl. 2r er niðurlag kvæðisins, sex erindi, á hið fyrsta vantar eitt vísuorð. Kvæðinu lýkur á miðju blaðinu, undir er máð letur, líklega bæn. Á bl. 2v hefir letrið verið skafið upp og skrifað eitthvað nú útmáð að mestu utan bænarákall með munkaletri neðarlega sem svo má lesa: „guð minn hjálpaðu mér minn veg á og kenn mér hvað eg skal gjöra.“

Sjá má móta fyrir eldri upphafsstöfum í litum sem vitna um að skinnið er uppskafningur og hefir síðar verið brotið á jöðrum og haft utan um kver. Á seðli sem blöðunum fylgir hefir Árni Magnússon skrifað: „Fra Monsr Jone Widalin Elldra 1725.“ Jón eldri var sonur Páls Vídalíns lögmanns í Víðidalstungu og Þorbjargar Magnúsdóttur frá Vigur, nam læknisfræði og starfaði við þá grein í Kaupmannahöfn til 1724; má vera hann hafi notað blöðin utan um lækningakver.

Skinnbrotið er ómjúkt og nokkuð gróft settletur á; stafsetning og áferð benda til þess að skrifað sé um 1600, því að skrifari gerir greinarmun á *i*, *y* og *í*, *ý*. Oftast er ö-hljóð skrifað *o*, en einnig *au* svo sem ‚lofsaung‘, ‚aufund‘, ‚aurlat‘ og ‚staungum‘.

Í handritinu er hverju erindi skipt í fjögur vísuorð og skil milli vísuorða yfirleitt mörkuð með semíkommu sem er sleppt ef vísuorðin mynda óslitna yrðingu. Erindaskil eru mörkuð með punkti sem settur er um miðbik bókstafa í línu og næstfarandi erindi hefst á upphafsstaf. Í prentun er hvert vísuorð sett sér í línu og erindin tölusett til hægðarauka.

2. *Barngælubálkur* í AM 720 b 4to

Árni Magnússon prófessor í Kaupmannahöfn fékk á Íslandi árið 1704 fallega gerða rímnabók frá Magnúsi Jónssyni. Árni kenndi Magnús við Snóksdal en kallaði bókina Hólsbók. Magnús Jónsson var lærður í Skálholtsskóla, sonur séra Jóns Hannessonar í Snóksdal og konu hans Guðbjargar Jónsdóttur, bjó með móður sinni, þá ekkju, að Hóli

í Hörðudal árið 1703, því kenndi Árni bókina við þann bæ.¹¹ Nú er Hólsbók merkt AM 603 4to og varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Hún er bundin í skinnklædd tréspjöld en heldur hvergi nærri öllu því efni sem á henni var þegar Árni eignaðist hana. Á Hólsbók eru nú átján rímnaflokkar heilir og í brotum og ennfremur fáein kvæði, þar á meðal „Skaufhalabálkur“, óheill þó, en í heilum gerðum í kvæðislok er hann kallaður „barngælur“.¹² Hólsbók er haldin skrifuð einni hendi „um eða skömmu eftir miðja sextánda öld“ með þeim rökum að skrifarinn heldur *i, y* og *í, ý* aðgreindum.¹³

Ráða má að þegar Árni Magnússon fékk Hólsbók hafi verið bundin fremst í henni fimmtán blöð sem nú bera markið AM 720 b 4to. Á þeim eru tólf kvæði guðrækilegs efnis, fæst heil. Fremst í handritinu er tvíblöðungur skrifaður með eigin hendi Árna. Á fyrstu blaðsíðunni telur hann upp kvæðin sem „fremst í Hólsbókinni eru“ eftir því sem Jón Magnússon bróðir hans skrifaði honum „þá hann var í Hjarðarholti, áður en eg eignaðist Hólsbókina“. Á bakhlið sömu síðu leiðréttir Árni kvæðaröðina og skrifar heiti kvæðanna í sömu röð og er nú í umræddu handriti, AM 720 b 4to, og á síðunni á móti skrifar hann athugasemdir varðandi sum kvæðin. Þetta handrit er í nær sama broti og rímnabókin Hólsbók (AM 603 4to) og má nær víst telja að Árni hafi skilið kvæðasýrpuna frá rímnabókinni en honum var tamt að hluta handrit í sundur til þess að greina að efnisflokkka.¹⁴ Skinnhandritið AM 720 b 4to er fimmtán blöð og virðist sama hönd á þeim öllum. Skriftin er sett og smágerð, skinnið þunnt, virðast flest blöðin uppskafningar því víða sér móta fyrir lettri og grænum og rauðum lit upphafsstafa eða kaflafyrirsagna sem tilheyra fyrra efni skinnblaðanna. Skriftin virðist frá því um 1600 sem má marka af því að greinarmunur er gerður á *i, y* og *í, ý*. Til marks um að þessi fimmtán blöð hafi áður tilheyrt stórrímnabók, helst Hólsbók, er eftirfarandi grein, skrifuð langsum á bl. 6r sem á eru einungis fjórar línur af meginexta, annað eru skrifaræfingar ýmissa handa. Klausan er þessi, hér stafsett á nútíðarvísu: „Þessi bók hefur tvö hundruð blöð

¹¹ Páll Eggert Ólason. *Íslenzkar æviskrár* III, 434–435; *Mannatal á Íslandi árið 1703*. Rvk. 1924–1931, 138.

¹² *Kvæðasafn eftir nafngreinda íslenska menn frá miðöld*. Útg. Jón Þorkelsson. Rvk. 1922–1927, 159.

¹³ Björn K. Þórólfsson. *Rímur fyrir 1600 (Safn Fræðafélagsins IX)*. Kh. 1934, 5.

¹⁴ Sbr. Jón Þorkelsson. *Om Digtingen på Island*, 100, nmgr. 1; Kr. Kålund. *Katalog over Den Arnemagnæanske Håndskriftsamling* II. Kh. 1894, 3–5, 147–148; Björn K. Þórólfsson. *Rímur fyrir 1600*, 4–6.

og 13 betur að eg meina so leist mér. Þorsteinn Jónsson m(eð) e(igin) h(endi) 1662.“ Þessi orð geta sem best átt við Hólsbók fyrrnefnda en hún er nú talin 56 blöð en var að vísu mun fyllri þegar Jón Ólafsson úr Grunnavík skráði efni hennar árið 1730.¹⁵ Árni Jónsson bóndi á Geitastekkkum í Hörðudal skrifar tvívegis nafn sitt í AM 720 b 4to (bl. 4r og 5r) og vitnar með því um að blöðin voru í Hörðudal á hans tíð; hann var fimmtugur eigingiftur bóndi að Geitastekkkum árið 1703.¹⁶ Enn til sanns um að blöðin í AM 720 b 4to voru fyrr í rímnabók er yfirlýsing á síðasta blaðinu (15v), sem ekki er fullskrifað, hún stendur undir lesmálinu með fallegri settleturshendi, hér stafsett á nútíðarvísu: „Tómas Finnsson hefur þessa rímnabók yfirliesið“. Í handritinu AM 720 b 4to eru nú engar rímur. Til hliðar við yfirlýsinguna er skrifað með settletri: „Grímur Jónsson eigin hand anno 1633“. Neðst á síðunni stendur með hálfsettu fljótaskriftarlagi 17. aldar: „Hallgrímur Jónsson með eigin hendi anno 1629.“ Tveir síðastnefndu mennirnir eru útgefanda ókunnir en sá fyrstnefndi er vísast Tómas Finnsson á Birnufelli í Fellum. Hann sat oftsinnis á löngþingi við Öxará sem lögréttumaður á árunum 1638–1680, eiginhandarundirskrift hans er víða í bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar, en Tómas var umboðsmaður hans í Múlaþingi, sá um umfangsmikil jarðakaup biskups og jarðaleigu þar eystra.¹⁷

Kvæðin í AM 720 b 4to eru í þessari röð: *Heilags anda vísur*, *Lilja*, *Dægur*, *Niðurstigsvísur*, *Bodordávísur*, *Barngætur*, *Bodordadiktur*, *Adamsóður*, *Píslargrátur*, *Kristskvæði*, *Katekismusvísur* og *Lazarusvísur*.¹⁸ Í uppskriftinni á *Barngælum* í þessu handriti er þrívegis teiknaður jafnarma kross innaní ferhyrningi og markar hann stefið „Lof bið eg syngist“ sem skrifað er tvívegis fullum fetum (19. og 31. erindi *Barngælubálks*).

Öll kvæðin í AM 720 b 4to eru að venju fyrri tíða skrifuð í samfellu sem óbundið mál þannig að hver lína er fyllt. Í *Barngælubálki* er hverju erindi er skipt í átta vísuorð og skil milli vísuorða mörkuð með smágerðum deplum eða punktum sem oft líkjast kommum og eru settir ýmist um miðbik bókstafa eða í línu. Við lok hverrar vísu er

¹⁵ Kr. Kälund. *Katalog over Den Arnemagneanske Håndskriftsamling* II. Kh. 1894, 4–5; Björn K. Þórólfsson. *Rímur fyrir 1600*, 4.

¹⁶ *Mannal á Íslandi árið 1703*. Rvk. 1924–1931, 138.

¹⁷ Sjá t. d. AM 279 fól., bls. 72 og 82; sbr. Einar Bjarnason. *Lögréttumannatal*. Rvk. 1952–55, 510; *Alþingisbækur Íslands* V, 321.

¹⁸ Lilja er víða prentuð. Lazarusvísur voru prentaðar í *Vísnaþók*, útg. á Hólum 1612 og 1748. Píslargrátur og Niðurstigsvísur eru prentaðar í: *Íslensk miðaldarkvæði* I. Jón Helgason gaf út. Kh. 1936, 189–206, og 212–238; sbr. Jón Þorkelsson. *Om Digtningen på Island*, 86, 96, 100, 101, 102.

settur skýr punktur ýmist fyrir miðju bókstafa ellegar í línu og hvert nýtt erindi hefst á fallega dregnum upphafsstaf. Erindin eru ótölusett í handriti. Í prentun er hvert vísuorð sett sér í línu og erindin tölusett til hægðarauka.

Á bl. 7 er skinnlag rifð og fremstu bókstafir í fimm efstu línunum bl. 7r horfnir sem og seinustu bókstafir í fimm efstu línunum á bl. 7v. Í útgáfunni er reynt að fylla í eyður eins og vit nær til; ágiskanir og leiðréttingar eru stjórnumerktar og gerð nánari grein fyrir þeim í skýringum.

3. Uppskrift *Barngælubálks* í JS 531 4to

Jón Sigurðsson forseti safnaði býsnum af kvæðum í handritum og uppskrifaði mikið sjálfur, ætlaði úrval til útgáfu fyrir almenning og kom mörgu í verk. Eitt kvæðahandrit í safni hans, nú á Handritadeild Landsbókasafns – Háskólabókasafns, ber markið JS 531 4to, það er þjóðkvæðasafn og voru sum kvæðin prentuð í *Andvara*.¹⁹ Fremst í handritinu fer *Skaufhalabálkur* eða *Refsbálkur*, en í aftasta hlutanum eru uppskriftir af *Áradalsbrag* sem Jón hafði búið til prentunar í *Andvara* en ekki varð af, bragurinn var fyrst prentaður í *Huld* 1894.²⁰ Næst á eftir uppskriftum *Ljúflingsljóða* í þessu handriti er á sérstöku tólfblaða kveri uppskrift *Barngælubálks* og *Katekismusvísna*. Á hægri spássíu við upphaf *Barngælubálks* er skrifað með sömu hendi og meginmál: „Sec(undum) Membr: Biblioth. A. M. N. 718 in 4. videtur exarata paulo ante Reform“ [*þ. e.: Eftir skinnhandriti (i) Bókasafni Árna Magnússonar, AM nr. 718 í 4to, virðist skrifað litlu fyrir siðskipti*]. Á spássíu við upphaf *Katekismusvísna* stendur „Sec(undum) Membr. Biblioth. A M No 718 4to“ [*þ. e.: Eftir skinnhandriti (i) Bókasafni Árna Magnússonar, AM nr. 718 í 4to*]. Í handritinu sem nú er undir markinu AM 718 4to eru kvæðauppskriftir Jóns Gissurarsonar á Núpi við Dýrafjörð en hvorki eru þar *Barngælubálkur* né *Katekismusvísur*. Ljóst er að uppskrift *Barngælubálks* í JS 531 4to er gerð beint eftir uppskriftnni í AM 720 b 4to og jafnframt hefir skrifarinn haft hop af brotinu í AM 720 a IX 4to. Af þessu er helst að ráða að kvæðahandritið sem nú er undir markinu AM 720 b 4to hafi einhvern tíma legið með því kvæðahandriti sem nú er merkt AM 718 4to.

¹⁹ „Titlíngskvæði“, *Andvari*, 1. ár. Kh. 1874, 194–196; „Spekifuglinn“, *Andvari* 2. ár. Kh. 1875, 143–146; „Einsetumannskvæði og Krummakvæði“, *Andvari*, 3. ár. Kh. 1876, 153–163.

²⁰ Einar G. Pétursson. *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða*. Rvk. 1998, 137–138.

Skriftarlag á *Barngælubálki* í JS 531 4to bendir til þess að uppskriftn sé gerð á fyrra helmingi átjándu aldar. Skrifarinn hefir verið atvinnuskrifari, latínulærður svo sem áður nefndar utanmálgreinar sýna. Hann getur í eyður forritsins þar sem skinnlag er uppuríð. Erindin eru tölusett 1–96, hverju erindi skipað í fjórar línur og yfirleitt punktur á eftir hverju erindi og kommur stöku sinnum eftir efni, einkum fyrir og eftir ávarp ljóðmælanda til meyjarinnar. Sumstaðar yfirsést skrifara og sjást ekki merki þess að uppskriftn hafi verið lesin saman við frumrit. Erindin eru tölusett en hlaupið yfir tölurnar 45, 46 og 47, verða því tölumerkt erindi 96, eða þremur fleiri en í forriti. Stækkað letur er á nafnafelunum í 93. og 94. erindi í handritinu (hér í prentun 90. og 91. erindi). Á hægri spássíu í handritinu hefir einhver reynt að ráða nöfn skálds og meyjar sem til er ort. Með bláu ritblýi til hliðar við fyrstu tvær línurnar í 93. erindi (90. erindi í prentun) standa bókstafirnir *R L K*; við 3. og 4. línu stendur *S S* og við 6. línu *D*. Við fyrstu tvær línurnar í 94. erindi í handritinu (91. erindi í prentun) stendur *H K*; við 3. og 4. línu *S E* og við 5. og 6. línu *H I*. Nöfnin eru enn á huldu; ráði sá er kann.

SKÝRINGAR

Barngælodiktur í AM 720 a IX 4to

- 1.–7. erindi samsvara 2.–6. og 8.–9. erindi í *Barngælubálki*.
- 5.4 jöfur] leiðrétt af útgefanda; í handriti er skipt milli lína án bandstriks: *io gur*.
- 7.8 kringt] þ.e. lagið.
8. erindi samsvarar 72. erindi í *Barngælubálki*.
9. 7 ei] má skilja hér í merkingunni ‚ætíð‘ og er þá átt við þá synd að leggja nafn guðs við hégóma; á hinn bóginn má skilja ‚ei‘ sem ekki og væri þá átt við að ekki syndgi sá sem varast að leggja nafn guðs við hégóma; sú merking stendur nær síðustu línunum í 56. erindi í *Barngælubálki* sem samsvarar þessu erindi. – 5 hosk] í báðum gerðum kvæðisins er ævinlega orðmyndin ‚hosk‘ í merkingunni ‚horsk‘ þ. e. ‚vitur‘.
10. erindi samsvarar 39. erindi í *Barngælubálki*.
11. erindi samsvarar 67. erindi í *Barngælubálki*.
12. erindi samsvarar 78. erindi í *Barngælubálki*.
13. erindi samsvarar 77. erindi í *Barngælubálki*.
14. erindi samsvarar 18. erindi í *Barngælubálki*.

15. erindi er stef sem kemur þrívægis fyrir í *Barngælubálki* sem 19., 31. og 43. erindi.
16. erindi er hið eina í *Barngæludikti* sem ekki á hliðstæðu í *Barngælubálki*.
17. erindi samsvarar 27. erindi í *Barngælubálki*.
18. erindi samsvarar 28. erindi í *Barngælubálki*.
19. erindi samsvarar 30. erindi í *Barngælubálki*. – Í framfærslubálki í landslagabók Íslendinga eru skýr ákvæði um skyldu manna að framfæra óvinnufæra eða févana ættingja sína og er hér til þess vísað, sjá *Jónsbók*. Ólafur Halldórsson gaf út. Kh. 1904, 100–108.
20. 4 synd] má leiðrétta í *sæmd* samkvæmt 57. erindi í *Barngælubálki* sem samsvarar þessu erindi.
21. erindi samsvarar 15. erindi í *Barngælubálki*.
22. erindi er neðst á bl. 1v í handriti og vantar á síðustu tvö vísuorðin og síðan á kvæðið sjálf, óvíst hve mikið. Erindið samsvarar 14. erindi *Barngælubálks* sem þar er heilt.
23. erindi hefst efst á bl. 2r í handriti og vantar á fyrsta vísuorð. 23.–28. erindi samsvara 88.–93. erindi í *Barngælubálki*.
25. Í erindinu er fólgið nafn skáldsins, sbr. 90. erindi í *Barngælubálki*.
26. Í erindinu er fólgið nafn meyarinnar sem ort er til, sbr. 91. erindi í *Barngælubálki*.

Barngælubálkur í AM 720 b 4to

- 20.3 sjálf] ágiskun útgefanda, skinnlag rífið úr handriti.; *gladliga* JS 531 4to. –20.8 verða] svo JS 531 4to; skinnlag rífið úr handriti.
- 21.5 þinna] svo JS 531 4to; skinnlag rífið úr handriti.
36. 4 gunna] þ. e. gumna, manna.
37. 3 vorskuldir] þ. e. vorgjöld sem landeigendur létu innheimta að vori af leiguliðum fyrir afnot af jörðum eða kvikfé.
- 38.6 sýslur] svo JS 531 4to; skinnlag rífið úr handriti. 38.7 hygg] svo JS 531 4to; skinnlag rífið úr í handriti.
- 39.3 með gátí] svo JS 531 4to; skinnlag rífið úr í handriti. – 39.8 kappar ræði] ágiskun samkvæmt 10. erindi í *Barngæludikti*; *kapp* sést einungis, því skinnlag er rífið úr handriti.
- 40.5 en] ágiskun útgefanda; skinnlag rífið úr handriti.
- 41.1 bjarta] ágiskun, skinnlag rífið úr handriti svo að ekki sést nema *b* og *ta*; *Jód þetta* JS 531 4to.
42. Á spássíu er jafnarma kross og upphafslína stefnsins sem vísað er inn í texta, sbr. 19. og 31. erindi sem einnig eru merkt með jafnarma krossi í handriti.
- 50.7 OOit] ólesandi, rífa í handriti.
- 55.5 auricularis] latína, þ. e. ráðsmaður, umboðsmaður.

61. klén] þ. e. lin. Í kaþólskum sið var forboðið – og lágu við kárínur – ef kona hafði samræði við mann þann tíma sem hún hafði á klæðum svo sem fram kemur í skrifaboðum biskupa og skriftamálum kvenna, sjá t. d. *Íslenzkt fornbréfasafn* I, 242; *Íslenzkt fornbréfasafn*, VII, 239.

65.4 býta] þ. e. skipta.

80.1 Veð] *ur*-ending virðist bundin yfir enda orðs en yfirstrikuð.

84.5–6. gangi þér dagur hver að sólu] Orðtakið kemur fram í ævisögum biskupa og konunga á íslensku að fornu, sjá *Biskupa sögur* II (Íslenzk fornrit XVI). Jónas Kristjánsson ritstýrði. Rvk. 2002, 19, 314; *Flateyjarbók* II. Christiania 1869, 298; *Heilagra manna sögur* I. C. R. Unger gaf út. Chria 1877, 709; *Saga Óláfs konungs hins helga*. Oscar Albert Johnsen og Jón Helgason gáfu út. Oslo 1941, 672; sbr. Johan Fritzner. *Ordbog over Det gamle norske Sprog* III. Kristiania 1896, 474.

Inger Hagerup

Skógarvillur

Valdimar Tómasson þýddi

Ég yfirgaf minn elskaða
og einnig hús og völd.
Og út á veginn eigráði
alein, hrygg og köld.
Í skugga og villum skógarins
ég skjögraði fram á kvöld.

Þó nú grilli vart í götuna
hér glæstur loginn stóð
hér ýmsir geystust yfir völl
ótrauðir fram á slóð.
Í átt til fjalla för var stefnt
mót friði og stjörnuglóð.

Í skugga og villum skógarins
ég skjögra um óttu mál.
Mig langar til að lífga á ný
löngu kulnað bál.
Og halda síðan heim þann veg
sem honum reyndist tál.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Ljóðstafurinn s í íslenskum kveðskap

1. Inngangur

Grein þessi er byggð á meistaraþrófsritgerð minni sem unnin var við íslenskuskor Háskóla Íslands sumarið 2004. Grunnurinn að þeirri ritgerð var rannsókn sem ég gerði á þróun stuðlasetningar í íslenskum kveðskap frá fyrstu tíð til miðrar 20. aldar.

Hér á eftir verður fjallað um rannsóknina á ljóðstafnum s en hann hefur sem kunnugt er allmikla sérstöðu innan bragfræðinnar. Fyrst er umfjöllun um afstöðu helstu fræðimanna til þessa máls og dæmi tekin af nokkrum skáldum og sýnt hvernig þau nota ljóðstafinn s. Þá er stuttur kafli um aðferðina sem notuð var við rannsóknina og gerð grein fyrir skáldunum sem valin voru. Að lokum er svo sagt frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Þar er fjallað um sníkjuhljóðsstuðlun, s-stuðlun og gnýstuðlun (sjá skilgreiningar hér að neðan) og sýnt fram á hvaða breytingar hafa orðið í notkun þessara stuðlunarafríðna frá fyrstu dögum Íslands byggðar fram til 20. aldar.

Áður en lengra er haldið er rétt að líta á eftirfarandi skilgreiningar:

Jafngildisflokkur (*alliteration set*) er flokkur máhljóða sem gilda jafnt í stuðlun þannig að hægt er að nota þau hvert með öðru.¹ Öll sérhljóð tilheyrja sama jafngildisflokki og aðalreglan er sú að hvert samhljóð er einn jafngildisflokkur. Undantekning er hljóðið s sem lýtur þrengri reglum eins og vikið er að síðar. Máhljóð geta skipað sér í jafngildisflokkka án þess að um sé að ræða nákvæmlega sama hljóðið. Dæmi um það eru *g* í *gómur*, sem er uppgómmælt lokhljóð, og *g* í *gæfa* sem er framgómmælt lokhljóð. Þessi hljóð stuðla þó saman.²

¹ Sjá Kristján Árnason (2000:13).

² Sjá m.a. Höskuldur Þráinsson (1981:117–118) og Eysteinn Sigurðsson (1986:8–9).

Gnýstuðlar. Reglan um að hver samhljóði fyrir sig myndi jafngildisflokk er, eins og áður sagði, ekki algild. Undantekning frá því eru svokallaðir gnýstuðlar. Það er þegar *s* + samhljóð mynda ljóðstafi. Til forna voru gnýstuðlarnir þrír, *sk*, *sp* og *st*. Í seinni tíð hafa þrjú önnur pör bæst í þennan hóp. Það eru hljóðaklasarnir *sl*, *sm* og *sn*. Samkvæmt því eru gnýstuðlarnir í dag sex. Gnýstuðlar ganga ekki sem ljóðstafir hver með öðrum eða með *s* heldur aðeins hver fyrir sig. Hvað varðar þá gnýstuðla sem síðar komu til, þ.e. *sl*, *sm* og *sn*, þá hafa ekki allir verið sammála um að það séu raunverulegir gnýstuðlar og sum skáld hafa notað þá með öðrum *s*-pörum allt fram á 20. öld (sjá um *s*-stuðlun hér á eftir).³

S-stuðlun er það kallað þegar *s* + sérhljóð, *sj* og *sv* stuðla á móti stafapörunum *sl*, *sm* og *sn*. Ef litið er þannig á að gnýstuðlarnir, sem rætt var um hér að ofan, séu sex er *s*-stuðlun óleyfileg samkvæmt bragreglunum. Þessi stuðlun hefur þó verið notuð frá fyrstu tíð og henni bregður fyrir allt fram á 20. öld.⁴

Að stuðla við sníkjuhljóð heitir það þegar *st* er látið stuðla við *sn/sl* og ef til vill *sp* við *sm* (sjá umfjöllun um sníkjuhljóð í 2. kafla).

2. Vitnað til nokkurra fræðimanna

2.1 Sérstaða klasanna *sk*, *sp* og *st*

Hljóðið *s* hefur algjöra sérstöðu innan íslenska (fornorræna) bragkerfisins vegna þess að sé það notað sem ljóðstafur verður að taka tillit til þess hvaða hljóð fer næst á eftir. Frá fyrstu tíð hefur *sk* aðeins stuðlað við *sk*, *sp* við *sp* og *st* við *st*. Snorri Sturluson getur þó ekki um þá reglu. Hennar mun fyrst vera getið í bók Jóns Ólafssonar Svefneyings sem á sínum tíma var tvímælalaust merkasta fræðirit um bragfræði sem völ var á.⁵ Hér á eftir fer umfjöllun Jóns um það sem hann kallar „dobbelte“ eða „sammensatte Rim-Bogstaver“. Hann segir:⁶

De gamle saavelsom de nyere brugte istedet for enkelte, undertiden dobbelte eller sammensatte Rim-Bogstave b, d, g, h, k, p,

³ Sveinbjörn Beinteinsson (1953:xviii); Sigurður Kristófer Pétursson (1996:358).

⁴ Þorsteinn G. Indriðason (1990:8).

⁵ Sjá Finnur Jónsson (1892:9).

⁶ Jón Ólafsson Svefneyingur (1786:31–32).

s, t, hver især forenet med en anden Bogstav, som efter vor Tunges Beskaffenhed gjør eet med den, som bl, br, dr, gl, gr, o.s.v.

Um þetta tekur Jón þrjú dæmi:

„ ... Frettec Smás þó at Smæstir
Smuglir ástar fuglar

Flaustum var þá Flód of ristit
Fleiri skip til ódals þeirra.

þá var Grund Gróin
Grænum lauki.

(Höfundar ekki tilgreindir)

Alle anførte tre Steder fremvise dobbelte Rim-Bogstave, det første sm, det andet fl, det tredie gr.

Strax í næsta kafla heldur hann áfram með samsettu stuðlana:⁷

Af de saaledes sammenfœiede Consonanter ere frem for andre anmærkelige sk, sp og st, hvilke, saa at sige, meest afvige fra Hoved-Bogstavens Lyd, bruges derfor altid som særskilte Rim-Bogstave, og følges ad hver i sit Slag, men fordrage ei gjerne noget andet s, være sig reent eller blandet, til Med-Bogstav. Af mangfoldige kan et Par Beviser være nok.

Í dæmunum sem Jón tekur um þetta koma fyrir samböndin *sk* í annarri vísunni og *st* í hinni. Undir vísunum stendur:⁸

Andre sammenfœielser, bl, br, dr, gl, gr, o.s.v., ihvorvel deres Harmonie falder smuk og behagelig, ere dog ei nær saa afstikkende; hvorfor man ei heller altid gjør dem til særskildte Rim-Bogstaver.

⁷ Jón Ólafsson Svefneyingur (1786:32).

⁸ Jón Ólafsson Svefneyingur (1786:32).

Samkvæmt þessu lítur Jón á hina tvöföldu ljóðstafi sem fegurðar-
auka, eins konar bragskraut, sem þó er ekki skyldubundið nema þeg-
ar um er að ræða *sk*, *sp* og *st*.

Ekki er til einhlít skýring á því hvers vegna reglan um *sk*, *sp* og *st*
varð til. Bent hefur verið á að ákveðin samsvörun er með þessum
klösum í stuðlun og í innrími dróttkvæða⁹. Jakob Jóhannesson Smári
ræðir um hið nána samband milli *s* annars vegar og *k*, *p*, *t* hins vegar.
Hann bendir á að frumindógermönsk *k*, *p*, *t* hafi í germönsku orðið
að *h*, *f*, *þ*(ð) nema á eftir *s*, þar sem þau hafi haldist óbreytt og nefnir
dæmin: lat. *cornu* : ísl. *horn*, lat. *pater* : ísl. *faðir* og lat. *tres* : ísl. *þrír* ann-
ars vegar en hins vegar: lat. *piscis* : ísl. *fiskur*, lat. *spuo* : ísl. *spýja*, lat. *sto*
: ísl. *standa*.¹⁰ Þorsteinn G. Indriðason bendir hins vegar á að þessi
sambönd séu það sem kalla megi „*öfuga affrikata*“ og þau hafi sérstöðu
í íslensku því þetta séu einu samböndin þeirrar tegundar. Hann telur
að ef til vill sé svarið fólgið í því að finna hljóðþátt sem er einkenn-
andi fyrir brageininguna *st* og sem skilur jafnframt *st* frá *sp* og *sk*.
Þorsteinn bendir á það sem dæmi um hið nána samband hljóðanna
að *p*, *t* og *k* missa fráblásturinn í þessu umhverfi vegna áhrifa frá *s*.
Það sem gerist er að fráblásturinn færast yfir á *s*-ið með þáttafærslu.¹¹

2.2 *Sl*, *sm* og *sn* sem gnýstuðlar. Stuðlun við sníkjuhljóð

Í seinni tíð hefur reglan um *sk*, *sp* og *st* að einhverju leyti yfirfærst á
samhljóðasamböndin *sl*, *sm* og *sn* þannig að nú stuðla þau sambönd
ekki hvert við annað né við *s*. Svo var ekki til forna, samanber eftir-
farandi braglínur eftir Snorra Sturluson:¹²

Slóð kann sneiðir
seima geima

Á ofanverðri 17. öld stuðlar Hallgrímur Pétursson á annan hátt í
sálminum „Um dauðans óvissan tíma“:¹³

slyngum þeim sláttumanni
er slær allt hvað fyrir er.

⁹ Þorgeir Sigurðsson (2001:222).

¹⁰ Jakob Jóhannesson Smári (1923:128).

¹¹ Þorsteinn G. Indriðason (1990:16).

¹² Snorri Sturluson (1999:30), feitletrun mín, RIA.

¹³ Hallgrímur Pétursson (1996:202), feitletrun mín, RIA.

Og í 12. „Passíusálmi“ eru þessar ljóðlínur:¹⁴

sem fugl við **snúning snýst**
sem **snaran** heldur.

Þeir sem fjallað hafa um bragfræði og útlistað bragreglur hafa ekki verið á einu máli um hvernig skuli nota hljóðið *s* í stuðlun. Jóhannes L. L. Jóhannsson fjallar um gnýstuðla (án þess þó að nota það heiti) og bendir á að jafnan hafi verið vitað að sérhljóðar (raddhljóðar/vocales) séu taldir sem einn stafur í stuðlun og samhljóðarnir (consonantes) verði að vera hinir sömu „til að tengja vísuorðin, svo og að stafasamböndin *sk*, *sp* og *st*, gilda hvert um sig sem einn stafur“.¹⁵ Síðar í greininni segir Jóhannes:¹⁶

Hitt er mjög einkennilegt í þessu efni, og sýnir næmleik íslenzkrar heyrnar, að mörgum er illa við að óhreint *s* (ɔ: *s*. á undan *l*, *m*, *n*,) sé haft fyrir hljóðstaf á móti hreinu *s*. (ɔ: *s* á undan raddhljóð eða hálfhljóð) og hafa þó skáld bæði að fornu og nýju leyft sér að setja *s* á móti *sl*, *sm* og *sn* t.a.m. saga-slangur, súr-smjör, söngur-snjall. Mun að vísu slíkt aldrei hafa þótt prýði, þó að það teljist leyfilegt, því best er að hreint *s* sé á öllum stöðunum eða þá óhreint *s* á þeim öllum.

Niðurlag þessarar efnisgreinar Jóhannesar mætti skilja á þann veg að hann telji best að annaðhvort sé *s* + sérhljóð/*j/v* notað í öllum þremur tilvikunum (báðum ef ljóðstafir eru tveir) eða þá að nota beri saman *s+l/m/n* og gildi þá einu hvert af samhljóðunum þremur fylgi *s*-inu. Samkvæmt því væri viðunandi að nota samböndin *sl*, *sm* og *sn* sem stuðla og höfuðstaf í sama vísufjórðungi. Þetta er þó ekki alveg áreiðanlegt enda orðalagið óljóst. Verið getur að þegar Jóhannes talar um að óhreint *s* skuli vera í öllum stuðlunum eigi hann við að saman skuli nota *sl*, *sl* og *sl*, *sm*, *sm* og *sm* o.s.frv.

Jakob Jóhannesson Smári ræðir einnig um þessa stuðlun:¹⁷

¹⁴ Hallgrímur Pétursson (1996:72), feitletrun mín, RIA.

¹⁵ Jóhannes L. L. Jóhannsson (1895:244).

¹⁶ Jóhannes L. L. Jóhannsson (1895:245).

¹⁷ Jakob Jóhannesson Smári (1923:127).

En ef samhljóð eru ljóðstafir, verða þau að vera öll hin sömu í hverjum tveimur braglínnum, t.d.

nú er horfið Norðurland

nú á ég hvergi heima,

og þar að auki eru, bæði að fornu og nýju, sk, sp, st talin einn ljóðstafur hvert um sig og mega ekki vera í ljóðstafasambandi hvert við annað né við s á undan öðrum hljóðum, nema st nú stundum við sn og sl [...], sem eru þó líka ýmist í sambandi við sjálf sig aðeins eða önnur s, einkum að fornu.

Hvergi kemur fram hjá Jakobi að hann telji að *sl*, *sm* og *sn* séu sérstakir ljóðstafir. Hins vegar ræðir hann þarna um það þegar stuðlað er saman *st* annars vegar og *sl* eða *sn* hins vegar.

Það sem Jakob ræðir hér er það sem Þorsteinn G. Indriðason kallar *að stuðla við sníkjuhljóð* í samnefndri grein sem vitnað var til hér að framan (sbr. skilgreiningu í inngangi). Að meginefni er sú grein um hvenær og hvers vegna reglan sem áður var bundin við *sk*, *sp* og *st* færðist yfir á *sl*, *sm* og *sn*. Þorsteinn leiðir rök að því að þessa yfirfærslu megi rekja til sníkjuhljóðs sem hafi valdið hljóðbreytingu sem fólst í [t]-innskoti milli *s* og *l*, *n* annars vegar og [p]-innskoti milli *s* og *m* hins vegar. Þessi breyting hafði áhrif á þá jafngildisflokkka sem höfðu verið í gildi fram að því.¹⁸

Sigurður Kristófer Pétursson notar fyrstur heitið *gnýstuðlar*. Hann telur að þeir séu sex: „Gnýstuðlarnir voru þrír í fornu máli en sex eru þeir nú orðnir. Allir byrja þeir á stafnum “s”. Þeir eru: sk, sl, sm, sn, sp, st.“¹⁹ Ekki verður annað skilið á Sigurði en að hann telji ótækt að nota þessi stafasambönd saman í stuðlun, þ.e. hann virðist líta á *s*-stuðlun sem brot á bragreglum. Sigurður ræðir einnig um stuðlun við sníkjuhljóð. Hann sýnir tvö dæmi, bæði eftir Matthías Jochumsson, um það sem hann kallar skotstuðlað, sem hann segir standa nær stuðlahrapi (stuðlahrap táknar væntanlega að stuðlun sé röng). Dæmin eru:²⁰

Stórt hæfir slægum

og

¹⁸ Þorsteinn G. Indriðason (1990:8–9).

¹⁹ Sigurður Kristófer Pétursson (1996:358).

²⁰ Sigurður Kristófer Pétursson (1996:358), feitletrun mín, RIA.

Sturla kvað yfir styrjarhjarli,
Snorri sjálfur á feigðarþorra.

Hér er stuðlað við sníkjuhljóð, annars vegar *st – sl* og hins vegar *st – sn*. Sigurður Kristófer flokkar þessa stuðlasetningu sem braglýti og virðist hvað það varðar ekki gera greinarmun á *s*-stuðlun og stuðlun við sníkjuhljóð.

Sveinbjörn Beinteinsson telur gnýstuðla vera sex. Hann segir:²¹

Stafurinn *s* hefur sérstöðu í stuðlasetningu. Ef *s* er stuðull en næsti stafur í orðinu er *k*, *l*, *m*, *n*, *p*, eða *t*, þá verður einnig svo að vera í hinum stuðlunum. Þetta heita gnýstuðlar.

Sveinbjörn tekur dæmi um stuðlun *sk* á móti *sk*, *sl* á móti *sl*, *sm* á móti *sm*, *sn* á móti *sn*, *sp* á móti *sp* og *st* á móti *st*. Síðan sýnir hann tvö dæmi um það þegar gengið er á svig við þessa reglu og átelur þá sem það gera:²²

Sæll í sólskinsbrekku
smalinn horfir á.

(Steingrímur Thorsteinsson)

Stikaði djarft með stoltan svip
Snæfellingagoðinn.

(Alþingisrímur)

Annað dæmið sýnir *s* + sérhljóð á móti *sm* og hitt sýnir *st* á móti *sn*. Sveinbjörn virðist því telja stuðlun við sníkjuhljóð andstæða bragreglu eða í besta falli ljóta stuðlasetningu og er þar sammála Sigurði Kristófer Péturssyni. Það sama á við um *s*-stuðlun. Samkvæmt því sem Sveinbjörn segir um gnýstuðla má draga þá ályktun að hann telji þá stuðlasetningu óviðunandi.

2.3 Jafngildisflokkar hafa breyst hvað varðar *s*

Af því sem að framan greinir er ljóst að hvað varðar ljóðstafinn *s* hafa jafngildisflokkar stuðlasetningarinnar riðlast frá því sem var til forna. Hin upprunalega regla, sem setti samböndin *sk*, *sp* og *st* hvert í sinn

²¹ Sveinbjörn Beinteinsson (1953:xviii).

²² Sveinbjörn Beinteinsson (1953:xviii), feitletrun mín, RIA.

jafngildisflokk en leyfði stuðlun annarra sambanda innbyrðis, hefur breyst. Svo er þó að sjá, af því sem segir hér að framan, að fræðimenn og kennimenn um góðan skáldskap hafi greint nokkuð á um hvernig bæri að skýra eða skilgreina þessa flokka. Þá er einnig ljóst að sum höfuðskáld seinni tíma hafa bæði notað *s*-stuðlun á sama hátt og gert var til forna og einnig tekið upp þá venju að stuðla *st* við *sl/sm*. Það má til dæmis sjá á því að annað dæmið sem Sveinbjörn Beinteinsson tekur um það sem hann bendir á sem óæskilega notkun á *s*-samböndum í stuðlun (*s* + sérhljóð – *sm*) er úr kvæði eftir Steingrím Thorsteinsson og dæmin sem Sigurður Kristófer Pétursson sýnir um að *st* stuðli á móti *sm/sl* eru eftir Matthías Jochumsson.

3. Aðferð

Úrtak, mælitæki og framkvæmd

Í rannsókn þeirri sem liggur til grundvallar þessari grein var meðal annars skoðað hvernig notkun ákveðinna hljóða (*s*, *h*, *v* og *j*) sem ljóðstafa hefur breyst frá upphafi Íslands byggðar fram til nútímans auk þess sem hugað var að ofstuðlun og aukaljóðstöfum. Til að skoða þetta var tekið úrtak úr ljóðum þekktra skálda. Markmiðið var að skoða hvernig skáldin nota fyrrgreinda ljóðstafi í kveðskap sínum. Úrtakið var valið með það í huga að það endurspeglaði sem best það sem til er af ljóðum eftir þau skáld sem valin voru. Miðað var við að velja þekkt skáld sem þóttu vera dæmigerð fyrir notkun hefðbundins ljóðforms (sjá töflu 1; sjá einnig skrá í viðauka yfir skáldin sem valin voru). Til þess að skáldin hefðu svipað vægi var ákveðið að nota álíka margar braglínur eftir hvert og eitt þeirra. Þannig var miðað við að nota 370–400 braglínupör eftir hvert skáld en þau urðu þó færri eftir Braga Boddason og Arnór jarlaskáld þar sem ekki hafa varðveist svo mörg braglínupör eftir þá og eru þeirra þættir því nokkru styttri en hinna skáldanna.

Tölfræðiforritið SPSS 11.0 var valið til að fá sem besta yfirsýn yfir notkun skáldanna á fyrrgreindum ljóðstöfum. Rannsóknin var unnin þannig að eftirfarandi upplýsingar voru slegnar inn í sérstakan gagnagrunn fyrir hvert skáld fyrir sig:

- a) nafn skáldsins
- b) nöfn kvæðanna sem notuð voru
- c) númer erindanna í hverju kvæði sem könnuð voru
- d) fyrsti stafurinn í fyrsta stuðli

- e) fyrsti og annar stafurinn í fyrsta stuðli
- f) fyrsti stafurinn í öðrum stuðli
- g) fyrsti og annar stafurinn í öðrum stuðli
- h) fyrsti stafurinn í höfuðstaf
- i) fyrsti og annar stafurinn í höfuðstaf
- j) ofstuðlun í frumlínu ef hún var til staðar
- k) ofstuðlun í síðlínu ef hún var til staðar
- l) aukaljóðstafir hlið við hlið ef þeir voru til staðar
- m) aukaljóðstafir með bili á milli ef þeir voru til staðar
- n) merkt var við þar sem stuðlað var með gnýstuðlunum
sl, sm og sn
- o) aðrar athugasemdir eftir því sem við átti.

Til þess að athuga stuðlun hvers hljóðs (bókstafs), bæði sér og í tengslum við næsta hljóð á eftir, var ákveðið að skoða bæði fyrsta staf í hverju ljóðstafapari (sjá liði d), f) og h) hér að ofan) og einnig fyrsta og annan staf saman (sjá liði e), g) og i) hér að ofan).

Þegar þetta hafði verið sett inn í gagnagrunn tölfræðiforritsins var hægt að láta forritið reikna tíðni hvers bókstafs fyrir sig í stuðlun hjá viðkomandi skáldi, einnig tíðni bókstafanna með öðrum bókstöfum.

4. Niðurstöður og umræða

4.1 Tafla 1

Í töflu 1 er sýnt yfirlit yfir notkun hljóðsins s í stuðlun hjá skáldunum sem rannsóknin náði til. Eftir það verða raktar helstu niðurstöður úr rannsókninni jafnframt því sem þær niðurstöður verða ræddar og reynt að draga af þeim ályktanir. Fyrst er fjallað um sníkjuhljóðs-stuðlun, þá um s-stuðlun og að lokum er rætt um gnýstuðlana.

Sjá töflu 1 á næstu síðu

4.2 Stuðlun við sníkjuhljóð

Sníkjuhljóðsstuðlun finnst fyrst í kvæðinu „Nikulásdrápa“ eftir Hall Ögmundsson (15.–16. öld). Þar eru þessar línur:

hvern veg hann skal stýra og stjórna
slíkum auð, svo drotni líki.

(21⁷⁻⁸)

Tafla 1: Stuðlun með ljóðstafnum *s* (*sní* = stuðlun við sníkjuhljóð, *s-st* = *s*-stuðlun, stuðlun með bókstafapörum *sk*, *sp*, *st*, *sl*, *sm* og *sn*, þ.e. þegar notaðir eru gnýstuðlar)

Höfundar	aldur	sní	<i>s-st</i>	<i>sk</i>	<i>sp</i>	<i>st</i>	<i>sl</i>	<i>sm</i>	<i>sn</i>
Bragi Boddason	9. öld	–	2	–	–	1	–	–	–
Egill Skalla-Grímsson	10. öld	–	7	3	–	4	–	–	–
Sighvatur Þórðarson	11. öld	–	14	3	–	1	–	–	–
Arnór Þórðarson	11. öld	–	6	8	–	3	–	–	–
Einar Skúlason	11.–12. öld	–	12	3	–	6	–	–	–
Sturla Þórðarson	1214–1284	–	8	5	–	6	–	–	–
Eysteinn Ásgrímsson	? – 1361	–	4	5	–	4	–	–	–
Hallur Ögmundsson	15.–16. öld	1	1	7	1	8	–	1	–
Jón Arason	1484–1550	–	–	5	1	1	–	–	1
Einar Sigurðsson	1538–1626	–	–	7	–	3	–	–	–
Hallgrímur Pétursson	1614–1674	–	–	5	1	2	–	–	2
Stefán Ólafsson	1619–1688	–	–	17	1	9	–	–	1
Eggert Ólafsson	1726–1768	–	2	10	1	4	–	–	–
Jón Þorláksson	1744–1819	1	–	8	–	7	3	–	–
Sigurður Breiðfjörð	1798–1846	–	–	3	–	3	–	–	–
Jónas Hallgrímsson	1807–1845	3	–	3	–	7	1	–	2
Steingrímur Th.	1831–1913	–	6	8	–	5	–	–	1
Matthías Jochumsson	1835–1920	–	3	3	–	5	–	–	2
Kristján Jónsson	1842–1869	–	–	2	–	6	1	–	–
Davíð Stefánsson	1895–1964	4	–	5	1	5	–	–	–
Steinn Steinarr	1908–1958	–	3	4	2	1	2	–	–

Hér stuðlar *st* við *sl*. Ekki fannst nema þetta eina dæmi um stuðlun af þessu tagi í kveðskap Halls prests Ögmundssonar.

Stuðlun við sníkjuhljóð finnst ekki aftur fyrr en rúmum 200 árum seinna. Í kveðskap Jóns Þorlákssonar fannst, líkt og hjá Halli, eitt dæmi. Það er í kvæðinu „Straff eða laun“. Síðasta bragflína 3. vísu, lína sem er sér um ljóðstafi, hljóðar svo:

en slyppur eftir stá.

(37)

Hér er það sama á ferðinni og hjá Halli: *sl* stuðlar við *st*. Eftir þetta verður ekki vart við sníkjuhljóðsstuðlun fyrr en hjá Jónasi Hallgrímsyni. Þar fundust hins vegar þrjú dæmi:

stjörnuglampi
af sléttum sjó.

(Ad amicum 24⁹⁻¹⁰)

Nú er hún Snorrabúð stekkur

(Ísland 1²⁵)

snarorðir snillingar
að stefnu sitja;

(Alþing hið nýja 7⁵⁻⁶)

Hér er í öllum tilvikum *st* annars vegar í stuðluninni. Á móti notar skáldið *sn* í tveimur tilvikum og *sl* í einu.

Næst fannst sníkjuhljóðsstuðlun hjá Davíð Stefánssyni, alls fjögur dæmi:

Gamla stigi og slóðir rekur.
Í strengjum hjartans undir tekur.

(Harpa öldungsins 1⁵⁻⁶)

Svo vef ég okkur klæði, en stakk þú úr því sníður;
til strandarinnar ríð ég og kaupi mjöl og fisk.

(Dalakofinn 7¹⁻²)

Hann rekur slóðir og snuðrar
og stansar, er það á við.

(Vaskur 5¹⁻²)

Vaskur er slægur og slunginn
og sníkir roð og bein.

(Vaskur 7¹⁻²)

Rétt er að vekja athygli á því að í öllum dæmunum hér að framan er *st* í einhverju af ljóðstafasætunum þar til í síðasta dæminu. Þar eru ljóðstafirnir *sl*, *sl* og *sn*. Í öðru samhengi mætti ef til vill líta á þetta sem *s*-stuðlun. Það er þó heldur ólíklegt í þessu tilviki þar sem ekki finnst neitt annað dæmi um þá stuðlun hjá Davíð. Dæmið þar á undan er einnig nokkuð sérkennilegt. Það er eina tilvikið sem fannst þar sem öll *s*-pörin þrjú – *sl*, *sn* og *st* – koma fyrir í sama braglínuparinu.

Hvergi fannst dæmi um *sp* á móti *sm*.

Rétt er að geta þess hér að fyrir í greininni eru tekin dæmi af sníkjuhljóðsstuðlun hjá Matthíasi Jochumssyni. Það sýnir að hann hefur notað þessa stuðlun en augsýnilega of sjaldan til þess að dæmi um það ræki á fjörur þessarar rannsóknar.

Það sem fyrst vekur athygli þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar er það hve stuðlun við sníkjuhljóð, sem Þorsteinn G. Indriðason telur vera eins konar forstig þess að *sl*, *sm* og *sn* verða gnýstuðlar, kemur sjaldan fyrir í rannsókninni.²³ Eitt dæmi finnst frá 16. (15.?) öld og annað seint á 18. öld. Það er ekki fyrir en á 19. öld, í kvæðum Jónasar Hallgrímssonar, sem sníkjuhljóðsstuðlunar verður vart að einhverju ráði og þó eru dæmin sem fundust þar ekki nema þrjú. Hjá Davíð Stefánssyni eru þau fjögur. Hjá öðrum skáldum fannst ekki dæmi um stuðlun við sníkjuhljóð. Fjögur skáld af tuttugu og einu sem skoðað var hafa notað þessa stuðlun svo séð verði. Það virðist því nokkuð ljóst að stuðlun við sníkjuhljóð hefur aldrei verið mjög útbreidd. Sníkjuhljóðsstuðlun finnst í níu braglínupörum. Á sama tímabili, frá tíð Halls Ögmundssonar til Steins Steinars, má finna hljóðasambandið *sk* 87 sinnum í stuðlun, *st* 66 sinnum og *sp*, sem reyndar er sjaldgæft í framstöðu orða, 8 sinnum. Ef skáld hefðu ekki séð neitt athugavert við að stuðla *sl* og *sn* á móti *st* er líklegt að fundist hefðu miklu fleiri dæmi vegna þess hve mörg orð hafa þessi hljóð í framstöðu. Það felst heilmikil hagræðing í því fyrir þann sem yrkir að geta notað saman hin ýmsu hljóð og stækkað jafngildisflokkana. Í þessu tilviki er skellt saman í einn flokk þremur samhljóðaklössum. En af einhverjum orsökum hafa menn ekki notfært sér það eins og ætla mætti að gert hefði verið ef þessi möguleiki hefði verið fyrir hendi án bragfræðilegra vandkvæða.

4.3 S-stuðlun

Eins og fram kemur í töflu 1 er *s*-stuðlun algeng fram á 14. öld. Hér verða sýnd nokkur dæmi:

vrþv **snemst** ok **savrli**
samraþa þeir hamðir

(Bragi enn gamli Boddason: Ragnarsdrápa 5⁵⁻⁶)

aðr **asund** firi **sundi**
snarfeingr með lið dreingia

(Egill Skalla-Grímsson: Lausavísur 8⁵⁻⁶)

²³ Þorsteinn G. Indriðason (1990).

fríðr gekk **sundr** í **slípri**
suðr vík dǫnum kuðri.

(Sighvatr Þórðarson: Víkingarvísur 5⁵⁻⁶)

Naði **siklingr** **siðan**
sniallr ok danmǫrk allri.

(Arnór Þórðarson jarlaskáld: Magnúsdrápa 7¹⁻²)

fǫgr ruþuz **sverð** en **sigri**
sniallr bragningr hlát fagna.

(Einar Skúlason: Sigurðardrápa 5⁷⁻⁸)

siðan let ek **seglum** hloðu
snarfengr konungr yðrir drengir.

(Sturla Þórðarson: Hrynhenda 6⁵⁻⁶)

rak þau burt af **sæmdar** **sæte**
snaud ok naukt j pisl ok dauda.

(Eysteinn Ásgrímsson: Lilja 19⁴⁻⁵)

Sá síðasti til að nota *s*-stuðlun af þeim sem skoðaðir voru frá þessum tíma er í raun Eysteinn Ásgrímsson þó svo að eitt dæmi hafi fundist hjá Halli Ögmundssyni. Eftir það finnst þessi stuðlun ekki fyrr en hjá Eggerti Ólafssyni um það bil 250 árum seinna. Um eitt hundrað árum eftir dauða Eggerts tekur Steingrímur Thorsteinsson þessa stuðlun upp aftur og eftir það finnst hún aðeins hjá tveimur skáldum, þrjú dæmi hjá Matthíasi Jochumssyni og önnur þrjú hjá Steini Steinarr.

Eins og sjá má á töflu 1 er ljóst að *s*-stuðlun hverfur að mestu eða öllu úr kveðskapnum á tímabili sem gæti náð frá um það bil 1400 að 1500 til 1550 en er tekin upp aftur löngu seinna af einstaka skáldum en nær ekki neinni varanlegri fótfestu (sjá einnig súlurit í töflu 2). Hér á eftir verður reynt að varpa ljósi á hvað það er sem veldur þessari þróun.

Eins og fyrr kom fram hefur Þorsteinn G. Indriðason sett fram þá kenningu að sníkjuhljóð sem fram kom milli *s* og *l* annars vegar og *s* og *n* hins vegar á 13. eða 14. öld hafi orðið til þess að þessi hljóð tóku að stuðla við *st*.²⁴ Þessi skýring er að mörgu leyti fremur líkleg og rannsókn mín styður hana. Ýmsir fræðimenn hafa áður fjallað um

²⁴ Þorsteinn G. Indriðason (1990).

Þetta sníkjuhljóð og talið að það hafi komið fram um þetta leyti.²⁵ Því er alls ekki úr vegi að ímynda sér að það hafi átt einhvern þátt í því að stuðlunin breyttist. Hitt er svo vafamál hvort þessi skýring ein sér nægir til að varpa ljósi á svo afdrifaríka breytingu. Skal í því sambandi bent á að fyrir í bragkerfinu voru einmitt gnýstuðlarnir svokölluðu sem einnig höfðu *s* að upphafshljóði. Ef til vill má ímynda sér að það hafi einnig haft einhver áhrif á uppstokkun jafngildisflokka. Skáldunum, sem eru vön að stuðla *sk* ekki við neitt nema *sk*, *sp* aðeins við *sp* og *st* við *st*, finnst ef til vill eðlilegt að sama regla hljóti að gilda um *sl*, *sm* og *sn* þegar framburðurinn er orðinn breyttur frá því sem var og sníkjuhljóðið farið að trufla eyrað. Klasar sem byrja á *s* eru að einhverju leyti í sérflokki.

Dæmi um *s*-stuðlun finnast ekki hjá þeim Jóni Arasyni, Einari Sigurðssyni, Hallgrími Péturssyni og Stefáni Ólafssyni. Þó aðeins hafi verið tekin um það bil 400 braglínupör eftir hvert skáld er augljóst að ef *s*-stuðlun hefði verið notuð að einhverju ráði hefði hún komið fram þarna líkt og gerðist í ljóðum þeirra skálda sem dæmi voru tekin af í byrjun kaflans.

Í kveðskap Eggerts Ólafssonar fundust tvö dæmi um *s*-stuðlun:

náttdaggar knappa **silfri sett**
smaragðar vóru á hverjum blett.
 (Eggert Ólafsson: Náttúru-Lyst 33⁵⁻⁶)

opnuð **snerist** við **sólar-ljós**
sýndi vellukt og hunangs ós.
 (Eggert Ólafsson: Náttúru-Lyst 34⁵⁻⁶)

Það er nokkuð einkennilegt að finna dæmi um slíka stuðlun hjá skáldi sem er uppi á 18. öld þegar hennar virðist ekki hafa orðið vart í 250–300 ár. Ekki er úr vegi að ímynda sér að hér sé um vísvitandi mál fyrningu að ræða. Eggert Ólafsson var mikill fortíðardýrkandi og fyrnti mál sitt gjarnan, oft meir af kappi en forsja.²⁶ Í fyrra dæminu sem hér er birt stuðlar *sm* við *s* + sérhljóð, *si*, *se* og *sm*. Í þeim dæmum sem fundust í rannsókninni um *s*-stuðlun hjá eldri skáldunum er ekkert dæmi um *sm*. Í öllum þeim tilvikum eru stuðlarnir sem notaðir eru á móti *s* + sérhljóð, *sj* og *sv* aðeins *sl* og *sm*. Við nánari eftir-

²⁵ Jakob Jóhannesson Smári (1923:37); Björn K. Þórólfsson (1987:XXXII).

²⁶ Veturliði Óskarsson (1999:25–26).

grennslan kom í ljós að stafasambandið *sm* virðist koma afar sjaldan fyrir í fornum kveðskap, svo sjaldan raunar að það vekur spurningu um hvort sambandið *sm* hafi yfirleitt verið í flokki með *sl* og *sn* eða verið sérstakur ljóðstafur eins og *sk*, *sp* og *st*. Þegar hér finnst allt í einu stafasambandið *sm* í *s*-stuðluninni styður það að mínu mati þá hugmynd að hér hafi Eggert verið vísvitandi að fyrna brag sinn en ekki verið í alveg nægilega góðum tengslum við fyrirmyndirnar.

Ekki verður heldur gengið fram hjá þeirri hugmynd að ef til vill hafi ekki verið um fyrningu að ræða heldur hafi Eggert einfaldlega ekki heyrt þessa misfelli sem skáld og hagarðingar með næmara brageyra sniðgengu á þessum tíma og höfðu gert lengi. Hann lítur þá einungis á klasana *sk*, *sp* og *st* sem sérstaka ljóðstafi og reiknar með að önnur *s*-pör stuðli saman án undantekninga. Benda má á að tæpum tveimur áratugum eftir lát Eggerts kom út fyrsta fræðirit sem skrifað hafði verið um íslenska bragfræði allt frá dögum Snorra. Það er rit Jóns Ólafssonar Svefneyings, bróður Eggerts, sem vitnað er til í upphafi þessarar greinar.²⁷ Ritið nefnist *Om Nordens gamle Digtekunst, dens Grundreglar, Versarter, Sprog og Foredragsmaade* og kom út árið 1786. Þar heldur Jón því fram að hinir tvöföldu ljóðstafir séu til skrauts en ekki skyldubundnir (sjá hér að framan) nema þegar um sé að ræða *sk*, *sp* og *st*. Það er í fullu samræmi við þessa niðurstöðu Jóns að Eggert bróðir hans stuðlar *sl*, *sm* og *sn* við *s* + sérhljóð. Jón var kominn undir fertugt þegar Eggert dó og er líklegt að þeir bræður hafi stundum rætt álitamál í bragfræði.

Þá er rétt að benda á að Eggert virðist ekki hafa verið alveg samkvæmur sjálfum sér hvað *s*-stuðlunina varðaði. Í kvæðinu sem nú verður skoðað er hátturinn þannig að tveir fyrstu bragliðirnir í 1., 3. og 5. braglínu eru einliðir og stuðlarnir ávallt tveir í einhverjum af þremur fyrstu bragliðunum.²⁸ Dæmi (bragliðir aðgreindir með strikum):

Sú | mér | sjón í | tálum | eigi

(Eggert Ólafsson: Fridriks vardi 1¹)

14. vísa hefst þannig:

Sjást | snart | sem hjá | ljósi | skuggi

(Eggert Ólafsson: Fridriks vardi 14¹)

²⁷ Sjá Páll Eggert Ólason 1948 A E:324–325 og 1950 J N:239–240.

²⁸ Hér mætti til samanburðar benda á „Raunakvæði“ Stefáns Ólafssonar (1948:2):

Eg | veit
eina | bauga- | -línu

Ef *sn* stuðlar við *sj* og *s*+sérhljóð eins og Eggert vill vera láta í fyrrgreindum dæmum er hér augsýnilega um ofstuðlun að ræða (sjá undirstrikun, ljóðstafirnir eru feitletraðir).

5. braglína er ávallt með tvo stuðla án tengsla við næstu línu. Dæmi:

hann | fer | **hvörs** um | muna | rann
(Eggert Ólafsson: Fridriks vardi 1⁵)

það | **skin**, | **skín** af | fegurð | hans
(Eggert Ólafsson: Fridriks vardi 9⁵)

Í tíundu vísu er 5. braglína þannig:

sízt | **sljóf** | **sama** | gjörir | jafnt.
(Eggert Ólafsson: Fridriks vardi 10⁵)

Kvæðið er alls 40 vísur sem allar hafa fimmtu braglínu eins með þessa tvo stuðla í tveimur af þremur fyrstu áhersluatkvæðunum. Ef *sl* stuðlar við *s* + sérhljóð er um ofstuðlun að ræða í 5. braglínu 10. vísu.

Ekki fundust dæmi um *s*-stuðlun hjá þeim Jóni Þorlákssyni, Sigurði Breiðfjörð og Jónasi Hallgrímssyni. Þegar kemur að Steingrími Thorsteinssyni er annað uppi á teningnum. Þar koma fyrir sex dæmi um *s*-stuðlun – svipað hlutfall og sést hjá skáldum fyrir 1400, þ.e. áður en sú breyting varð, hver svo sem hún var, sem olli því að *s*-stuðlun var hætt. Það virðist augljóst að Steingrímur hafi, líkt og Eggert Ólafsson, vísvitandi tekið þessa stuðlun upp þvert á það sem tíðkaðist á þeim tíma, hugsanlega eftir lestur bókar Jóns Ólafssonar Svefneyings. Dæmi um þessa stuðlun hjá Steingrími eru meðal annars þessi:

Ó, **sæti** ég í **sal**, er laufin rökkva,
og **snerta** mætti fríðrar klæðahjúp.
(Steingr. Thorsteinsson: Skógarsjónin 12¹⁻²)

Mig dreymdi að í **sólskini** **sæti** ég þá
hjá **smámei** við kotbæinn græna.
(Steingr. Thorsteinsson: Draumur hjarðsv. 1³⁻⁴)

Sæll úr sólskinsbrekku
smalinn horfir á.

(Steingr. Thorsteinsson: Sveitasæla 7³⁻⁴)

Sólblik þitt **sunnan**
snart hennar negg.

(Steingr. Thorsteinsson: Ísland til Hellas 2⁷⁻⁸)

Af þeim sex dæmum sem fundust um *s*-stuðlun hjá Steingrími eru þrjú með stafasambandið *sm* í einu af sætunum. Eins og getið var um hér að framan kemur *sm* aldrei fyrir sem ljóðstafur í *s*-stuðlun í þeim kvæðum sem rannsóknin nær til og ort eru fyrir 1400. Því virðist nokkuð augljóst að ef hér er um afturhvarf til fortíðar að ræða hefur Steingrímur ekki grundað það á mjög gaumgæfilegum athugunum á stuðlun fornskáldanna. Að líkindum er því sú skýring sennilegri að Steingrímur hafi ekki heyrt þessa misfelli, frekar en Eggert Ólafsson, og álitid þessa stuðlun rétta út frá þeirri kenningu að einungis klasarnir *sk*, *sp* og *st* séu sérstakir ljóðstafir sem ekki stuðli á móti öðrum hljóðum eða hljóðaklössum. Steingrímur er samkvæmur sjálfum sér hvað þessa stuðlun varðar. Það er annað en sagt verður um þá tvo sem nefndir verða hér á eftir, þá Matthías Jochumsson og Stein Steinarr, sem notuðu *s*-stuðlun þegar þeim hentaði en virðast hafa litið svo á að hún væri ekki til þegar það kom sér betur fyrir það sem þeir voru að gera.

Hjá Matthíasi Jochumssyni fundust þrjú dæmi um *s*-stuðlun. Þau líta þannig út:

Sigri samhuga
snilli, þjóðhylli.

(M. Joch.: Kvæði um Jón Sigurðsson 17⁵⁻⁶)

sem um **Snæfell** brenni
sumarlogi skær.

(M. Joch.: Til Jóns Sigurðssonar 3³⁻⁴)

syngur yngsta **sækonungi**
Snælands Gýmir frægðar-rímu.

(M. Joch.: Markús Bjarnason 9³⁻⁴)

Matthías er alls ekki samkvæmur sjálfum sér í notkun á hljóðinu *s* í stuðlun. Innan um þessi þrjú dæmi sem finnast um *s*-stuðlun getur að líta önnur þrjú bragflínupör þar sem ljóðstafirnir eru *s* + sérhljóð eða *sj* en klasarnir *sl* og *sn* standa í framstöðu í áhersluatkvæðum þannig að ef þeir stuðla við *s* + sérhljóð er um ofstuðlun að ræða. Dæmin eru þessi:

Sjá hvar **sil**furfagur
situr **Sn**æfellsás.

(M. Joch.: Til Jóns Sigurðssonar 1¹⁻²)

(Þessar línur eru endurteknaðar í næsta erindi kvæðisins)

Snorrason ég **sveik** í trú
og **seldi** kosti rýra.

(M. Joch.: Gissurar ríma Þorvaldssonar 14³⁻⁴)

slóðum lands þú **samdir** **si**ðu,
sjómenn hófst til vegs og blóma.

(M. Joch.: Markús Bjarnason 6³⁻⁴)

Í fyrsta dæminu eru ljóðstafirnir *s* + sérhljóð og *sj*, þ.e. stafapörin *sj*, *si* og *si*. *Sn* í *Snæfellsás* hlýtur því að skapa ofstuðlun ef *sn* stuðlar við *s* + sérhljóð. Það sama á við um *Sn* í *Snorrason* í öðru dæminu og *sl* í *slóðum* í því þriðja. Sá sem lætur klasana *s* + sérhljóð, *sj*, *sv*, *sl*, *sm* og *sn* mynda einn jafngildisflokk hlýtur að sjá ofstuðlun í öllum þessum dæmum. Tvö dæmi enn úr rannsókninni benda í sömu átt:

Enginn trúði **æðri** stjórn -
ekki **sj**álfur **Sn**orri.

(M. Joch.: Gissurar ríma Þorvaldssonar 6¹⁻²)

höll, sem geymir **listaljóma**
langa tíð í **snilldar smíði**.

(M. Joch.: Sjáland 5³⁻⁴)

Í fyrra dæminu eru sérhljóðarnir ljóðstafir. Ef *sj* stuðlar við *sn*, eins og gerist í *s*-stuðlun, er hér um aukaljóðstafi að ræða. Í seinna dæminu eru ljóðstafirnir samhljóðinn *l* en ef *sn* stuðlar við *sm* (um það finnast raunar ekki dæmi) þá verða *sn* í *snilldar* og *sm* í *smíði* aukaljóðstafir.

Þess má geta að þegar skoðuð var tafla yfir ofstuðlun og aukaljóðstafi (sjá um framkvæmd rannsóknarinnar hér að framan) kom í ljós að Matthías var vandvirkari en mörg önnur skáld hvað það varðaði. Hjá honum fannst aðeins eitt dæmi um ofstuðlun og eitt dæmi um aukaljóðstafi fyrir utan þessi braglínupör sem nú var tekið dæmi af. Það þykir mér benda eindregið til þess að hann hafi alla jafna ekki litið á *s* + sérhljóð, *sv*, *sj*, *sl*, *sm* og *sn* sem einn jafngildisflokk en látið það eftir sér að nota þessa klasa saman í stuðlun þegar formið var honum erfitt og tekið það upp eftir öðrum skáldum, til dæmis Steingrími Thorsteinssyni.

S-stuðlun finnst hvorki hjá Kristjáni Jónssyni Fjallaskáldi né Davíð Stefánsyni. Þegar kemur að Steini Steinarr eru dæmin hins vegar þrjú. Þau eru þannig:

Sjáðu til, þar **sitja** margir
og **smátt** mun eftir handa þér.

(Steinn Steinarr: Vöggugjöf. 4³⁻⁴)

Svo styttist þessi ganga **smátt** og **smátt**,
og **seinast** stendurðu einn við luktar dyr.

(Steinn Steinarr: Í áfanga 3¹⁻²)

Og **sízt** vér munum **syrgja**
hve **smátt** að launum galzt.

(Steinn Steinarr: Til minningar um misheppnaðan tónsnilling 6¹⁻²)

Það vekur athygli þegar þessi dæmi eru skoðuð að öll dæmin þrjú hafa klasann *sm* í einhverju sætinu. Hér að framan hefur verið rætt um sérstöðu *sm* í *s*-stuðluninni og ástæðulaust að bæta við það öðru en því að hafi þeir Eggert Ólafsson og Steingrímur Thorsteinsson verið á skjön við forna hefð þegar þeir brugðu fyrir sig *s*-stuðlun þá er Steinn það enn frekar. Skáld sem uppi voru fyrir 1400 notuðu í *s*-stuðlun nánast eingöngu *s* + sérhljóð, *sv* og *sj* með *sl* og *sm* en Steinn notar þar eingöngu *sm*. Einnig er forvitnilegt að skoða nokkur dæmi sem fyrir komu í kvæðum Steins þar sem umræddir klasar koma fyrir í framstöðu án þess að vera ljóðstafir og skoðast því sem aukaljóðstafir ef reglur um *s*-stuðlun eru í gildi. Dæmin eru þessi:

Nú spyr ég þig, **öreiga-æska**
sem **auðvaldið smáir** og **sveltir**.

(Steinn Steinarr: Öreigaeska 6¹⁻²)

hart meðan heimsins rúta
hringveltist sína slóð.

(Steinn Steinarr: Brúðkaupskvæði 1³⁻⁴)

Bragarföngin burtu sett,
botn í söng minn sleginn.

(Steinn Steinarr: Hlíðar-Jóns rímur 32¹⁻²)

Í fyrsta tilvikinu eru klasarnir *sm* og *sv* í framstöðu hlið við hlið í áhersluatkvæðum. Í báðum seinni dæmunum er um að ræða *s* + sérhljóð á móti *sl*, einnig hlið við hlið. Hjá Steini fundust aðeins þrjú dæmi um aukaljóðstafi en í öllum tilvikum voru þeir aðskildir, þ.e. að minnsta kosti einn bragliður á milli þeirra. Hér standa þeir hins vegar hlið við hlið, þ.e. ef við gerum ráð fyrir að *s* + sérhljóð, *sv*, *sj*, *sl*, *sm* og *sn* stuðli saman. Aukaljóðstafir sem standa hlið við hlið munu af flestum skáldum vera taldir mun meira lýti heldur en ef einn eða fleiri bragliðir standa á milli þeirra.²⁹ Af þessu að dæma virðist Steinn fylla flokk þeirra skálda sem nota *s*-stuðlun þegar þeim hentar en nema hana úr gildi, ef svo má að orði komast, þegar á þarf að halda.

Af því sem skráð er hér að framan virðist augljóst að eftir tímabilid um 1400 til um 1500–1550 er *s*-stuðlun ekki lengur notuð, hver svo sem ástæðan kann að vera. Þessi breyting er gengin yfir á tímum Halls Ögmundssonar. Hjá honum finnst aðeins eitt dæmi um *s*-stuðlun sem þýðir í raun, þegar borið er saman við skáldin sem skoðuð voru þar á undan, að jafngildisflokkarnir eru breyttir frá því sem var. Fjögur dæmi fundust hjá Eysteini Ásgrímssyni, átta hjá Sturlu Þórðarsyni (sjá töflu 1). Eftir það hafa einstaka skáld notað þessa stuðlun. Þau skáld hafa hins vegar öll verið ósamkvæm sjálfum sér og notað *s*-stuðlun þegar það hentaði en horft fram hjá reglunni eins og hún væri ekki til þegar þess þurfti með, nema Steingrímur Thorsteinsson. Skáldin sem þessi rannsókn beindist að og uppi voru eftir daga Halls Ögmundssonar eru alls þrettán talsins. Hjá níu þeirra fundust engin dæmi um þessa stuðlun.

4.4 Gnýstuðlarnir *sk*, *sp*, *st*, *sl*, *sm* og *sn*

Klasarnir *sl*, *sm* og *sn* hafa verið til umfjöllunar hér að framan án þess að heitið *gnýstuðlar* hafi verið notað. Í *s*-stuðlun mynda þessir

²⁹ Ragnar Ingi Aðalsteinsson (1996:39–40).

klasar jafngildisflokk með *sj*, *sv* og *s* + sérhljóða en gnýstuðlar verða þeir ekki fyrr en þeir standa, hver fyrir sig, í öllum sætum sem ljóðstafir.

Um gnýstuðlana *sk*, *sp* og *st* er fátt að segja annað en að niðurstöður úr athugun á þeim komu ekki á óvart. Klasinn *sk* kemur 114 sinnum fyrir í stuðlasamböndum, *sp* 8 sinnum og *st* 91 sinni. Lausleg athugun á fjölda orða í *Ordbog over det gamle norske sprog* (ljósprent 1954) og *Íslenzkri orðabók* (1980) bendir til þess að þessar tölur séu í nokkuð góðu samræmi við fjölda þessara orða í tungumálinu, þ.e. að á móti hverjum 8–9 orðum sem byrja á *sp* megi finna um það bil 110–120 orð sem hafa *sk* í framstöðu og í kringum 90 sem byrja á *st*. Klasinn *sk* kemur ekki fyrir hjá Braga Boddasyni sem skýrist væntanlega af því hve lítið er til eftir hann. Eftir það finnst *sk* í stuðlun hjá öllum skáldunum, mismörg dæmi hjá hverju þeirra. Flest eru þau hjá Stefáni Ólafssyni, sautján talsins, en fæst hjá Kristjáni Jónssyni Fjallaskáldi, tvö. Svipuð niðurstaða er með klasann *st* nema þar eru dæmin heldur færri og sveiflurnar minni. Það hve klasinn *sp* kemur sjaldan fyrir getur skýrst af því að orð sem byrja á *sp* eru miklum mun færri en þau sem hefjast á *sk* eða *st*. Þar sem þessi orð ganga ekki inn í neinn annan jafngildisflokk verða þau út undan í stuðluninni. Það er athyglisvert að oftast kemur klasinn *st* fyrir hjá Stefáni Ólafssyni, alls níu sinnum. Ekki er í sjónmáli nein skýring á því hvers vegna þessi austfirski klerkur stuðlaði oftast með gnýstuðlum en önnur skáld. Ef til vill er hér um einskæra tilviljun að ræða.

Ekki er neinn sjáanlegur munur á þessum þremur klösnum eftir því frá hvaða tíma dæmin eru tekin. Gnýstuðlarnir *sk*, *sp* og *st* virðast hafa haldið hlut sínum í stuðluninni án þess að þar yrðu nokkrar þær sveiflur sem vert er að veita athygli.

Annað er uppi á teningnum þegar lítið er á gnýstuðlana *sl*, *sm* og *sn*. Þeirra verður ekki vart fyrr en hjá Halli Ögmundssyni þegar klasinn *sm* er í öllum sætunum (sjá töflu 1). Eftir það koma þeir fyrir hjá níu skáldum til viðbótar, alls sextán sinnum. Athyglisvert er að samböndin *sl* og *sn* (e.t.v. *sm*) koma fyrst fyrir sem gnýstuðlar eftir að *s*-stuðlun er hætt. Þetta sést best þegar lítið er á töflu 1 og súluritin í töflu 2 og 3. Athyglisvert er að klasinn *sm* kemur ekki fyrir nema einu sinni. Eins og áður hefur verið bent á eru orð sem hafa *sm* í framstöðu mjög fá. Lausleg könnun var gerð til að ganga úr skugga um þetta atriði. Taldir voru í *Íslenzkri orðabók* (1980) helstu orðstofnar sem hefjast á *sl*, *sm* og *sn*. Niðurstaðan var sú að orðstofnar sem hafa *sl* í framstöðu reyndust vera um 130, þeir sem hefjast á *sm* töldust tæplega 120

en þeir sem byrja á *sm* voru rétt um 40. Þessar tölur geta skýrt það hvers vegna klasinn *sm* fannst ekki oftast sem gnýstuðull í þeim kveðskap sem rannsóknin náði til.


4.5 Samandregnar niðurstöður

Helstu niðurstöður úr rannsókninni má draga saman á eftirfarandi hátt:

Sníkjuhljóðsstuðlun hefur aldrei náð neinni varanlegri fótfestu í íslenskum kveðskap. Henni bregður fyrir, fyrst á 16. (15.) öld og aftur á 18. öld. Á 19. og 20. öld nota að minnsta kosti tvö skáld hana að einhverju marki. Alls finnst hún hjá fjórum af þeim skáldum, tuttugu og einu alls, sem skoðuð voru.


Öðru máli gegnir um *s*-stuðlun. Hún er viðvarandi hjá öllum skáldum fram á 14. öld eins og sést í töflu 2. Eftir það hverfur hún og sést ekki aftur fyrr en hjá Eggerti Ólafssyni á 18. öld. Steingrímur Thorsteinsson tekur svo þessa stuðlun upp og notar hana mikið í sínum kveðskap. Þar finnst hún í svipuðum mæli og hjá fornskáldunum. Tvö skáld til viðbótar, Matthías Jochumsson og Steinn Steinarr, nota *s*-stuðlun en í litlum mæli. Þeir eru báðir ósamkvæmir sjálfum sér í því efni og stuðla annað veiðið eins og *s*-stuðlun sé ekki til. Það á einnig við um Eggert Ólafsson. *S*-stuðlun fannst hjá fjórum af þeim þrettán skáldum sem yngri eru en Hallur Ögmundsson.

Tafla 2: *S*-stuðlun



Klasinn *sm* vakti sérstaka athygli í rannsókninni. Talið hefur verið að *sm* hafi stuðlað móti *s* + sérhljóði, *sj*, *sv*, *sl* og *sn* í *s*-stuðluninni. Þegar niðurstöður úr rannsókninni voru skoðaðar vaknaði grunur um að klasinn *sm* hafi í stuðlun verið nær því að vera sérstakur ljóðstafur, þ.e. gnýstuðull, líkt og *sk*, *sp* og *st*. Í öllum þeim dæmum sem fundust um *s*-stuðlun, hjá þeim sem eldri eru en Hallur Ögmundsson, var stuðlað við *sl* eða *sn*, aldrei við *sm*. Viðbótarkönnun sem gerð var á eddukvæðum styður þessa hugmynd.³⁰ Þar fundust 108 dæmi um *s*-stuðlun en *sm* kom þar aðeins tvisvar sinnum fyrir sem stuðull. Þó að orð sem hafa *sm* í framstöðu séu allmiklu færri en hin sem hafa þar *sl* eða *sn* (sjá í 4.4 um fjölda orðstofna sem byrja á *sl*, *sm* og *sn*) skýrir það ekki svo mikinn mun.

Tafla 3: Stuðlun með gnýstuðlunum *sl*, *sm* og *sn*



Gnýstuðlarnir *sk*, *sp* og *st* hafa haldið sínum hlut í stuðluninni frá fyrstu tíð og litlar sveiflur var þar að finna. Þegar kemur að gnýstuðlunum *sl* og *sn* er annað uppi á teningnum eins og sést í töflu 3. Þeirra verður fyrst vart á 16. öld og eftir það bregður þeim fyrir í stuðlun af og til. Dæmin eru alls sextán hjá níu skáldum. Eina dæmið um *sm* sem gnýstuðul fannst hjá Halli Ögmundssyni.

Til að skýra tengsl gnýstuðlanna *sl*, *sm* og *sn* annars vegar og *s*-stuðlunar hins vegar er rétt að benda á súluritin í töflu 2 og töflu 3

³⁰ *Eddukvæði* I og II. (1985).

hér að ofan. Þá kemur í ljós að fyrstu gnýstuðla með *sl*, *sm* og *sn* verður vart um sama leyti og *s*-stuðlunin hverfur. Þetta er athyglisverð niðurstaða, meðal annars með tilliti til umræðunnar um stuðlun við sníkjuhljóð sem gerð var grein fyrir í 2. kafla.

5. Lokaorð

Eitt af því sem vekur athygli þegar titið er yfir 2. kafla greinarinnar, þar sem gerð er grein fyrir umræðunni um hlutverk hljóðsins *s* í stuðlun meðal fræðimanna á 18., 19. og 20. öld er sú staðreynd að margir virðast ekki hafa gert sér fulla grein fyrir því hver þróun þessa hljóðs hafði verið í ljóðstafasetningunni. Bæði Jóhannes L. L. Jóhannsson og Jakob Jóhannesson Smári eru á þeirri skoðun að *sk*, *sp* og *st* séu einu gnýstuðlarnir. Þetta kemur heim við það sem Jón Ólafsson Svefneyingur heldur fram í fræðiriti sínu sem nefnt er fyrr í greininni. Augljóst er að Jón miðar við fornöldina og gerir sér ekki grein fyrir þeirri breytingu sem varð á notkun ljóðstafsins *s* undir lok miðalda eða lítur að minnsta kosti vandlega fram hjá henni. Skáldin sem vilja kynna sér kveðskaparfræði og lesa þessa bók lenda þá í þeirri togstreitu að verða að velja á milli þess sem hinn lærði og virti fræðimaður heldur fram og hins sem tíðkast hafði í kveðskaparhefð skálda og hagarðinga árhundruðin þar á undan. Þetta gæti verið skýringin á því hvers vegna skáld nota *s*-stuðlun stundum en líta þess á milli fram hjá henni líkt og þeim finnist að þau hafi leyfi til að stuðla í báðar áttir, ef svo má segja, þ.e. eins og þeim finnist í aðra röndina að *s*-stuðlun sé ekki í gildi. Slík undanbrögð við stuðlasetningu eru afar fátíð en þeirra verður helst vart þegar framburðarbreytingar eiga sér stað og jafngildisflokkar eru á hreyfingu af þeim orsökum.

Öðrum fræðimönnum og skáldum, til dæmis Sigurði Kristófer Péturssyni og Sveinbirni Beinteinssyni, var ljóst að hefðin var á þá lund að klasarnir *sl*, *sm* og *sn* væru gnýstuðlar, þ.e. sérstakir ljóðstafir. Af rannsókninni að dæma virðist svo sem heldur fleiri skáld en færri hafi áttað sig á því hver hefðin var, líkt og þeir Sveinbjörn og Sigurður, og titið fram hjá kenningum Jóns Svefneyings (sjá töflu 2).

Tungumál eru í stöðugri þróun og þegar breytingar verða á framburði getur svo farið að jafngildisflokkar stuðlasetningarinnar raskist. Þetta er þekkt úr íslenskri bragsögu, til dæmis hvað varðar hljóðin *v* og *j*. Til forna stuðluðu bæði þessi hljóð á móti sérhljóðum enda voru þau hálfserhljóð. Það átti eftir að breytast; *v* hætti að líkindum að stuðla við sérhljóð á 10. öld, *j* stuðlar við sérhljóð allt fram í byrjun

17. aldar.³¹ Framburðarbreytingar verða til þess að skáld og hagrýðingar setta sig ekki við stuðlunina eins og hún er og breyta jafngildisflokkunum til samræmis við framburðinn. Slíkar breytingar á stuðluninni taka að jafnaði langan tíma og eru oft ekki gengnar yfir að fullu fyrr en löngu eftir að framburðarbreytingin hefur átt sér stað. Allt þarf þetta að hafa sinn aðlögunartíma og brátt nær stuðlunin aftur jafnvægi á nýjum forsendum. Það sem gerðist með *s*-stuðlunina er á hinn bóginn afar óvenjulegt, þ.e. að hún var tekin upp aftur um það bil 300 árum eftir að breytingin á stuðluninni gekk yfir. Slíkt er í fullkomnu trássi við allar hefðir enda sýnir rannsóknin, svo ekki verður um villst, að *s*-stuðlun hefur aldrei náð neinni varanlegri fótfestu eftir að hún hvarf úr kveðskapnum um eða upp úr 1400.

HEIMILDIR

- Björn Karel Þórólfsson. 1987. *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. Bókin var áður gefin út af Fjelagsprentsmiðjunni 1925.
- Eddukvæði I og II. 1985. Ólafur Briem annaðist útgáfuna. Veröld, Reykjavík.
- Eysteinn Sigurðsson. 1986. „Athugasemdir um *h*- og *hv*- í stuðlun.“ *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 8:7–29.
- Finnur Jónsson. 1892. *Stutt íslensk bragfræði*. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn.
- Fritzner, Johan. 1954. *Ordbog over Det gamle norske Sprog*. Nytt uforandret opptrykk av 2. utgave (1883-1896). Tryggve Juul Møller Forlag, Oslo.
- Höskuldur Þráinsson. 1981. „Stuðlar, höfuðstafir, hljóðkerfi.“ *Afmælis-kvæða til Halldórs Halldórssonar 13. júlí 1981*:110–123. Íslenska málfræðingafélagið, Reykjavík.
- Íslensk bókmenntasaga* II. 1993. Böðvar Guðmundsson, Sverrir Tómasson, Torfi H. Tulinius og Vésteinn Ólason ritstýrðu. Mál og menning, Reykjavík.
- Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. 1980. Árni Böðvarsson ritstýrði. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Jakob Jóhannesson Smári. 1923. *Íslensk málfræði*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík.

³¹ Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2004:68 og 70–73).

- Jóhannes L. L. Jóhannsson. 1895. „Um ný-íslenska bragfræði.“ *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, XVI:230–252.
- Jón Ólafsson (Svefneyingur) (John Olafsen). 1786. *Om Nordens gamle Digtekunst, dens Grundreglar, Versarter, Sprog og Foredragsmaade*. August Fridrich Stein, Kiøbenhavn.
- Kristján Árnason. 2000. *The Rhythms of Dróttkvætt and other old Icelandic Metres*. *Institute of Linguistics*. University of Iceland, Reykjavík.
- Páll Eggert Ólason. 1948–1976. *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*. Birt á kostnað Hins íslenska bókmenntafélags, Reykjavík.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 1996. *Suttungur*. Iðnú, Reykjavík.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2004. *Frá Braga til Steins. Nokkrar athuganir á stuðlasetningu í íslenskum kveðskap*. Óprentuð námsritgerð við íslensku-skur Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Sigurður Kristófer Pétursson. 1996. *Hrynjandi íslenskrar tungu*. Ljósprentun eftir 1. útgáfu í Dögun ehf., Reykjavík.
- Snorri Sturluson. 1999. *Edda. Háttatal*. Edited by Anthony Faulkes. Viking Society for Northern Research. University College of London. First published by Clarendon Press in 1991.
- Stefán Ólafsson. 1948. *Ljóðmæli*. Andrés Björnsson gaf út. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Sveinbjörn Beinteinsson. 1953. *Bragfræði og háttatal*. H.f. Leiftur, Reykjavík.
- Veturliði Óskarsson. 1999. „Íslensk bók í þýsku bókasafni.“ *Ritmennt* 4:9–32.
- Porgeir Sigurðsson. 2001. „Rímstuðlar. Um tengsl ríms, atkvæðaskiptingar og stuðla í íslenskum skáldskap.“ *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 23:215–227.
- Þorsteinn G. Indriðason. 1990. „Að stuðla við sníkjuhljóð.“ *Mínir* 29:8–20.

Skrá og bókfræðilegar upplýsingar um þau skáld
sem rannsóknin náði til

- Arnór Þórðarson jarlaskáld. 1967. *Den norsk-islandske skjaldedigtning*, A I:332–354. Finnur Jónsson gaf út. Rosenkilde og Bagger, Kaupmannahöfn.
- Bragi Boddason. 1967. *Den norsk-islandske skjaldedigtning*, A I:1–5. Finnur Jónsson gaf út. Rosenkilde og Bagger, Kaupmannahöfn.
- Davíð Stefánsson. 1952. *Að norðan*. Helgafell, Reykjavík.
- Davíð Stefánsson. 1960. *Í dögun*. Helgafell, Reykjavík.
- Eggert Ólafsson. 1832. *Kvæði*. S. L. Möller, Kaupmannahöfn.

- Egill Skalla-Grímsson. 1967. *Den norsk-islandske skjaldedigtning*, A I:34–60. Finnur Jónsson gaf út. Rosenkilde og Bagger, Kaupmannahöfn.
- Einar Sigurðsson í Heydölum. 2000. *Vísnaþók Guðbrands*. Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Einar Skúlason. 1967. *Den norsk-islandske skjaldedigtning*, A I:455–485. Finnur Jónsson gaf út. Rosenkilde og Bagger, Kaupmannahöfn.
- Eysteinn Ásgrímsson. 1967. *Den norsk-islandske skjaldedigtning*, A II:363–395. Finnur Jónsson gaf út. Rosenkilde og Bagger, Kaupmannahöfn.
- Hallgrímur Pétursson. 1996. *Passíusálmar*. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík.
- Hallgrímur Pétursson. 1956. *Króka-Refs rímur*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Rit Rímnafélagsins VII. Rímnafélagið, Reykjavík.
- Hallur Ögmundsson. 1922–1927. *Kvæðasafn eftir nafngreinda íslenska menn frá miðöldum og síðari öldum*. Hið íslenska bókmentafélag, Reykjavík.
- Jón Arason. 1918. *Jón Arasons religiöse Digte*. Finnur Jónsson gaf út. Bianco Lunos Bogtrykkeri, Kaupmannahöfn.
- Jón Þorláksson. 1976. *Kvæði, frumort og þýdd*. Heimir Pálsson bjó til prentunar. Rannóknastofnun í bókmenntafræði og Menningarsjóður, Reykjavík.
- Jónas Hallgrímsson. 1989. *Ljóð og lausamál*. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Kristján Jónsson. 1986. *Ljóðmæli*. Matthías Viðar Sæmundsson sá um útgáfuna. Almenna bókafélagið, ljóðaklúbbur, Reykjavík.
- Matthías Jochumsson. 1936. *Ljóðmæli*. Magnús Matthíasson, Reykjavík.
- Sighvatur Þórðarson. 1967. *Den norsk-islandske skjaldedigtning*, A I:223–275. Finnur Jónsson gaf út. Rosenkilde og Bagger, Kaupmannahöfn.
- Sigurður Breiðfjörð. 1951 og 1953. *Ljóðasafn I og II*. Ísafoldarprentsmiðja h.f., Reykjavík.
- Sigurður Breiðfjörð. 1966. *Rímnasafnið*. Sveinbjörn Beinteinsson hefur tekið saman. Helgafell, Reykjavík.
- Stefán Ólafsson. 1885. *Kvæði*. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.
- Steingrímur Thorsteinsson. 1958. *Ljóðmæli*. Prentsmiðjan Leiftur, Reykjavík.
- Steinn Steinarr. 1964. *Kvæðasafn og greinar*. Helgafell, Reykjavík.
- Sturla Þórðarson. 1967. *Den norsk-islandske skjaldedigtning*, A II:101–129. Finnur Jónsson gaf út. Rosenkilde og Bagger, Kaupmannahöfn.

Kristín Svava Tómasdóttir

litla stúlkan með eldspýturnar

litla stúlkan með eldspýturnar
liggur í snjónum fyrir utan mæðrastyrksnefnd
með eldspýtustokkinn í annarri og hasspípuna í hinni
kveikir í hverri pípunni á eftir annarri
og sér jafnóðum sýnir
reyndar var amma hennar drykkjusjúklingur af arnarnesinu
og tórir enn þannig að það er
kurt cobain í rósóttum kjól sem leiðir litlu stúlkuna
yfir í betri heim

um morguninn finnur hana gigtveik einstæð móðir
úr breiðholtinu með þrjú börn (eitt
lesblint eitt ofvirkt og eitt fjölfatlað)
hún er sjálf að bíða eftir síðustu vél inni paradís
en hryðjuverkamenn hafa yfirtekið vélina
og fluginu seinkar um óákveðinn tíma.

Þorsteinn Þorsteinsson

Þankabrot um ljóðbyltingar

Í grein sem ég skrifaði á hálftrar aldar afmæli fyrstu ljóðabókar Sigfúsar Daðasonar bar ég fram tvær spurningar án þess svo sem að reyna mikið til að svara þeim: „Í hverju fólst sú bylting sem varð í ljóðagerð á Íslandi á fimmta áratug síðustu aldar, og hvernig stóð á henni?“¹ Báðar spurningarnar eru yfirgripsmiklar en þó ætti að vera hægt að svara þeirri fyrri af nokkru öryggi með athugun og samanburði á ljóðum sem ort voru á Íslandi fyrir og eftir 1945 (svo eitthvert ártal sé nefnt), en þetta tvennt, athugun og samanburður, hefur löngum verið meginaðferð bókmenntakönnunar og bókmenntasögu. Ýmsir hafa þegar lagt fram slíkar athuganir.² Síðari spurningin, um orsakir ljóðbyltingarinnar, er annars eðlis og mun örðugri viðfangs. Henni verður ekki svarað með einum saman athugunum, og hún er ekki bundin við Ísland eitt. Hér verður staðhæft að hún verði ekki skilin nema í samhengi við þá byltingu í ljóðagerð sem varð á seinni-hluta 19. aldar í Frakklandi og endurkast þeirrar byltingar víða um lönd á fyrrihluta hinnar tuttugustu. Spurningin er áleitin þegar lítið er yfir það undraverða tímabil í íslenskri menningarsögu sem fimmti áratugurinn var, og ætlunin er að skoða hana og fleiri atriði hér á eftir þótt við endanlegum svörum sé ekki að búast.

Misgamlir jafnaldrar

Bandaríkjamaðurinn Peter Carleton (Kári Marðarson) sem skrifaði doktorsritgerð um þróun íslenskrar ljóðlistar á 20. öld benti á atriði sem er einkar athyglisvert frá sjónarmiði bókmenntasögu. Hann spurði: Hvers vegna höfðaði *Eyðilandið* eftir T.S. Eliot til Hannesar

¹ Þorsteinn Þorsteinsson (2001:113–140).

² Dæmi: Peter Carleton (1967), Eysteinn Þorvaldsson (1980; 2002; 2004), Örn Ólafsson (1992). Þá hafa verið skrifaðar nokkrar BA-ritgerðir um skáld tímabilsins.

Sigfússonar á fimmta áratug aldarinnar en ekki til Stefáns frá Hvítadal, samtíðarmanns Eliots?³ Þeir Stefán og Eliot voru jafnaldrar, aðeins eitt ár á milli þeirra, og byrjuðu að yrkja um svipað leyti. Eliot mun hafa farið að birta ljóð eitthvað fyrr, en þeir sendu frá sér sína fyrstu bók með árs millibili, Eliot 1917 og Stefán 1918. Með báðum bókunum kom nýr tónn inn í ljóðagerð á íslensku og ensku,⁴ en samt eru bækurnar gjörólíkar. Við skulum taka dæmi af upphafsljóðunum. Stefán byrjar bók sína svo:

Svanir fljúga hratt til heiða,
 huga minn til fjalla seiða.
 Vill mér nokkur götu greiða?
 Glóir sól um höf og lönd.
 Viltu ekki, löngun, leiða
 litla barnið þér við hönd?

Nú finn ég vorsins heiði í hjarta.
 Horfin, dáin nóttin svarta.
 Ótal drauma blíða, bjarta
 barstu, vorsól, inn til mín.
 Það er engin þörf að kvarta,
 þegar blessuð sólin skín. [...]

En Eliot sína svo:

Let us go, then, you and I,
 When the evening is spread out against the sky
 Like a patient etherised upon a table;
 Let us go, through certain half-deserted streets,
 The muttering retreats
 Of restless nights in one-night cheap hotels
 And sawdust restaurants with oyster-shells:
 Streets that follow like a tedious argument
 Of insidious intent

³ Peter Carleton (1967:x).

⁴ Um skáldið sem orti *Söngva förumannsins* ritaði Halldór Laxness: „Hann flutti íslenskri ljóðagerð nýan áslátt“ (1962:104). Um „Prufrock“ og önnur kvæði Eliots frá sama tíma ritaði David Perkins: „[N]o other poet in England or the United States had written anything so arrestingly „modern““ (1976:492).

To lead you to an overwhelming question ...
 Oh, do not ask, 'What is it?'
 Let us go and make our visit.

In the room the women come and go
 Talking of Michelangelo.

The yellow fog that rubs its back upon the window-panes,
 The yellow smoke that rubs its muzzle on the window-panes
 Licked its tongue into the corners of the evening,
 Lingered upon the pools that stand in drains,
 Let fall upon its back the soot that falls from chimneys,
 Slipped by the terrace, made a sudden leap,
 And seeing that it was a soft October night,
 Curled once about the house, and fell asleep. [...]

Einhver kynni að segja sem svo að hæpið sé að dæma bækurnar eftir því einu hvernig upphafsljóð þeirra byrja. Það er að vísu rétt að sýnið er lítið, en það er engu að síður dæmigert, og svipað kæmi í ljós ef önnur ljóð væru skoðuð. Af hverju eru þá bækur þessara jafnaldra jafn ólíkar og raun ber vitni? Svárið getur varla verið nema á einn veg: Það var annar tími í ljóðlist á íslensku en ensku, kynslóð Stefáns var ekki móttækileg fyrir skáldskap af því tagi sem Eliot var að yrkja, og þekkti hann lítt eða ekki.⁵ Öðru máli gegndi þegar komið var fram á fimmta áratug aldarinnar. Þótt menn segi oft sem svo að listin sé ein er augljóslega rangt að ganga út frá því að klukkan sýni sama tíma á öllum stöðum. Eða svo var að minnsta kosti við upphaf síðustu aldar. En berum ljóðin aðeins saman og athugum í hverju munur þeirra er fólgin.

Sviðið er í fyrsta lagi gjörólíkt. Annarsvegar sveit, náttúra, hinsvegar borg og 'ónáttúra', öðru nafni firring. Ljóð Stefáns („Vorsól“) er innilega lýrískt, það er þakkaróður og persónuleg lofgjörð um yndi vorsins, en kvæði Eliots er dramatísk einræða, lögð öðrum manni í munn, og strax í titlinum („The Love Song of J. Alfred Prufrock“) kemur fram kaldhæðni og fjarlægð.

⁵ Nýlega hefur hinsvegar verið bent á kynni Stephans G. Stephanssonar af *Grasblöðum* Walt Whitman og *Eyðilandi* Eliots. Mjög forvitnilegt er að sjá viðbrögð hans, sbr. grein Guðrúnar Bjarkar Guðsteinsdóttur „Stephan G. og módernisminn“ (2004:123–140).

„Vorsól“ er með afbrigðum samræmisfull smíð, bragurinn reglulegur (fjórir hnígandi tvíliðir í línu nema stúfur í 4. og 6. línu), rím-mynstrið einfalt og formfast (AAAbAb), og endurtekið kvenrím stuðlar að því flæði sem er einkennandi fyrir ljóðið. Jafnvel ljóðstafasetningin er venju fremur regluleg (*síðstuðlum* undantekningalítið). Hjá Eliot má hinsvegar tala um upplausn bragformsins þó enn séu reyndar leifar af því eftir. Ljóðlínur eru mjög misjafnar að lengd, frá tveimur upp í sex áhersluatkvæði („Let us go, through certain half-deserted streets, / The muttering retreats“), en þó eru einar sex þeirra alveg regluleg stakhenda (jambískur fimmlíðaháttur) og fleiri nálægt því að vera það. Bragliðir eru einnig ójafnir og hrynjandin því misgeng. Rímið bindur víða tvær línur saman, en aðrar eru stakar, allt rím er karlrím nema „is it | visit“ – sem auk þess að flytja þá merkingu sem í orðunum býr hefur það hlutverk að loka kafla. Meginmunurinn er sá að hjá Eliot fylgir rímið ekki lengur ströngum reglum eins og hjá Stefáni, það er valkostur, listbragð.

Myndmálið hjá Stefáni kemur fram í þeim (sjónrænum) myndum (svanir á flugi, glóandi sólin) eða einföldum myndhverfingum (löngun leiðir barn við hönd sér, mælandi finnur heiðríkju vorsins í hjarta sér, nóttin svarta er dáin). Hann notar tvívegis stílbragðið *ávarp* (sem er fornt en tíðkaðist hvað mest á tíma rómantísku stefunnar): talar til hugtaka (löngunar, vorsólar) sem persónur væru. Hjá Eliot er myndmálið sýnu fjörugra, myndhverfingar og samlíkingar eru harla nýstárlegar og ólíkar þeim sem tíðkast í daglegu máli: Kvöldið [borgin að kvöldlagi] liggur flatt undir himninum eins og sjúklingur í svefn-dái á skurðarborði;⁶ göturnar eru eins og lymnskuleg leiðindarök sem krefja mann svara; og alltumlykjandi þokan er sýnd í líki flækingskattar.

Einn munur er athyglisverður enn. Ljóðið „Vorsól“ er allt steipt í sama mót, í því ríkir sami hugblær frá upphafi til enda, það er ‚lífræn heild‘ eins og sagt var á rómantíska tímanum í Bretlandi og lengi síðan að skáldverk ættu að vera. Í „Prufrock“ er hugblærinn hinsvegar ekki samfelldur, öðru nær. Farið er úr einni tóntegund í aðra og hugblærinn breytist þegar minnst varir eins og enn betur sést þegar lengra líður á kvæðið.

Rússneski málvísindamaðurinn Roman Jakobson, sem starfaði lengi í Bandaríkjunum, hélt því fram að helsta einkenni ljóðlistar væri

⁶ Myndin er varla einræð en ég hef alltaf skilið hana svo.

análogía, sífelld og reglubundin endurtekning hliðstæðra eininga.⁷ Þetta gildir vitaskuld einkum um ljóð í bundnu máli, en allt frá upphafi vestrænna bókmennta hjá Forngríkkjum og fram á seinni hluta 19. aldar voru ljóð ekki ljóð nema þau væru bundin á margvíslegan máta, og orðalagið ‚ljóð í bundnu máli‘ hefði verið jafn óhugsandi fram yfir miðja tuttugustu öld á Íslandi og ‚skáldsaga í óbundnu máli‘.

Sá sem sendir frá sér boð þarf að velja orð úr safni tungumálsins og tengja þau saman í setningar. Skáld sem yrkir bundið velur orðin og raðar þeim saman með tilliti til þess sem Jakobson kallaði *jafngildisreglu*, en hún birtist í því að samskonar eða jafngildar einingar eru endurteknar aftur og aftur eftir ákveðnum reglum. Skoðum nú „Vorsól“ í þessu ljósi. Kvæðið skiptist í fimm erindi sem öll eru af sama toga, og hvert erindi aftur í sex samskonar ljóðlínur. Línurnar („Svanir fljúga hratt til heiða, / huga minn til fjalla seiða“ o.s.frv.) eru skipaðar jöfnum bragliðum þar sem þung og létt atkvæði skiptast á, og síðustu bragliðir hverrar línu mynda hljóðlíkingu við aðra bragliði í sömu stöðu (heiða, seiða, greiða; lönd, hönd o.s.frv.). Þá eru ljóðlínur bundnar saman á þann hátt að sama hljóð er endurtekið í upphafi þriggja bragliða (*hratt til, heiða, huga; blíða, bjarta, barstu*), en það fyrirbæri (ljóðstafasetning eða stuðlun) lifir núorðið einungis í íslenskri ljóðlist. Kvæðið „Vorsól“ er með öðrum orðum samræmisfullur vefur eininga sem mynda hliðstæður af margvíslegu tagi, í því er jafngildisreglan ljóslega að verki. Nokkuð öðru máli gegnir um „Prufrock“ Eliots; þar er samræmið hvergi nærri hið sama. Þar er að vísu allvíða rím og nokkrar alveg reglulegar ljóðlínur, en yfirleitt eru þær misjafnar að lengd og flestar eru ekki háttbundnar á þann veg að í þeim skiptist á með reglubundnum hætti þung og létt atkvæði. Í stað háttbundinnar hrynjandi kemur setningahrynjandi sem nálgast verulega talað mál. Samt hefur hljóðmynd „Prufrocks“ ýmis einkenni bundins máls; auk rímsins má til dæmis benda á hljóðlíkinguna í eftirfarandi línunum:

⁷ Hér er einkum vísað til greinar Jakobsons „Linguistics and poetics“ (upphaflega fyrirlestur fluttur 1958) sem er t.d. að finna hjá David Lodge (1988:32–61). Einnig er góð umfjöllun eftir Þóri Óskarsson um Jakobson í *Íslenskri stílfraði* (1994:51–53). – Jakobson benti á að ‚skáldleg virkni‘ máls sem hann kallaði svo (e. *poetic function*, þýð. Þóris Óskarssonar) birtist ekki bara í skáldverkum. Frekari dæmi eru til að mynda stuðlun í málsháttum og pólitískum slagorðum: Kátt er í koti þá karl er ekki heima. Allt er betra en íhaldið – eða rím í orðasamböndum og málsháttum: Að hrökkva eða stökkva. Svo er margt sinnið sem skinnið.

Let us go, through certain half-deserted streets,
 The muttering retreats
 Of restless nights in one-night cheap hotels
 And sawdust restaurants with oyster-shells ...

Þar sem endurtekin *r*-, *s*-, *t*-hljóð en einkum *st*- og *ts*-hljóðasambönd eru áberandi (streets, retreats, restless, sawdust, restaurants, oyster-shells), meira en svo að hending ráði.⁸

Mér hefur orðið tíðrætt um samræmið í ljóði Stefáns, en það var eins og áður segir einkennandi fyrir allan skáldskap á Vesturlöndum frá upphafi hans hjá Grikkjum hinum fornu, en tók þó á sig mismunandi myndir. Við ljóðbyltinguna sem hófst á seinnihluta 19. aldar í Frakklandi gerðist það hinsvegar, meðal annars, að skáldin urðu afhuga samræmi af þessu tagi. Hvað olli þeim sinnaskiptum?

Allt breytist ...

Við vitum að bókmenntir breytast frá einum tíma til annars. Til dæmis eru löng epísk kvæði á borð við Hómerskviður ekki ort lengur, dróttkvæði og rímur heyra sögunni til, en hvað veldur breytingunum? Eru þar innri orsakir að verki eða ber að leita þeirra utan bókmenntanna? Flestir aðhyllast líklega þá skoðun að orsakanna sé að leita í breyttum heimi en þó er það ekki einhlítt svar, enda er þá óskýrt hvernig breyttur heimur leiðir til breyttra ljóða.

Rússnesku formalistarnir (Roman Jakobson, Viktor Shklovskí, Boris Eikhenbaum o.fl.) á öðrum áratug síðustu aldar beindu athygli sinni að því sem þeir kölluðu *bókmenntaleika*, því sem greindi bókmenntir frá nytjatextum, með öðrum orðum að tungumálinu og ýmsum þeim listbrögðum sem skáldin beittu til að ná áhrifum, svo sem því að framandgera texta á margvíslegan máta. Slík bókmenntaleg stílbrögð fölna við notkun og sífellt þarf að finna ný. Bókmenntir eru samkvæmt þessari skoðun með innbyggðu hreyfiafli, þær breytast af sjálfu sér vegna þess að nýjungar úreldast óðar en varir. Í þessu er tvímælalaust fólgin sannleikskjarni, þannig má skýra ýmsar minniháttar breytingar, en í rauninni er þetta ekki annað en skýring á því

⁸ Því má bæta við þennan samanburð á ljóðum hinna misgömlu jafnaldra að Eliot lauk við „Prufrock“ í París og München 1911 og Stefán orti „Vorsól“ að líkindum í Reykjavík skömmu síðar. Um það kvæði segir Halldór Laxness (1962:106): „... mun vera ort í Unuhúsi vorið 1912 eftir sjúkdómsvetur og þrenginga“.

hversvegna tískan er sífellt að breytast. Og dugir með engu móti til að gera grein fyrir grundvallarbreytingum á borð við ljóðbyltinguna í Frakklandi á 19. öld.

Algengt er að rekja breytingar sem verða í bókmenntum til áhrifa sem skáld sækja sér til annarra skálda. Í formála bókar sinnar *Ljóðastund á Signubökkum* segir Jón Óskar:

Sú bylting, sem hófst í franskri ljóðlist á síðari hluta nítjándu aldar, gerðist að nokkru leyti fyrir áhrif frá rómantísku stefnunni í Þýskalandi, að nokkru leyti fyrir áhrif frá enskum og amerískum bókmenntum.⁹

Það er áreiðanlega rétt að stefnan sem breytingarnar tóku í Frakklandi réðst sumpart af utanaðkomandi áhrifum. Til dæmis stuðluðu kynni skáldsins Jules Laforgue af fríljóðum Whitmans og þýðingar hans á þeim tvímælalaust að því að fríljóð unnu sér á skömmum tíma sess í franskri ljóðlist, en við það kom los á franska ljóðhefð. Annað dæmi: Í „Prufrock“ og fleiri kvæðum Eliots frá sama tíma eru greinileg áhrif frá Laforgue sem hann hafði kynnst heima í Bandaríkjunum 1908, þá tvítugur að aldri. Eliot hefur sagt frá því að hann las bók um franska sýmbólismann og varð altekinn af þeirri hugmynd að Laforgue ætti við hann sérstakt erindi, pantaði sér ritsafn hans frá Frakklandi og fann með hjálp hans sína eigin rödd, aðferð til að yrkja eins og honum var eiginlegt að yrkja.¹⁰ Næsta víst er að breytingarnar í enskri ljóðagerð á öðrum áratug aldarinnar hefðu orðið með eitthvað öðrum hætti ef þessara kynna hefði ekki notið við. En hinar djúptæku breytingar á hugmyndum franskra skálda um hvernig yrkja mætti ljóð verða ekki skýrðar með einum saman áhrifum frá skáldskap annarstaðar.

Enda munu flestir að líkindum aðhyllast þá skoðun að breytingar í bókmenntum og listum eigi sér félagslegar orsakir, stafi af breyttum þjóðfélagsháttum. Þeirra á meðal voru rússneskir marxistar, samtímamenn formalistanna sem áður voru nefndir. Lev Trotskí mótmælti þeirri kenningu formalistanna að formið lifði sjálfstæðu lífi og væri inntakinu fremra sem mótunarafi: „Nýtt listform [...] verður til sem svar við nýjum þörfum“,¹¹ og svipaðra viðhorfa gætti í Bakhtín-

⁹ Jón Óskar (1988:11).

¹⁰ Peter Ackroyd (1985:33–35); T.S. Eliot (1998:399–409).

¹¹ *Marxistisk litteraturteori* (1973:83).

hringnum. Brecht var sannfærður um að ný form þyrfti til að fjalla um nýja hluti: „Aðeins nýtt inntak þolir ný form. Það krefst þeirra meira að segja.“¹² En það voru ekki bara marxistar sem röktu breytingar til félagslegra afla. Þeirrar skoðunar var til að mynda einnig T.S. Eliot sem skrifaði: „Þróun ljóðlistarinnar er í sjálfu sér merki um þjóðfélagsbreytingar.“¹³

Hér að framan ræddi ég um greiningu Jakobsons á bundnum ljóðum. Má draga af henni ályktanir um ljóðbyltinguna frönsku og orsakir hennar? Sjálfur spurði Jakobson ekki slíkra spurninga mér vitanlega enda var það ekki háttur strúktúralista að hugsa þannig, þeir lögðu allt upp úr samtímalegri lýsingu á tungumálinu og fyrirbærum þess. En ég hygg að ýmislegt megi af greiningu hans ráða. Franski bókmenntafræðingurinn Yves Vadé ræðir til að mynda kenningar Jakobsons og kemst svo að orði:

Skáldskapur í bundnu máli hefur verið til frá ómunatíð og bragkerfi hafa haldist stöðug öldum saman. Sennilega er það órjúfanlega tengt eldfornum hugmyndum um að veröldin sé byggð á samsvörunum, sé samræmisfull heild.¹⁴

Gæti hér verið komin ein helsta ástæðan fyrir upplausn bundins máls í ljóðlist? Að forsenda þess hafi verið brostin, sú forna trú að í sköpunarverkinu ríki samræmi hið innra sem ytra, veröldin sé byggð á speglunum og samsvörunum, hún sé eining þar sem míkrokosmos svari til makrókosmoss. Vadé bendir á að *misræmi í tóni* (írónía, meinhæðni) hafi farið vaxandi á 19. öld í franskri ljóðlist, fyrst hjá sumum rómantísku skáldanna en síðan skáldum eins og Rimbaud, Tristan Corbière og Laforgue. Þetta *viljandi ósamræmi* innan ramma versgerðarinnar á sér stað alveg á sama tíma og prósaljóð eru að verða til. Og skömmu síðar birtast fyrstu tilraunir með fríljóð. Eftir árpúsunda stöðugleika fer nú að hrikta í byggingu skáldskaparins. Og árið 1894 flytur Mallarmé fyrirlestur í Oxford og Cambridge og kynnir nýjungarnar:

¹² „Nur die neuen Inhalte vertragen neue Formen. Sie fordern sie sogar.“ Bertolt Brecht (1966:333).

¹³ „... the development of poetry is itself a symptom of social changes“. T.S. Eliot (1933:22).

¹⁴ Yves Vadé (1996:205–206).

Ég hef reyndar fréttir að færa. Hinar óvæntustu. Annað eins hefur ekki vitnast. Það hefur verið hróflað við ljóðlínunni.¹⁵

Það sem einkenndi ljóðlínuna í frönskum brag – og var ólíkt brag sem byggðist á lengd atkvæða (eins og í forngrísku) eða misþungri áherslu atkvæða (eins og í íslensku og öðrum germönskum málum) – var atkvæðatalningin, fastur fjöldi atkvæða í ljóðlínu. Sú breyting var því róttæk þegar ‚hróflað‘ var við ljóðlínunni. Atkvæðatalning og rím höfðu hlítt afar ströngum reglum,¹⁶ og frönsk ljóðlist var miklu niðurnjörvaðri en til dæmis ljóð á íslensku eða ensku. Vadé dregur síðan þá ályktun að samræmisfullum brag hafi verið hafnað –

af því að hann hæfir ekki til að túlka veröld sem er sundruð, miðjulaus, í brotum, en einmitt þannig kemur okkur heimur nútímans fyrir sjónir af ástæðum sem í senn eru sögulegar, félags- og þekkingarfræðilegar.¹⁷

Þetta er athyglisverð tilgáta. Að ljóðbyltingin sé andóf gegn samræmisfullum ljóðheimi í samræmislausri veröld. Eða svo vikið sé við orðum Brechts um nauðsyn þess að grípa til nýrra aðferða í leikhúsi: Þegar heimurinn hæfir ekki lengur ljóðforminu þá hæfir ljóðformið ekki lengur heiminum.¹⁸

Í orðum Brechts felst að nýtt inntak sprengi af sér form sem ekki hæfa því. Breikki bilið um of verði bylting. Ætla má að byltingarskaldunum hafi ekki þótt hefðbundin ljóðform og skáldskaparaðferðir duga til að fjalla um ýmis ný yrkisefni sem iðnvæðing og borgvæðing höfðu fætt af sér og löngu var farið að fást við í skáldsögum. Þeim fannst brýnt að um allt mætti fjalla í ljóðum og höfðu ekki sömu hugmyndir og eldri kynslóðir um hvað væri ‚skáldlegt‘. Þau vildu losna við pótískar klisjur og færa ljóðmál nær töluðu máli síns tíma.

¹⁵ „J'apporte en effet des nouvelles. Les plus surprenantes. Même cas ne se vit encore. On a touché au vers.“ Hér ívitnað eftir Vadé (1996:206).

¹⁶ Sjá t.d. Jean Milly (1992:237–259).

¹⁷ Yves Vadé (1996:207).

¹⁸ Árið 1926 hefur Elísabet Hauptmann eftir Brecht svofellda athugasemd um vanda þess að fjalla um ýmsa þætti nútímalífs í hinu gamla þriggja eða fimm þátta leikriti: „Þessir hlutir eru ekki dramatískir í venjulegum skilningi, og þegar þeir eru „umortir“ þá eru þeir ekki lengur sannir [...] og þegar við sjáum að heimur samtímans hæfir ekki lengur leikritsforminu þá hæfir leikritsformið einfaldlega ekki lengur samtímanum.“ Hauptmann (án ártals:243).

Minna má á fyrstu grunnreglu ímagista: að fjalla *beint* um hlutina,¹⁹ sem þýddi meðal annars að sniðganga skyldi margt það sem áður þótti skáldlegt. Þetta fór reyndar í bága við hugmyndir frönsku sýmbólistanna sem Mallarmé orðaði svo: „Að *nefna* hlutina er að eyðileggja þrjá fjórðu hluta nautnarinnar af ljóði sem fólgin er í því að þeir renni upp fyrir manni smám saman: að *gefa* hlutina í *skyn*, það er draumurinn“, enda þurfi alltaf að vera leyndardómur í skáldskap og markmið allra bókmennta sé að kveikja grun, særa hlutina fram.²⁰ Segja má að sú tvennskona ljóðhugsun sem hér hefur verið ýjað að togist á með ýmsum hætti í nútímaskáldskap (Pound væri fulltrúi annars sjónarmiðsins, Eliot hins).

Örn Ólafsson er sannur formalisti og kallar það „atvinnusjúkdóm menntamanna“ að gefa gaum að hugmyndum í bókmenntaverkum.²¹ Allt um það er sannfæring mín að ekki sé hægt að rekja þróunarsögu nútímabókmennta að neinu gagni án þess að huga að því um hvað þær fjalla, án þess að skoða yrkisefnin eða með öðrum orðum þær hugmyndir sem leituðu á skáldin. Hér sem oftast dugar enginn *either-orism* – ekki *annaðhvort* form eða inntak – því þættirnir eru samofnir og áhrif þeirra gagnkvæm. Rangt væri þó að álíta að hið nýja inntak framkalli sjálfkrafa breytingar á formi, því formið – eða ljóðhefðin öllu heldur – lifir að vissu leyti sjálfstæðu lífi og hefur níu líf eins og kötturinn. Ung skáld sem eitthvað kveður að finna hinsvegar þörf hjá sér til að brjótast undan valdi eldri kynslóða og gamla hefða og finna sinn eigin tón, enda hafa formtilraunir sett mikinn svip á nútímaskáldskap og leitinn að hinu nýja og ókunna má heita eitt helsta vígorð skáldanna.²² Því eins og Pound hafði eftir Apollinaire: Það er ekki hægt að burðast með líkið af föður sínum hvert sem maður fer.²³

¹⁹ „1. Direct treatment of the ‘thing’ whether subjective or objective.“ Í „A Retrospect“, Ezra Pound (1963:3).

²⁰ „*Nommer un objet, c’est supprimer les trois-quarts de la jouissance du poème qui est faite de deviner peu à peu: le suggérer, voilà le rêve. [...] Il doit y avoir toujours énigme en poésie, et c’est le but de la littérature, – il n’y en a pas d’autres – d’évoquer les objets.*“ Stéphane Mallarmé (1945:869).

²¹ Örn Ólafsson (1992:23).

²² Í áður nefndri grein minni minntist ég á Baudelaire í þessa veru (Þorsteinn Þorsteinsson 2001:138, 15. amgr.); hið ókunna (*l’inconnu*) var grunnstef hjá Rimbaud; og *Make it new!* var vígorð Pounds.

²³ Ég hef ekki fundið þessi orð hjá Apollinaire en Pound sítarar þau svo í grein um vortisismann 1914: „on ne peut pas porter *partout* avec soi le cadavre de son père“. Walter Höllerer (2003:318).

Eflaust veldur fleira því að byltingarástand skapaðist í ljóðlist. Til dæmis voru ljóð frá öndverðu sungin eða kveðin og flutt við hljóðfæraleik og þá er augljós stuðningur að reglufestu formsins, því ákveðin minnstækni er fólgin í háttbundnum brag.²⁴ En eftir því sem tíðara varð að ljóð væru lesin í einrúmi varð síður þörf á að leggja þau á minnið. Og þar kom að laust mál fór að sækja á sem miðill bókmennta (hugtakið ‚bókmenntir‘ er reyndar mjög ungt), en lengi vel þekktust frásagnir, hetjusögur (epík) og einkum leikrit (drama) varla nema í bundnu máli. Búast mátti við því að röðin kæmi að lýrískum skáldskap einnig, að um hann losnaði sömuleiðis.

Með fráhrarfi frá brag á seinni hluta 19. aldar var ljóðhefðin rofin með róttækum hætti. Ég er því alveg ósammála Erni Ólafssyni sem telur að bragfrelsi komi módernisma ekkert við, enda sé það „ekki talið einkenni módernisma í helstu fræðilegu yfirlitsritum“ sem hann hafi séð.²⁵ Þau orð gætu bent til þess að hann hafi ekki lesið mörg slík rit, en kannski er skýringin einkum sú hversu skilgreining hans á módernisma er fjarskalega þröng, mun þrengri en enska hugtakið *modernism*, og hæfir varla öðrum ljóðum en þeim sem eiga ættir að rekja til súrrealisma.

Ef við hinsvegar lítum á nútímaljóð í öllum sínum fjölbreytileika má þvert á móti halda því fram að frelsi undan bragreglum hafi verið forsenda nýrrar ljóðhugsunar af margvíslegu tagi sem telja má ein-kennandi fyrir nútímaljóð. Þar á meðal væru eftirfarandi nýjungar: (1) Prósaljóð, (2) fríljóð og frjáls hrynjandi, ný fyrir hvert ljóð, „hrynjandi tónhendingarinnar“ (Pound), (3) raðkvæmar myndir eins og í súrrealisma, og sjá má til dæmis í íslenskum ljóðabókum eins og *Imbrudögum* eftir Hannes Sigfússon eða *Óljóðum* eftir Jóhannes úr Kötlum,²⁶ (4) ljóðbygging ólík því sem er í brag: rofin framvinda, mósaík-myndir, blandað og ósamstætt efni (klausur á erlendum málum, samtalsbútar, löng sitöt eins og t.d. í *Cantos* eftir Pound).

Sú eðlisbreyting ljóðsins sem fólgin er í fráhrarfi frá reglulegum brag virðist óafturkræf. Hið bundna ljóð lifir þó áfram í íslenskum skáldskap sem söngtexti (frá öndverðu hafa ljóð verið ort til söngs);

²⁴ Einar Bragi (1/1955:25) vísar að þessu í grein sinni „Í listum liggur engin leið til baka“ og minnir á vísuorð Einars í Eyðölum: „Kvæðin hafa þann kost með sér / þau kennast betur og lærast ger / en málið laust úr minni fer“.

²⁵ Örn Ólafsson (1992:24).

²⁶ Dæmi: „Fingur organistans svæfa myrkt brimið / Síðförull maður seytlar fram úr spennnum greipunum“ (Hannes Sigfússon 1982:65); „fylltust himpigimpi / tólfkóngaviti / gáfu kampalampa / súm hinum dindilsnúnu“ (Jóhannes úr Kötlum 1962:44).

sem háþroskað og fágað form, „fullkomin“ smíð (sonnetta); sem gamanbragur (misræmi efnis og forms hefur löngum verið uppspretta skops); sem meitlað smáform – hnyttið, kersknisfullt, flytjandi lífspeki (ferskeytla, limra) – og á vonandi eftir að lifa lengi enn.

Nýjar tegundir ljóða

Charles Baudelaire (1821–67) hefur af mörgum verið talinn það skáld sem helst mætti kalla föður nútímaljóðlistar. Í þeirra hópi var T.S. Eliot sem nefndi meðal annars að Baudelaire hefði unnið það afrek að gera stórborgina að efniviði ljóða.²⁷ Aðrir nefna að í ljóðum Baudelaire í *Les fleurs du mal* sé horfið frá hinni samræmisfullu klassísku fegurðarhugsjón og í staðinn komi tvíbent afstaða til fegurðar nútímans (*la modernité* var grundvallarhugtak í skrifum Baudelaire um listir) sem tíðum sé fegurð ljótleikans. Enn aðrir nefna þá nýju ljóðtegund sem hann vann brautargengi, prósaljóðið.

Baudelaire gaf út fyrstu prósaljóð sín 1855 og safn þeirra ljóða hans kom út að honum látnum undir heitinu *Petits poèmes en prose* árið 1869. Æ síðan hafa prósaljóð verið ort í Frakklandi og um allar jarðir og til hans er tegundin gjarna rakin, þó hann teldi sig raunar ekki upphafsmann hennar.²⁸ Ég ætla ekki að ræða neitt að ráði um tegundina sjálfa hér en líta þess í stað á prósaljóð yngra skálds, Artúrs Rimbaud, og skoða þar önnur atriði en ljóðformið sjálft.²⁹ Fyrsta ljóðið í safninu *Illuminations* hefst á þessa leið:

Après le Déluge

Aussitôt que l'idée du Déluge se fut rassise,
Un lièvre s'arrêta dans les sainfoins et les clochettes mou-
vantes et dit sa prière à l'arc-en-ciel à travers la toile de
l'araignée.

²⁷ „Baudelaire is indeed the greatest exemplar in *modern* poetry in any language.“ Í „Baudelaire“ (1951:426). Og í greininni „What Dante means to me“ [1954] talar Eliot um að af Baudelaire hafi hann lært „the poetical possibilities [...] of the more sordid aspects of the modern metropolis“ og að „the sort of experience that an adolescent had had, in an industrial city in America, could be the material for poetry“ (1978:126).

²⁸ Í tileinkun sem hann skrifaði vísar hann á Aloysius Bernard sem fyrirrennara sinn og bók hans *Gaspard de la nuit*.

²⁹ Um ljóðtegundina hef ég fjallað í grein um prósaljóð Sigfúsar Daðasonar (Þorsteinn Þorsteinsson 2003:152–167).

Oh! les pierres précieuses qui se cachaient, – les fleurs qui regardaient déjà.

Dans la grande rue sale les étals se dressèrent, et l'on tira les barques vers la mer étagée là-haut comme sur les gravures. Le sang coula, chez Barbe-Bleue, – aux abattoirs, – dans les cirques, où le sceau de Dieu blêmit les fenêtres. Le sang et le lait coulèrent.

Les castors bâtirent. Les «mazagrans» fumèrent dans les estaminets.

Dans la grande maison de vitres encore ruisselante les enfants en deuil regardèrent les merveilleuses images.³⁰ [...]

(*Eftir syndaflóðið*)

Jafnskjótt og hugmyndinni um syndaflóðið var fullnægt, staðnæmdest héri innanum kvik puntstrá og klukkublóm og fór með bæn sína til regnbogans gegnum kóngulóarvefinn. Sjá þá dýrmætu steina sem huldu sig – blómin sem þegar gægðust upp.

Á forugri aðalgötunni voru kjötbúðirnar opnaðar og bátar voru dregnir til sjávarins sem blasti við tignarlega eins og á teiknimynd.

Blóðið streymdi hjá Bláskegg – í sláturhúsunum – í hringleikahúsunum, þar sem bjarma sló frá innsigli guðs á glugga. Blóðið og mjólkin streymdu.

Þjórarnir byggðu. Kaffið ilmaði í hressingarskálunum.

Í stóra glerhúsinu, sem enn sindraði af regninu, horfðu sorgarklædd börnin á undursamlegar myndirnar.³¹ [...]

Það sem fyrst vekur athygli er að ekki er verið að lýsa þekktum eða þekktanlegum heimi. Ljóðið líkir ekki eftir veruleikanum, það býr til nýjan veruleika. *Mimesis*, eftirlíking – þetta atriði sem allt frá Aristótelesi hafði verið talið aðal skáldskapar virðist gjörsamlega horfið.³² Þó er skýr þróun í ljóðinu; syndaflóð hefur riðið yfir og undir

³⁰ Arthur Rimbaud (1972:121). Heitið *Illuminations* þýðir Jón Óskar *Uppljómanir*.

³¹ Jón Óskar (1988:98).

³² M.H. Abrams rekur andóf gegn *mimesis* aftur á seinni hluta 18. aldar í bók sinni *The Mirror and the Lamp* (1971:27 og víðar). Bókarheitið lýsir þessari breytingu: ljóðið hættir að vera spegill og verður lampi. Svipaða sögu segir Tzvetan Todorov í „La crise romantique“ (1977:179–234).

lokin ákallar mælandi náttúruna og biður um fleiri slík: „vötn og sorgir, stígið upp og hefjið aftur syndaflóðið“.³³ Ljóðið er voldug sýn, enda hafði skáldið stefnt að því frá fyrstu tíð, eins og hann lýsti í frægum bréfum sextán ára gamall, að verða *sjáandi*. Var að undra þótt súrrealistar tækju Rimbaud í dýrlingatölu?³⁴

Annað sem er eftirtektarvert við ljóðið er hvað það er „raunsæislegt“ í öllum sínum óraunveruleika. Það er nánast án myndlíkinga eða annarra þeirra stílbragða sem algeng eru í ljóðum, og sama gildir um önnur ljóð í safninu. Í hverju er þá skáldskapargildi þeirra fólgið? „Textar Rimbauds hafna eftirlíkingu og það gerir þá skáldlega,“ ritar Tzvetan Todorov.³⁵

Þjóðverjinn Hugo Friedrich skrifaði bók um nútímaljóð sem mun hafa haft nokkur áhrif hér á landi á síðari hluta nýliðinnar aldar, þó varla meðal skálda.³⁶ Meðal annars er hún greinilega biblía Arnar Ólafssonar við ritun *Kóralforsþils hafsins* og hún setur einnig mark á seinnihluta *Atómskálda* Eysteins Þorvaldssonar. Í henni eru margar góðar einstakar athuganir, en ókostir hennar eru þó yfirgnæfandi að mínum dómi þó ekki sé tóm til að rökstyðja það að ráði hér,³⁷ og felast einkum í tvennu: annarsvegar í alltof skematískum og alhæfandi skilningi á nútímaljóðum,³⁸ og í því hinsvegar að skoða nútímaljóð fyrst og fremst sem frávik frá eldra normi en ekki sem nýjan og fullveðja veruleika sem bjóði upp á áður óþekktar möguleika í skáldskap, dýrmæta möguleika. Enda segir höfundur um sjálfan sig: „Ég uni mér betur í fylgd Goethes en Eliots“.³⁹

³³ „Eaux et tristesses, montez et relevez les Déluges.“

³⁴ Allt það mál er reyndar skrautlegt eins og fleira í sögu hreyfingarinnar. Dýrkunin beið nokkurn hnekki þegar Breton ákvað að Rimbaud gæti ekki verið þeirra maður úr því að afturhaldsgaurinn Paul Claudel hefði getað eignað sér hann. Sbr. seinna súrrealistaávarpið, André Breton (1972:80).

³⁵ „La poésie sans le vers“, Todorov (1987:79).

³⁶ *Die Struktur der modernen Lyrik · Von Baudelaire bis zur Gegenwart*.

³⁷ Ég gæti nefnt eftirfarandi bókmenntamenn sem hafa gagnrýnt bókina á mismunandi forsendum: Sigfús Daðason (2000:264–65), Paul de Man (1983:171–74), Antoine Compagnon (1990:58–64).

³⁸ Hugo Friedrich er haldinn þeim erfðalesti kenningarans að einfalda fyrirbærin svo þau passi öll í sama skemað – sem hann kallar „die Struktureinheit der modernen europäischen Lyrik“ (1971:10). Það hugtak er hreinn hugarburður, nær lagi væri að tala um „die Strukturvielfalt“. Friedrich alhæfir út frá vissum þáttum í frönskum skáldskap; af enskumælandi skáldum fjallar hann nánast um Eliot einan, í vægast sagt furðulegum kafla (bls. 198–200).

³⁹ Hugo Friedrich (1971:10).

Um ljóðasafnið *Illuminations* skrifar Friedrich að það sé „texti sem ekki býst við lesanda. Hann kærir sig ekki um að vera skilinn“.⁴⁰ Það má til sanns vegar færa að lítt stöðar að reyna að skilja „Eftir syndaflóðið“ á sama hátt og til að mynda „Næturljóð vegfaranda“ eftir Goethe. Engu að síður hefur textinn eignast marga aðdáendur í hópi ljóðalesenda á þeim 120 árum sem liðin eru síðan hann birtist fyrst á prenti.⁴¹

Það sem Friedrich setur fyrir sig er frávikið frá því normi að ljóð sé ‚skiljanlegt‘ og byggt á *mimesis* – eftirlíkingu þekktis veruleika. En reyndar hefur ekki staðið á tilraunum til að túlka þetta ljóð Rimbauds á hefðbundinn máta. Útgefandi Pléiade-útgáfunnar (1972) rekur eina slíka túlkun þar sem ljóðið er í smáatriðum heimfært á Parísarkommúnuna, fall hennar og endurreisn borgaralegra háttá. Þótt það sé vissulega virðingarvert að reyna af ítrasta megni að *skilja* skáldskap má minna hér á gamla sögu. Eftir að móðir Rimbauds las *Árstíð í víti* á hún að hafa spurt son sinn hvað hann meinti með ljóðunum, og Rimbaud svarað: „Ég meinti það sem þau segja, bókstaflega og í öllum merkingum.“⁴² Þetta, ásamt öðru, leggur Marjorie Perloff út á þann veg að ekki beri að skilja ljóð Rimbauds táknrænum eða allegórískum skilningi, og það held ég sé skynsamlegt sjónarmið.

Sú róttæka ljóðhugsun að ljóð skuli vera sköpun alveg nýs og sjálfstæðs veruleika er merkur þáttur í nútímaljóðlist og kemur til að mynda fram hjá Lautréamont, Rimbaud og víða í sýrrealismanum. Ummerki um þennan ljóðskilning í íslenskum skáldskap frá því um miðja öldina má til dæmis sjá í sumum ljóðum *Tímans og vatnsins*. En hann er fjarri því að vera dæmigerður fyrir öll nútímaljóð. Hans gætir til að mynda lítið í ljóðlist á ensku.



Tvær nýjar ljóðtegundir urðu til þegar bragur hætti að vera grundvöllur allrar ljóðlistar: prósaljóð og fríljóð. Seinni tegundin er kölluð *free verse* á ensku, sem virðist reyndar fela í sér mótsögn því að *verse* þýðir ‚bundið mál‘, enda var heitið upphaflega notað í niðrunarskygni. Engin slík mótsögn er hinsvegar í franska heitinu *vers libre(s)*, sem hið

⁴⁰ Hugo Friedrich (1971:84).

⁴¹ Í tímaritinu *La Vogue*, ritsstj. Gustave Kahn, maí/júní 1886.

⁴² „J'ai voulu dire ce que ça dit, littéralement et dans tous les sens.“ Hér haft eftir Marjorie Perloff (1999:28).

enska er þó þýðing á, því það þýðir einfaldlega ‚frjálsar ljóðlínur‘ (*poème en vers libres*), og fól upphaflega einungis í sér frelsi undan atkvæðatalningunni sem áður var minnst á, föstum atkvæðafjölda í línu. Til að mynda var rími oft haldið að einhverju leyti (eins og sjá má t.d. í kvæðinu „Zone“ eftir Guillaume Apollinaire sem Jón Óskar hefur þýtt).⁴³

Fyrirbærið var upphaflega kallað ‚frjálst ljóðform‘ eða ‚ljóð í frjálsu formi‘ á íslensku, og auk þess ‚óbundið ljóð‘, en heiðurinn af heitinu ‚fríljóð‘ á Helgi Hálfðanarson.⁴⁴ Það heiti hefur þann kost að það verður ekki notað um prósaljóð einnig, en fyrri heitin voru óskýr að því leyti. Helsta einkenni fríljóðs er vitaskuld að það er bragleysa, en öfugt við prósaljóð skiptist það í ljóðlínur, mislangar og með óreglu- legri hrynjandi. Svo að dæmi séu tekin frá upphafi íslenskrar nútíma- lýrikur þá er „Sorg“ Jóhanns Sigurjónssonar fríljóð en „Söknuður“ nafna hans Jónssonar ekki því hrynjandi þess er háttbundin (dakt- ýlskur fimmiðaháttur mestanpart). Fríljóð eru yfirleitt rímlaus og hin íslensku án ljóðstafasetningar. Þó eru þar undantekningar og bæði Hannes Pétursson og Þorsteinn frá Hamri stuðla sín fríljóð, en nota að vísu yfirleitt ekki þá þriggja ljóðstafa stuðlun sem algengust er í bundnu máli.⁴⁵ Erindaskipting fríljóða fer eftir efni, líkt og skipting lausamáls í efnisgreinar, og línulengd miðast gjarna við merkingar- heildir enda nálgast hrynjandin setningahrynjandi lausamáls og fjöl- breytni hennar virðast lítil takmörk sett.

Ekki er fullljóst hvaða frönsku skáldi ber sá heiður að hafa fyrstur ort fríljóð, en Rimbaud er þó talinn líklegur titilhafi. Í safninu *Illuminations* sem prentað var að honum fjarstöddum eru tvö fríljóð. Hið fyrra hljóðar svo (og lausleg þýðing fylgir):

Marine

Les chars d'argent et de cuivre –
Les proues d'acier et d'argent –
Battent l'écume, –
Soulèvent les souches des ronces.

⁴³ „Útgarðar“, Jón Óskar (1991:56–64).

⁴⁴ Sbr. Örn Ólafsson (1992:15).

⁴⁵ Hannes Pétursson hefur gert góða grein fyrir aðferð sinni í stuttri athugasemd, „Ljóðstafir“ [1977] (2002:57).

Les courants de la lande,
 Et les ornières immenses du reflux,
 Filent circulairement vers l'est,
 Vers les piliers de la forêt,
 Vers les fûts de la jetée,
 Dont l'angle est heurté par des tourbillons de lumière.

(Sjávarlífsmynd)

Vagnar úr silfri og kopar –
 kinnungar úr stáli og silfri –
 þeyta upp löðrinu –
 rífa upp rætur þyrnirunna.
 Rastirnar á heiðinni,
 og feiknlegar rákir útfallsins,
 halda í sveig í austurátt,
 í átt til súlnanna í skóginum,
 í átt til stofnanna undir bryggjunni,
 sem er skekin af hvirfilbyljum ljóss.)

Um efni ljóðsins og framvindu er það einkum athyglisvert hvernig saman renna í eina heild ólíkar myndir af landi og sjó sem raðað er upp til skiptis og án tenginga að heita má. (Þannig er til dæmis fyrsta línan ekki myndhverfing um skipin sem táknuð eru með hluta í stað heildar (kinnungar⁴) í annarri línu, eins og ætla mætti við fyrstu sýn.) Ekkert eimir hér eftir af fastri línulengd frönsku hefðarinnar, engar samliggjandi línur hafa sama atkvæðafjölda, heldur ræðst lengdin af „segðum“, orðum sem saman heyra setningafræðilega. Rím er með öllu horfið.

Ljóðið er talið geta verið ort 1873 eða svo en það birtist ekki fyrr en 1886 og þá með öðrum fríljóðum í tímaritinu *La Vogue*. Það ár má telja upphafsár fríljóðsins í Frakklandi og eftir það verður ekki aftur snúið. Ritstjórinn, skáldið Gustave Kahn, var ötulasti talsmaður þessa ljóðforms og átti í ritinu nokkur slík ljóð. Jules Laforgue átti einnig fríljóð í ritinu, bæði frumsamin og þýðingar úr *Leaves of Grass* eftir Whitman. Í formála að ljóðabók sinni *Premiers poèmes* komst Gustave Kahn seinna svo að orði um mikilvægi hins nýja forms, að það leyfði hverju skáldi að móta sjálft ljóðlínur sínar og erindi og að „yrkja sína eigin einstaklingsbundnu hrynjandi í stað þess að íklæðast fyrirfram

tilsnidnum einkennisbúningi“.⁴⁶ Svo er að sjá sem einmitt þetta atriði – möguleikinn á persónulegri hrynjandi – hafi verið það sem skáldum þótti hvað eftirsóknarverðast. Seinna átti Ezra Pound eftir að tala fjálglega um kosti þess. „Ég trúí á alskapaða hrynjandi, það er að segja ljóðhrynjandi sem samsvarar nákvæmlega þeim geðhrifum sem tjá skal [...] ég trúí á tækni sem prófstein á einlægni manns.“⁴⁷

Bandaríska skáldið Walt Whitman varð fyrstur til að yrkja heila bók með frljóðum. Bókin *Leaves of Grass* (sem Einar Benediktsson nefndi *Grasblöð* og þýddi úr í tímarit sitt *Útsýn* 1892) kom út árið 1855 og síðan í mörgum útgáfum, aukin og endurskoðuð. Kvæðin voru býsna ólík hinum frönsku frljóðum sem seinna litu dagsins ljós og einnig þeim ensku frá öðrum áratug síðustu aldar. Mælskan var áberandi og aðferðin líktist á margan hátt ljóðaköflum *Gamla testamentisins*, Ljóðaljóðunum og Davíðssálmum. Hér er upphaf eins frægasta kvæðisins (úr floknum *Söngurinn um sjálfan mig*, nr. 21):

I am the poet of the Body and I am the poet of the Soul,
The pleasures of heaven are with me and the pains
of hell are with me,
The first I graft and increase upon myself, the latter I translate
into a new tongue.

I am the poet of the woman the same as the man,
And I say it is as great to be a woman as to be a man,
And I say there is nothing greater than the mother of men.

(Ég er skáld Holdsins og ég er skáld Sálarinnar,
Gleði himins ber ég með mér og kvöl helvítis ber ég með mér,
Gleðina græði ég út á sjálfum mér, kvölinni sný ég á nýja tungu.

Ég er skáld kvenna jafnt og karla,
Ég segi að göfugt sé að vera kona ekki síður en karl.
Og ég segi að ekkert sé móðerninu æðra.)⁴⁸

⁴⁶ „L'importance de cette technique nouvelle [...] sera de permettre à tout poète de concevoir en lui son vers ou plutôt sa strophe originale, et d'écrire son rythme propre et individuel au lieu d'endosser un uniforme taillé d'avance et qui le réduit à n'être que l'élève de tel glorieux prédécesseur.“ (1897:28).

⁴⁷ „I believe in an 'absolute rhythm', a rhythm, that is, in poetry which corresponds exactly to the emotion or shade of emotion to be expressed [...] I believe in technique as the test of a man's sincerity.“ Ezra Pound (1963:9).

⁴⁸ Þýðing Sigurðar A. Magnússonar (2002:56).

Segja má að Whitman standi utan við meginstraum nútímaljóða. Hann er mælskur og margorður, gefur tilfinningunum lausan tauminn, notar mikið endurtekningar (ekki síst *anaforu*, endurtekningu í upphafi línu) og langar ljóðlínur. Engu að síður hefur hann haft áhrif á mörg skáld á tuttugustu öld, til að mynda bandarísku skáldin Carl Sandburg og Edgar Lee Masters og seinna Beat-skáldin, ekki síst Allan Ginsberg.⁴⁹ Hann var kunnur meðal ljóðavina á Íslandi á fimmta áratugnum, og til dæmis átti Sigfús Daðason þá *Leaves of Grass*. En lengi vel átti hann sér fáa fylgjendur og því er rétt að rekja sögu frljóðsins til frönsku ljóðbyltingarinnar.

Nýr áfangi í sögu ljóðformsins verður í Englandi og Bandaríkjunum á öðrum áratug 20. aldar í kringum þann fámenna hóp sem forsprakkinn, Ezra Pound, gaf nafnið ímagistar. Megináherslan var eins og nafnið bendir til lögð á myndina, knappa og sjónræna ljóðmynd, og Pound skilgreindi hana 1913 á þá leið að í henni birtist „samruni vitsmuna og tilfinninga á ákveðnu andartaki“.⁵⁰ Önnur vígorð voru nákvæmni í orðavali og sparsemi, engu orði skyldi ofaukið, og hrynjandi skipti miklu máli. Í þriðju grunnreglu hreyfingarinnar hafði Pound boðað árið áður að hrynjandi ljóðs skyldi vera hrynjandi tónhendingarinnar, ekki taktmælisins.⁵¹ Það er að segja, hún skyldi vera tilbrigðarík og óbundin af reglukröfum bragarháttá.

Fá ljóð hinna eiginlegu ímagista lifa. En ágætt dæmi eftir skáld sem stóð utan hreyfingarinnar en varð snortinn af henni er til að mynda ljóðið „Fog“ eftir Carl Sandburg (*Chicago Poems*, 1916):

The fog comes
on little cat feet.

It sits looking
over harbor and city
on silent haunches
and then moves on.

Frægasta ljóð ímagismans, birt 1913, átti þó Ezra Pound, og til er frásögn hans af því hvernig sýn á neðanjarðarstöð í París varð fyrst

⁴⁹ Sbr. David Perkins (1976:313).

⁵⁰ „An ‘Image’ is that which presents an intellectual and emotional complex in an instant of time.“ Og hann bætti við: „It is better to present one Image in a lifetime than to produce voluminous works.“ (1963:4).

⁵¹ „3. As regarding rhythm: to compose in the sequence of the musical phrase, not in sequence of a metronome.“ (1963:3).

að 30 lína ljóði en endaði hálfu öðru ári síðar í tveimur línnum þar sem „ein hugmynd er lögð ofan á aðra“.⁵²

In a Station of the Metro

The apparition of these faces in the crowd;
Petals on a wet, black bough.

(Á neðanjarðarstöð í París)

Andlit sjást á fólkinu í fjöldanum
blómknappar á blautri svartri grein.)⁵³

Tvær knappar og sjónrænar ljóðmyndir sem samankomnar verða að einni myndhverfingu; málfarið óbrotið; fjallað ‚beint‘ um hlutina. En fljótlega hvarf Pound frá þessari fagurfræði hins smáa. Hann hafði hug á að fjalla um menningu samtímans í skáldskap og það leyfði ímagisminn ekki.⁵⁴

Skömmu fyrir 1920 lögðust svo bæði Pound og Eliot gegn fríljóðum á þeim forsendum meðal annars að formið væri of auðvelt og freistaði til mælgí,⁵⁵ og helstu skáld næstu kynslóðar sem ortu á ensku (t.d. W.H. Auden, Dylan Thomas og William Empson í Bretlandi) aðhylltust yfirleitt ekki hið frjálsa form, en nú er það löngu orðið ráðandi meðal enskumælandi skálda.⁵⁶

Ég læt nægja að fjalla hér um fráhræfið frá reglulegum brag í ljóðlist á frönsku og ensku en auðvitað varð sú breyting með ýmsu móti eftir löndum. Í þýskum skáldskap ná ræturnar til dæmis lengra aftur, allt til þess sem nefnt hefur verið frjáls hrynjandi (*freie Rhythmen*) hjá átjándu aldar skáldinu Klopstock og seinna hjá Goethe, Hölderlin, Nietzsche og fleirum. Árið 1899 lét skáldið Arno Holz svo ummælt að franska *vers-libre*-hreyfingin boðaði Þjóðverjum ekkert nýtt. Það er að líkindum nokkuð ofsagt en breytingin var þó hvergi nærri eins bylt-ingarkennd og í Frakklandi.⁵⁷

⁵² Ívitnað hjá Marjorie Perloff (2002:190–191).

⁵³ Þýðing Þorsteins Gylfasonar (1993:145).

⁵⁴ Sbr. James Longenbach (1999:108).

⁵⁵ T.d. skrifaði Ezra Pound 1918: „Indeed *vers libre* has become as prolix and as verbose as any of the flaccid varieties that preceded it.“ (1963:3).

⁵⁶ Sbr. David Perkins (1976:317).

⁵⁷ Ummælin birti Arno Holz í riti sínu *Revolution der Lyrik* (1899). Ívitnað hjá Malcolm Bradbury og James McFarlane (1991:359).

Áður en punktur er settur aftan við syrpu þessa um fríljóð er við hæfi að skoða eitt dæmi úr fyrstu bók Sigfúsar Daðasonar:

Ljóð VII (Mosapakið hraunið ...)

Mosapakið hraunið
hlustar á fjöllin langt í fjarska.
Hafið flugvélarnar og vindarnir
taka til starfa.

Við förum upp eftir skáhöllum sjávarfletinum
við finnum jörð undir fótum okkar
rigninguna slá andlit okkar
við finnum nýja aðferð til að lifa ennþá –

rísandi sól

(annan dag
djúp vötn
og firnindin).

Sigurður Pálsson skáld hefur lýst því þegar hann kynntist fyrst þessu ljóði Sigfúsar, þá unglingur norður í Öxarfirði: „Eitthvað heillandi hafði opnast. Ný tegund ljóðtexta sem ég hafði aldrei séð áður, ófyrir-sjáanleg, óútskýrð.“ Og enn segir hann: „[É]g fékk aðkenningu af því sem sérfræðingar kalla hugljómun. Mér leið eins og ég hefði fengið eldingu í hausinn. Þetta voru fyrstu kynni mín af nútímaljóðlist.“⁵⁸

Peir sem yngri eru og hafa vanist óbundnum ljóðum sem sjálf-sögðum hlut eiga erfitt með að ímynda sér hvað það var ævintýraleg reynsla að lesa ljóð eins og „Mosapakið hraunið“ árið 1964, að ég tali nú ekki um árið 1954. Tökum bara hrynjandina í fyrstu línunum: „Mosapakið hraunið / hlustar á fjöllin langt í fjarska“, þar sem mátt hefði búast við reglulegum tvíliðum: „Mosapakið hraunið hlustar / á hnúkafjöllin langt í fjarska.“ Munurinn var ótrúlegur. Erfitt er að segja hvað það var sem lesandann skipti mestu máli, í hverju hið nýja var einkum fólgið. Kannski var tilbrigðarík hrynjandin mesta ný-næmið. Eða það hvernig skipt var um svið snögglega og áreynslulaust (í fjórum síðustu línunum) í lýsingunni á þessari ferð út í óvissuna. Svo var það leikurinn í ljóðinu, og sigurvissa ungs manns sem fagnar

⁵⁸ Sigurður Pálsson (2003:87 og 90).

nýrri reynslu („við finnum jörð undir fótum okkar [...] við finnum nýja aðferð til að lifa ennþá“).

Ljóðmyndir

Ekki er hægt að fjalla um þróun nútímaljóða án þess að minnst á myndir í skáldskap. Myndmál hefur verið ríkur þáttur í nútímaljóðlist, eins og reyndar í skáldskap á öllum tímum. Það hefur verið fyrirferðarmikið í umræðu um nútímaljóð og oft rætt af meiri hita en ýmislegt annað sem virðist þó engu minna máli skipta. Ég hef rætt nokkuð hér að framan um þá tegund mynda sem ímagistar aðhylltust, það er að segja beinar myndir svokallaðar, hlutbundnar og sjónrænar. En miklu meira hefur borið á ‚mælskumyndum‘ sem svo eru nefndar, myndhverfingum og samlíkingum,⁵⁹ sem oft eru kallaðar einu nafni líkingar eða myndlíkingar.

Myndhverfing er þýðing á gríska orðinu *metáfora* sem þýðir flutningur. Í henni felst, í allra einfaldasta skilningi, að merkingarþættir eins orðs flytjast yfir á annað, að einu fyrirbæri er lýst með eigindum annars (Lífið er draumur (Calderón), ... lélegur leikari (Shakespeare), ... undarlegt fyllirí (HKL)), en samlíkingin notar hinsvegar samamburðarorð til að draga upp líkingu („Tilveran er sem einn tókall“ (HKL), „Lífið er / nákvæmlega skoðað / eins hundkvíkindis líki“ (SD), „goðýfillinn, fagur eins og handskjálfti drykkjumanna, var að hverfa við sjónarrönd“⁶⁰ (Lautréamont)). Á fjórðu öld fyrir Krist fjallaði Aristóteles um þessar tvær tegundir líkinga í ritum sínum *Mælskulistinni* og *Skáldskaparlistinni* og kvað þær sama eðlis, munurinn á þeim væri lítill. Samlíkingin væri að vísu lengri og segði ekki beinum orðum „þetta er hitt“.⁶¹ Í 22. kafla *Skáldskaparlistarinnar* segir hann að ekkert sé jafn mikilvægt og að kunna með myndhverfingar (metafóru) að fara, þær séu það eina sem ekki sé hægt að fá hjá öðrum; og til að smíða góðar myndhverfingar þurfi að hafa gott auga fyrir því hvað líkt sé.⁶²



⁵⁹ Ég kys að tala um samlíkingu fremur en viðlíkingu (sem þýðingu á e. *simile*), því seinna orðið er óþarflega tæknilegt. Í þýsku og frönsku eru notuð um þetta almennu orðin yfir ‚samamburð‘ (þ. *Vergleich*, fr. *comparaison*).

⁶⁰ „Le scarabée, beau comme le tremblement des mains dans l'alcoolisme, disparaissait à l'horizon.“ Isidore Ducasse (1990:257).

⁶¹ *Mælskulistin* 1406^b og 1410^b.

⁶² *Um skáldskaparlistina* (Aristóteles 1976:85). Metafóru er þar þýtt ‚líkingar‘.

Sú lýsing á nútímaljóðum sem þekktust er á Íslandi (að minnsta kosti í skólabókum) er vafalítið þriggja liða skilgreining Eysteins Þorvaldssonar í bókinni *Atómskáldin*. Hún er ættuð frá Svíanum Ingemar Algulin sem notaði hana til rannsóknar á ljóðum tveggja sænskra skálda sem höfðu horfið frá hefðbundnum ljóðstíl og tekið upp nýjan. Algulin tekur fram að þetta sé ekki tæmandi skilgreining á nútímaljóðum og hæfi ekki öllum skáldum, sömuleiðis að yfirleitt þurfi ljóð að búa yfir fleiri en einum þessara þátta til að tala megi um nútímaljóð.⁶³ Takmarkandi skilgreiningar af þessu tagi duga auðvitað skammt til að lýsa öllum fjölbreytileika nútímaskáldskapar en geta þó haft sitt gildi (a.m.k. ef lítið er á þær sem mikilvæg einkenni nútímaljóða en ekki sem inntökuskilyrði). Eysteinn orðar þættina svo:

1. Óbundið form
2. Samþjöppun í máli
3. Frjálsleg og óheft tengsl myndmálsins⁶⁴

Um fyrsta liðinn hef ég fjallað nokkuð hér að framan. Þegar lítið er yfir sögu ljóðlistarinnar í heild hefur þarna orðið grundvallarbreyting á skilningi manna á því hvað kallast geti ljóð. Annar liður vísar til þeirrar mikilvægu tilhneigingar í nútímaljóðum að í stað skýrrar framvindu og oft langorðra lýsinga var nú lagt kapp á þéttleika ljóðanna og ýmsum aðferðum beitt í því skyni. Þetta er stundum rakið til Mallarmé sem gerði útlæg öll óþörf orð (og jafnvel fleiri) og ritaði í bréfi til vinar síns: „La Destruction fut ma Béatrice“,⁶⁵ eyðingin varð mín leiðarstjarna. Áhrifarík varð sú aðferð í kvæðum þeirra Eliots og Pounds um 1920, einkum í *Eyðilandinu* 1922 og í *Cantos*, að beita úrfellingum og skeyta saman lítt skyld atriði án tenginga. Skáldskaparaðferð *Eyðilandsins* kom reyndar ekki að öllu leyti til af góðu. Eliot hafði orðið að leita sér lækninga við taugaveiklun. Hann lauk við kvæðið á heilsuhæli í Sviss og fór með lengri gerð þess á fund Ezra Pound í París. Pound skar bálkinn talsvert niður, framdi á honum

⁶³ „Som tre huvudkriterier på modernistisk lyrik vill jag se: fri versform, kompression och bildspråkets fria associativitet. I regel bör emellertid mer än en av dessa faktorer föreligga för att stilen skall kunna sägas vara modernistisk“. Ingemar Algulin (1969:16). Og: „Den bestämning af begreppet ‚modernism‘ som ovan gjorts omfattar en definitionsjärna, som måste kompletteras i varje enskilt fall: särdrag i en riktningens lyriska stil, enskilda diktares personliga diktion etc.“ (20)

⁶⁴ Eysteinn Þorvaldsson (1980:196).

⁶⁵ Til Eugène Laféture 27. maí 1867. Stéphane Mallarmé (1995:349).

„keisaraskurð“,⁶⁶ og steypiti brotunum saman að mestu leyti í þá mynd sem við þekkjum nú. Margir lærðu síðan aðferðina af *Eyðilandinu* (eða öðrum kvæðum Eliots), meðal annarra Sigfús Daðason að líkindum.

En þriðji liðurinn er dálítið hulduhrútslegur. Hvað eru ‚óheft tengsl myndmálsins‘? Hafa skáld ekki yfirleitt verið frjáls að því að setja í ljóð sín þær myndir sem þau kærðu sig um, þó oltið hafi á ýmsu um skoðanafrelsið? En hér er víst verið að tala um frelsi í alveg ákveðnum skilningi, hið óhefta frelsi sem dulvitundin getur veitt. Við sjáum það betur ef við skoðum orðalag Algulins sem þetta er þýðing á: „Bildspräkets fria associativitet“ eða „Free associations of the image“,⁶⁷ kallar hann fyrirbærið. Hér er greinilega kominn André Breton og kenning hans um ‚frjáls hugtengsl‘ sem hann hafði frá Freud (*freie Assoziationen*), en hugmyndum hans hafði Breton kynnst í fyrri heimsstyrjöldinni og meira að segja seinna farið að hitta hann í Vín. Hjá Freud er þetta reyndar ekki skáldskaparaðferð heldur lækningaraðferð, sjálf frumregla sálkönnunarinnar sem Sigurjón Björnsson lýsir svo: „[S]kjólstaðingnum [er] uppálagt að opna hug sinn sem hann frekast má og segja hugsanir sínar upphátt í þeirri röð sem þær koma (free association).“ Sálkönnuðurinn á síðan að hlusta á frásagnir skjólstaðings síns og túlka þær í þeim tilgangi að komast að rótum þess meins er maðinnur hjáir.⁶⁸

Breton fýsti nú að beita skyldri aðferð til að losa skáldskapinn undan „oki rökhugsunarinnar“,⁶⁹ aðferð sem oft er kölluð ósjálfráð skrift. Það er reyndar óheppilegt sem heildarheiti, því súrrealistar fóru margar leiðir að því marki sínu að losa um óræð öfl sem í mönnum byggju og mynda áður óþekkt hugtengsl. Þeir tóku meðal annars hendinguna í þjónustu sína og settu saman ‚spenntar‘ líkingar þar sem tengdir voru að því er virtist öldungis óskyldir þættir. Bæði Breton og Aragon líktu myndsmíðinni við notkun vímugjafa, sá fyrrnefndi í fullri alvöru og með tilvísun til paradísa Baudelaires,⁷⁰ en Aragon talaði um myndir í nokkrum hálfkæringi sem leið til að komast á tripp. Um framtíð þeirra sem ánetjast súrrealískum mynd-um segir í *Parísarbóndanum*:

⁶⁶ Orðalag Pounds. Peter Acroyd (1985:117).

⁶⁷ Ingemar Algulin (1969:18 og 410).

⁶⁸ Sigurjón Björnsson (1983:128, sbr. einnig 67–71).

⁶⁹ Orðalag Bretons. *Yfirlýsingar* (2001:397).

⁷⁰ „Því er eins farið með myndir súrrealismans og þær óþíumsýnir sem maðurinn getur ekki kallað fram sjálfur“. Sama rit (434).

Þeir sem útbreiða súrrealisma verða hjólpíndir og hengdir, myndalkar verða lokaðir inni í speglasölum.⁷¹

Sifjafræði hugmynda skiptir máli, hvort sem verið er að ræða um nútímaljóð eða annað. Það rýrir vissulega almennt gildi þessa liðar í skilgreiningu þeirra Algulins og Eysteins að hann skuli fyrst og fremst eiga við um ljóð súrrealista og skyldan skáldskap.⁷² Því þótt súrrealískar myndir séu mikilvægur þáttur í nútímaskáldskap fer því fjarri að þær séu almennt einkenni hans. Þetta gerir Algulin sér ljóst, enda segir hann:

„Det helt fritt associativa bildspråket företräds framför allt av den surrealistiska lyriken med dess psykoanalytiskt grundade principer om bildprojektioner ur drömmen och det undermedvetna och om en automatisk skrift. Dess bilder kan kallas *autonoma*.“⁷³

Þriðji liðurinn – um óheft tengsl myndmálsins – getur átt vel við í sértækri rannsókn eins og hjá Algulin en hann hefur afmarkaða vísun og á lítt eða ekki við þegar kemur að jafn mikilvægum nútímaskáldum og T.S. Eliot, Ezra Pound og W.H. Auden, eða Rainer Maria Rilke, Georg Trakl og Bertolt Brecht. Hann á hinsvegar við um mörg rómönsk ljóðskáld, og líkar ljóðmyndir koma fyrir í *Tímanum og vatninu* eftir Stein Steinar og hjá Hannesi Sigfússyni, svo að tvö íslensk skáld séu nefnd.



⁷¹ „Les propagateurs du surréalisme seront roués et pendus, les buveurs d'images seront enfermés dans des chambres de miroirs.“ Louis Aragon (1966:83–84).

⁷² Sjálfstæðar (átónómar) myndir eiga sér reyndar eldri rót í frönskum skáldskap en súrrealistahreyfinguna. Marcel Raymond (*De Baudelaire au surréalisme*, þriðji hluti) nefnir til marks um það bæði 19. aldar skáld (Lautréamont, Rimbaud) og ýmis skáld á öndverðri 20. öld (dadaistana; og Apollinaire, Max Jacob, Reverdy, Saint-Pol Roux) en súrrealistar gengu lengra og lögðu ‚fræðilegan‘ grunn að skáldskapaferðinni.

⁷³ Algulin (1969:19–20).

Myndir, sáldrist niður eins og pappírstjörnur. [...] Snjóíði, myndir, jólin eru komin.⁷⁴

Aragon

En myndkenningar súrrealista eru merkilegar og höfðu mikil áhrif. Eftir að Benedikt Hjartarson og fleiri þýddu stefnuyfirlýsingar ýmissa frammúrstefnuhreyfinga á 20. öld eru þær aðgengilegar á íslensku. Í *Fyrri súrrealistaávarpinu* (1924) gerir Breton meðal annars grein fyrir myndskilningi sínum. Hann vitnar fyrst í skilgreiningu skáldsins Pierre Reverdy á ljóðmynd:

Myndin er hrein sköpun andans.

Hún getur ekki orðið til við samanburð heldur við tengingu tveggja veruleika sem eru meira eða minna fjarlægir.

Því langsóttara og réttara sem samband veruleikanna tveggja sem tengjast er, því sterkari verður myndin, þeim mun meiri tilfinningaþrótti og skáldlegum veruleika býr hún yfir.⁷⁵

Lengra fer Breton ekki í tilvitnun sinni í Reverdy, en framhald hennar er lærdómsríkt. Reverdy segir:

Tveir veruleikar sem ekkert samband er á milli geta ekki tengst svo vel sé. Þá verður engin myndsköpun. [...] Mynd er ekki sterk vegna þess að hún sé *hastarleg* eða *fjarstæðukennd* – heldur af því að hugtengslin eru langsótt og rétt.⁷⁶

⁷⁴ „Images, descendez comme des confetti. [...] Neigez, images, c'est Noël.“ Louis Aragon (1966:102).

⁷⁵ „L'image est une création pure de l'esprit. / Elle ne peut naître d'une comparaison mais du rapprochement de deux réalités plus ou moins éloignées. / Plus les rapports des deux réalités rapprochées seront lointains et justes, plus l'image sera forte – plus elle aura de puissance émotive et de réalité poétique.“ André Breton (1972:31). – Ég fer að mestu eftir þýðingu Benedikts Hjartarsonar í *Yfirlýsingum* (2001:413) en vík þó frá henni á stöku stað. Einkum held ég að hæpið sé að þýða hér orðið *comparaison*: samanburður – með tækniorðinu ‚viðlíking‘, þó orðið hafi stundum þá merkingu, því hér virðist mér verið að stilla upp andstæðum: samanburði annarsvegar og tengingu hinsvegar.

⁷⁶ „Deux réalités qui n'ont aucun rapport ne peuvent se rapprocher utilement. Il n'y a pas création d'image. [...] Une image n'est pas forte parce qu'elle est *brutale* ou *fantastique* – mais parce que l'association des idées est lointaine et juste.“ Hér ívitnað eftir Henri Béhar o.fl. (1992:354–55).

Það er að segja, tengslin innan myndhverfingarinnar eiga að vera langsótt en ekki fjarstæðukennd. Það er athyglisvert að Breton skyldi nema staðar áður en kom að þessum kafla, og sýnir að myndskilningur Reverdys var ekki nógu róttækur að dómi hans. Honum fannst mynd Reverdys of meðvitnuð smíð, hann vildi að dulvitundin og hendingin gegndu höfuðhlutverki í myndsmíðinni. Í stað þess að leggja áherslu á það, eins og Reverdy gerir, að sambandið milli frumliðar og myndliðar sé ‚rétt‘ (*juste*) vill Breton að það sé ‚handahófskennt‘ (*arbitraire*): „Ég dreg ekki dul á að sú mynd er í mínum augum sterkust sem býr yfir mestri tilviljun; sú sem lengstan tíma tekur að þýða á raunhæft mál.“⁷⁷ Hér má segja að kominn sé kjarninn í myndhugsun Bretons. Kaflinn er lengri og er fylgt eftir með dæmum úr frönskum skáldskap sem Benedikt hefur þýtt.⁷⁸ Hér eru tvö, þar sem ein mynd rekur aðra:

Une église se dressait éclatante comme une cloche.

Philippe Soupault

Kirkja teygði úr sér, hvell eins og bjalla.

Sur le pont la rosée à tête de chatte se berçait.

André Breton

Döggin með læðuhöfuðið dillaði sér á brúnni.

Breton finnur að því að fagurfræði Reverdys sé að öllu leyti *a posteriori*, dregin af niðurstöðunni, einstökum ljóðum, og vill sjálfur fagurfræði sem leiði til þeirra tegunda af myndum sem hann aðhyllist, og þá kemur inn kenningin um ‚frjáls hugtengsl‘ sem hann tekur frá Freud.



Ekki fór hjá því að ýmiskonar rétttrúnaður setti svip á umræðuna um nútímaljóð, og þá ekki síst um myndmál í ljóðum. Einn þáttur orþódoxíunnar var trúin á skáldlega yfirburði myndhverfingar um-

⁷⁷ „Pour moi, la plus forte [image] est celle qui présente le degré d’arbitraire le plus élevé, je ne le cache pas; celle qu’on met le plus longtemps à traduire en langage pratique“. André Breton (1972:52). Sbr. einnig *Yfirlýsingar* (2001:437).

⁷⁸ André Breton (1972:53). *Yfirlýsingar* (2001:437–38).

fram samlíkingu. „Ég strika orðið *einsog* út úr orðabókinni,“ er haft eftir Mallarmé,⁷⁹ og hjá greifanum af Lautréamont, sem aldrei var teprulegur í orði, rekst ég á setningu um „glæpsamlega notkun“ samlíkinga.⁸⁰ Um myndhverfingar segir hinsvegar að þær þjóni „þrám mannsins eftir óendanleika“.⁸¹ Óvíst er þó þarna sem oftast hversu alvarlega beri að taka Lautréamont, því margar af snjöllustu og frægustu líkingum hans eru einmitt samlíkingar (t.d. allar hinar mörgu sem byrja á „fagur(t) eins og ...“).

Í fyrirlestri sem haldinn var 1951 talaði þýska skáldið Gottfried Benn um að eitt af fernu sem hafa mætti til marks um það hvort kvæði ort 1950 væri í takt við samtíma sinn, væri hvort skáldið notaði tenginguna *wie* (eins og). Hann viðurkendi að sum skáld hefðu komist klakklaut frá henni og nefndi Rilke, en annars mætti yfirleitt reida sig á að með orðinu *wie* haldi „frásögn, kjallaragrein innreið sína í ljóðið; það slakni á spennu málsins“.⁸²

Í íslensku umræðu kemur fram það sjónarmið að samlíking sé óaðri skáldskapur en myndhverfing. Þannig segir Einar Bragi í ritdómi um *Sjödægru* 1955:

Veruleiki ljóðs er ekki yrkisefnið sjálft, heldur mynd þess. Í góðu ljóði hverfur ljóðið í mynd sína, verður hún. Samlíkingin hefur um aldir verið (og er kannski enn) langalgengasta aðferð skáldanna við að íklæða yrkisefnið ljóðmynd sinni: þar af kemur hið hvítleiða eins og, eins og, eins og (eins og skáldin séu sífellt að hvísla í eyra lesandans, þú mátt ekki taka okkur of hátíðlega, elsku ljúfur, yrkisefnið er ekki mynd þess heldur *eins og hún, sem hún, áþekk henni, í líkingu við hana*).⁸³

Mjög oft hefur verið vitnað í þessi orð (eða hluta þeirra) og mun varla ofmælt að á þau hafi verið litið sem hæstaréttardóm um nútímaljóð. En vitaskuld ber að skoða þau einkum sem mat Einars Braga sjálfs á

⁷⁹ „Je raie le mot comme du dictionnaire“. Atle Kittang og Asbjørn Aarseth (1998:82).

⁸⁰ „l'emploi criminel [de la comparaison]“. Isidore Ducasse (1990:220 og 408).

⁸¹ „[Le] sympathique emploi de la métaphore [...] rend [des] services aux aspirations humaines vers l'infini“. Sama rit (242).

⁸² „Rilke konnte das, aber als Grundsatz können Sie sich daran halten, daß ein WIE immer ein Einbruch des Erzählerischen, Feuilletonistischen in die Lyrik ist, ein Nachlassen der sprachlichen Spannung, eine Schwäche der schöpferischen Transformation.“ Gottfried Benn (1951:16).

⁸³ Einar Bragi (4/1955:38).

því hvað gefi skáldskapnum gildi, sem póetíska trúarjátningu hans, og í því ljósi er hún gagnleg.⁸⁴

Í framhaldi af orðunum sem vitnað var til ritaði Einar:

Nútímaskáld erlend og hérlend leitast við að gera veruleika ljóðsins sjálfstæðari en áður, óháðari hinum ytri veruleika, koma á beinu sambandi lesandans við veruleika ljóðsins með því m.a. að sleppa samanburðarorðum og snúa sér beint að myndinni.

Þessu má skipta í tvennt: 1) Nútímaskáld leitast við að gera veruleika ljóðsins sjálfstæðari en áður, óháðari hinum ytri veruleika, og 2) nútímaskáld leitast við að koma á beinu sambandi lesandans við veruleika ljóðsins með því meðal annars að nota myndhverfingar í stað samlíkinga. Fyrri staðhæfingin kemur orðum að ákaflega mikilvægri tilhneigingu í nútímaskáldskap. Án hennar hefði ljóðabálkur eins og *Tíminn og vatnið* verið óhugsandi. Hin seinni er nokkuð alhæfingar-kennd. Auðvelt er að sýna fram á að hún stenst ekki sem almenn lýsing á nútímaskáldskap. En þó hún sé ekki rétt frá sögulegu sjónarmiði hefur hún gildi sem skoðun Einars Braga á skáldskap. Það réttlætir hinsvegar varla ályktun Eysteins Þorvaldssonar af orðum Einars:

Þessi orð staðfesta að það er myndhverfingin sem best þjónar metnaði módernra skálda.⁸⁵

Þetta er að mínum dómi óleyfileg alhæfing sem engin bókmennta-söguleg rök eru fyrir, ef ‚móðern skáld‘ þýðir hér ‚nútímaskáld‘ eins

⁸⁴ Það má heita almennt viðurkennt að skrif skálda um skáldskap verði að meta í ljósi þess sem þau aðhyllast sjálf. Skáldið T.S. Eliot sem var jafnframt afar mikilvirkur og áhrifamikill gagnrýnandi á fyrrihluta síðustu aldar lagði á þetta mikla áherslu þegar á leið, og í einum seinasta fyrirlestri sínum, „To Criticize the Critic“ [1961], komst hann svo að orði um gagnrýni sína á yngri árum: „I was implicitly defending the sort of poetry that I and my friends wrote.“ Eliot (1978:16). Löngu áður hafði hann skrifað í greininni „The Music of Poetry“ [1942]: „I believe that the critical writings of poets [...] owe a great deal of their interest to the fact that the poet, at the back of his mind, if not as his ostensible purpose, is always trying to defend the kind of poetry he is writing, or to formulate the kind he wants to write. [...] He is not so much a judge as an advocate. [...] What he writes about poetry, in short, must be assessed in relation to the poetry he writes.“ Eliot (1957:26). Annar frægur gagnrýnandi skrifaði um miðja öldina: „The poet speaking as critic produces, not criticism, but documents to be examined by critics. They may well be valuable documents: it is only when they are accepted as directives for criticism that they are in any danger of becoming misleading.“ Northrop Frye (1990:6).

⁸⁵ Eysteinn Þorvaldsson (1980:262).

og yfirleitt hjá Eysteini. Í fyrsta lagi getur lýsing Einars Braga (tekin í heild) einungis átt við um mjög stutt ljóð. Slík ljóð eru að vísu afar ríkur þáttur í ljóðlist nútímans en þó fjarri því að vera alráð, til dæmis eru þau það enganveginn á ensku málsvæði. Í öðru lagi á hún tæpast við um ljóð höfuðskálda á borð við Yeats, Pound, Eliot, Auden (og raunar fá enskumælandi skáld að ég hygg; undantekning væri þó t.d. Dylan Thomas). Ég hef að minnsta kosti hvergi orðið var við annað í skáldskap þeirra og ritum en að þeir telji báðar tegundir líkinganna hafa hlutverki að gegna. Samanber mynd Eliots hér að framan:

When the evening is spread out against the sky
Like a patient etherised upon a table

Það er að segja: Kvöldið er ekki sjúklingur á skurðarborði, það liggur flatt undir himninum (myndhverfing) eins og sjúklingur í svefndái (samlíking). Eða tökum annað dæmi, nú úr *Tímanum og vatninu*, þar sem samlíking og myndhverfingar fallast í faðma:

Eins og blóðjarnaðir hestar
hverfa bláfextar hugsanir mínar
inn um bakdyr eilífðarinnar.

Auðvelt er að tína til dæmi úr nútímaljóðum sem sýna að samlíking er fullgildur skáldskapur. Þetta er raunar svo sjálfsagt mál að ekki tekur að eyða orðum að því. *Fui solo como un túnel*, orti Neruda, það mikla myndhvarfaskáld: ég var einn eins og undirgöng.⁸⁶ *La terre est bleue comme une orange*,⁸⁷ jörðin er blá eins og appelsína, orti Éluard.

Reyndar kemur hvergi fram í umræðu hér á landi (fyrr en með þýðingu Benedikts Hjartarsonar á súrrealistaávarpinu), svo mér sé kunnugt, það sem þó var stefnuskráratríði hjá Breton, að samband liðanna í myndhverfingu ætti að vera sem langsóttast, hin frjálsu hugtengsl sem handahófskenndust. Ekki kemur heldur fram að Breton átti eftir að snúast hugur um ljóðmyndir, að nokkru leyti að minnsta kosti. Seinna á ferli sínum (1948) skrifar hann:

⁸⁶ Pablo Neruda (1996:16).

⁸⁷ Í flokknum „Premièrement“ í *Lamour la poésie*, sem Sigurður Pálsson hefur þýtt (Éluard 1995:37).

Eins og rannsóknir á ljóðlist standa nú er ekki vert að gera mikið veður út af þeim hreina formsmun sem er á myndhverfingu og samlíkingu. Víst er að bæði eru þau jafngild tæki analógískrar hugsunar [hugsunar sem beinist að líkindum og hliðstæðum]. Hið fyrra býður upp á leiftrandi myndir en hinu síðara (eins og sjá má á samlíkingunum „fagurt eins og“ hjá Lautréamont) fylgja verulegir kostir að því leyti að það *tefur* og vekur *eftirvæntingu*. [...] Við eigum ekkert orð jafn upptendrandi og orðið EINSOG, hvort heldur það kemur fram eða er *undirskilið*.⁸⁸

Breton lítur með öðrum orðum svo á þegar hér er komið að á þessu tvennu sé ‚hreinn formsmunur‘, og hvorttveggja hafi sína kosti. Samlíkingin vekur eftirvæntingu sem sé ‚verulegur kostur‘. Eftir sem áður lýsir Breton fullri tryggð við ljóðmyndina, í henni fái ímyndunaraflið að njóta sín, þar nái andinn hæstum hæðum og hann hvetur skáldin til æ meiri myndauðgi.⁸⁹

André Breton var mikill aðdáandi spenntra og langsótttra líkinga, einkum myndhverfinga. „Gildi myndarinnar er háð fegurð þess neista sem tekist hefur að tendra; [hún er] afleiðing þeirrar spennu sem myndast á milli leiðaranna tveggja.“⁹⁰ Mönnum hefur því þótt vel við hæfi að hann skyldi lýsa því yfir á unga aldri að hann vildi að farið yrði með sig í flutningabíl til grefrunarstaðarins.⁹¹ Því gríska orðið *metafora* (myndhverfing) þýðir eins og áður segir flutningur, og enn má á götum Aþenu sjá orðið letrað á stóra sendiferðabíla.



⁸⁸ „Au terme actuel des recherches poétiques il ne saurait être fait grand état de la distinction purement formelle qui a pu être établie entre la métaphore et la comparaison. Il reste que l’une et l’autre constituent le véhicule interchangeable de la pensée analogique et que si la première offre des ressources de fulgurance, la seconde (qu’on en juge par les „beaux comme“ de Lautréamont) présente de considérables avantages de *suspension*. [...] Le mot le plus exaltant dont nous disposions est le mot COMME, que ce mot soit prononcé ou *tu*.“ Í „Signe ascendant“, ívitað hjá Henri Béhar o.fl. (1992:369–70).

⁸⁹ Sama rit (370).

⁹⁰ „La valeur de l’image dépend de la beauté de l’étincelle obtenue; elle est, par conséquent, fonction de la différence de potentiel entre les deux conducteurs.“ André Breton (1972:51), *Yfirlýsingar* (2001:435).

⁹¹ André Breton (1972:46), *Yfirlýsingar* (2001:429). Sbr. Alain Frontier (1992:83).

Snjallar ljóðmyndir eru meðal gersema skáldskapar, og eins og Aristóteles vissi er ekki hægt að fá þær að láni hjá öðrum. En ekki nægir að þær séu kunnáttusamlegir smíðisgripir, á öllu veltur hvernig þeim er komið fyrir í ljóði, hvernig þær falla að umhverfinu. Setjum sem svo að ljóðið „Flugmundir“ eftir Stefán Hörð Grímsson í *Hliðinni á sléttunni* byrjaði á þessu erindi:

Sumarið
málar bláar vindskeiðar
á dagsbrúnina.

Myndin er falleg og frumleg. En hún er þó ögn sjálfumglöð og fullhátíðleg eins og oft vill henda í nútímaljóðum sem ‚gera út á‘ myndir, líkt og hún segði: Sko mig, sjáiði bara hvað ég er myndvís og módern! Í hana vantar þann galdur sem við eigum að venjast af Stefáni Herði. Enda hljóðar erindið í raun og veru svo:

Það er sumarið
sem málar bláar vindskeiðar
á dagsbrúnina.
Því verður ekki neitað.⁹²

Munurinn er mikill. Hátíðleikinn er farinn og myndin komin í ‚hversdagslegan‘ ramma. Upptakturinn „Það er sumarið sem ...“ og lokalinan – sem er utan alls raunsæis, undirfurðuleg og óviðjafnanlega stefánsk – valda því að hugblærinn verður allur annar og skáldlegri.



Í umfjöllun minni um ljóðmyndir hér að framan hef ég sveigt nokkuð að íslenskri umræðu um myndmál í ljóðum (og bent á fáeinar erlendar rætur hennar). Ég tel að hún hafi verið einhæf og gert of mikið úr ágæti sumra eiginda ljóða á kostnað annarra. Trúin á myndhverfingar hefur stundum jaðrað við blætisdýrkun, og er í mínum augum dæmi um það hvernig kreddur myndast og berast frá einu skáldi til annars, frá gagnrýnanda til gagnrýnanda, frá kennara til nemanda.⁹³

⁹² Stefán Hörður Grímsson (1970:9).

⁹³ Í bók sinni *Saga leikrit ljóð* kemst Njörður P. Njarðvík svo að orði: „Myndhverfingar eru mjög tíðar í ljóðum, ekki síst nútímaljóðum, enda má heita að hin

Góðar myndhverfingar eru að vísu mikið yndi hverjum ljóðalesara, en hæpið er að nokkurt stílbragð hafi gildi í *sjálfu sér*, allt veltur á því hversu vel því er beitt, hversu vel það hæfir tilgangi skáldsins og umhverfi sínu. Og margra kosta er völ.

Umræðan um vægi myndmáls í nútímaljóðum og skáldlega yfirburði myndhverfinga hefur líklega orðið til þess að ýmsir hafa vanmetið ljóð Sigfúsar Daðasonar nokkuð og dæmt þau á hæpnum forsendum. Auðvelt væri að tilfæra dæmi um þetta. Þó mætti vera ljóst – og höfundur annarrar þeirra BA-ritgerða sem skrifaðar hafa verið um Sigfús bendir reyndar á það⁹⁴ – að orsök þess að Sigfús grípur sjaldnar til myndhverfinga en mörg önnur skáld er ekki vankunnátta Sigfúsar í skáldskaparefnum heldur fremur hitt, að hann leggur meira upp úr ýmsu öðru eða kýs að minnsta kosti oft að fara aðrar leiðir. Að líkindum þá vegna þess að þær þjóna markmiðum hans betur. Gangi maður ekki með fyrirfram gefnar hugmyndir um að *nútímaljóðið* – í eintölu og með ákveðnum greini – sé „miðleitið“, byggt utan um helst eina myndhverfingu, virðist ástæðulaust að ætla að þær leiðir séu endilega verri. Í ritgerð Romans Jakobson sem ég vitnaði í framar er athyglisverð klausa sem snara má nokkurnegin á þessa leið:

Því er haldið fram í kennslubókum að til séu ljóð gjørsneydd myndmáli, en raunin er sú að þar sem fátt er um myndhvörf, nafnskipti og þvíumlík mælskubrögð er það bætt upp með glæsilegum málfræðilegum stílbrögðum. Þeir skáldlegu möguleikar sem fólgnir eru í orðmyndalegri og setningalegri byggingu tungumálsins [...] hafa löngum verið vanræktir af gagnrýnendum og málvísindamönnum en nýttir kunnáttusamlega af skapandi höfundum.⁹⁵

myndræna tjáning þeirra komi í stað bragreglu sem helsta formgerðareinkenni“ (1975:101). Í þessu er vissulega sannleikskjarni; myndmál skipar mikið rúm í nútímaljóðlist; en lýsingin er þó of einhliða að mínum dómi, enda er myndræn tjáning hvorki nýtt fyrirbæri í skáldskap né helsta einkenni allra nútímaljóða.

⁹⁴ Sbr. Kjartan Valgarðsson (1985).

⁹⁵ „Textbooks believe in the occurrence of poems devoid of imagery, but actually scarcity in lexical tropes is counterbalanced by gorgeous grammatical tropes and figures. The poetic resources concealed in the morphological and syntactic structure of language [...] have been seldom known to critics and mostly disregarded by linguists but skillfully mastered by creative writers.“ Í „Linguistics and poetics“, David Lodge (1988:53).

Kaflinn varpar ljósi á notkun Sigfúsar Daðasonar á mælskubrögðum. Sigfús notar bersýnilega trúpa (myndhverfingar, nafnskipti o.þ.h.) mun minna en stílbrögð á borð við endurtekningar og hliðstæður, með öðrum orðum ýmis setningaleg stílbrögð, enda er hrynjandi meðal mikilvægustu eiginda ljóða hans. Niðurstæða Jakobsons virðist vera sú að varast beri að skilgreina skáldskaparaðferðir þröngt. Því er ég sammála en vil bæta tvennu við: Ég tel reyndar að til séu „ljóð gjör-sneydd myndmáli“, en að vísu er ekki einhlítt hvernig skilja beri hugtakið ‚myndmál‘. Í annan stað sýna mörg ljóð Sigfúsar að hann kann vel með ljóðmyndir að fara, en þær hafa hinsvegar aldrei sjálfgildi í skáldskap hans.

Móðernismi eða nútímaljóð

Hér mætti fara nokkrum orðum um notkun orðsins *móðernismi* í umræðu um íslenska ljóðlist og ástæður þess að ég kys að sneiða hjá því. Tvær bækur hafa verið ritaðar á íslensku með hugtakið að leiðarljósi: *Atómskáldin* eftir Eysteinn Þorvaldsson 1980 og *Kóralforspil hafsins* eftir Örn Ólafsson 1992, en þeir nota það að vísu hvor með sínum hætti. Það er reyndar mjög í stíl við það sem tíðkast í öðrum löndum og gerir að verkum að hugtakið er á mörkum þess að vera nothæft. Það er regnhlífarhugtak sem alls óvíst er að tveir menn skilji eins. Hugtakið er ekki mjög gamalt í alþjóðlegri umræðu og í prentuðu máli hérlendis rekur Eysteinn það til *Vöggvísu* Elíasar Marar 1950 og tveggja greina eftir Einar Braga og Sigfús Daðason frá 1952.⁹⁶ Eysteinn fer í umfjöllun sinni að mestu eftir þriggja liða skilgreiningu Algulins eins og áður segir en herðir þó ögn á henni: „Til þess að ljóð megi teljast móðernt telur Algulin að það verði að hafa a.m.k. tvö af þessum einkennum til að bera“.⁹⁷ Þetta er öllu afdráttarlausara en hjá Algulin: „*I regel* bör emellertid mer än en av dessa faktorer föreligga för att stilen skall kunna sägas vara modernistisk [leturbr. hér]“.⁹⁸ Breytingin leiðir af sér gervivandmál á borð við það hvort *Þorpið* eftir Jón úr Vör sé móðernt.⁹⁹

⁹⁶ Eysteinn Þorvaldsson (1980:17). – Alan Sinfield (2004:217) getur þess að hugtakið hafi ekki fest rætur í breskri bókmenntaumræðu fyrr en um 1960 og þá komið frá Bandaríkjunum.

⁹⁷ Eysteinn Þorvaldsson (1980:196).

⁹⁸ Ingemar Algulin (1969:16).

⁹⁹ „[Hæpið er] að telja *Þorpið* móðernt þó að það sé algerlega óbundið. Setningar og orðferi eru þar með venjulegum auðskildum hætti og þar er ekki hið dirfskufulla

Örn miðar hinsvegar við það sem hann kallar „sundraða framsetningu“ (22) eða „sambengisleysi á yfirborðinu“ (18), og virðist þá eiga við það að framvinda kvæðis sé rofin með ýmsum hætti og þess í stað raðað saman lítt samstæðum brotum. Einnig talar hann um „öröklega ræðu“ sem „megineinkenni módernra verka“ (23). (Um þetta hefur Hugo Friedrich heiti á borð við *Fragmentarismus, Inkohärenz* og *alogische Dichtung*). Þegar að atómskáldunum kemur er niðurstaða Arnar sú að hjá Hannesi Sigfússyni sé að finna ýmislegt sem passi í konseptið, „en annars er einkennilegt til þess að hugsa hve oft þessi skáld í heild hafa verið orðuð við módernisma“.¹⁰⁰ Hversu einkennilegt það er fer þó væntanlega eftir því hvernig menn skilja og skilgreina módernisma. Í *Svartálfadansi* eftir Stefán Hörð koma að vísu „fáein ljóð til greina“ að dómi Arnar en hinsvegar finnur hann „sáralítið hjá Sigfúsi Daðasyni“. Þegar þannig er um það íslenskt skáld tímabilsins sem einna víðtækust kynni hafði af erlendum nútíma-skáldskap og sýnir frá upphafi merki þess í ljóðum sínum, fer mann að gruna að vitlaust sé gefið. Og við athugun kemur í ljós að hér er á ferðinni hlutavilla (e. *synecdochic fallacy*); líkt og fyrirmyndin, Hugo Friedrich, gerir Örn hluta að heild, þætti í módernisma að módernismanum öllum. Hann hefði þurft að gera þá grein fyrir módernismahugtaki sínu að hann þræði skilning Friedrichs á rómönskum nútímaljóðum og alhæfi hann, en leiði til dæmis alveg hjá sér skáldskap sem ortur er á ensku málsvæði. Þá hefðu niðurstöður hans orðið skiljanlegri.

Undarleg er eftirfarandi kenning sem Eysteinn hefur frá Monroe K. Spears: „Það sem er „módern“ í listum, þarf alls ekki að vera nýtt eða nýlegt í tímanum. Það sem skiptir máli, er gildi eða skírskotun listaverksins en ekki tíminn.“¹⁰¹ Spears nefnir til skáldin Sappó, Katúllus, Villon og fleiri í þessu sambandi.¹⁰² Ef við lítum á hvaða skáld þetta eru þá eru það einmitt þau hin sömu og Ezra Pound nefndi víða og hvatti ung skáld til að læra af allt hvað þau gætu, ekki vegna þess að þau væru

og frumlega myndmál módernista.“ Eysteinn Þorvaldsson (1980:197). Hér er þröng skilgreining látin ráða örlögum bálksins og rökin eru þau að hann sé auðskilinn og skorti dirfskufullt myndmál. En ef skáldskaparaðferð *Þorpsins* er skoðuð fer ekki á milli mála að ljóðin brjóta í bága við þá ljóðhefð sem ríkjandi var áður en nútímaljóð komu til sögu á seinnihluta 19. aldar, og eru samkvæmt því sjálf nútímaljóð. Frekari einkenni og staðsetningu bálksins má svo finna með greiningu og samanburði við önnur ljóð tímabilsins.

¹⁰⁰ Örn Ólafsson (1992:121–122).

¹⁰¹ Eysteinn Þorvaldsson (1980:16).

¹⁰² Monroe K. Spears (1970:4).

„móðern“ heldur af því þau væru frábær skáld. Hér sjáum við þá hvernig orðið byrjar sem merkimiði en verður fljótt að gæðastimpli gagnrýnenda. Nú er það auðvitað rétt að ýmsar eigindir sem algengar eru í nútímaljóðum má finna í eldri skáldskap, um það þarf ekki að deila; en það er ankannalegt, og bendir til þess að orðanotkun sé hæpin, að kalla kvæði Sapfóar eða Villons móðern, því grunn-merkingarþáttur þess orðs hlýtur alltaf að vera „nú tíminn“. Í mínum augum að minnsta kosti er það lokleysa að tala um að nútímaljóð – eða móðern ljóð – hafi verið ort í fornöld, og minnir á þá kenningu Stendhals (1823) að Sófókles og Evrípides hafi verið „ótvíráðir rómantíkerar“.¹⁰³

Annars er notkun hugtaksins misjöfn eftir þjóðum sem vonlegt er, en einnig innan sama málsvæðis. Í umræðum á ensku virðist hugtakið *modernism* yfirleitt notað um ýmis einkenni skáldskapar sem fer að gæta í lok níttjándu aldar og árdaga hinnar tuttugustu. Að öðru leyti er hvergi nærri full samstaða um merkingarsvið hugtaksins og sögulegan tíma þess.¹⁰⁴ Samkvæmt þeim ritum á ensku um nútímaskáldskap sem mér eru kunn hættir móðernismans að sumra dómi að gæta um 1940, að annarra dómi á sjötta, sjöunda eða áttunda áratug aldarinnar.¹⁰⁵ Að skeiði móðernismans loknu er síðan yfirleitt talið að postmóðernismi taki við í ljóðlistinni, en engin samstaða er um það heldur í hverju hann sé fólgin eða af hverju megi ekki tala áfram um móðernisma þó að skáldskapurinn hafi breyst með nýjum kynslóðum og haldi áfram að breytast.¹⁰⁶ Nú er það svo, eins og breski sagnfræðingurinn G.M. Trevelyan komst að orði, að „ólíkt dagsetningum eru tímabil ekki staðreyndir. Þau eru hugmyndir sem menn gera sér eftir á um liðna atburði“.¹⁰⁷ Eitthvað svipað mætti segja um bókmenntasöguna: Ólíkt skáldum og rithöfundum, ljóðum og öðrum bókmenntaverkum er móðernisminn ekki staðreynd, hann er safn hugmynda, oft lítt samstæðra, sem menn hafa gert sér eftir á til að reyna að skilja þróun bókmennta á tilteknu tímabili.

Í umfjöllun um breytingarnar sem urðu í ljóðagerð á Íslandi fæ ég

¹⁰³ „Sophocle et Euripide furent éminemment romantiques.“ Ívitnað hjá Antoine Compagnon (1990:26).

¹⁰⁴ Í bók sinni *The Concept of Modernism* gerir Ástráður Eysteinnsson ítarlega grein fyrir notkun hugtaksins og mismunandi skilningi þess í bókmenntaumræðu, aðallega á ensku málsvæði.

¹⁰⁵ Sjá t.d. Malcolm Bradbury og James McFarlane (1991:12), og David Perkins (1987:332).

¹⁰⁶ Það gefur auga leið að því þrengra sem móðernisminn er skilgreindur þeim mun brýnni finnst mönnum þörfin á öðrum isma með nýju heiti á eftir honum.

¹⁰⁷ Hér ívitnað eftir Malcolm Bradbury og James McFarlane (1991:19).

ekki séð að nein þörf sé fyrir hugtakið, svo óljóst sem það er og markað af mótsagnakenndum og þrengjandi skilgreiningum. Ég kys því heldur að nota orðið *nútímaljód* – í víðri merkingu – um þær sundurleitu tegundir skáldskapar sem litið hafa dagsins ljós eftir ljóðbyltingarnar á 19. og 20. öld og eiga það sameiginlegt, þótt sundurleitar séu, að fara á margan hátt í bága við ljóðhefðir sem áður voru ríkjandi. Þetta getur tæplega kallast skilgreining og er þar af leiðandi lítt fallið til útilokunar, enda er það ekki tilgangur minn eins og oft virðist vera þegar menn tala um móðernisma. Önnur ástæða til að sneiða hjá hugtakinu er að endingarnar *-ismi* og *-istar* gefa ósjálfrátt til kynna að um sé að ræða *hreyfingu* og þátttakendur í hreyfingu. Staðreyndin er hinsvegar sú að öll skáld sem hafa lagt mikið af mörku- um til nútímaljóðlistar eru einfarar, í þeim skilningi að þau eru einstök og ólík öðrum skáldum. Það gildir jafnt um Paul Éluard, sem þó var lengi virkur súrrealisti, René Char, sem tengdist hreyfingunni skamma hríð, og ‚útlagann‘ Saint-John Perse. Það gildir um Yeats, Pound og Eliot, um Rilke, Benn og Brecht, um Lorca og Neruda.

Aldrei verður nóg samlega ítrekað að ljóðlist nútímans er ekki einleit heldur margvísleg. Hæpið er því – og hlutavilla – að dubba einstakar skáldskaparaðferðir upp í einkaaðferð nútímaljóða eða *móðernismans*, með ákveðnum greini. Ég hef minnst á þá skoðun að myndræn tjáning og myndhverfingar séu hið sanna andlit hans. Aðrir hafa þóst sjá helsta kennimark hans í þeirri aðferð að sleppa úr tengingum í framvindu ljóðs og eftirláta lesandanum að tengja.¹⁰⁸ Í bæði skiptin eru tiltekin formleg einkenni einangruð og gerð að inntaki stefnunnar. Í bréfi sem Sigfús Daðason skrifaði Hannesi Sigfússyni frá París vorið 1959 koma fram mjög ólíkar skoðanir, og að mínum dómi raunhæfari:

[N]útímaljód er vítt hugtak og *opið*. Það lýtur ekki einhverju lögmáli sem er ákvarðað fyrirfram. Það er alltaf óákvarðað fyrir skáldinu. Þessvegna, minn kæri, ef þú yrkir á morgun ljóð sem tjáir fyllilega í hugsun og formi vanda okkar tíma, þá hefurðu ort „nútímaljód“ enda þótt það kunni að stríða í einu og öllu gegn þeim lögmálum sem þú hefur játað hingaðtil [leturbreytingar Sigfúsar].¹⁰⁹

¹⁰⁸ Sbr. David Perkins (1976:309). – Sú aðferð (*collage, montage*) er reyndar meðal helstu nýjunga nútímalistar og stingur að mínum dómi ekki síður en myndmál nútímaljóða í stúf við eldri ljóðlist.

¹⁰⁹ Sigfús Daðason (2000:78–81).

Og Sigfús skýrir þetta nánar:

Nú virðist mér að sá punktur sem flest nútímaskáld hittast í sé hnitmiðun eða samþjöppun (*concentration*). [...] Þessi samþjöppun kemur meðal annars fram í því að hugsun og form eru eitt, en að mínu viti þarf að vísu meira til að ljóð sé nútímaljóð: að hugsunin sé samkvæm nútímanum, að hún sé ekki tilraun til að snúa sér undan frá veruleikanum.

Að svo mæltu vil ég áréttta að ég lít svo á að allar ljóðabækur Sigfúsar Daðasonar geymi nútímaskáldskap spjalda á milli.

Ort við núllpunkt¹¹⁰

Þó að tína megi til ýmis rök því til skýringar að til byltingar á ljóðhefðinni kom í Evrópu og Bandaríkjunum verður því seint svarað svo óyggjandi sé hversvegna sú bylting varð í Frakklandi nákvæmlega á áttunda og níunda áratug 19. aldar og í enskumælandi löndum og Þýskalandi á öðrum áratug hinnar tuttugustu. Bent hefur verið á líkleg áhrif frá frönsku stjórnarbyltingunni 1789 og falli Parísarkommúnunnar 1871, frá vaxandi iðnvæðingu og borgvæðingu á þessu tímabili og breyttri heimssýn sem tengja má nöfnum manna á borð við Darwin, Marx, Nietzsche og Freud, en orsakasambengið er þó og verður óljóst. Þáttur einstaklinga í að móta gang ljóðlistarsögunnar lýtur víst ekki heldur neinum lögmálum um orsakir og afleiðingar. Að sumu leyti virðist skiljanlegra hversvegna ljóðbyltingin á Íslandi varð á þeim tíma sem við þekkjum, eftir það mikla umbreytingaskeið í íslensku þjóðfélagi sem seinni heimsstyrjöldin var.

Hvernig var umhorfs í andlegum efnunum á Íslandi í lok stríðsins? Við því er auðvitað ekkert eitt svar, en eitthvað afdrifaríkt hafði gerst og var að gerast í vitund ungra skálda og listamanna og augljóst að ekki yrði aftur snúið. Þó enganveginn væri ljóst hvert förlinni var heitið varð sú lest ekki stöðvuð sem nú var lögð af stað. Gamall heimur var að hrynja og nýr að opnast og hinna ungu beið umfram allt leit, endalaus leit. Þetta hafði reyndar einkennt alla sögu nútímabókmennta: leit og tilraunir með nýtt inntak og ný

¹¹⁰ Eins og þeir sjá sem þekkjja *Skriðuð við núllpunkt* nota ég orðalagið í nokkuð annarri merkingu en Roland Barthes.

form.¹¹¹ Fáein brot úr fyrstu ljóðabók Sigfúsar Daðasonar gefa hugmynd um hvernig viðraði í Reykjavík, hvað sótti á ungt og næmt skáld á seinnihluta fimmta áratugarins:

Mannshöfuð er nokkuð þungt
en samt skulum við standa uppréttir ...

Ég bið ekki um sálarró, staðsettur miðja vega milli himna-
ríkis og helvítis, nýs og gamals, austurs og vesturs ...

... endalaus leit að hætti að lifa
óþrotleg bið og spurning ...

Við létum gamlan dvalarstað að baki
– eins og dagblöð í bréfaörfuna –
höldum nú áfram lítum ei frammar við ...

... við finnum nýja aðferð til að lifa ennþá –

Er hægt að líkja ástandi ljóðlistarinnar á Íslandi 1945 við það sem ríkti í Þýskalandi 1945? Var einhverskonar *Stunde Null* líka hér á landi í ljóðaefnum, núlltími þar sem allt hið gamla var rangt og nauðsynlegt að byrja frá rótum? Það er eflaust of mikið sagt, enda ólíku saman að jafna að flestu leyti. Í Þýskalandi var allt í kaldakoli í stríðslok, bæði efnahagslega, menningarlega og siðferðilega, eftir tólf ára alræði nasista og sex ára hervæðingu þjóðlífsins, en Íslendingar höfðu hinsvegar auðgast í stríðinu og voru að sumra dómi loksins að verða menn með mönnum. Þó virðist augljóst að upprennandi skáld á Íslandi fundu mjög fyrir því sem á þýsku nefnist *Nachholbedarf*, þörf á uppbot fyrir það sem úrelt er orðið eða á vantar. Þau höfðu kynnst mun meira en áður erlendum bókmenntum – ekki síst nútímaljóðum – og fannst ljóðagerð á Íslandi vera langt á eftir og ekki í samræmi við samtímamann. Þeim fannst knýjandi nauðsyn að vinna ný lönd og rjúfa þá einangrun og þá innrækt sem að þeirra dómi einkenndi íslenskan skáldskap. Þetta ætti að vera óhætt að álykta um þankagang ung-

¹¹¹ Dæmi: Um hina goðsögulegu aðferð James Joyce í *Ulysses* sagði Eliot að hún væri „skref í þá átt að gera heim nútímans listhæfan“ („a step toward making the modern world possible for art“). Í „Ulysses, Order, and Myth“, T.S. Eliot (1975:178).

skáldanna. Á þessum tímamarki urðu því *hvörf* í sögu íslenskrar ljóðlistar líkt og orðið höfðu áður í öðrum Evrópulöndum. Strax upp úr stríði fóru þeir Jón úr Vör, Steinn Steinarr, Hannes Sigfússon og fleiri skáld til Norðurlanda og um sama leyti fór Anonymus að birta ljóð sín og ljóðabýðingar. Á næstu árum rak svo hver bókin aðra þar sem sagt var skilið við íslenska ljóðhefð að verulegu leyti: *Þorpið* kom 1946, *Tíminn og vatnið* 1948, *Dymbilvaka* 1949, *Svartálfadans*, *Ljóð 1947–1951* og *Imbrudagar* árið 1951.

Þeir Jón Óskar og Sigfús Daðason sem fóru ekki strax utan lásu ekki síður af kappi erlend ljóð, eins og Jón greinir frá í endurminn-ingabókum sínum. Hið sama má ráða af bókaeign Sigfúsar. Sá lestur réð tvímælalaust miklu um þá stefnu sem þeir tóku. „[Ég get] varla hugsað mér að „formbyltingin“ hefði orðið nema fyrir áhrif af lestri ljóða eftir erlenda höfundum,“ ritaði Jón Óskar löngu síðar.¹¹² Þeir Jón og Sigfús höfðu mikið samneyti á seinnihluta fimmta áratugarins eins og fram kemur í bókum Jóns, mun nánara en aðrir í skálda-hópnum.¹¹³ Meðal annars þýddu þeir töluvert í félagi –

í fyrstu kvæði eftir Carl Sandburg, W.B. Yeats, Cecil Day Lewis, E.E. Cummings o.fl., en seinna þýddum við eftir Paul Eluard og Pablo Neruda. Það var Sigfús sem átti frumkvæðið að þessu og hann valdi flest ljóðin. Oftast var hann byrjaður að þýða og jafnvel búinn að gera einhverja beinagrind, þegar hann kom með kvæði til mín.¹¹⁴

Eins og ég leitaðist við að sýna fram á í afmælisgreininni voru einkum þrjú skáld áhrifavaldar um ljóðagerð Sigfúsar þegar fyrsta bók hans *Ljóð 1947–1951* var í smíðum, þeir T.S. Eliot, Paul Eluard og Rainer Maria Rilke. Og af bókaeign hans má ráða að um það leyti sem hann fór til Frakklands hafði hann fengið býsna víðtæk kynni af erlendum samtímaskáldskap.¹¹⁵ Um Norðurlandaskáldin skrifaði Jón Óskar af nokkru yfirlæti:

¹¹² Jón Óskar (1977:168).

¹¹³ Ein bók Sigfúsar, *A Portrait of the Artist as a Young Man* eftir James Joyce, er árituð svo: „Sigfús Daðason Rvík ’45, Jón Óskar Rvík 1946, Sigfús Daðason Rvík 1947“.

¹¹⁴ Jón Óskar (1971:33–34).

¹¹⁵ Þegar Sigfús Daðason fór til Frakklands 1951 átti hann meðal annars ljóðabækur á frönsku eftir Paul Eluard, Louis Aragon, René Char og Paul Claudel. Á ensku eftir T.S. Eliot, W.H. Auden, Stephen Spender, C.D. Lewis, Louis MacNeice og Walt Whitman. Á þýsku eftir Bertolt Brecht (og hafði greinilega kynnst Rilke

Sannast sagt veit ég ekki til að þessir svokölluðu förtitalistar hafi haft nein áhrif á íslensk ljóðskáld, þó Steinn og Hannes væru að fræða menn um þá yfir kaffibollum á Skálanum. Sjálfur hafði ég ekki mikinn áhuga á þeim [...] enda stóð ég, ásamt Sigfúsi Daðasyni, í sambandi við uppsprettulindir nútímafyrirbæra í ljóðagerð, en ekki enduróm þeirra á Norðurlöndum.¹¹⁶

Þetta þarf auðvitað ekki að taka alveg bókstaflega og gildir ekki um allan skáldahópinn, en að því er Sigfús varðar hygg ég það sé rétt að hann hafi aldrei lagt sig að ráði eftir skáldskap á Norðurlandamálum. Aftur á móti hafði hann miklar mætur á Paul la Cour og *Dagbókabrotum* hans.

Á Íslandi sem annarstaðar tók byltingin ekki einungis til forms heldur til inntaks ekki síður, enda gagnrýnir Jón orðið formbyltingarskáld, „þetta orð sem Einar Bragi notaði því miður af lítilli fyrirhyggju upp úr 1953“,¹¹⁷ og hann nefnir mikilvæg atriði sem snúa að breyttu efnisvali og nýrri lífssýn hinna ungu skálda:

Við atómskáldin ortum aldrei eitt einasta ljóð um sögulegan atburð úr Íslendingasögum eða mannkynssögunni frá liðnum öldum eða upp úr þjóðsögum eða goðafræði eins og níjtjándu aldar skáldin og aldamótaskáldin og raunar allir fyrirrennarar okkar gerðu. Okkur hefði margt fyrirgefist, ef við hefðum gert það. En þetta var einfaldlega (í grófum dráttum) munurinn á okkur og fyrri skáldum á Íslandi. Hversvegna? Af því að nú var allt breytt, þjóðfélagið sjálft, sveitamenningin, Reykjavík. Þetta var munurinn á gamla tímanum og nýja tímanum.¹¹⁸

Allt var breytt: þjóðfélagið, sveitirnar og Reykjavík. Og síðast en ekki síst var einangrun landsins rofin og Ísland komið í miðju heimsatburða. Við það kom í ljós betur en áður að Ísland var tilfinnanlega

vel). Á Norðurlandamálum eftir Nordahl Grieg og Karl Vennberg og *Fragmenter af en Dagbog* eftir Paul la Cour. Auk þess eru í fórum hans frá þessum tíma þrjú söfn nútímaljóða: *Poems of Our Time 1900–1942* (Everyman's Library nr. 981), *Twelve Modern Poets*, útg. af Artur Lundkvist (ljóð eftir tólf enskumælandi skáld) og *40-talslyrik*, útg. af E. Lindegren og K. Vennberg.

¹¹⁶ Jón Óskar (1975:79).

¹¹⁷ Jón Óskar (1975:162).

¹¹⁸ Jón Óskar (1977:52–53).

á eftir í menningarlegum efnum, og sú ljóðlist sem fyrir var dugði ungu skáldunum ekki til að fjalla um þau nýju yrkisefni sem nú leituðu á: nýja vitund um heiminn og stöðu mannsins í heiminum. Til mikils var því að vinna að bæta þetta upp.



Árið 1989 skrifaði Gunnar Harðarson um „kaflaskilin í íslenskri nútímaljóðlist“ upp úr stríðslokum og þótti heitið ‚formbylting‘ að vonum ófullnægjandi um þær breytingar, að minnsta kosti sé tekið mið af þróuninni allt fram á sjöunda áratug.¹¹⁹ Ef halda eigi því hugtaki vill hann bæta við tveimur: ‚málbyltingu‘ og ‚myndbyltingu‘. Um atóm-skáldin svokölluðu skrifar hann að þeir hafi að nokkru leyti verið „varðveislumenn íslenskrar skáldskaparhefðar“,¹²⁰ og sem dæmi þess nefnir hann viðhorf þeirra til tungumáls og málvöndunar. Ég tel að vísu að hann vanmeti stórlega röttækni þeirra; þeir gerðu mun meira en „sprengja af [hefðinni] staðnað ytra form“;¹²¹ það var ekki síður innri gerð ljóða þeirra Hannesar Sigfússonar, Stefáns Harðar og Sigfúsar Daðasonar sem fór í bága við hefðina og til marks um það er að margir fundu ljóðum þeirra einkum til foráttu (rétt eins og *Tímanum og vatninu*) að þau væru ‚óskiljanleg‘. Þeir gengu bersýnilega mun lengra í nýrri ljóðhugsun en þorri ljóðalesenda var tilbúinn að fylgja þeim. Snorri Hjartarson og seinna Hannes Pétursson voru hinsvegar í það nánnum tengslum við ljóðhefðina að þeim var tekið fagnandi.

Nú fór því reyndar fjarri að þessi afstaða til tungumálsins – vand- að málfar, þó laust við ýmis einkenni eldra ljóðmáls í orðavali og setningagerð – styngi í stúf við nútímaljóð annarstaðar á fyrrihluta aldarinnar. Þetta var í meginráttum afstaða enskumælandi skálda á borð við Yeats, Pound, Eliot, Auden, Williams, Stevens. Með öðrum orðum helstu skáldanna. Sama gildir um þau frönsku skáld sem Sigfús Daðason tók einkum mið af: Éluard, Guillevic, Char, Perse. Hér skiptir máli að þetta var afstaða allra hinna þriggja erlendu læri-meistara Sigfúsar á fimmta áratugnum; klassísk áhrif einkenndu víða ljóðstíl Eliots og Rilke hafði orðið fyrir áhrifum af frönskum sýmbólístum. Annarri málstefnu fylgdu að sjálfsgöðu dadaistarnir og einnig sumir súrrealistar og þýskir expressjónistar, að ekki sé minnst

¹¹⁹ Gunnar Harðarson (1989:108–18).

¹²⁰ Gunnar Harðarson (1989:110).

¹²¹ Gunnar Harðarson (1989:110).

á ítölsku fútúristana, en þessir hópar höfðu tæpast nokkur bein áhrif á atómskáldakynslóðina.

En að því leyti er athugun Gunnars hárrétt að mínum dómi að atómskáldin voru ekki og litu ekki á sig sem framvarðarsveit (*avant-garde*), ekki sem fjandmenn allrar fyrri ljóðlistar eins og segja mátti um ítölsku fútúristana, um dadaista og að nokkru leyti um franska súrrealista, en þetta einkenndi víða avantgardismann og greindi hann frá meginstraumi nútímaljóða. Atómskáldin töldu að vísu að endurnýjun íslenskrar ljóðlistar væri óumflýjanleg, og tóku alvarlega það hlutverk sitt að gerast nýjungamenn, en þau höfðu enga sameiginlega stefnuskrá, fóru ólíkar leiðir og gengu misjafnlega langt.¹²² Það er ekki fyrr en með Birtingsmönnum að hugsanlega má kalla að komin sé til sögunnar framvarðarsveit, með tímarit á bak við sig og herskáar yfirlýsingar, einkum frá Einari Braga sem tók að sér að vera André Breton sveitarinnar (án heragans þó og hreinsananna sem einkenndu stjórn hins síðarnefnda). Ef til vill hefur 68-kynslóðin sem Gunnar ræðir um í grein sinni einnig litið á sig sem framvarðarsveit – í bókmenntum og listum sem flestum öðrum efnum.

Hættur fasílítetsins

Tómas Guðmundsson mælti tvímælalaust fyrir munn margra þegar hann skýrði nýjungagirnir ungu skáldanna fyrir sjálfum sér og öðrum með því að þau réðu einfaldlega ekki við hefðbundið ljóðform: „Menn, sem finna hjá sér köllun til að yrkja, en brestur þrek til að gera sér lögmál ljóðformsins undirgefið, rísa gegn því og fá jafnvel hatur á því.“¹²³ Skýring Tómasar fellur bersýnilega undir reglu Menckens: Við öllum flóknum spurningum eru til einföld, auðskilin, röng svör – og henni var mótmælt með þeim gildu rökum, meðal annars, að hið nýja ljóðform væri berskjaldaðra og því að ýmsu leyti erfiðara en hið hefðbundna; það þyrfti að standa algjörlega á eigin fótum. En hinu er ekki að leyna að frá upphafi ljóðbyltingarinnar í

¹²² Þegar farið er í saumana á þessum tímum og þeirri kynslóð skálda sem nefnd hafa verið ‚atómskáld‘ kemur glöggt í ljós hvað það heiti er varasamt. Rétt eins og þar hafi verið á ferðinni harla einsleitur hópur og ‚atómljóðin‘ eigi öll heima í sömu skjóðu. Bókmenntasögulega er það vitaskuld rétt að þau koma fram um sama leyti og eiga á margan hátt samleið, en sem skáld eru þau fjarska ólík og eiga sér ólíka fagurfræði og heimspeki. Hæpið er að þau eigi sér sameiginlega ‚skrift‘ (*écriture*) í skilningi Barthes.

¹²³ *Morgunblaðið* 26. mars 1952.

Frakklandi hefur mátt greina þær raddir að frjálsu formi fylgdi sú hætta að slakað yrði á kröfum til skáldskaparins, það byði upp á auðveldar lausnir. Ég ætla að nefna fjögur skáld í því sambandi.

Strax við upphaf vegferðarinnar talaði Baudelaire um hættur hins auðvelda, hættur algjörs frelsis, og líkti við ástir vændiskonu.¹²⁴

Svipaðar efasemdir um ágæti frelsisins mátti greina hjá T.S. Eliot og Ezra Pound sem tóku um skeið afstöðu gegn ljóðum í frjálsu formi og höfðu þó báðir iðkað það ljóðform með góðum árangri. Skömmu fyrir 1920 fóru þeir að yrkja ferhendur í anda Théophile Gautier hins franska, Pound ljóðaflokkinn *Hugh Selwyn Mauberly* og Eliot til að mynda kvæðið „Whispers of Immortality“. Þar er þetta erindi um enska 16. aldar skáldið John Donne (sem mér hefur lengi þótt vera um Sigfús Daðason):

Donne, I suppose, was such another
Who found no substitute for sense,
To seize and clutch and penetrate;
Expert beyond experience.

Um fríljóð (e. *free verse*) sagði Eliot: „No verse is free for the man who wants to do a good job“, og lauk ádeilugrein sem hann skrifaði 1917 á orðunum: „... *vers libre* does not exist, for there is only good verse, bad verse, and chaos“.¹²⁵ Þetta skeið stóð þó stutt, einkum hjá Pound sem tók að yrkja sinn langa (og ófullgerða) *Cantos*-bálk, en í ljóðum Eliots eimir löngum eftir af brag, enda var reyndar stefna hans alla tíð að ljóð ættu ekki að fjarlægjast bundið mál um of.

Um samtímaskáldskapinn á Íslandi 1983 komst Halldór Laxness svo að orði í viðtali:

[M]eirihlutinn af þessu er svo fasílt, auðvelt, og jafnvel auvirðilegt. [...] Ég gæti sem hægst búið þetta til en þetta er svo fasílt að fyrir alvarlegan rithöfund væri það eins og ef úrsmiður væri settur í að smíða taðkvörn.¹²⁶

¹²⁴ Baudelaire er einkum að tala um myndlist en víkur einnig að prósaljóðum, sem hann var þá nýlega farinn að yrkja: „... la fantaisie est d'autant plus dangereuse qu'elle est plus facile et plus ouverte; dangereuse comme la poésie en prose, comme le roman, elle ressemble à l'amour qu'inspire une prostituée et qui tombe bien vite dans la puérilité ou dans la bassesse; dangereuse comme toute liberté absolue.“ Baudelaire (1954:797).

¹²⁵ „Reflections on *vers libre*“ (1978:189).

¹²⁶ Viðtal við Illuga Jökulsson (*Storð* 3/1983:15).

Halldór er ómyrkur í máli að vanda en hafa má í huga við lestur ádreppunnar að hann hafði áður lagst gegn bæði prósaljóðum („ljóðum í óbundnu máli“) og fríljóðum („braghöltum ljóðum“):

Ekki aðeins öll „ljóð í óbundnu máli“ eru á íslensku ljótt prósa, heldur einnig öll braghölt ljóð. Leirskáld, sem höfðu ekki lag á að láta standa í hljóðstafnum, hafa gert sitt til að rugla íslenskt brageyra, bæði með þeirri tegund af hlægilegu prósa sem þeir kalla „ljóð í óbundnu máli“, óreglulegri notkun bragliða og setningu ríms (samsvarandi ljóðlínur innan erindis mislángar, eða mismargar ljóðlínur erindis innan sama kvæðis, og því líkt).¹²⁷

– og skilgreint ljóðlist mjög þröngt:

Mikill hluti af skáldskap nútímans er ein ruslakompa af ósamstæðum brotum [...] menn láta prenta rímlausan og óversaðan texta með misjafnlega laungum línnum einsog um ljóðlínur væri að ræða [...] það er einsog skáldið hafi gleymt að einmitt með því að sleppa rími og versgerð er hann blátt áfram að skrifa óbundið mál, – það er ekki til annar munur á bundnu máli og óbundnu en sá sem felst í versgerðinni.¹²⁸

Lagleg U-beygja þetta hjá skáldinu sem ort hafði „Únglinginn í skóginum“ og „Rhodymenia palmata“ liðlega tvítugur.¹²⁹ Því Halldór var á yngri árum eina ljóðskáldið á Íslandi sem tók mið af því sem var að gerast í ljóðlist á meginlandi Evrópu. Þremur áratugum síðar fordæmir hann með síðustu tilvitnuninni hér að framan, sem lesin var yfir norskum menntamönnum, ekki einungis vaxtarbroddinn í íslenskri samtímaljóðlist heldur lungann úr ljóðbókmenntum Evrópu og Norður-Ameríku í hartnær hálfa öld. Reyndar efast maður um það hér sem stundum endranær hversu alvarlega beri að taka yfirlýsingar Halldórs, enda nefnir hann í sama fyrirlestri Pablo Neruda sem það ljóðskáld aldarinnar sem sambærilegt sé við Picasso í myndlist, Brecht í leiksviðs-

¹²⁷ „Hin hvítu skip Guðmundar Bøðvarssonar“ (1962:139).

¹²⁸ „Vandamál skáldskapar á vorum dögum“ (1955:198–99). – Svipað orðalag er í „Formála að ljóðasafni úngra skálda í Mentaskóla Reykjavíkur 1965“; aðaláherslan þar er þó á að ljóð séu „ekki til að lesa heldur til að sýngja“ (1971:9).

¹²⁹ Greinargott yfirlit yfir ljóðagerð Halldórs er hjá Eysteini Þorvaldssyni: „Ljóðagerð sagnaskálds“ (2002:49–67).

skáldskap og Chaplin í kvikmyndum (hann er að lýsa skilningi sínum á raunsæislist). Og í viðtölum sagðist honum oftast en einu sinni svo frá að hann tæki Neruda fram yfir flest eða öll skáld á öldinni.¹³⁰ Þó eru næstum öll ljóð Neruda „rímlaus og óversaður texti með misjafnlega löngum línnum“.

En af hvaða erlendum skáldum lærði Halldór einkum? Í aðfaraorðum með „Únglíngnum“ við frumbirtingu 1925 telur hann kvæðið til „expressíonistisks skáldskapar“ (reyndar án tengingar við stefnuna í Þýskalandi sem svo hefur verið kölluð) og í 2. útg. *Kvæðakvers* 1949 kennir hann það og fleiri ljóð sín við súrrealisma.¹³¹ Um súrrealismann segir hann nú:

„Ég svalg alt sem ég náði í eftir þá höfunda sem mörkuðu stefnuna, Apollinaire [svo], Aragon, Soupault, Max Jacob (að vísu nokkru eldri), Bontempelli (hinn ítalska), að ógleymdum sterkasta liðsmanninum, James Joyce.“¹³²

Eins og menn sjá notar Halldór orðið súrrealismi þarna í víðari merkingu en svo að einskorða megi við hreyfinguna sem André Breton stýrði með harðri hendi frá 1924. Hinsvegar nefnir hann þá þrjá menn sem mig grunar að „súrrealíska“ skáldið Halldór Laxness hafi lært mest af, það er að segja frönsku skáldin Guillaume Apollinaire og Max Jacob sem telja má til helstu forvera súrrealistanna, og höfund *Ulysses*, James Joyce. Hér er ekki tóm til að rökstyðja þessa skoðun mína; það er einungis hægt að gera með samanburði við verk þessara höfunda.¹³³

¹³⁰ Þetta staðfesti Halldór Guðmundsson í samtali við ÞP 9.1.2005.

¹³¹ „Únglíngurinn í skóginum“ birtist fyrst í *Emreiðinni* 1/1925 og síðan með breytingum í *Kvæðakveri* 1930 og 1949.

¹³² Halldór Kiljan Laxness (1949:142). Á sama stað segir Halldór reyndar: „Súrrealismi í hreinni mynd er varla til frá minni hendi; nokkrir kaflar og einstakar setningar í Vefaranum nálgast það helst, sömuleiðis ýmsar glefsur í kvæðunum“ (143).

¹³³ Ég hef lengi haft efasemdir um expressjónisma og súrrealisma Halldórs og tel að taka beri orðum hans með nokkrum fyrirvara. Um hinn fyrri segir Halldór reyndar að hann megi heita „þungamiðja allrar tízkulistar, hvarvetna“. Það er því sennilega réttast að leggja í hann skilninginn „óhefðbundinn skáldskapur sem lýtur einungis ímyndunarafla skáldsins“ en tengja hann ekki neinni tiltekinni hreyfingu. Að minnsta kosti er „Únglíngurinn“ afar ólíkur kvæðum þýsku expressjónistanna (nema helst dadaistanna í þeirra hópi sumstaðar), og reyndar flestra hinna eiginlegu frönsku súrrealista líka. Aftur á móti má sjá heilmikil líkindi við Apollinaire og Max Jacob. Það sem líkt er með þeim er fjörið og leikurinn, þ. á m. orðaleikir, en jafnframt blíður, ljóðrænn strengur og söngvinn

Lokaorð

„Il faut être absolument moderne,“ orti Rimbaud eins og frægt er,¹³⁴ maður verður að vera nútímamaður fram í fingurgóma. Og næmir listamenn hafa löngum fundið hjá sér ríka þörf fyrir að vera samkvæmir sínum tíma.¹³⁵ Krafan um það var ekki að hljóma í fyrsta sinn hérlendis um miðja öldina. Einhverja snjöllustu lýsingu á slíkri þörf sem til er á íslensku skrifaði Halldór Laxness rúmlega tvítugur í grein sem heitir „Tíska og menning“. Árið var 1925 og Halldór sagði:

Ljóðskáld, sem er eigi andlegt afkvæmi tímans sem hann lifir á, er hvorki lands né lagar dýr. Á Íslandi er hinn mesti síðgotúngsbragur á allri menningu, og hættr ljóðskáldum til að vera eftirhreytur eldri tíma og tíðaranda. Er hér enda leitun á mentamanni sem eigi sé að minstakosti tuttugu til fimtíu árum á eftir tímanum í allri hugsun og hátterni.

Og ennfremur –

Menn sem rosknir eru orðnir, og lifað hafa fífil sinn fegurstan í listum fyrndrar tísku, rísa vitaskuld öndverðir gegn hinu nýja, og er þetta í rauninni ekki annað en sagan um gang lífsins.

En hann bætti við –

Ég hef aldrei fyllt flokk þeirra sem láta anda kalt í garð íhaldsmanna. Mér finst hrifni roskinna manna yfir gömlum stefnum

texti (það gildir sérstaklega um Apollinaire). Nýlega rakst ég svo á frásögn Matthíasar Johannesen af skýringu sem hann skrifaði við „Únglinginn í skóginum“ og sýndi Halldóri: „[Í] frægasta ljóði skáldsins Únglingnum í skóginum eru áhrif frá surrealisma André Bretons“, en því mótmælti Halldór „fast og ákveðið og [sagði]: „Nei, það ljóð er meira í líkingu við Apollinaire [svo]“:“ Matthías Johannesen (1985:211–212). – Um Guillaume Apollinaire segir Halldór í *Sjömeistarasögu* (1978:99): „...um árabíl ofarlega á skáldaskrá nútímafrakka hjá undirrituðum“.

¹³⁴ Í prósaljóðinu „Adieu“ í *Une saison en enfer*, Arthur Rimbaud (1972:116).

¹³⁵ Þannig hef ég skilið þessi orð Rimbauds og þannig hafa þau að ég held yfirleitt verið skilin. Franski fræðimaðurinn Henri Meschonnic leggur þó aðra merkingu í þessa „flaggsetningu“ (*phrase-drapeau*) nútímaskáldskapar, þá sumsé að orðið *moderne* hafi þarna neikvæðan tón, Rimbaud sé að tala um þá kvöð að fylgja nútímanum, „víti nútímans“, í stað þess að halda á vit hins ókunna (*l'inconnu*). Henri Meschonnic (1993:123–27). Undir þessa skoðun hefur landi hans bókmenntafræðingurinn Antoine Compagnon tekið nýlega (2005:11–12).

og gömlum skáldum eins réthá og hrifni vor yfir nýum stefnum og nýum skáldum.¹³⁶

Athyglisvert sjónarmið hjá hinum unga myndbrjóti. Oft er látið eins og fálæti lesenda andspænis nýjungum eins og þeim sem hér komu fram um miðja öldina sé til marks um illskiljanlega þröngsýni. En í rauninni er það óhjákvæmilegt og ekki annað en ‚gangur lífsins‘. Þegar væntingar sem lesendur hafa borið til ljóða bregðast þeim gjör-samlega kenna þeir ljóðunum um, ekki sjálfum sér. Þeir veita ekki athygli hinu nýja sem hugsanlega hefur áunnist og allangur tími líður þar til nýjungarnar eru almennt teknar í sátt. Þessvegna hefur röt-tækum breytingum í ljóðagerð jafnan fylgt fálæti og jafnvel óvild af hálfu lesenda og gagnrýnenda, og ekki einungis á Íslandi.

Ég vil færa þeim Berglindi Gunnarsdóttur, Catherine Eyyólfsson, Guðnýju Yri Jónsdóttur, Gunnari Harðarsyni, Péttri Knútsyni og Péttri Þorsteinsyni þakkir mínar fyrir gagnlegar ábendingar.

HEIMILDIR

- Abrams, M.H.: *The Mirror and the Lamp · Romantic Theory and the Critical Tradition*, Oxford University Press 1971.
- Ackroyd, Peter: *T.S. Eliot*, Abacus 1985.
- Algulin, Ingemar: *Tradition och modernism*, Natur och kultur 1969.
- Aragon, Louis: *Le paysan de Paris* [1926], Gallimard (Le livre de poche) 1966.
- Aristóteles: *Um skáldskaparlistina*, íslensk þýðing eftir Kristján Árnason, Hið íslenska bókmenntafélag 1976.
- Aristotle: *Rhetoric*, transl. by W. Rhys Roberts, Dover Publications 2004.
- Ástráður Eysteinnsson: *The Concept of Modernism*, Cornell University Press 1990.
- Barthes, Roland: *Skrifað við núllpunkt*, íslensk þýðing: Gauti Kristmannsson og Gunnar Harðarson, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands 2003.
- Baudelaire, Charles: „Salon de 1859“, *Œuvres complètes*, Gallimard (Bibliothèque de la Pléiade) 1954.

¹³⁶ Tilvitnanir í þessa grein Halldórs eru teknar úr safninu *Af minningarástandi* (1986:91–93).

- Benn, Gottfried: *Probleme der Lyrik*, Limes Verlag 1951.
- Béhar, Henri o.fl.: *Le Surréalisme*, Le livre de poche (coll. biblio essais) 1992.
- Bradbury, Malcolm og James McFarlane (ritstj.): *Modernism 1890–1930*, Penguin Books 1991.
- Brecht, Bertolt: „Über Formalismus und neue Formen“, *Schriften zur Literatur und Kunst II*, Aufbau-Verlag 1966.
- Breton, André: *Manifestes du surréalisme*, Gallimard (coll. idées) 1972.
- Carleton, Peter: „Tradition and Innovation in 20th Century Icelandic Poetry“ [doktorsritgerð], Berkeley 1967.
- Compagnon, Antoine: *Les cinq paradoxes de la modernité*, Éditions du Seuil 1990.
- Compagnon, Antoine: *Les antimodernes de Joseph de Maistre à Roland Barthes*, Gallimard (Bibliothèque des Idées) 2005.
- de Man, Paul: *Blindness and Insight · Essays in the Rhetoric of Contemporary Criticism*, 2. útg., University of Minnesota Press 1983.
- Ducasse, Isidore (Comte de Lautréamont): *Les chants de Maldoror*, Flammarion 1990.
- Einar Bragi: „Í listum liggur engin leið til baka“, *Birtingur* 1/1955.
- Einar Bragi: „Sjödægra“ [ritdómur], *Birtingur* 4/1955.
- Eliot, T.S.: *The Use of Poetry and the Use of Criticism*, Faber and Faber 1933.
- Eliot, T.S.: „Baudelaire“ [1930], *Selected Essays*, Faber and Faber 1951.
- Eliot, T.S.: „The Music of Poetry“ [1942], *On Poetry and Poets*, Faber and Faber 1957.
- Eliot, T.S.: *Collected Poems 1909–1935*, Faber and Faber 1964.
- Eliot, T.S.: „Ulysses, Order, and Myth“ [1923], *Selected Prose of T.S. Eliot*, ed. by Frank Kermode, Faber and Faber 1975.
- Eliot, T.S.: *To Criticize the Critic*, Faber and Faber 1978.
- Eliot, T.S.: *Inventions of the March Hare · Poems 1909–1917*, ritstj. Christopher Ricks, Harcourt Brace (A Harvest Book) 1998.
- Éluard, Paul: *Œuvres complètes*, Gallimard (Bibliothèque de la Pléiade) 1968.
- Éluard, Paul: *Ástin ljóðlistin*, Sigurður Pálsson þýddi, Mál og menning 1995.
- Eysteinn Þorvaldsson: *Atómskáldin · Aðdragandi og upphaf módernisma í íslenskri ljóðagerð*, Hið íslenska bókmenntafélag 1980.
- Eysteinn Þorvaldsson: *Ljóðafing*, Ormstunga 2002.
- Eysteinn Þorvaldsson: „Hvers mega sín orð ljóðsins“, *Són* 2004.
- Friedrich, Hugo: *Die Struktur der modernen Lyrik · Von Baudelaire bis zur Gegenwart* [1956], Rohwohlt 1971.
- Frontier, Alain: *La poésie*, Belin 1992.
- Frye, Northrop: *Anatomy of Criticism* [1957], Penguin Books 1990.

- Guðrún Björk Guðsteinsdóttir: „Stephan G. og módernisminn“, *Andvari* 2004.
- Gunnar Harðarson: „Laumufarþegar ljóðsins“, *Ljóðaárþók 1989*, Almenna bókafélagið 1989.
- Halldór Kiljan Laxness: „Unglingurinn í skóginum“, *Eimreiðin* 1/1925.
- Halldór Kiljan Laxness: *Kvæðakver*, 2. útg., Helgafell 1949.
- Halldór Kiljan Laxness: „Vandamál skáldskapar á vorum dögum“ [1954], *Dagur í senn*, Helgafell 1955.
- Halldór Kiljan Laxness: „Stefán frá Hvítadal“ [1934], *Dagleið á fjöllum*, 2. útg., Helgafell 1962.
- Halldór Kiljan Laxness: „Hin hvítu skip Guðmundar Böðvarssonar“ [1939], *Vettvángur dagsins*, 2. útg., Helgafell 1962.
- Halldór Laxness: „Formáli að ljóðasafni úngra skálda í Mentaskóla Reykjavíkur 1965“, *Yfirskygðir staðir*, Helgafell 1971.
- Halldór Laxness: „Skemmtilegt fólk skrifar sig sjálf“ [viðtal við Illuga Jökulsson], *Storð* 3/1983.
- Halldór Laxness: *Af menningarástandi*, Vaka-Helgafell 1986.
- Hannes Pétursson: „Ljóðstafir“ [1977], *Birtubrigði daganna*, Katlagil 2002.
- Hannes Sigfússon: *Ljóðasafn*, Iðunn 1982.
- Hauptmann, Elisabeth: „Notizen über Brechts Arbeit 1926“, *Sinn und Form* (Zweites Sonderheft Bertolt Brecht).
- Höllerer, Walter (ritstj.): *Theorie der modernen Lyrik · Dokumente zur Poetik I*, Carl Hanser Verlag 2003.
- Íslensk stílfraeði*, Mál og menning 1994.
- Jakobson, Roman: „Linguistics and poetics“ [1958], sjá David Lodge (1988).
- Jóhannes úr Kötlum: *Óljóð*, Heimskringla 1962.
- Jón Óskar: *Gangstéttir í rigningu*, Iðunn 1971.
- Jón Óskar: *Kynslóð kalda stríðsins*, Bókaútgáfa GUÐJÓNSÓ 1975.
- Jón Óskar: *Borg drauma minna*, Fjölvaútgáfan 1977.
- Jón Óskar: *Ljóðastund á Signubökkum · Þýðingar og ágríp af franskrri ljóðsögu á 19. og 20. öld*, Bókaútgáfa Menningarsjóðs 1988.
- Jón Óskar: *Undir Parísarhimni · Nýjar þýðingar og saga franskra ljóða frá Viktor Hugo til nútímans*, Bókaútgáfa Menningarsjóðs 1991.
- Kahn, Gustave: „Préface sur le vers libre“, *Premiers poèmes*, París 1897.
- Kittang, Atle og Asbjørn Aarseth: *Lyriske strukturer*, 4. útg., Ósló: Universitetsforlaget 1998.
- Kjartan Valgarðsson: „Orð: um ljóðagerð Sigfúsar Daðasonar“. Ópr. ritgerð til BA-prófs í íslensku við Háskóla Íslands vorið 1985.
- Lodge, David (ritstj.): *Modern Criticism and Theory · A Reader*, Longman 1988.

- Longenbach, James: „Modern Poetry“, *The Cambridge Companion to Modernism*, ritstj. Michael Levenson, Cambridge University Press 1999.
- Mallarmé, Stéphane: „Sur l'évolution littéraire“ [viðtal við Jules Huret 1891], *Œuvres complètes*, Gallimard (Bibliothèque de la Pléiade) 1945.
- Mallarmé, Stéphane: *Correspondance complète 1862–1871 · Lettres sur la poésie 1872–1898*, Gallimard (folio classique) 1995.
- Marxistisk litteraturteori*, Rhodos 1973.
- Matthías Johannesen: *Bókmenntaþættir*, Almenna bókafélagið 1985.
- Meschonnic, Henri: *Modernité modernité*, Gallimard (folio essais) 1993.
- Milly, Jean: *La poétique des textes*, Nathan 1992.
- Neruda, Pablo: *Tuttugu ljóð um ást og einn örvæntingarsöngur · Veinte poemas de amor y una canción desesperada*, þýð. Guðrún H. Tulinius og Karl Guðmundsson, Háskólaútgáfan 1996.
- Njörður P. Njarðvík: *Saga leikrit ljóð*, Iðunn 1975.
- Perkins, David: *A History of Modern Poetry I · From the 1890s to the High Modernist Mode*, Harvard University Press 1976.
- Perkins, David: *A History of Modern Poetry II · Modernism and After*, Harvard University Press 1987.
- Perloff, Marjorie: *The Poetics of Indeterminacy · Rimbaud to Cage*, Northwestern University Press 1999.
- Perloff, Marjorie: *21st-Century Modernism*, Blackwell 2002.
- Pound, Ezra: *Selected Poems*, ed. by T.S. Eliot, Faber and Faber 1948.
- Pound, Ezra: „A Retrospect“, *Literary Essays of Ezra Pound*, ed. by T.S. Eliot, Faber and Faber 1963.
- Raymond, Marcel: *De Baudelaire au surréalisme* [1940], José Corti 1992.
- Rimbaud, Arthur: *Œuvres complètes*, útg. af Antoine Adam, Gallimard (Bibliothèque de la Pléiade) 1972.
- Sandburg, Carl: *Selected Poems*, Harcourt Brace 1996.
- Sigfús Daðason: *Ljóð 1947–1951*, Heimskringla 1951.
- Sigfús Daðason: *Ritgerðir og pistlar*, Forlagið 2000.
- Sigurður Pálsson: „Vígslumeistarinn Sigfús Daðason“, *Skáld um skáld*, ritstj. Eiríkur Guðmundsson og Jón Kalman Stefánsson, Félag íslenskra bókaútgefenda 2003.
- Sigurjón Björnsson: *Sálkönnun og sállækningar*, Hið íslenska bókmenntafélag 1983.
- Sinfield, Alan: *Literature, Politics and Culture in Postwar Britain* [1997], Continuum 2004.
- Spears, Monroe K.: *Dionysus and the City · Modernism in Twentieth Century Poetry*, Oxford University Press 1970.
- Stefán frá Hvítadal: *Ljóðmæli*, Helgafell 1970.

- Stefán Hörður Grímsson: *Hliðin á sléttunni · Ljóð*, Helgafell 1970.
- Todorov, Tzvetan: „La crise romantique“, *Théories du symbole*, Éditions du Seuil (coll. Points Essais) 1977.
- Todorov, Tzvetan: „La poésie sans le vers“, *La notion de littérature et autres essais*, Éditions du Seuil (coll. Points) 1987.
- Vadé, Yves: *Le poème en prose*, Belin 1996.
- Whitman, Walt: *Söngurinn um sjálfan mig*, Sigurður A. Magnússon þýddi, 2. útg., Bjartur 2002.
- Yfirlýsingar · Evrópska framúrstefnan*, Hið íslenska bókmenntafélag 2001.
- Þorsteinn Gylfason: *Spæk af reka*, Mál og menning 1993.
- Þorsteinn Þorsteinsson: „... en samt skulum við standa uppréttir“, *Andvari* 2001.
- Þorsteinn Þorsteinsson: „Um prósaljóð Sigfúsar Daðasonar“, *Andvari* 2003.
- Örn Ólafsson: *Kóralfórspil hafsins*, Skjaldborg 1992.

Kristín Svava Tómasdóttir

Tvö ljóð

hughreysting

litla barn
ekki hafa áhyggjur af því
að þessi sprengja færi þig ekki aftur til móður þinnar
það kemur dagur eftir þennan dag
sprengja eftir þessa

án titils tvö

í kvöld var lítill drengur drepinn í stofunni heima hjá mér
blóðið slettist af glampanði skjánum á gulnandi sófasettið
hennar langömmu
lítill drengur var drepinn
það er kannski þessvegna sem nóttin er svona löng
og fyllirið svona botnlaust
ykkar skál! okkar sundurskotnu systkini á gaza
ykkar blóð í okkar kókflöskum
þjáningum ykkar er lokið
okkar byrja kannski aldrei
nema þá í smækkudu formi offeitra einheltra barna
sem seinna tala um lífsreynsluferlið í vikunni
eða hjá hinni skilningsríku sirrý með áreynslukennda brosið
nei þetta er allt í lagi
ég myndi líka brosa svona ef útlitshönnuðir klæddu mig
í þessar buxur
en við hin sem aldrei vorum lamin
aldrei troðið ofan í ruslatunnur
aldrei kúkað í nestisboxin okkar
við bölvum því að colombina-árásirnar
hafi ekki átt sér stað í hagaskóla

hér gerist aldrei neitt
í mesta lagi migið í pottablóm
samt tekur enginn af skarið
nema kannski þeir sem hafa hugrekki til að hengja sig
og vita ekki að ef eitthvað bíður hinumegin
hefur það ekkert meiri tilgang
 en plastkenndur mcdonaldsheimurinn sem þeir yfirgefa
þeir hefðu betur tekið þátt í örvæntingarfullum
 sjálfshjálparbúskap sirrýar
þegar þeir flippuðu á öllu valinu
en þeirra vegna fellum við engin tár
því eins og transexúal sjómenn vita manna best
þá fer salt svo illa með gerviefni

Hjalti Snær Ægisson

Um ljóðabækur ungskálda frá árinu 2004

Nokkrar glæfralegar athugasemdir

1. *Auðnin er stjarnlaus*

Kanadíska bókmenntafræðingurinn Linda Hutcheon leitast við að skilgreina póstmóderna list í bók sinni *The Politics of Postmodernism* frá 1989. Hutcheon segir einkenni slíkrar listar vera að hún sé í senn söguleg og samtímaleg: „[H]ún bæði staðfestir og grefur undan ríkjandi menningarlegum og félagslegum öflum hins vestræna nútímaheims.“¹ Gagnrýni póstmódernískra listamanna á tæki og birtingarform fjöldamenningar er sett fram með þessum sömu tækjum og birtingarformum. Póstmódernísk gagnrýni eða mótmæli fela þannig í sér þátttöku; ástandið er gagnrýnt innan frá. Til eru nokkur dæmi um þetta í íslenski ljóðlist, til að mynda fyrstu ljóðabækur Einars Más Guðmundssonar.

Á síðasta ári kom út hjá Sölkun bók sem heitir *Mótmæli með þátttöku: bítsaga*. Hún á þó fátt skylt við þátttökugagnrýni eins og þá sem Linda Hutcheon lýsir og tengingin við bítskáldin er að sama skapi ónákvæm. Höfundurinn, Kristian Guttesen, hefur áður gefið út fjórar ljóðabækur. Fyrstu tvær heita *Afturgöngur* (1995) og *Skuggaljód* (1998; endurskoðuð útgáfa 2003). Í þeim er mikið af dramatík og myrkri, óblíðar náttúrumyndir eru algengar og einhver svartagaldursstemning viðloðandi, sérstaklega í þeirri síðarnefndu þar sem heiti ljóðanna eru skrifuð með rúnalettri. Þriðja bókin, *Annó* (1999), er úrval úr ljóðum Kristians; ljóðin eru flokkuð eftir því hvaða ár þau eru ort og eru þar meðal annars ljóð úr fyrri bókunum tveimur. Fjórða bókin, *Ígull* (2003), er öll á persónulegri og hlýlegri nótum; mörg ljóðin yrkir Kristian til skyldmenna sinna, vina, eiginkonu og barna. Húmorinn er á sínum stað, sérstaklega í smámyndum sem brugðið er upp úr

¹ Jón Yngvi Jóhannsson (1999:127).

hversdagslegum veruleika, en skuggarnir samt ekki alveg horfnir; hér eru svartir blóðdropar, dauði, djöflar og nokkur bílslys.

Því miður er húmornum ekki fyrir að fara í *Mótmælum með þátttöku*, Kristian segir þar alveg skilið við þær tilraunir sem tókust best í *Ígli*. *Mótmæli með þátttöku* er stutt saga um mann sem lendir í bílslysi. Á sjúkrahúsinu rifjar hann upp atburði úr lífi sínu, fyrstu kynni sín af kærustunni, vandamál úr fyrri ástarsamböndum, drykkju og dópneyslu. Fyrri hluti bókarinnar er hlutlæ加里 og fjallar mestmegnis um kærustu sögumannsins. Hún er fráskilin móðir, á í sífellið þjarki við einn barnsfeðra sinna og vinnur fyrir sér sem vændiskona, að því er virðist. Einu sinni var hún í hlutverki fjallkonunnar á þjóðhátíðardaginn. Í sögu Kristians leynist þar með tilraun til að móðernísera þetta lykiltákn íslenska þjóðernisins: Hvernig er komið fyrir þjóðinni þegar sjálf fjallkonan er svipt reisu sinni, lánlaus og fráskilin? Þetta er að vísu gamalt bragð; ekki ómerkari höfundar en Jónas Svafár, Megas og Spilverk þjóðanna hafa útfært það á sinn hátt. Síðari hluti *Mótmæla með þátttöku* er draumkenndur, skilin verða með ljóðinu „Land“ og í framhaldinu verður samfélagsádeila áleitnari. Sögumaðurinn rekur raunir sínar og útlistar dapurlegt sálarástand. Í lokin verður hann fyrir vitrun og snýr frá villu síns vegar, hann tekur nýja stefnu í lífinu og gerist einsetumaður:

Nú leita ég einskis og bý sáttur langt frá því óðagoti sem ég eitt sinn hrærðist í. Ég hef dregið mig í hlé og held til í litlu húsi við sjóinn. Undir húsinu skríða hlykkjóttir ormar.

Stefnan í verkinu er frá óreiðu til friðsældar, frá bílslysi til lítils húss við sjóinn.

Í *Mótmælum með þátttöku* örlar víða á skemmtilegum hugmyndum:

Þegar maður ekur útfyrir bæjarmörkin er einsog umferðin á móti komi nákvæmlega þaðan sem maður sjálfur stefnir.

Ég sé lífið fyrir mér eins og sjónvarp sem var skilið eftir í botni í yfirgefnu herbergi.

Helsti galli bókarinnar er þó að hún tekur sjálfa sig allt of alvarlega. Hugmyndin virðist hafa verið að skapa töff og hættulegt verk, hefja ljóðið upp fyrir þau notalegheit og nostur við hið smáa sem svo oft

verður áberandi. Og höfundur fatast flugið; málfar sem virðist eiga að vera gripið beint úr hörðum heimi óreglu og erfiðis verður hálfhlægilegt:

Svo kæmi hún aftur þegar allt þetta foking vesen væri liðið hjá.

Ég var byrjaður að velta þeim möguleika fyrir mér hvort ég ætti séns á að komast uppá barnapíuna.

Lýsingar sögumanns á eigin geðröskun eru þvældar og lítt spennandi (hann heyrir raddir, sér sjálfan sig afmyndast). Sumir staðir eru einhvern veginn of augljósir; það er skrúfað of mikið frá og ekkert rými eftir fyrir viðbót lesandans:

Eftir villta nótt á djamminu hef ég vaknað á eldhúsbörði í einhverri ókunnri blokk, gist fangageymslur lögreglunnar og margt þar á milli. Það væri allavega ekki fjarri lagi að ætla geðveikina og drykkjuna sitt hvora hlið á sömu mynt. Því annað getur framkallað hitt.

Mótmæli með þátttöku er til marks um stefnubreytingu á skáldferli Kristians Guttesen. Kristian á hins vegar enn eftir að ná raunverulegum tókum á prósanum. Umskiptin eru of mikil til þess að ráða megi af verkinu að þar haldi reyndur höfundur um pennann.

2. Best er að hafa veggja auða

Í *Íslenskri orðabók* frá 2002 segir:

jakluxi KK **dýrafr.** • síðhært klaufdýr (*Bos mutus eda grunniens*) af ætt slíðurhyrninga, lifir villtur í háfjöllum í Mið-Asíu, sums staðar taminn og notaður sem burðardýr²

Eins og gefur að skilja er lítið um jakuxa í íslenskum bókmenntum og þjóðin almennt ekki fróð um slíkar skepnur. En síðasta haust kom út íslensk bók þar sem jakuxar koma við sögu: *Kjötbærinn* eftir Kristínu Eiríksdóttur, útgefin af Bjarti. *Kjötbærinn* gerist þó ekki í háfjöllum

² Mörður Árnason (2002:727).

Mið-Asíu heldur í ónefndri stórborg. Titill bókarinnar er óræður eins og verkið sjálf. Í upphafi þess stendur þetta um jakuxa:

Peir eru búnir til úr neoni, þaðan fáum við neon, við gerum úr þeim auglýsingaskilti og tússpenna. Það þarf bara einn dropa til að lýsa upp heila stórborg þannig að þú getur rétt ímyndað þér hvernig heill jakuxi glóir. Peir ferðast um í halarófu og eru til í fleiri litum en þú munt nokkru sinni sjá, litum sem augu þín eru ófær um að nema.³

Líklega dylst það fáum að jakuxarnir, sem hér er lýst, eiga ekkert sameiginlegt með síðhærðu nautgripategundinni úr Íslenskri orðabók – ekkert nema nafnið eitt. Jakuxar Kristínar Eiríksdóttur í *Kjötbænum* eru tilbúningur hennar sjálfrar.

Dæmið sem hér er tekið er nokkuð lýsandi fyrir stíl bókarinnar. Í *Kjötbænum* er fátt eins og það sýnist. Bókin er á vissan hátt ein allsherjarviðsþyrna gegn klisjum og stöðnuðu tungumáli; höfundi tekst að skapa sitt einkatungumál þar sem orðum eru fengin ný blæbrigði eða alveg ný merking. Orðin í *Kjötbænum* vísa ekki í viðtekinn veruleika heldur annan heim, heim verksins sjálfs sem er furðuveröld innilokunar, martraða og óþægilegra ráðgátna.

Þrátt fyrir alla sína ljóðrænu er *Kjötbærinn* frásagnarverk – það er einhver framvinda í honum – en þegar kemur að því að endursegja söguþráðinn vandast málið. Plottið er í raun undir sérhverjum lesanda komið og textinn er nógu óræður til þess að tveir ólíkir lesendur geti túlkað hann á alveg andstæðum forsendum og komist að gerólíkri niðurstöðu. Lesandinn fær að fylla í eyðurnar og geta sér til um hvers konar samhengi er á milli atriðanna eða myndanna sem brugðið er upp. Það er að minnsta kosti ljóst að sagan gerist að mestu leyti í einu herbergi á efstu hæð í blokk. Sögumaðurinn er Kata, ung kona sem býr þar með kærastanum sínum, Kalvin. Kata er oftast ein heima á meðan Kalvin er í vinnu, hún virðist eiga erfitt með að gera greinarmun á draumum sínum og raunveruleikanum. Lýsingar Kötú á umhverfi sínu eru sérdeilis óraunsæislegar og minna mest á ofskynjanir: Hún sér blokkirnar í nágrenninu sveiflast hverja utan í aðra, rauða lifur skriða eftir gólfinu, þrívíða smáauglýsingu í blaði og standlampa sem skíðlogar. Kalvin er, að því er virðist, fremur vafasamur náungi, fámáll en stoltur eigandi haglabyssu og vel brýndra hnífa.

³ Kristín Eiríksdóttir (2004:11).

Kata er sannfærð um að hann hafi röntgensjón og sjái (bókstaflega) í gegnum sig. Spurningin um trúverðugleika Kötú sem sögumanns vaknar snemma og sú spurning er ekki síst tengd Kalvin enda eru allar lýsingar á honum komnar frá Kötú og því undirorpnar hennar brengluðu sýn á heiminn. Viðfangsefni á borð við geðveiki, eiturlyfjaneyslu og sjálfsmorð eru eins og innan seilingar en alls ekki ljóst hvort þau komi fyrir í alvöru. Saga Kristínar Eiríksdóttur er frábrugðin sögu Kristians Guttesen einkanlega að því leyti að hér er ekkert full-yrt með algjörrí vísu, ekkert neglt niður, bara spurningar og engin svör. Hver og einn verður að geta sér til um þau atriði sem honum finnst skipta máli: Er Kata geðveik eða ekki? Er Kalvin illmenni eða er Kata hrædd við hann að ástæðulausu? Fremur hann sjálfsmorð í lokin? Hvernig er forsaga Kalvins og Kötú og af hverju eru þau stöð þar sem þau eru?

Í viðtali sem birtist skömmu eftir útkomu *Kjötbæjarins* sagði höfundurinn meðal annars:

Bókin lýsir í raun andstyggð á samfélaginu og lífinu í því, nútímalífinu, þótt það hljómi reyndar mjög banalt. Við fylgjumst með Kötú fara yfir í aðra vídd. [...] Hún vill bara fá að vera í friði fyrir öllu áreitinu. [...] Kata skilur ekki það sem hún á að skilja, rökfræði samfélagsins. Hún stenst ekki allar þær kröfur sem gerðar eru til hennar. Hún fellur ekki inn í samfélagið. Hún vill frekar vera annars staðar. Og kannski er boðskapur bókarinnar að það er eitthvað annað til en þessi veruleiki samfélagsins.⁴

Með þetta í huga má segja að *Kjötbærinn* sé lýsing á samfélagi, ekki síður en hugarástandi. Mín skoðun er sú að verkið gangi upp á báðum forsendum. *Kjötbærinn* er vel heppnuð frumraun, sennilega einhver bestu tíðindi síðasta ljóðaárs.

3. Ég bað þig um að bíta mig í hálsinn

Kjötbær Kristínar Eiríksdóttur var í síðustu jólabókavertíð gjarnan nefndur í sömu andrá og önnur bók: *Ást og appelsínur* eftir Þórdísi Björnsdóttur, útgefin af höfundi.⁵ Báðar bækurnar eiga það sameigin-

⁴ Próstur Helgason (2004:11).

⁵ Sjá til dæmis sameiginlegan ritdóm Úlfhildar Dagsdóttur um báðar bækurnar á bókmenntavef Borgarbókasafnsins, www.bokmenntir.is

legt að vera fyrstu ljóðabækur skáldkvenna á þrítugsaldri, báðar eru lagðar í munn ungra kvenna sem tala til sambýlismanns eða elskhuga, auk þess sem óheft ímyndunarafl og viss hryllingur setja svip sinn á bæði verkin. *Ást og appelsínur* er þó frábrugðin hinni að mörgu leyti. Hún er nær því að vera „venjuleg“ ljóðabók, ljóðin bera heiti eða númer og framvinda eða þróun frá einu ástandi til annars er ekki eins mikilvæg.

Ást og appelsínur skiptist í átta hluta. Grunnurinn að þeirri skiptingu liggur ekki alveg í augum uppi enda er textinn alls staðar svipaður áferðar og endurtekningasamur í meira lagi. Málnotkun Þórdísar er ekki eins frjó og hjá Kristínu, stíllinn er yfirleitt frekar snyrtilegur og endurspeglar ekki alveg þær óhömdu ástríður og ofsafengnu líkamslýsingar sem koma svo mikið við sögu. Hið líkamlega er upphaf og endir verksins, líkami og líkamsvessar eða líkamshlutar koma fyrir í næstum öllum ljóðunum. Formið er einræða konu eða stúlku sem talar til mannsins sem hún elskar. Hún er yfir sig ástfangin en sveiflast þó milli ástar og haturs. Eina stundina dásamar hún fegurð og yndisþokka viðmælanda síns, þá næstu fordæmir hún hann, oftast í kjölfar vonbrigða sem hún verður fyrir með hann:

Ég [...]

sveimaði kringum þig þar sem þú svafst

eins og fallegasta líkið í veröldinni

þuldi síðan ljóðið sem ég samdi fyrir þig

og þú sagðir að það væri drasl helvítis fíflíð þitt⁶

Ástir elskendanna tveggja taka á sig ýmsar myndir og misfagarar. Ástinni er iðulega slegið saman við ofbeldi og limlestingar, ljóðmæl-andinn biður elskhuga sinn um að skera sig á hol, hann kyrkir hana og hún opnar á honum magann og fyllir af alls kyns smáhlutum. Líkómum elskendanna er ítrekað líkt við matvæli. Elskhugi ljóðmæl-andans er „með egg í hárinu / og þykkar varirnar / glansandi af smjöri“ (bls. 37), þau sleikja, bíta og sjúga safann hvort úr öðru (eins og úr appelsínu), hún segist vilja éta hann og fær ósk sína uppfyllta í sjötta hluta bókarinnar: „Ég aflima / úrbeina / sker þig í bita / salta og krydda / og steiki á pönnu / háma þig svo í mig / af greddu og ást“ (bls. 55).

⁶ Þórdís Björnsdóttir (2004:22).

Ást og appelsínur er í heild sinni grafísk útfærsla á kunnuglegu myndmáli sem felst í skörun tveggja orðræðna: Ástar og áts. Ást ljóðmælandans er barnsleg („þess vegna ætla ég / að eiga þig alltaf“, bls. 8) og snýst oft upp í þráhyggju. Þetta er blandað hatri og ofbeldi og lögð áhersla á hve fin lína er á milli þess að elska og hata. Hér má finna nokkur skemmtileg tilþrif, gjarnan á erótískum nótum, en þar með er það í raun upptalið. Fjölbreytninni er ekki beinlínis fyrir að fara enda ekki út í bláinn að tala um þessa bók sem ljóðabálk þótt hann myndi því miður ekki nógu sterka heild. Stígandin í verkinu er skemmtileg; sífellt meiri kraftur færast í lýsingarnar. Málvarið er einhæft og hrynjandi nokkuð sérstök. Textinn verður þínulítið tilgerðarlegur á stöku stað, einkum þegar höfundur kys að víkja frá eðlilegri orðaröð til þess að fella mál sitt að hrynjandinni: „Við hlæjum og síðan / þú stendur á fætur“ (bls. 12), „bíddu, ég segi / og sæki okkur hníf“ (bls. 14).

Ást og appelsínur er áhugaverð bók en ekki rismikil. Ljóðin eru ekki ofin saman með leiðarstefjum eða lykilordum – þau eru runa af endurtekningum. Þórdís er búin að gefa til kynna að önnur bók sé á leiðinni. Það verður gaman að fá hana í hendurnar – hér er nefnilega vísir að einhverju spennandi þrátt fyrir allt.

4. *Ljós umlukið myrkri*

Eitt af lykilordum nútímalegra bókmennta er *samruni*. Mörkin á milli bókmenntagreina og -tegunda verða sífellt óljósari; hið háa blandast hinu lága, kjarngott mál er brætt saman við slangur, fornsagnahetjur mæta teiknimyndafígúrum í kröppum dansi. Allt er sett fram á sama plani og allt er leyfilegt.⁷ Af þeim bókum sem hér hafa verið nefndar má sjá að mörk ljóðabóka eru ekki lengur skýr, *Mótmæli með þátttöku* og *Kjötbærinn* fela báðar í sér einhverja framvindu eða frásögn (sú fyrirnefnda hefur meira að segja undirtitilinn *bítsaga*) og *Ást og appelsínur* var grunnurinn að fjöllistasýningu sem sett var upp á Akureyri í lok nóvember. Ljóðformið er því gjarnan næring fyrir eitthvað meira, brot af stærri heild.

Í ljóðabókum síðasta árs er þó sennilega hvergi meiri blöndun að finna en í bókinni *Níðurfall og þættir af hinum dularfulla Manga* eftir Hauk Ingvarsson, útgefinni af Eddu. Orðmargur titill bókarinnar gefur

⁷ Svona samruni er ekki bundinn við bókmenntirnar einar heldur er hann einkenni á vestrænni menningu almenn. Um samruna hámenningar og lágmenningar sjá meðal annars Ármann Jakobsson (2002:49-67).

nokkra vísbendingu um stíl hennar og efnistöð. *Niðurfall* er ekki hefðbundin ljóðabók heldur rapsódía í orðum þar sem öllu ægir saman; hér má finna Einar Áskel, Bítlanu, Jónas Hallgrímsson, Twin Peaks, Phil Spector, Hörð Magnússon, *Sjálfstætt fólk* og Todd Richardsson. Textarnir í *Niðurfalli* eru allt frá stuttum ljóðum til þriggja síðna frásagna. Tónninn er á einhverju illskilgreinanlegu svæði milli hefðar og dægurmenningar.

Vísanir eru það vopn sem Haukur beitir einkum í bók sinni og byggja þær að mestu á þremur sviðum: Íslenskum (forn)bókmenn-tum, popptónlist og barnabókum. Veröld barnsins er miðlæg í *Niðurfalli*. Mangi sá sem getið er um í titli verksins virðist að miklu leyti sóttur í samnefnda persónu úr barnabókinni *Hver bjargar Einari Askeli?* sem kom út á íslensku 1981 (þegar Haukur Ingvarsson var tveggja ára) og gæti sú persóna komið að einhverjum notum við túlkun *Niðurfalls*. Mangi er leynivínur Einars Áskels, hugarburður sem hann leitar til þegar hann er einmana og vantar leikfélaga. Í *Niðurfalli* koma fyrir með reglulegu millibili stuttar frásagnir þar sem ljóðmælandinn og Mangi skoða heiminn og velta vöngum yfir lífinu og tilverunni. Mangi í *Niðurfalli* er þó talsvert frábrugðinn nafna sínum úr bókum Gunillu Bergström: Hann er heimspekilegri, krítískari og almennt „fullorðinslegri“. Rétt eins og í *Hver bjargar Einari Askeli?* er Mangi hér aukasjálfráðalpersónunnar og samræður þeirra kveikja margar frjóar hugleiðingar:

„... Listfræðingar
eru glópar sem stara svo stíft í tjörnina að þeir sjá ekki
himininn.“
„Vilt þú ekki setja upp sýningu á úrkynjaðri list eins og
Jónas frá Hríflu?“ spyr ég.
„Það er ekkert þúkó að krefjast þess að listaverk hafi
merkingu. Er ekki nóg að lífið sé óskiljanlegt?“⁸

Fleiri barnabókmenntir koma fyrir í *Niðurfalli*, meðal annars *Ævintýri Æskunnar*, *Dýrin í Hálsaskógi* og *Breiðholtsstrákur fer í sveit*. Það er freistandi að túlka þessar tengingar sem sjálfsævisögulegt atriði. *Niðurfall* er fyrsta bók höfundar, með henni er hann ef til vill að gera upp eigin æsku, svipað og Halldór Laxness í *Barni náttúrunnar*.

⁸ Haukur Ingvarsson (2004:73–74).

Haukur Ingvarsson er menntaður íslenskufraeðingur og ber *Níðurfall* þess greinileg merki; textinn er lærður og fremur athyglissjúkur, vitsmunalegur fremur en tilfinningalegur og málnotkunin kjarnyrst og háfleyg. Leikur að máli er eitt af aðalsmerkjum bókarinnar, ekki síst á stöðum þar sem höfundur þrjónar út frá orðum og hoppar með hluta orðs yfir í nýtt samhengi og textinn fer að minna á rapp eða „rímnabattl“: „[L]jóðrás er annað en blóðrás / hún er ekki árás né útrás“ (bls. 17), „hverfum sjálfum okkur / verðum að andhverfum okkar sjálfra / myndhverfumst í dýrið sem við óttumst á daginn“ (bls. 70). Þó nokkuð er um menntamanna húmor; sem dæmi má nefna senuna þar sem ljóðmælandi kemur að bókabúð Máls og menningar og hleypur fram hjá af áhrifafælni við Steinar Braga.⁹ Flest eru ljóðin löng og vandlega stíluð, stundum svo mjög að merkingin verður óskýr. En texti *Níðurfalls* er þéttur, oftast grípandi og aldrei leiðinlegur. Bókin er full af gátum sem gaman er að glíma við. Sjálf listin er oft í brennidepli, ljóðmælandinn og Mangi ræða mikið um muninn á skáldskap og veruleika, og muninn á ljóðlistinni og öðrum listum: „Það er nú lítið mál að vera skáld, maður tekur bara orðabók og raðar upp úr henni orðum og kallar ljóð“ (bls. 60).

Mangaþættirnir eru áhugaverðir og afar hugmyndafríkir. Saman mynda þeir skemmtilega heild sem er brotin upp með ljóðum sem tengjast meginstraumi verksins mismikið. *Níðurfall* er því annað og meira en bara safn ljóða. Það væri spennandi að sjá höfund þróa þessa tilburði sína skrefi lengra og takast á við smásögur eða skáldsögur. En þrátt fyrir það er styrkur *Níðurfalls* umfram allt falinn í stuttu ljóðunum, sem eru því miður of fá að mínu mati. Í ljóðinu „II heilabrot“ (bls. 72) spyr ljóðmælandi: „Segi ég of mikið? Læt ég of mikið uppi?“ Sé þessi spurning látin eiga við *Níðurfall* í heild neyðist ég til að svara henni játandi.

5. *Grilla? En það er október!?*

Í fyrrahaust setti Stúdentaleikhúsið upp leiksýninguna *Þú veist hvernig þetta er* og vakti hún meiri athygli en títt er um áhugaleiksýningar hér á landi. Verkið er beitt ádeila á ýmsa þætti í íslenskum samtíma: Aðkomu íslenskra stjórnvalda að Íraksstríðinu, klámvæðingu fjöl-

⁹ Bókabúð Máls og menningar er miðdepillinn í skáldsögunni *Áhyggjudúkkur* eftir Steinar Braga. Kenningar um áhrifafælni eru uppistaðan í höfundarverki breska bókmenntafræðingsins Harold's Bloom.

miðla og markaðssetningar, ægivald amerískrar lágmenningar, raunveruleikasjónvarp og sitthvað fleira. Grundvallaraðferð leikhópsins, sem samdi verkið ásamt leikstjóranum, var að endurskapa í mjög ýktri mynd þann yfirborðskennda og allt að því sjúklega hressileika sem nútíminn sýnir andspænis dauða og hörmungum. Heimur verksins er Ísland þar sem búið er að leiða ýmis fánægleg atriði úr samtíma okkar út á ystu nöf, land þar sem „stemningin hefur tekið öll völd“.¹⁰

Fyrir á árinu hafði komið út ljóðabók sem er grein á sama meiddi, bók þar sem allt er vaðandi í sora og ófögnuði, klámi, ofbeldi, kynþáttafordómum og guðlasti, en allt gert á léttum nótum og með bros á vör. Þetta er ljóðabókin *Grillveður í október* eftir Óttarr M. Norðfjörð. Áður hefur höfundur gefið út eina bók í þremur eintökum og nú í sumar kom síðan út *Sirkus*, nýjasta ljóðabók Óttars, sem skreytt er myndum eftir hann sjálfan. Óttarr segist hafa byrjað að skrifa í menntaskóla en fyrst um sinn hafi ljóðið ekki höfðað til hans:

Honum fannst hálf hallærislegt [svo] að skrifa ljóð en viðhorf hans breyttist þegar hann mætti á Nýhil-kvöld og hlustaði á ljóðaupplestur. Þar heyrði hann margt áhugavert en fannst þó skáldin vera að yrkja mikið um sama hlutinn og að rödd sín skæri sig úr og ætti erindi við aðra. „Ég hef áhuga á að skrifa ljóð sem eru ekki svona inn á við heldur varða heiminn og heimsástandið. Ég vil líka vera fyndinn á aulalegan hátt og laus við allt snobb.“¹¹

Óttarr M. Norðfjörð er Sid Vicious íslenskrar ljóðlistar. Hann er aðdáandinn sem var innlimaður í bandið. *Grillveður í október* kom út hjá Nýhil í mars 2004 og síðan þá hefur Óttarr oft komið fram á upplestrarkvöldum samtakanna. Ljóðin í bókinni bera enda sterkan svip af þessum uppruna sínum. Þau eru mjög flutningsvæn og virðast henta ágætlega til að hrópa í hljóðnema á öldurhúsi. Efni ljóðanna, bygging og myndmál eru heldur ekki tormeltari en svo að þau megi meðtaka með björglas í annarri. *Grillveður í október* inniheldur útleitin

¹⁰ Orðalagið er fengið að láni úr káputexta bókarinnar *LoveStar* eftir Andra Snæ Magnason en furðuleikabragur þeirrar sögu sver sig að mörgu leyti í ætt við *Þú veist hvornig þetta er*.

¹¹ Inga Rún Sigurðardóttir (2005:59).

Ljóð sem eru sannast sagna hálfgerður vaðall en hitta oft í mark. Mörg ljóðanna eru lítið annað en skissur eða hráar hugmyndir, sjaldnast mælsk en hnyttin og ganga iðulega fram af lesandanum. Samsláttur hins óhugnanlega og yfirborðslegs fjölmiðlaskrums er einkennið á nokkrum bestu sprettum bókarinnar:

Þeir voru sjö í allt.
 Þrír eða fjórir nauðguðu henni gróflega.
 Einn manna hafði það hlutverk að
 halda henni niðri.
 Mennirnir hegðuðu sér dýrslega og
 þegar nauðgunin var afstaðin
 yfirgaf hún herbergið
 við hlátrasköll þeirra.
 Sendu inn sms-skeytið Getz á
 númerið 1919.
 Þú færð spurningu til baka.
 Ef þú svarar rétt fer gsm
 númerið þitt í pottinn og þú
 gætir unnið frábæran rauðan Hyundai
 Getz frá B&L til eigin
 afnota í eitt ár.¹²

Hér er að vísu ekkert nýtt á ferðinni, miklu fremur hugvitssamlega uppfærðar útgáfur af kunnuglegum stefnum. Margt minnir á elstu verk Ísaks Harðarsonar, einkum *Ræflatestamentið*, og eitt ljóð eftir Dag Sigurðarson („Mynd eftir barn“) fær að fljóta með í *Grillveðri í október* næstum óbreytt (bls. 36–37). Áhrif má eflaust sjá víðar að, splatterkvikmyndir og sjónvarpsþættir á borð við *South Park* eru í seilingarfjarlægð.

Grunntónninn í *Grillveðrinu* er öfgakenndur, vestrænn karlkyns hroki: „Ó! Heimurinn virðist syngja / þegar maður er hvítur, hraustur, / stöndugur myndarlegur, / gagnkynhneigður, vestrænn karlmaður“ (bls. 37). Húmorinn er kolsvartur og kaldhæðnin svo yfirgengileg að sú spurning vaknar jafnvel við lesturinn hvort hér sé í raun *ekki* kaldhæðni á ferðinni heldur talað í fullri einlægni. Höfundurinn hefur

¹² Óttarr M. Norðfjörð (2004:21).

sjálfur gert því skóna að hann viti stundum hreinlega ekki hvort hann sé að gagnrýna ástandið sem hann lýsir í ljóðum sínum eða taka undir það.¹³

Í maí 2005 var *Þú veist hvernig þetta er* valin áhugaleiksýning síðasta leikárs og af því tilefni settar upp tvær sýningar á stóra sviði Þjóðleikhússins. Lesa mátti í blöðum að ófáum sýningargestum hafi þar hreinlega ofboðið og gengið út. Að sama skapi má reikna með að *Grillveður í október* höfði ekki til allra, og sennilega ekki nema fárra. Bókin er kraftmikil þótt tónninn sé stundum dálítið þvingaður og áreynsla höfundarins við að hneyksla lesendur sína of áberandi. Bókin er fyrst og fremst áhugaverður vitnisburður um fyrirbæri eins og upplestrarkvöld Nýhils, frökk en ekki sérlega eiguleg, enda þólr hún illa að vera lesin oft.

6. *Nú er ofurhetjan dái*

Í *Grillveðri* Óttars M. Norðfjörð kemur eitt ljóðanna fyrir tvisvar sinnum (bls. 9 og 29). Í seinna skiptið stendur „(e)“ fyrir aftan ljóðið. Ljóðið felur þannig í sér vissa færslu á milli sviða. Vísunin er í sjónvarpsdagskrá í blöðum þar sem endurtekið efni er merkt með „(e)“. Svipaða færslu má finna í annarri ljóðabók frá 2004, en um miðbik hennar (bls. 20–21) kemur opna sem er auð, að undanskildum orðunum: „Hlé / Æska allra fimmtudaga.“ Með auðum síðum reynir höfundurinn þannig að mynda tengsl við stillimyndina sem var eina sjónvarpsfni þjóðarinnar á fimmtudögum um áraradír. Miðlarnir tveir eru látnir kallast á; ljóðabókin öðlast einkenni sjónvarps.

Bókin er *Ofurmennisþrá*. Höfundurinn er Valur Brynjar Antonsson. *Ofurmennisþrá* er hans fyrsta verk, gefin út af Nýhil seint í fyrrahaust. Í fréttatilkynningu var bókin sögð fjalla um „síðasta tabú okkar tíma: Ofurmennisþrá“.¹⁴ Hjómar klént í fyrstu, dálítill Nietzsche-lykt af titlinum, en við nánari athugun kemur í ljós að hér er nokkuð burðugt verk. Í samhengi bókarinnar virðist ofurmennishugtakið að einhverju leyti samtvinnað skáldahugtakinu, en kannski fylgir orðinu „ofurmenni“ nokkur kaldhæðni. Í ljóðinu „27 skáld“ ávarpar ljóðmælendinn skáld sem er upp á kant við aðra menn en stendur þeim samt frammar í einhverjum skilningi:

¹³ Hér er vísað til viðtals sem Haukur Ingvarsson átti við Óttarr í útvarpsþættinum *Vísja* 20. júní 2005.

¹⁴ www.nyhil.org

Þú ert skáld af því að það er eitthvað að þér
 og þú ert með minnimáttarkennd, skáld
 Og þegar aðrir áttu úlpu og takkaskó
 þá var þín æska: draumar að degi til
 Samt ertu, skáld, montnari en hanagal að nóttu
 eins og fyrirburi spýttur útúr klofinu¹⁵

Valur fjallar hér og víðar um starf skáldsins. Skáldanafnbótinni fylgir mikill farangur; um aldir hafa skáldin verið boðberar sannleika sem öðru fólki vill gjarnan reynast torvelt að tjá. Í *Ofurmennisþrá* er lýst heimi þar sem setningaskipan jarðarinnar er lokuð, „ekkert land er ónumið, / hvergi nýtt að finna“ (bls. 24), og því ekki ósennilegt að skáldið lendi í kreppu. Í nútímanum á ofurhetjan sér ekki verðug viðfangsefni eða andstæðinga eins og áður fyrr; hennar eini andstæðingur „er næsti maður / sem svitnar eins og gufuvél / alveg eins og þú“ (bls. 32). *Ofurmennisþrá* gerist í heimi þar sem ofurhetjan er dáin. Hugmyndin minnir á togstreituna í ljóði Eliots, „The Love Song of J. Alfred Prufrock“, en ljóðmælandi þess tilheyrir þeim hópi manna sem er „gjarnt að sveiflast harkalega milli þeirrar trúar að þeir búi yfir einhverju djúpu og merkilegu sem geti breytt heiminum og skelfilegrar vissu um að lífið sé gersamlega fánýtt og þeir sjálfir einskis virði.“¹⁶

Ljóðin í *Ofurmennisþrá* eru giska fjölbreytt. Bókin hefst á ósk höfundarins um að tekið verði „hólógramískt afrit“ af sér dansandi, heilmýnd úr ljósi, rafknúin af eilífðarvél. Þetta er að einhverju leyti óður höfundarins til eigin skáldskapar sem hið hólógramíska afrit er myndhvörf fyrir. Ljóðið „Dansandi afrit“ er Bautasteinn Vals B. Antonssonar, afritið dansandi er fantastísk útgáfa af minnisvarða. *Ofurmennisþrá* er með öðrum orðum byrjandaverk og veit af því; allur texti bókarinnar ber vott um höfund sem er að kveða sér hljóðs. En dansandi afritið er geymt á afskekktum stað, í „flagnandi hvítmáluðu herbergi / einhvers staðar í risibúð“ (bls. 6). Ljóð Vals B. Antonssonar eru úr alfaraleið, þau eru á jaðrinum.

Ljóðin „Saltrisinn“ (bls. 28–29) og „Fjöruferð“ (bls. 30–31) eru dularfull og táknsöguleg, og minna helst á þjóðsögur eða goðsögur. Í tveimur hersýningarljóðum (bls. 14–17) fjallar Valur um greinarmuninn sem Vesturlandabúar gera á sjálfum sér og öðrum kynþáttum, en á finlegri og látlausari hátt en Óttarr M. Norðfjörð. Líkt og

¹⁵ Valur B. Antonsson (2004:10).

¹⁶ Sverrir Hólmarsson (1991:434).

Kristian Guttesen tekst Valur síðan á við eina af mýtum íslenska þjóðernisins, nánar tiltekið í ljóðaflokki „Króna Íslands ögrum skorin“ (bls. 36–43) sem er einhvers konar umsköpun á sögninni um landvættirnar fjórar. Henni er fundinn staður hjá kirkjugarðinum við Sudurgötu, að því er virðist. Bókinni lýkur á ljóði þar sem höfundurinn stígur fram á sviðið og hrópar húrra fyrir sjálfum sér. Valur Brynjar Antonsson vill sannfæra okkur um að hann sé kominn til að vera.

7. Á göngu um hús möguleikanna

Áður er getið um safnritið *Annó* eftir Kristian Guttesen frá 1999. Það er ekki laust við að mér finnist eitthvað skondið við þá hugmynd að hálfþrítugur höfundur, sem aðeins hefur skrifað tvær bækur, skuli gefa út úrval ljóða sinna. Árið eftir að *Annó* kom út birtist ljóðabókin *Unglingsljóð* eftir Melkorku Ólafsdóttur sem leikur sama leikinn. Í þeirri bók er úrval (eða heildarsafn) ljóða Melkorku, en hún var á níjtjándra aldursári þegar bókin kom út. Öll eru ljóðin merkt með ártali og jafnvel dagsetningu auk þess sem tilgreint er hvað höfundurinn var gamall þegar ljóðið var samið. Bókin hefst á hjartnæmri skýringu:

Fimm ára gullinhærð stelpa skildi eftir litla orðsendingu á sæng foreldra sinna einn morguninn. Það var fyrsta bréfið. Síðan hafa ófá orð verið skrifuð og sum þeirra myndað ljóð. Frá þessum morgni eru nú liðin 15 ár, ár bernsku og unglings. Stelpan breyttist úr barni í unglings og er nú að breytast í unga konu. Árin og upplifanirnar sem undirbúa áttu hana undir fullorðinslíf eru liðin en lifa í minningunni og ljóðum. Unglingsljóðum.¹⁷

Unglingsljóð er krúttleg lítil bók sem hefur eflaust hentað vel í jólaþakkana til vina og ættingja Melkorku árið 2000. En er nema von maður spyrji: Hvaða erindi á þetta við aðra lesendur?¹⁸ Ljóð af þessu tagi eru venjulega metin á mjög persónulegum forsendum og því ekki ósanngjarnt að vonast eftir meira kjöti á beinin ef útgefnar bækur

¹⁷ Melkorka Ólafsdóttir (2000:aftan á forsiðu).

¹⁸ Mér er ekki kunnugt um hvað *Unglingsljóð* voru prentuð í mörgum eintökum en þar sem hún er til útláns á Landsbókasafninu má telja að hún sé ætluð fleirum en nánustu vinum og vandamönnum höfundar.

yrðu fleiri. Þær vonir urðu að vonbrigðum á síðasta ári með bókinni *Ástarljóð*, útgefni af höfund. Í raun er ekki mikill munur á *Ástarljóðum* og *Unglingsljóðum* þótt allt að áratugur skilji á milli sumra ljóðanna í bókunum tveimur.

Titill bókarinnar er eitt af því sem vekur furðu við *Ástarljóð*; ástin kemur nefnilega fremur lítið við sögu. Meginuppistaða bókarinnar eru örsögur af fólki og stöku hugleiðingar um náttúruna. Flest ljóðin eru stutt og byggja venjulega á einni einfaldri hugmynd:

Þetta var fyrsti dagurinn
sem hún fór ekki
enn í sama kjólinn
þann sem honum
þótti svo fallegur

það voru komin göt
á ermarnar

eins og ást þeirra

Ást í sárum er eins og götóttur kjóll. Er ekkert meira? List Melkorku er furðu átakalítil og minnir meira á æfingar en fullgerð verk. *Ástarljóð* er því mjög léttvæg bók, bæði hvað varðar mælanlega lengd (20 ljóð) og hugmyndir, tjáningu, myndvísi eða frumleika. Hér er allt af skornum skammti.

Höfundur *Ástarljóða* er ekki enn brott frá bernsku sinni; hún stendur á mörkum æsku og fullorðinsára: „Að verða stór / eins og / að standa nývaknaður við rúmstokkinn / með fangið fullt af draumum.“ Inn á milli er svo ádeila í formi skops: Frásögnin um pólitíkusinn sem setur ályppi (?) á styttuna af Jóni Sigurðssyni í skjóli myrkurs og Íslendinginn sem „blekktur af gluggaveðri / anar brosandí / út í frostmarkið / á stuttermabol“. En það er einhver leiðinlega smáborgaralegur tónn í bókinni, og öll eru ljóðin svo ósköp veikburða. Í einu ljóðanna er vitnað í ónefnda persónu sem segir: „Ég held að maður geti elskað / næstum hvern sem er / ást er bara vinna.“ Á sama hátt má segja að á velmegunartímum geti næstum hver sem er gefið út ljóðabók. En það breytir ekki hinu að ljóðlistin er vinna, vinna sem mig grunar að höfundur *Ástarljóða* hafi ekki innt af hendi af nægilegum metnaði.

8. Flögríð, hugmyndir flögríð

Að lokum er rétt að minnast á tvær litlar og smellnar ljóðabækur frá því í fyrra sem smíðaðar voru í Hafnarfirði: *Snæför* eftir Snæfara og *Skýjamynndaárásir* eftir Val Grettisson, báðar útgefnar af Hafnfirsku akademíunni.¹⁹ Hafnfirska akademían er menningarlega sinnuð og pólitískt þenkjandi samkoma ungra karlmannna, hópur sem segja má að sé eins konar Hafnarfjarðarútgáfa af Nýhil. Súfistinn við Strandgötu er þeirra Mokka og Birgir Svan Símonarson er í hlutverki mentorsins; hann skrifar káputexta aftan á *Snæför* og *Skýjamynndaárásir* og í ljóðinu „Aðferð“ eftir Snæfara jatar höfundurinn á sig að marga nóttina brjótist hann inn „til Birgis Svans / og Hómers / og [steli] óendanlegum gerðum / af næstsíðustu ljóðum þeirra“ (*Snæför*, bls. 36).

Snæför og *Skýjamynndaárásir* eru um margt líkar bækur. Þær eru skilgetin afkvæmi nýraunsæisins í ljóðagerð áttunda og níunda áratugarins og því svolítið gamaldags á köflum. Stundum er jafnvel eins og skáldin hafi ekki áttað sig á því að kalda stríðinu sé lokið: „[E]r það ekki dásamlegt / að við getum gjöreytt / veröldinni með einum hnappi?“ (*Skýjamynndaárásir*, bls. 17). Einar Már er í farteskinu, hann er auðsjáanlega einn af mestu áhrifavöldum skáldanna tveggja eins og eftirfarandi ljóð ber með sér:

Að elska en vera ekki elskaður
er eins og að misskilja textabrot
og syngja það hástöfum²⁰

Hugsunin í báðum bókunum er fremur vinstrisinnuð; þarna eru gjöreyðingarvopn, flugskeyti, Hiroshima, ríkir hræsningar og árans íhaldið sem „talar til mín / en ég skil ekki baun“ (*Snæför*, bls. 37), ásamt pólitískum baráttuljóðum gegn Íraksstríðinu, meðal annars í tveimur eftirfarandi ljóðum sem bera ágætan vott um muninn á skáldunum tveimur:

¹⁹ Enginn veit hver Snæfari er í raun og veru en Ólafur Kolbeinn Guðmundsson safnaði ljóðum hans og bjó þau til prentunar. Hann hefur líka flutt ljóð Snæfara á upplestrarkvöldum.

²⁰ Valur Grettisson (2004:18).

Ó! Hve yndislegt þetta stríð er

Það er eitthvað svo vinalegt
að geta maulað snakk
og horft á stríð
í beinni

vitandi að það sé hægt
að slökkva
á hörmungunum²¹

Í mestu makindum

koma heim
borða popp og ís
horfa á stríðið í Írak²²

Hér er um alveg sömu hugsun að ræða. Ljóð Vals er lengra og ögn ómarkvissara. Ljóð Snæfara er, líkt og fleiri í *Snæför*, örstutt en samt fullt af merkingu – *skrytthur* væri kannski betra orð yfir sumt sem þarna er að finna. Í það heila tekið er *Snæför* betri lesning en *Skýjamýndaárásir* þótt ekki beri mikið í milli. Texti Vals er á margan hátt stífari; hann er aðeins of upptekinn af sögulegri ábyrgð ljóðskáldsins (haldinn ofurmennisprá?), hræddari við að gera mistök og á það til að tyggja boðskapinn um of ofan í lesandann. Það er meiri leikur í Snæfara, meiri húnor, og hann virðist öruggari með sig. En báðar eru þessar bækur fínasta afþreying, ekkert átakanlega djúpar en vel þess virði að lesa.



Á heildina litið var ljóðaárið 2004 líklega hvorki verra né betra en önnur að undanförmu. Engin sérstök gróska virðist vera í gangi núna frekar en á öðrum tímum, hálfvelgja virðist reyndar oftast verða að reglu hjá ungskáldum. Þegar hugleitt er hvernig megi bæta ástandið er ekki fráleitt að beina sjónum að öðrum vettvangi hér á landi þar

²¹ Valur Grettisson (2004:31).

²² Snæfari (2004:13).

sem listamenn ná oftar verulegum árangri en það er tónlistarbransinn. Í heimildamyndinni *Gargandi smíld* eftir Ara Alexander Ergis Magnússon er að finna viðtalsbrot við Dag Kára Pétursson tónlistarmann. Dagur Kári reynir þar að svara því hvers vegna gróskan í íslenskri dægurtónlist sé jafnmikil og raun ber vitni. Kenning hans er sú að samhugur íslenskra tónlistarmanna sé skýringin á velgengni þeirra. Í íslenska tónlistarheiminum hjálpast allir að, allir eru vinir og ávallt reiðubúnir að lána hver öðrum græjur, hengja upp auglýsingar eða hlaupa í skarðið ef einhver forfallast. Kenningin hljómar sannfærandi enda á menningarsagan mörg dæmi um frjó sambönd listamanna.

Ef eitthvað er að hjá íslenskum ungskáldum, getur þá ekki verið að það sé einmitt þetta? Samskipti þeirra virðast oft snúast upp í skítkast og háðglósur og enginn gerir tilraun til að læra neitt af kollegum sínum. Hver situr í sínu horni og yrkir. Flestar tilraunir til uppreisna og föðurmorða enda úti í móa því það kemur sjaldnast neitt í staðinn fyrir það sem á að ryðja burt. Ungskáld virðast ekki alveg vita hvernig eigi að gera hlutina en vita hins vegar nákvæmlega hvernig á ekki að gera hlutina. Það er því óskandi að landið smáfari bráðum að rísa aftur. Allir geta notið góðra ljóða en nöldur höfðar ekki nema til sumra. Góðar bókmenntir verða ekki til nema þeim fylgi alvöruumræða.

HEIMILDIR

- Ármann Jakobsson. 2002. „Kröpp lægð yfir Vesturheimi?“ *Ritið* 3/2002, bls. 49–67. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Haukur Ingvarsson. 2004. *Niðurfall og þættir af hinum dularfulla Manga*. Mál og menning, Reykjavík.
- Inga Rún Sigurðardóttir. 2005. „Lífið er Sirkus.“ *Morgunblaðið*, 4. júní, bls. 59.
- Jón Yngvi Jóhannsson. 1999. „Upphaf íslensks póstmóðernisma.“ *Kynlegir kvistir tíndir til heiðurs Dagnýju Kristjánsdóttur fimmtugri*, bls. 125–142. Uglur og ormar, Reykjavík.
- Kristian Guttesen. 1995. *Afturgöngur*. Útgefið af höfundi, Mosfellsbæ.
- Kristian Guttesen. 1999. *Annó*. Cymru, Reykjavík.
- Kristian Guttesen. 2003. *Ígull*. Deus, Reykjavík.
- Kristian Guttesen. 2004. *Mótmæli með þátttöku: bitsaga*. Salka, Reykjavík.
- Kristian Guttesen. 2003. *Skuggaljód*. Endurskoðuð útgáfa. Útgefið af höfundi, Wales.

- Kristín Eiríksdóttir. 2004. *Kjötbærinn*. Bjartur, Reykjavík.
- Melkorka Ólafsdóttir. 2004. *Ástarljóð*. Útgefið af höfundi, Reykjavík.
- Melkorka Ólafsdóttir. 2000. *Unglingsljóð*. Útgefið af höfundi, útgáfustað vantar.
- Mörður Árnason. 2002. *Íslensk orðabók*. 3. útgáfa, aukin og endurbætt. Edda, Reykjavík.
- Óttarr Martin Norðfjörð. 2004. *Grillveður í október*. Nýhil, Reykjavík.
- Snæfari. 2004. Snæför: *Lesið í snjóinn*. Hafnfirski akademían, útgáfustað vantar.
- Sverrir Hólmarsson. 1991. „Enginn snýr aftur frá dauðum.“ *Skírni* haust 1991, bls. 434–437. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Valur Brynjar Antonsson. 2004. *Ofurmennisþrá*. Nýhil, Reykjavík.
- Valur Grettisson. 2004. *Skýjamyndarárásir*. Hafnfirski akademían, útgáfustað vantar.
- Þórdís Björnsdóttir. 2004. *Ást og appelsínur*. Gefið út af höfundi, Reykjavík.
- Þröstur Helgason. 2004. „Það sem ég veit ekki heillar mig.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 23. október, bls. 11.

Kristín Svava Tómasdóttir

Vorkvöld í Vesturbænum

Það kvað vera fallegt í Kína.
Hvergi eru útborin stúlkubörn jafn sláandi fríð
og hóruhúsin í Peking eru guðdómleg í ljósadýrðinni.
Allt jafnast það þó ekkert
á við vorkvöld í Vesturbænum.

Því þá kemur sólin og sest þar
– hún svíkur okkur, skilur okkur eftir í myrkrinu –
hún sígur vestar og vestar.
Sindra vesturgluggar í sjónvarpsbláma
sem geislavirkni brenni í húsunum.

Og nauðgarinn hægir á sér.

Og fagurt er húmið
og draumró og friður
og hægt rotnar fuglshræ á kirkjutúninu.

Vésteinn Ólason

Um Birting

Nú þegar Einar Bragi er fallinn frá og fleiri af þeim sem hrundu Birtingi hinum nýrri úr vör fyrir fimmtíu árum, hrekkur gamall lesandi ritsins við og hugsar: það má ekki minna vera en maður reyni að þakka fyrir sig.

Fyrir einhverja hundaheppni gerðist ég áskrifandi að Birtingi sautján ára gamall, á öðru útkomuári 1956, og var það meðan hann kom út, til 1968. Birtingur var eins konar háskóli minn og áreiðanlega fjölmargra annarra á þessum árum og beindi áhuga og athygli að menningar- og listastraumum sem eiginlega var afskaplega ólíklegt að sveitaunglingur á Íslandi gæti haft hugmynd um. Þessu hlutverki hélt Birtingur áfram að gegna á háskólaárunum, því að nýjungum í heimslistinni var lítt sinnt í því sem einatt var kallað norrændeildin á þeim árum.

Ritstjórar annars árgangs, og einnig þess fyrsta að ég held, voru Einar Bragi, Geir Kristjánsson, Hörður Ágústsson, Jón Óskar og Thor Vilhjálmsson. Fleiri tóku um lengri eða skemmri tíma sæti í ritstjórninni og lögðu ritinu til margvíslegt efni: Björn Th. Björnsson, Jóhann Hjálmarsson, Atli Heimir Sveinsson og kannski fleiri, en Einar Bragi, Hörður, Jón Óskar og Thor voru kjarninn sem hélt út: hinir sönnu Birtingsmenn. Einar hafði raunar gefið út tímarit með sama nafni á árunum 1953 og 1954, en þar sem ég kynntist því ekki fyrr en löngu seinna fjalla ég ekki um það hér.

Þegar ég nú eftir fjóra til fimm áratugi fletti þessum gömlu heftum blasa við á nær hverri blaðsíðu gamlir kunningjar, kvæði, sögur, greinar og myndir sem maður þekkir og minnst. Birtingur var eins og vorblær, stundum hvass vindur, ritið fjallaði um listir og menningu, var einkum skrifað af listamönnum og birti nýstárlega list. Fáein dæmi úr elstu heftunum: Í 1. hefti 1956 tjáir Jón Leifs sig um Arthur Honegger, Jón Nordal skrifar um Béla Bartók og Nína Tryggvadóttir um Fernand Léger, en í fréttabréfi frá París skrifar Hörður Ágústsson

um fjölda Parísarmálara – Herbin, Poliakoff, Vasarely og fleiri þeim skylda, en einnig getur að líta í grein hans myndir af myndum eftir Hans Hartung og Jackson Pollock. Hér er sem sagt að finna allt frá strangri geometríu til tachisma, en náttúrlega enga figúratíva list, nema ef telja skyldi mynd Dubuffets af Artaud. Margar þessara svarthvítu mynda eru enn kunnuglegar: formin hafa greypst í minnið, og er kannski ekki að undra því að sumar voru birtar aftur, jafnvel nokkrum sinnum – það kostaði peninga að gera myndmótin eða klisjurnar á þessum árum. Og Birtingur situr ekki fastur í Parísarlist eftirstríðsáranna; í síðasta hefti 1968 kynnir Þórður Ben Claes Oldenburg, sem er heldur en ekki á öðrum leiðum en geometristarnir og vísar fram til strauma sem enn eru á hreyfingu. Og vissulega er líka fjallað um eldri myndlist í listasögulegu samhengi.

Kynningu á nýrri erlendri myndlist, tónlist og skáldskap heldur Birtingur áfram alla tíð, og það eru oftast listamenn sem kynna listamenn: auk allra þeirra erlendu málara sem Hörður kynnir skrifar Hjörleifur Sigurðsson um Kandinsky, Sigurjón Ólafsson og Snorra Arinbjarnar; Leifur Þórarinnsson skrifar um Schönberg, Atli Heimir um Stockhausen og Magnús Blöndal Jóhannsson. Skáldin sem þýtt er eftir eru móðernistar umfram allt: St. John Perse, Salvatore Quasimodo, Nelly Sachs, Évtúsénkó, auk margra annarra, Tékká, Ítala og fleiri þjóða. Eldri skáld koma líka við sögu: Rimbaud, Majakovskí, Cendrars, Pound og Lorca. Dæmigert er að frá Norðurlöndum eru ljóð eftir finnsku móðernistana Gunnar Björling, Elmer Diktonius og Edith Södergran, frá Svíþjóð Harry Martinsson, Erik Lindegren. Margt þýða ritstjórnarnir sjálfir, en einnig eldri og yngri skáld, og svo birta þeir mikið af nýjum íslenskum ljóðum, ekki síst Einar Bragi og Jón Óskar, en einnig eru ljóð eftir Jóhannes úr Kötlum, Snorra Hjartarson, Jón úr Vör, Stefán Hörð Grímsson, Matthías Johannesen, Sigurð A. Magnússon, Vilborgu Dagbjartsdóttur, Jón frá Pálmholti, Jóhann Hjálmarsson, Þóru Elfu Björnsson, Þorstein frá Hamri, Ingibjörgu Haraldsdóttur, Sigurð Pálsson og fleiri. Aðrir birta smásögur og leikrit, og mikið er af bókmenntagagnrýni, viðtölum við rithöfunda og kynningu á nýjum bókum. Þar fer langmest fyrir skorinorðum skrifum Einars Braga.

Ekki lét Birtingur leiklist eða kvikmyndalist fram hjá sér fara. Margir lögðu þar hönd á plóg, en drýgstur var Thor Vilhjálmsson, víðskyggn og skarpur í framsetningu, ósjaldan hæðinn, en einnig má nefna greinar Sigurðar Jóns Ólafssonar um Eisenstein og Bunuel og Geirs Kristjánssonar um O'Neill og Brecht.

Þessi nafnaþula er orðin alltof löng, og þó er hún mjög langt frá því að vera tæmandi. Þessari grein var ekki ætlað að verða registur við Birting, þótt slík ritsmíð gæti verið gagnleg (efnisskrá um fyrsta áratuginn kom reyndar út 1965).

Birtingur var gluggi út í heiminn, en hann var líka rammíslenskt tímarit sem birti og kynnti það sem nýjast og ferskast var í íslenskrri list, deildi á það sem Birtingsmönnum þótti lélegt eða úrelt og lét sig einnig íslensk þjóðmál, stjórnsmál og menningu varða. Hann var á vinstri vængnum, í andófi við vestrænan kapítalísma og heimsveldi Ameríku, en þó enginn aðdáandi Sovétríkjanna. Birtingur var ekki í neinum skotgrafahernaði og birti og viðurkenndi margt úr list manna, íslenskra og erlendra, sem ekki voru á vinstri kantinum. Birtingsmenn aðhylltust andlegt og listrænt frelsi, en það var af skornum skammti austantjalds sem kunnugt er. Hafi einhverjir lesendur Birtings haft glýju í augum yfir lífinu í löndum kommúnismans mun *Áttundi dagar vikunnar* eftir Marek Hlasko í þýðingu Þorgeirs Þorgeirssonar hafa ráðið bót á því. Í einu heftinu hundskammar Einar Bragi Hannes Sigfússon fyrir dólga-marxisma í grein um bókmenntir, sem birst hafði í Tímariti Máls og menningar, en í sama hefti skrifar svo Hannes um *Hendur og orð* Sigfúsar Daðasonar, og er þar sannarlega enginn dólga-marxismi á ferð. Þetta er dæmigert fyrir umræðuna í Birtingi: hún er hvöss og heiðarleg, og laus við viðleitni til að draga úr ágreiningi ritstjóranna um einstök mál þegar upp koma – samanber fræga deilu Thors við þá hina um umbrotsaðferðir Dieters Rot – en þeir halda áfram að vinna saman, sátir um meginatriði og umfram allt brennandi í andanum að vekja þjóð sína.

Hvert skipti sem Birtings var von beið maður spenntur eftir „Syrpu“ Thors Vilhjálmssonar: hvar skyldi hann bera niður næst? Thor fer þar sem vígahnöttur um svið íslenskrar menningar og þjóðlífs, leiftrandi fyndinn og mælskur, hæðinn, óvæginn og stundum ósanngjarn, en langoftast uppbyggilegur í ádeilunni. Hann er heift-úðugur yfir þröngsýni, smáborgaraskap og öðrum heimóttarskap, harðvítugur í pólitískri ádeilu, en líka hrifinn, jafnvel upphafinn yfir því sem vel er gert og honum þykir til heilla horfa. Sumt af þessu er orðið dálítið fjarlægð: hver skyldi nú hafa verið sá formaður útvarpsráðs sem eitt árið verður illilega fyrir barðinu á Thor? Það er nú gleymt eins og fleiri nöfn.

Ég býst við að flesta þá bókmenntastrauma sem léku um Birting hefði maður komist í tæri við, þótt hans hefði ekki notið við, aðeins dálítið seinna. En á sviði sjónmennta, erlendra og íslenskra, fyllti

Birtingur stórt skarð í íslenska menntakerfinu og þeirri upplýsingu sem aðgengileg var á íslensku. Í fyrsta lagi með frásögnum af erlendri list og myndum sem gáfu manni skýra hugmynd um hvað var á seyði, andstætt nótnapári tónskálda sem var hebreska þeim sem ekki voru læsir á nótur, en vakti þó grun um eðli nýjunganna. En mesta afrek þessa brautryðjendarits nýjungamanna og heimsborgara í listum voru þó líklega skrif Harðar Ágústssonar um íslenska byggingarlist, forna og nýja. Þar hóf hann með festu, nákvæmni og skarpri hugsun og framsetningu það starf sem hann síðan hefur haldið áfram og birt í hverju stórvirkinu á fætur öðru. Hörður byrjar á að fjalla um nýjustu listina í París og sameinar jafnan alþjóðlegt sjónarhorn hlutverki fræðarans sem vill vekja lesanda sinn til vitundar um það sem verðmætt er og skilnings á því. Hörður veit að lesandann skortir undirstöðumenntun í myndlistinni og tekst undravel að bæta úr því. Fljótlega fjallar hann á gagnrýninn hátt um nýjustu byggingarlist í Reykjavík en vîkur svo þegar árið 1958 máli sínu og myndum að íslenskri byggingarhefð: skálanum á Keldum, gömlum kirkjum og torfbæjum ellegar timburhúsum í kaupstöðum. Hörður gefur hvarvetna gaum að formum, handbragði, heildarsvip. Vanþekking á lista-sögu hefur lengi verið ein stærsta gloppan í menntun Íslendinga. Birtingur bætti úr því fyrir þá sem hann sáú, og Birtingsmennirnir Hörður Ágústsson og Björn Th. Björnsson lyftu grettistaki á þessu sviði með skrifum sínum í Birtingi og annars staðar, meðal annars í grundvallarritum um lista- og byggingarsögu.

Nýkominn til Reykjavíkur og sestur í Háskóla Íslands átti ég erindi við afgreiðslu Birtings, líklega til að tilkynna nýtt heimilisfang og hitti fyrir Einar Braga í eldhúsinu heima hjá sér (á Bjarnarstíg, minnir mig). Þá tókust vinarkynni sem síðan héldust, þótt við áttuðum okkur ekki á því fyrr en löngu síðar að við vorum fjórmenningar, báðir komnir af Ragnheiði átjánbarnamóður, örsnauðri skaftfellskri konu. Mörg af ágætustu kvæðum Einars Braga komu í Birtingi, og skrif hans um bókmenntir og önnur menningarmál voru afbragðsgóð, skýr og drengileg. En hinn þátturinn var ekki síður mikilsverður, og hafa þeir ekki farið dult með það, samverkamenn hans, að Einar Bragi var sú kjölfesta sem tryggði með óþrjótandi elju að Birtingur héldi áfram að koma út, meðal annars með margvíslegu snatti sem ekki var af andlegu tagi. Það var áreiðanlega ekki auðvelt að halda þessu riti úti. Það barðist auðvitað í bökkum alla tíð, og ekki get ég ímyndað mér að ritsjórnarnir hafi nokkurn tíma borið krónu úr bítum fyrir störf sín og skrif, miklu fremur að þeir hafi þurft að leggja ritinu til fé þegar að kreppti, svo að ekki

sé minnst á vinnu. Það var ekki lítið afrek að gefa Birting út í þessu litla landi. Á sjöunda áratugnum þótti manni af tímaritum frá Norður-löndum mestur veigur í Bonniers litterära magasin, Ord och bild, Vinduet og Vindrosen, meðan hún var og hét. Sjálfsagt hafa komið út fleiri slík sem ekki var að finna í tímaritahillu Landsbókasafns. Þessi tímarit voru gefin út af öflugum forlögum hjá milljónaþjóðum. Voru þau betri, merkilegri eða áhrifameiri en Birtingur? Ég held varla. Það þurfti ekki að miða við fólksfjölda til að bera hann saman við þau.

Auðvitað var Birtingur barn síns tíma. Það lá einmitt í eðli hans að vera spegill þess sem var að gerast. Þetta voru tímar þegar mörk virtust skýr milli skapandi alvörulistar, sem var að þróa það sem best var gert, og afurða fjöldamenningarinnar sem var að verða alþjóðleg þótt það væri ekki í sama mæli og síðar. Því fór fjarri að Birtingsmenn fyrirlitu alþýðumenningu – það sést best í skrifum Harðar Ágústssonar – en þeir gerðu eins og aðrir á þeim tíma skarpan greinarmun á rótfastri alþýðumenningu og alþjóðlegri fjöldamenningu. Síðari kynslóðir listamanna hafa verið opnari fyrir því að þar geti líka verið sanna tjáningu og jafnvel gimsteina að finna innan um ruslið. Skörp tvískipting í viðhorfi til lista leiddi auðvitað stundum til nokkurs hroka og snobbs hjá þeim sem töldust gæta fjöreggsins í listinni og aðdáendum þeirra, og geta fáir svarið það af sér sem voru að komast til vits og ára um 1960. Ég finn ekki mikið fyrir þessu í Birtingi. Vera má að mönnum þyki nú líklegt að Thor Vilhjálmsson hafi verið mestur nýjungamaður í hópnum, en hann fór ekki fram úr sjálfum sér; ef hann skynjaði ekki gildi nýjunganna hafnaði hann þeim, eins og sjá má í deilunni um Dieter Rot, þar sem hann var í andstöðu við aðra Birtingsmenn, og reyndar líka í „Syrpu“ þar sem fram kemur lítið álit hans á gjörningum.

Annað tímanna tákn sem lesandi á 21. öld veitir athygli er rýr hlutur kvenna meðal höfunda Birtings og þeirra sem um er fjallað. En ég er hálfhræddur um að maður hafi ekki tekið eftir því eða þótt það skrýtið á þeim tíma.

Þegar bú Birtings er gert upp er myndin skýr. Hann er mál gagn móðernista, en móðernista með ríka sögulega vitund á sviði lista og menningar, einlægri hugsjónamanna sem vildu að Ísland og Íslendingar losuðu sig við hjárænu og forpokun, forðuðust smáborgaraskap og yfirborðsmennsku en yrðu virkir og sjálfstæðir þátttakendur í fjölbreytilegri list heimsins. Það má kalla táknrænt að Birtingur hætti að koma út 1968.

Einhver spurði mig nýlega hvers vegna sautján ára unglingur á

landsbyggðinni hefði farið að kaupa Birting, og mér varð svarafátt. Þessi grein átti ekki að fjalla um sjálfan mig en ef til vill er þó áhugavert að reyna að svara. Það var mikil gerjun í myndlistar- og bókmennta-umræðu á eftirstríðsárunum. Abstraktmálarar og atómskáld (og meistari þeirra, Steinn Steinarr) hneyksluðu þá fullorðnu og heilluðu þess vegna auðvitað unglínga sem höfðu áhuga á skáldskap. Ýmislegt nýstárlegt slæddist inn í Ríkisútvarpið, þó ekki væri nema sem hneykslunarhella. *Útvarpstíðindi* í ritstjórn Jóns úr Vör fluttu frásögn af umræðufundi í Reykjavík þar sem menn höfðu rifist hressilega um skáldskap. Þau voru lesin í sveitinni. Svo var bókadreifing ekki sem verst á þeim árum. *Ljóð ungra skálda* í ritstjórn Magnúsar Ásgeirssonar rötuðu í hillur bókabúða í þorpum og í hendur forvitinna. Birtingur, ferkantaður með kápu sem var harla ólík Frey, Skírni, Andvara eða Dagrenningu, hafði aðdráttarafli fyrir þá sem vildu uppreisn, nýjungar og ferska strauma. Fyrstu kynni af honum sviku ekki, heldur opnuðu nýja heima. Einhvern veginn þannig var þetta.

